

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2014/EES/23/01	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. janúar 2013 um mat á regluramma þriðja lands sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar samkvæmt 111. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB (2013/51/ESB)	1
2014/EES/23/02	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. nóvember 2012 um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins á ráðsins 2001/83/EB (2012/715/ESB)	2
2014/EES/23/03	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 654/2013 frá 10. júlí 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar gátlista fyrir einingar frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar	4
2014/EES/23/04	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1040/2013 frá 24. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49754), sem fôðuraukefni fyrir eldissvín og aukategundir svína til eldis, þó ekki af tegundinni <i>Sus scrofa domesticus</i> , og fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Aveve NV)	34
2014/EES/23/05	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1055/2013 frá 25. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með ortófosfórsýru sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir	38
2014/EES/23/06	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2013 frá 31. október 2013 um leyfi fyrir fúmarsýru sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir	41
2014/EES/23/07	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1113/2013 frá 7. nóvember 2013 um leyfi fyrir blöndum með <i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 40027, <i>Lactobacillus buchneri</i> DSM 22501, <i>Lactobacillus buchneri</i> NCIMB 40788/ CNCM I-4323, <i>Lactobacillus buchneri</i> LN 40177/ATCC PTA-6138 og <i>Lactobacillus buchneri</i> LN 4637/ATCC PTA-2494 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir	44
2014/EES/23/08	Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/1/ESB frá 6. janúar 2012 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar þau skilyrði sem þarf að uppfylla að því er varðar nytjaplöntuna <i>Oryza sativa</i>	49

2014/EES/23/09	Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/57/ESB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði	51
2014/EES/23/10	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 772/2013 frá 8. ágúst 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dífenýlamin í eða á tilteknum afurðum	59
2014/EES/23/11	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 777/2013 frá 12. ágúst 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klódrínafóp, klómasón, díúrón, etalflúralín, joxýnín, ípróvalíkarb, malínhýdrasíð, mepanípyrím, metkónasól, prósuífökcarb og tepraloxýdíím í eða á tilteknum afurðum	86
2014/EES/23/12	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 834/2013 frá 30. ágúst 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekinósýl, bixafen, diasínón, dífenókónasól, etoxasól, fenhexamíð, flúdíoxóníl, ísópýrasam, lambda-sýhalótrín, prófenófós og própíókónasól í eða á tilteknum afurðum	134
2014/EES/23/13	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 985/2013 frá 14. október 2013 um breytingu og leiðréttingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni	166
2014/EES/23/14	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 818/2013 frá 28. ágúst 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á súkrósaesterum af fitusýrum (E 473) í bragðefni fyrir tæra, bragðbætta drykki sem eru að stofni til úr vatni.	173
2014/EES/23/15	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 817/2013 frá 28. ágúst 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru	175
2014/EES/23/16	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 851/2013 frá 3. september 2013 um leyfi fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012	180
2014/EES/23/17	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 489/2013 frá 27. maí 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu með tilliti til efnisins tvíþátta ríbósakjarnsýru sem samsvarar veiruríbósakjarnsýru sem kóðar fyrir hluta af hjúpprótnínu og hluta af milligenasvæðinu í ísraelsku bráðalömunarveirunni	185
2014/EES/23/18	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 198/2013 frá 7. mars 2013 um val á tákni í því skyni að auðkenna mannalyf sem skulu vera undir viðbótareftirliti	187
2014/EES/23/19	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 463/2013 frá 17. maí 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að laga I., II. og IV. viðauka við hana að tækni framförum.	189

2014/EES/23/20	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2013 frá 25. júní 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar upplýsingakröfur vegna leyfa fyrir sæfivörum	203
2014/EES/23/21	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2013 frá 2. október 2013 um að samþykkja sýpermetrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 8	205
2014/EES/23/22	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 955/2013 frá 4. október 2013 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 9	207
2014/EES/23/23	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1032/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja brómedíksýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 4	209
2014/EES/23/24	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja fimmvatnað koparsúlfat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 2.	212
2014/EES/23/25	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja álfosfið, sem losar fosfin, sem virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 20	215
2014/EES/23/26	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja bensósýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokkum 3 og 4	218
2014/EES/23/27	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1036/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja etófenprox sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 18.	222
2014/EES/23/28	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja 3-joð-2-própýnþýlbútýlkarbammat (IPBC) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 6.	225
2014/EES/23/29	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1038/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja tebúkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokkum 7 og 10	227
2014/EES/23/30	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1039/2013 frá 24. október 2013 um að breyta samþykki fyrir nónansýru sem fyrirliggjandi virku efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 2	230
2014/EES/23/31	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 944/2013 frá 2. október 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda	233
2014/EES/23/32	Ákvörðun nr. S9 frá 20. júní 2013 um tilhögun endurgreiðslu vegna framkvæmdar 35. og 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004	251
2014/EES/23/33	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 782/2013 frá 14. ágúst 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB.	254
2014/EES/23/34	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. febrúar 2013 um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu (2013/76/ESB)	256

2014/EES/23/35	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2013 frá 29. nóvember 2013 um leyfi fyrir própansýru, natríumprópiónati og ammóníumprópiónati sem fôðuraukefni fyrir jörturdýr, svín og alifugla	258
2014/EES/23/36	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 758/2013 frá 7. ágúst 2013 um leiðréttingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna	262
2014/EES/23/37	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2009 um fullvinnslu skilgreiningarinnar á óvirkum úrgangi í framkvæmd f-liðar 1. mgr. 22. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (2009/359/EB).	320
2014/EES/23/38	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2009 um fullvinnslu tæknilegra krafna varðandi lýsingu á eiginleikum úrgangs sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (2009/360/EB)	322
2014/EES/23/39	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 480/2013 frá 24. maí 2013 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 að því er varðar tímabilið fyrir valfrjálsa greiningu tiltekinna varnarefna.	326
2014/EES/23/40	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 195/2013 frá 7. mars 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum.	327
2014/EES/23/41	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 220/2013 frá 13. mars 2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu	339
2014/EES/23/42	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2013 frá 18. apríl 2013 um breytingar varðandi sæfivörur sem eru leyfðar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012	342
2014/EES/23/43	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir bentóníti sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir	352
2014/EES/23/44	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 5. apríl 2013 um sameiginlegan ramma fyrir einkvæmt tækjaauðkenningarkerfi fyrir lækningatæki í Sambandinu (2013/172/ESB)	357
2014/EES/23/45	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 564/2013 frá 18. júní 2013 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra.	365
2014/EES/23/46	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2013 frá 25. nóvember 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.	374
2014/EES/23/47	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/52/ESB frá 30. október 2013 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum	407
2014/EES/23/48	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 886/2013 frá 15. maí 2013 um viðbót við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar gögn og málsmeðferðarreglur svo veita megi, þar sem því verður við komið, almennar lágmarksupplýsingar sem tengjast umferðaröryggi án endurgjalds fyrir notendur	467

2014/EES/23/49	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1264/2013 frá 3. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins	472
2014/EES/23/50	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 815/2013 frá 27. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint með tilliti til aðildar Króatíu að Evrópusambandinu.	500
2014/EES/23/51	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu.	688
2014/EES/23/52	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 800/2013 frá 14. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008.	696
2014/EES/23/53	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 100/2014 frá 5. febrúar 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint	770
2014/EES/23/54	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 2013 um viðmiðunarreglur um I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (2013/674/ESB)	959
2014/EES/23/55	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011.	983
2014/EES/23/56	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1123/2013 frá 8. nóvember 2013 um að ákvarða alþjóðleg réttindi til inneignar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.	1042
2014/EES/23/57	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2014 frá 4. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar hnatthlýnunarmátt annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísýrings	1044
2014/EES/23/58	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2013 frá 15. maí 2013 um viðbót við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB um skynvædd flutningakerfi að því er varðar veitingu upplýsingaþjónustu um örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki.	1046

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/23/01

frá 23. janúar 2013

um mat á regluramma þriðja lands sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar samkvæmt 111. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB

(2013/51/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 111. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvæðum 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB eru tilgreindir þeir þættir sem framkvæmdastjórnin ætti að taka sérstakt tillit til við mat á því á hvort regluramma þriðja lands, sem gildir fyrir virk efni sem eru flutt út til Sambandsins og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar, tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu.
- 2) Setja ætti fram með ítarlegri hætti til hvaða þátta og viðeigandi ESB skjala er tekið tillit við framkvæmd jafngildismats í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Með þessari ákvörðun er tilgreint hvernig meta skuli þættina, sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, í þeim tilgangi að ákvarða hvort regluramma þriðja lands, sem gildir fyrir virk efni sem eru flutt út til Sambandsins og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar, tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu.

2. gr.

Í þeim tilgangi að meta jafngildi lýðheilsuverndar, sem er tryggt í þeim regluramma þriðja lands sem gildir um virk efni sem eru flutt út til Sambandsins og tilheyrandi starfsemi á sviði

eftirlits og framfylgdar, skv. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB skal beita kröfunum, sem eru settar fram í a- til d lið í 1. mgr. 111. gr. b, sem og hér segir:

- a) þegar framkvæmdastjórnin beitir a-lið 1. mgr. 111. gr. b skal hún taka tillit til þeirra viðmiðunarreglna sem við eiga og um getur í annarri mgr. 47. gr. tilskipunar 2001/83/EB,
- b) þegar framkvæmdastjórnin beitir b-lið 1. mgr. 111. gr. b skal hún taka tillit til þeirra viðmiðunarreglna sem við eiga og um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2003/94/EB frá 8. október 2003 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti að því er varðar lyf og prófunarlyf sem ætluð eru mönnum⁽²⁾,
- c) þegar framkvæmdastjórnin beitir c-lið 1. mgr. 111. gr. b skal hún meta tilföng vegna eftirlitsúttekta, menntun og hæfi eftirlitsmanna, málsmeðferð vegna eftirlitsúttekta, áætlanir um eftirlitsúttekt og tilhögun við umfjöllun hagsmunaárekstra, kröfur um nothæfi eftirlitsúttekta, framkvæmdarheimildir, tilhögun vegna viðvarana og hættuástands og greiningargetu, með tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem við eiga og um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/94/EB,
- d) þegar framkvæmdastjórnin beitir d-lið 1. mgr. 111. gr. b skal hún meta fyrirkomulag þriðja landsins við að tryggja að ESB séu veittar upplýsingar reglubundið og hratt í tengslum við framleiðendur virkra efna sem fara ekki að tilskildum ákvæðum.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2013 frá 8. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 27.2.2014, bls. 16.

(1) Stjtið. ESB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

(2) Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 22.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/23/02

frá 22. nóvember 2012

um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins á ráðsins 2001/83/EB

(2012/715/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 111. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þriðja landi er heimilt að óska eftir því við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, að hún meti hvort regluramma þess lands fyrir virk efni, sem eru flutt út til Sambandsins, og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í því skyni að vera fært á skrá yfir þriðju lönd sem tryggja jafngilda lýðheilsuvernd.
- 2) Í bréfi dagsettu 4. apríl 2012 óskaði Sviss eftir að vera fært á skrá í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB. Jafngildismat framkvæmdastjórnarinnar

staðfesti að kröfunum í þeirri grein væri fullnægt. Við framkvæmd jafngildismatsins var tekið tillit til samningsins um gagnkvæma viðurkenningu⁽²⁾ milli Sviss og Sambandsins, eins og um getur í 2. mgr. 51. gr. þeirrar tilskipunar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skráin yfir þriðju löndin, sem um getur í 1. mgr. 111. gr. b tilskipunar 2001/83/EB, er sett fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 325, 23.11.2012, bls. 15. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2013 frá 8. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 27.2.2014, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 369.

VIÐAUKI

Þriðja land	Athugasemdir
Sviss	

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 654/2013****2014/EES/23/03****frá 10. júlí 2013****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar gátlista fyrir einingar frá þriðja landi með
ESB-fullgildingu flugverndar (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um
flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar
(EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽²⁾ er að finna ítarlegar reglur um ESB-fullgildingu flugverndar.
- 2) Gátlistar eru stjórnþæki sem ESB-matsmenn fyrir flugvernd eiga að nota til að meta verndarstig farms eða pósts sem fluttur er með flugi til ESB/EES.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2013.

Nauðsynlegt er að bæta tveimur gátlistum til viðbótar við þá sem fyrir eru til að framkvæma ESB-fullgildingu flugverndar til fulls.

- 3) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010:

- 1) Eftirfarandi fylgiskjal bætist við á eftir fylgiskjali 6-C:

„FYLGISKJAL 6-C2

GÁTLISTI FYRIR FULLGILDINGU AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VIÐURKENNDA UMBOÐSAÐILA FRÁ
ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR

Einingar frá þriðja landi eiga kost á að verða hluti af verndaðri aðfangakeðju flugrekanda, sem flytur farm eða póst með flugi til Sambandsins frá flugvelli í þriðja landi (ACC3-flugrekandi), með því að óska eftir því að vera tilnefndar sem viðurkenndur umboðsaðili frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3-umboðsaðili). RA3-umboðsaðili er eining sem sér um afgreiðslu farms í þriðja landi, sem hefur fengið fullgildingu og verið samþykkt sem slík á grundvelli ESB-fullgildingar flugverndar.

RA3-umboðsaðili skal tryggja að viðeigandi flugverndareftirlit sé haft með öllum sendingum til Evrópusambandsins, þ.m.t. skimun eftir atvikum, og að sendingarnar hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því að flugverndareftirlit hófst og þar til sendingarnar hafa verið settar um borð í loftfar eða afhentar á annan hátt ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila.

Í reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er mælt fyrir um forsendur fyrir því að geta flutt farm eða póst með flugi til Evrópusambandsins (*) eða Íslands, Noregs og Sviss.

Gátlistinn er stjórnþeki sem ESB-matsmaður fyrir flugvernd á að nota til að meta verndarstigið fyrir farm eða póst, sem RA3-umboðsaðili, sem sækir um tilnefningu, flytur með flugi til ESB/EES(**) eða er ábyrgur fyrir. Gátlistinn á aðeins að nota í tilvikunum sem eru tilgreind í b-lið liðar 6.8.4.1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010. Í tilvikunum, sem eru tilgreind í a-lið liðar 6.8.4.1 í þeim viðauka, skal ESB-matsmaður fyrir flugvernd nota ACC3-gátlistann.

Ef ESB-matsmaður fyrir flugvernd kemst að þeirri niðurstöðu að einingu hafi tekist að ná markmiðunum, sem um getur á þessum gátlista, skal hann afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, fullgildingarskýrslu. Í fullgildingarskýrslunni skal greina frá því að einingin sé tilnefnd sem viðurkenndur umboðsaðili frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3-umboðsaðili). RA3-umboðsaðilinn skal geta notað skýrsluna í viðskiptatengslum sínum við alla ACC3-flugrekendur. Óaðskiljanlegir hlutar fullgildingarskýrslu skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

- a) fullgerður gátlisti (fylgiskjal 6-C2 sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010), sem er undirritaður af ESB-matsmanni fyrir flugvernd og, eftir atvikum, ásamt athugasemdum frá einingunni sem hefur fengið fullgildingu,
- b) yfirlýsing um skuldbindingar (fylgiskjal 6-H2 sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010), sem eingingin, sem hefur fengið fullgildingu, hefur undirritað,
- c) yfirlýsing um óhæði (fylgiskjal 11-A sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010) að því er varðar eininguna, sem hefur fengið fullgildingu, sem ESB-matsmaður fyrir flugvernd hefur undirritað.

Númeraröð blaðsíðna, dagsetning ESB-fullgildingar flugverndar og merking hverrar blaðsíðu með upphafsstöfum matsmanns og einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, skulu sanna heildstæði fullgildingarskýrslunnar. Skýrslan skal vera á ensku.

Meta skal 5. hluta — Skimun og 6. hluta — Farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir (HRCM), miðað við kröfurnar í liðum 6.7 og 6.8 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010. Að því er varðar þá hluta sem ekki er hægt að meta samkvæmt kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 185/2010, fela grunnkröfur í sér kröfur og ráðlagðar starfsvenjur í 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug og leiðbeiningar sem finna má í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugvernd (skjal 8973-takmarkað).

Ef ESB-matsmaður fyrir flugvernd kemst að þeirri niðurstöðu að einingu hafi ekki tekist að ná markmiðunum, sem um getur á þessum gátlista, skal einingin fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem annmarkarnir koma fram.

Athugasemdir til útskýringar:

- 1) Fylla skal út alla hluta gátlistans. Ef engar upplýsingar eru fáanlegar verður að gera grein fyrir því.
- 2) Að loknum hverjum hluta skal ESB-matsmaður fyrir flugvernd komast að niðurstöðu um það hvort og að hve miklu leyti markmið þessa hluta hafa náðst.

1. HLUTI

Auðkenning einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, og deili á matsmanni

1.1. Dagsetning eða dagsetningar fullgildingar

Nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar, s.s. 01.10.2012–02.10.2012

dd/mm/áááá

1.2. Dagsetning fyrri fullgildingar, eftir atvikum

dd/mm/áááá

Fyrri skráningarnúmer RA3-umboðsaðila, ef mögulegt

Skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila (e. *AEO certificate*)/C-TPAT-staða/útgáfa annarra skírteina, ef mögulegt

1.3. Upplýsingar um matsmann fyrir flugvernd

Nafn

Fyrirtæki/stofnun/yfirvald

Alstafakennimerki (UAI)

Tölvupóstfang

Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar)

1.4. Nafn einingar

Nafn

Númer fyrirtækis (t.d. kenninúmer í fyrirtækjaskrá, ef við á)

Númer/Deild/Bygging

Gata

Bæjarfélag

Póstnúmer

Ríki (ef við á)

Land

Heimilisfang pósthólfis, ef við á

1.5. Aðalheimilisfang stofnunar (ef það er annað en staðurinn sem á að fullgilda)

Númer/Deild/Bygging

Gata

Bæjarfélag

Póstnúmer

Ríki (ef við á)	
Land	
Heimilisfang pósthólfis, ef við á	

1.6. Eðli viðskipta — Það getur verið um að ræða fleiri en eina tegund viðskipta.

<ul style="list-style-type: none"> a) eingöngu flugfarmur b) flutningar í lofti og annar flutningsmáti c) farmmiðlari með athafnasvæði fyrir farm d) farmmiðlari sem hefur ekki athafnasvæði fyrir farm e) afgreiðsluaðili f) annað 	
---	--

1.7. Tekur umsækjandi?

a) á móti farmi frá öðrum viðurkenndum umboðsaðila frá þriðja landi?	
b) á móti farmi frá þekktum sendendum frá þriðja landi?	
c) á móti farmi frá skráðum sendendum frá þriðja landi?	
d) á móti farmi sem fellur undir undanþágu?	
e) á móti farmi sem hann skimar?	
f) á móti farmi sem hann setur í geymslu?	
g) á móti öðru (tilgreina skal hvað).	

1.8. Áætlaður fjöldi starfsmanna á staðnum

Fjöldi	
--------	--

1.9. Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd farms eða pósts sem fluttur er með flugi frá þriðja landi.

Nafn	
Starfsheiti	
Tölvupóstfang	
Símanúmer, þ.m.t. alþjóðakóðar	

2. HLUÐI

Skípulag og ábyrgð viðurkennds umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar

Markmið: Hvorki skal flytja farm né póst með flugi til ESB/EES án þess að hann sæti flugverndareftirliti. Aðeins má samþykka farm og póst, sem RA3-umboðsaðili afhendir ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila, sem verndaðan farm eða póst ef RA3-umboðsaðilinn hefur viðhaft slíkt flugverndareftirlit. Nánari upplýsingar um slíkt eftirlit er að finna í eftirfarandi hlutum þessa gátlista.

RA3-umboðsaðilinn skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að viðeigandi flugverndareftirlit sé haft með öllum farmi og pósti, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, og að verndaður farmur eða póstur sé varinn þar til hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila. Flugverndareftirlit skal samanstanda af einu af eftirfarandi:

- a) handleit sem skal vera fullnægjandi svo hægt sé að tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni,

- b) öðru flugverndareftirliti, sem er hluti af verndarferli birgðakeðju, þannig að hægt sé að tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni og sem annar RA3-umboðsaðili, þekktur sendandi frá þriðja landi (KC3-sendandi) eða skráður sendandi frá þriðja landi (AC3-sendandi), sem RA3-umboðsaðilinn tilnefni, hefur beitt.

Tilvísun: liður 6.8.3.

2.1. Hefur einingin komið á fót flugverndaráætlun?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal fara beint í lið 2.5.	

2.2. Flugverndaráætlun einingar

Dagsetning – nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar dd/mm/áááá	
Útgáfa	
Hefur flugverndaráætlun verið lögð fram og/ eða samþykkt af hlutaðeigandi yfirvaldi í ríki einingarinnar? Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu:	

2.3. Tekur flugverndaráætlunin nægilega vel til þáttanna sem eru tilgreindir á gátlistanum (3. – 9. hluti)?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra það og tilgreina ástæður.	

2.4. Er flugverndaráætlunin áreiðanleg, traust og fullgerð?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

2.5. Hefur einingin komið á ferli til að tryggja að flugfarmur eða flugpóstur sæti viðeigandi flugverndareftirliti áður en hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	

2.6. Er stjórnunarkerfi til staðar hjá einingunni (t.d. stjórnþæki, leiðbeiningar) til að tryggja að flugverndareftirliti, sem krafist er, sé framkvæmt?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa stjórnunarkerfinu og skýra hvort það sé viðurkennt, hvort eftirlit sé haft með því og hvort hlutaðeigandi yfirvald eða önnur eining lætur það í té.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra hvernig einingin tryggir að flugverndareftirliti sé beitt samkvæmt kröfum.	

2.7. Niðurstöður og almennar athugasemdir um það hvort ferlið sé áreiðanlegt, afdráttarlaust og traust.

Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

3. HLUTI

Ráðning og þjálfun starfsfólks

Markmið: Til að tryggja að tilskildu flugverndareftirliti sé beitt skal RA3-umboðsaðili fela ábyrgu og hæfu starfsfólki að tryggja vernd flugfarms eða flugpósts. Starfsfólk, sem hefur aðgang að vernduðum flugfarmi, verður að hafa tilskilda hæfni til að gegna skyldustörfum sínum sem og viðeigandi þjálfun.

Til að ná því markmiði skal RA3-umboðsaðili hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að allt starfsfólk (fastráðið, í tímabundnu starfi, afleysingafólk, bílstjórar o.s.frv.), sem hefur beinan aðgang án fylgdar að flugfarmi eða flugpósti sem er eða hefur verið undir flugverndareftirliti:

- a) hafi verið látið sæta grunn- og reglubundnu eftirliti áður en það var ráðið og/eða bakgrunnsskoðun, sem er a.m.k. í samræmi við kröfur, sem staðaryfirvöld gera til RA3-umboðsaðilans, sem hefur fengið fullgildingu, og
- b) hafi lokið grunn- og reglubundinni verndarþjálfun til að vera meðvitað um verndarábyrgð sína í samræmi við kröfur, sem staðaryfirvöld gera til RA3-umboðsaðilans, sem hefur fengið fullgildingu.

Athugasemd:

- Bakgrunnsskoðun felur í sér athugun á deili einstaklings og fyrri reynslu hans, þ.m.t., ef lög heimila það, á mögulegum afbrotafæri hans sem er hluti af mati á hæfi einstaklingsins til að framkvæma flugverndareftirlit og/eða varðandi aðgang án fylgdar að haftasvæðum flugverndar (skilgreining Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, 17. viðauki).
- Við athugun áður en ráðning fer fram skal staðfesta deili á einstaklingnum á grundvelli skjalfestra sönnunargagna, fara yfir ráðningarsögu, menntun og hvers konar rof þar á a.m.k. næstliðin fimm ár, ásamt því að fara fram á að einstaklingurinn undirriti yfirlýsingu um mögulegan afbrotafæri í öllum búseturíkjum a.m.k. næstliðin fimm ár (skilgreining Sambandsins).

Tilvísun: liður 6.8.3.1.

3.1. Er til staðar verklagsregla, sem tryggir að allt starfsfólk, sem hefur beinan aðgang án fylgdar að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, sæti athugun, áður en það er ráðið þar sem lagt er mat á bakgrunn þess og hæfni?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun áður en ráðning fer fram og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	

3.2. Felur þessi verklagsregla í sér?

<input type="checkbox"/> bakgrunnsskoðun, <input type="checkbox"/> athugun áður en ráðning fer fram, <input type="checkbox"/> athugun á sakaskrá, <input type="checkbox"/> viðtöl, <input type="checkbox"/> annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, eftir atvikum, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	
---	--

3.3. Er til staðar verklagsregla, sem tryggir að einstaklingur, sem ber ábyrgð á beitingu og eftirliti með framkvæmd flugverndareftirlits á staðnum, sæti athugun áður en hann er ráðinn þar sem lagt er mat á bakgrunn hans og hæfni?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun áður en ráðning fer fram og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	

3.4. Felur þessi verklagsregla í sér?

<input type="checkbox"/> bakgrunnsskoðun, <input type="checkbox"/> athugun áður en ráðning fer fram, <input type="checkbox"/> athugun á sakaskrá, <input type="checkbox"/> viðtöl, <input type="checkbox"/> annað (nánari upplýsingar).	
---	--

Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, eftir atvikum, næstlíðið tímabil sem tekið er til athugunar.	
3.5. Hlýtur starfsfólk, sem hefur beinan aðgang án fylgdar að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, verndarþjálfun áður en það fær þennan aðgang?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa innihaldi og lengd þjálfunarinnar.	
3.6. Hlýtur starfsfólk, sem tekur á móti, skimar og/eða ver flugfarm eða flugpóst, sérstaka starfstengda þjálfun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa innihaldi og lengd þjálfunarnámskeiðanna.	
3.7. Hlýtur starfsfólk, sem um getur í liðum 3.5 og 3.6, reglubundna þjálfun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina innihald og tíðni reglubundnu þjálfunarinnar.	
3.8. Niðurstaða: tryggja ráðstafanir, sem gerðar eru vegna ráðningar og þjálfunar starfsfólks, að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, hafi verið ráðið til starfa með tilhlýðilegum hætti og að það hafi hlotið fullnægjandi þjálfun til að það geri sér grein fyrir verndarábyrgð sinni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

4. HLUTI

Verklagsreglur um móttöku

Markmið: RA3-umboðsaðilinn getur tekið við farmi eða pósti frá öðrum RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda, AC3-sendanda eða frá óþekktum sendanda. RA3-umboðsaðilinn skal hafa viðeigandi verklagsreglur um móttöku farms og pósts til að staðfesta hvort sendingin komi frá vandaðri birgðakeðju eða ekki og síðan hvaða verndarráðstafanir þurfi að gilda um hana.

RA3-umboðsaðili skal viðhalda gagnagrunni þar sem finna má a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern viðurkenndan umboðsaðila eða þekktan sendanda, sem hlotið hefur ESB-fullgildingu flugverndar, í samræmi við lið 6.8.4.1 og þar sem hann tekur við farmi eða pósti með beinum hætti, sem afhenda á ACC3-flugrekanda til flutnings inn í Sambandið:

- upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækisins,
- hvers eðlis fyrirtækið er, að undanskildum viðkvæmum viðskiptaupplýsingum,
- samskiptaupplýsingar, þ.m.t. samskiptaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á flugvernd,
- skráningarnúmer fyrirtækisins, ef við á,
- fullgildingarskýrsla, þar sem hún er til staðar.

Tilvísun: liðir 6.8.3.1 og 6.8.4.3.

Athugasemd: RA3-umboðsaðili getur aðeins tekið við farmi frá AC3-sendanda sem vernduðum farmi ef þessi RA3-umboðsaðili hefur tilnefnt þennan sendanda sjálfur sem AC3-sendanda og gerir grein fyrir farminum sem þessi sendandi afhendir.

4.1. Staðfestir einingin hvort sending, sem hún tekur við, kemur frá öðrum RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda, AC3-sendanda eða óþekktum sendanda?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	

4.2. Kemur einingin á og viðheldur hún gagnagrunni, sem inniheldur upplýsingar um hvern RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda og AC3-sendanda, þar sem hann tekur við flugfarmi eða flugpósti með beinum hætti, sem afhenda á ACC3-flugrekanda til flutnings inn í Sambandið?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina upplýsingarnar sem eru í gagnagrunninum.	
Ef svarið er NEI, hvernig hefur einingin vitneskju um að farmurinn komi frá öðrum RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda eða AC3-sendanda?	

4.3. Tilnefnir einingin sendendur sem AC3-sendendur?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa verklagsreglunni og verndarráðstöfunum sem einingin krefst af sendandanum.	

4.4. Þegar eining tekur á móti sendingu, gengur hún úr skugga um hvort ákvörðunarstaður hennar sé flugvöllur í ESB/EES?

JÁ eða NEI — nánari útskýring.	
--------------------------------	--

4.5. Ef svarið er JÁ — lætur einingin þá allan flugfarm eða flugpóst sæta sama flugverndareftirliti þegar ákvörðunarstaðurinn er flugvöllur í ESB/EES?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa verklagsreglunni.	

4.6. Þegar eining tekur á móti sendingu, gengur hún þá úr skugga um hvort meðhöndla eigi sendinguna sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (sjá skilgreiningu í 6. hluta), þ.m.t. sendingar sem flytja á með öðrum hætti en með flugi?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig? Lýsa skal verklagsreglunni.	

4.7. Þegar eining, sem fengið hefur fullgildingu, tekur á móti verndaðri sendingu, gengur hún þá úr skugga um hvort hún hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi og/eða hvort hróflað hafi verið við henni?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því nánar (innsigli, lásar, skoðun o.s.frv.).	

4.8. Er þess krafist að einstaklingurinn, sem afhendir sendinguna, leggi fram opinbert auðkennisskírteini með mynd?

JÁ eða NEI	
------------	--

4.9. Er ferli til staðar til að auðkenna sendingar þar sem krafist er skimunar?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	

4.10. Niðurstaða: Eru verklagsreglur um móttöku fullnægjandi til að ganga úr skugga um hvort farmur eða póstur, sem flytja á með flugi til ESB/EES, komi frá verndaðri birgðakeðju eða hvort þörf sé á að skima hann?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

5. HLUTI

Skimun

Markmið: Þegar RA3-umboðsaðili tekur við farmi og pósti, sem kemur ekki frá verndaðri birgðakeðju, þarf RA3-umboðsaðilinn að skima þessar sendingar með viðeigandi hætti áður en hægt er að afhenda þær ACC3-flugrekanda sem verndaðan farm. RA3-umboðsaðili skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að farmur og póstur sem fluttur er með flugi til ESB/EES, til flugskipta, gegnumferðar eða affermingar á flugvelli í Sambandinu, sé skimaður með því að nota úrræðin eða aðferðirnar, sem um getur í löggjöf Sambandsins, þannig að tryggt sé, með nokkurri vissu, að hann innihaldi enga bannaða hluti.

Ef hlutaðeigandi yfirvald í þriðja landi eða einhver fyrir þess hönd framkvæmir skimun á flugfarmi eða flugpósti skal RA3-umboðsaðili greina frá þeirri staðreynd og tilgreina hvernig tryggja skuli fullnægjandi skimun.

Athugasemd: Þrátt fyrir að liður 6.8.3.2 heimili að beita a.m.k. kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að framkvæma ákvæði liðar 6.8.3.1 fram til 30. júní 2014, er í ESB-fullgildingu flugverndar tekið tillit til skimunarkrafna ESB, jafnvel þótt fullgildingin eigi sér stað fyrir 1. júlí 2014.

Tilvísun: liður 6.8.3.

5.1. Sér önnur eining um skimun fyrir hönd einingarinnar?

JÁ eða NEI	
<p>Ef JÁ:</p> <p>Tilgreina skal eðli þessara eininga og veita nánari upplýsingar um þær.</p> <ul style="list-style-type: none"> – Einkarekið skimunarfyrirtæki. – Ríkisrekið fyrirtæki. – Ríkisrekin aðstaða eða aðili á vegum ríkisins sem annast skimun. – Annað. <p>Tilgreina skal eðli samkomulags/samnings á milli einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, og einingarinnar sem sér um skimunina fyrir hennar hönd.</p>	

5.2. Hvaða aðferðir eru notaðar við að skima flugfarm og flugpóst?

Tilgreina skal hvaða nánari upplýsingar um búnað, sem notaður er til að skima flugfarm og flugpóst (t.d. framleiðanda, tegund, útgáfu hugbúnaðar, staðla, raðnúmer o.s.frv.), eru notaðar að því er varðar allar aðferðirnar sem beitt er.	
--	--

5.3. Er búnaðurinn eða aðferðin, (t.d. sprengjuleitarhundur) sem notuð er, í nýjustu skrá yfir búnað og aðferðir sem uppfylla kröfur ESB, Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) eða Öryggisstjórnar samgöngumála (TSA)?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal veita nánari upplýsingar.	
Ef svarið er NEI, skal veita nánari upplýsingar, tilgreina samþykki fyrir búnaði og dagsetningu þess sem og allt sem bendir til þess að búnaðurinn uppfylli kröfur ESB um búnað.	

5.4. Er búnaðurinn notaður í samræmi við notkunarleiðbeiningar (e. *concept of operation* – CONOPS) framleiðanda og er hann prófaður reglulega og haldið við?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	

5.5. Er tekið tillit til þess hvers eðlis sendingin er við skimun?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig tryggt sé að aðferðin, sem valin er til skimunar, sé fullnægjandi til að tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni.	

5.6. Er til staðar ferli sem fylgja á ef skimunarbúnaður gefur frá sér viðvörn? (Í sumum búnaði (t.d. röntgenbúnaði) setur rekstraraðilinn sjálfur viðvörnina í gang).

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu, sem fylgja á þegar viðvörn er gefin, til að tryggja, með nokkurri vissu, að um enga bannaða hluti sé að ræða.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra hvað verður um sendinguna.	

5.7. Eru einhverjar sendingar undanþegnar verndarskimun?

JÁ eða NEI	
------------	--

5.8. Eru einhverjar undanþágur sem samrýmast ekki skrá Sambandsins?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal gefa nánari upplýsingar.	

5.9. Er haft eftirlit með aðgangi að skimunarsvæði til að tryggja að einungis heimilað starfsfólk og starfsfólk, sem hlotið hefur þjálfun, hafi aðgang að því?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

5.10. Er til staðar gæðaeftirlit og/eða prófunarfyrirkomulag?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

5.11. Niðurstaða: Er allur flugfarmur eða flugpóstur skimaður með einu af þeim úrræðum eða aðferðum sem taldar eru upp í lið 6.2.1 í ákvörðun 2010/774/ESB, þannig að tryggt sé, með nokkurri vissu, að ekki sé um að ræða neina bannaða hluti?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

6. HLUTI

Farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir

Markmið: Ef sendingar koma upphaflega frá tilteknum stöðum eða hafa flugskipti á tilteknum stöðum, sem eru skilgreindir þannig að mikil áhætta fylgi þeim samkvæmt Sambandinu, eða svo virðist sem verulega hafi verið

hróflað við sendingunum ber að meðhöndla þær sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir. Slíkar sendingar þarf að skima í samræmi við sérstök fyrirmæli. RA3-umboðsaðili skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að borið sé kennsl á farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES og mikil áhætta fylgir, sem og að hann sæti viðeigandi flugverndareftirliti eins og skilgreint er í löggjöf Sambandsins.

ACC3-flugrekandi, sem RA3-umboðsaðili afhendir flugfarm eða flugpóst, skal hafa heimild til að gefa RA3-umboðsaðilanum nýjustu, viðeigandi upplýsingar um upprunastaði mikillar áhættu.

RA3-umboðsaðilinn skal gera sömu ráðstafanir, hvort sem hann tekur við farmi og pósti, sem fylgir mikil áhætta, frá flugrekanda eða fyrir tilstuðlan annars flutningsmáta.

Tilvísun: liður 6.7.

Athugasemd: Farmur eða póstur, sem mikil áhætta fylgir og búið er að heimila að verði fluttur til ESB/EES, skal fá útgefna stöðu flugverndar „SHR“, sem þýðir að farþega-, farm- og póstloftfari stafar ekki hætta af viðkomandi sendingu í samræmi við kröfur um sendingar sem mikil áhætta fylgir.

6.1. Veit starfsfólk, sem ber ábyrgð á flugverndareftirliti, hvaða flugfarm og flugpóst ber að meðhöndla sem farm og póst sem mikil áhætta fylgir?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

6.2. Eru til staðar verklagsreglur hjá einingunni varðandi það hvernig bera skuli kennsl á farm og póst sem mikil áhætta fylgir?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

6.3. Fellur farmur og póstur, sem mikil áhætta fylgir, undir verklagsreglur um skimun farms og pósts, sem mikil áhætta fylgir, samkvæmt löggjöf Sambandsins?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina hvaða verklagsreglum skuli beitt.	

6.4. Gefur einingin, að skimun lokinni, út yfirlýsingu um stöðu flugverndar „SHR“ í skjölum sem fylgja sendingunni?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvernig staða flugverndar er gefin út og í hvaða skjali.	

6.5. Niðurstaða: Er ferlið, sem einingin hefur komið á, viðeigandi og fullnægjandi til að tryggja að allur farmur og póstur, sem mikil áhætta fylgir, hafi hlotið viðeigandi meðhöndlun áður en hann er settur um borð í loftfar?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

7. HLUÐI

Vörn fyrir verndaðan flugfarm og flugpóst

Markmið: RA3-umboðsaðili skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað verði við honum, frá því að flugverndarskimun eða annað flugverndareftirlit á sér stað eða frá því að tekið er við honum eftir að hann hefur farið í gegnum skimun eða sætt flugverndareftirliti og þar til hann er settur um borð í loftfar eða afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila. Ef flugfarmur og flugpóstur, sem áður var verndaður, er ekki varinn eftir það er ekki heimilt að setja hann um borð í loftfar eða afhenda hann ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila, sem verndaðan farm eða póst.

Veita má vörminna með því að nota mismunandi úrræði, s.s. efnisleg úrræði (fyrirstöður, læst herbergi o.s.frv.), mannleg úrræði (eftirlitsferðir, þjálfað starfsfólk o.s.frv.) eða tæknileg úrræði (sjónvarpsmyndavélar, innbrotaviðvörðunarkerfi o.s.frv.).

Verndaður farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, skal vera aðskilinn frá öðrum flugfarmi eða flugpósti sem ekki er verndaður.

Tilvísun: liður 6.8.3.1.

7.1. Gerir önnur eining ráðstafanir til að verja verndaðan flugfarm og flugpóst fyrir hönd einingarinnar sem hefur fengið fullgildingu?

JÁ eða NEI	
Ef JÁ: Tilgreina skal eðli þessara eininga og veita nánari upplýsingar um þær. – Einkarekið skimunarfyrirtæki. – Ríkisrekið fyrirtæki. – Ríkisrekin aðstaða eða aðili á vegum ríkisins sem annast skimun. – Annað.	

7.2. Eru til staðar flugverndareftirlit og vörn til að koma í veg fyrir að hróflað verði við flugfarminum eða flugpóstinum meðan á skimun stendur?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því. Tilgreina skal hvaða tegund eða tegundum varna er beitt: – efnislegum vörnum (girðingu, fyrirstöðu, traustbyggðri byggingu o.s.frv.), – mannlegum vörnum (eftirlitsferðum o.s.frv.), – tæknilegum vörnum (sjónvarpsmyndavélum, innbrotaviðvörðunarkerfi o.s.frv.) og gera grein fyrir því hvernig þær eru skipulagðar.	

7.3. Hafa einungis starfsmenn með aðgangshemild aðgang að vernduðum flugfarmi eða flugpósti?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því. Tilgreina skal hvernig eftirliti er háttar með öllum aðgangshemildum (þ.m.t. dyr og gluggum) að aðgreinanlegum og vernduðum flugfarmi eða flugpósti.	

7.4. Eru til staðar verklagsreglur, sem tryggja að farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES og fellur undir flugverndareftirlit, sé varinn gegn óheimilum aðgangi frá því að hann hefur verið verndaður og þar til hann er settur um borð í loftfar eða afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvernig hann er varinn (með efnislegum, mannlegum eða tæknilegum úrræðum o.s.frv.). Tilgreina skal einnig hvort byggingin sé traustbyggð og hvaða efni eru notuð, ef þessar upplýsingar eru tiltækar.	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

7.5. Niðurstaða: Eru ráðstafanir, sem gerðar eru til að verja sendingar, nægilega traustar til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi?

JÁ eða NEI	
------------	--

Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

8. HLUTI

Skjöl

Markmið: Staða flugverndar fyrir sendinguna skal koma fram í gögnum, sem fylgja sendingunni, í flugfarmbréfi, í sambærilegum póstkjölum eða í sérstakri yfirlýsingu og annaðhvort á rafrænu formi eða skriflega. RA3-umboðsaðilinn skal gefa út stöðu flugverndar.

Tilvísun: d-liður liðar 6.3.2.6 og liður 6.8.3.4.

Athugasemd: heimilt er að tilgreina eftirfarandi stöðu flugverndar:

- „SPX“: farþega-, farm- og póstloftfari stafar ekki verndarhætta af viðkomandi sendingu eða
- „SCO“: einungis farm- og póstloftfari stafar ekki verndarhætta af viðkomandi sendingu eða
- „SHR“: farþega-, farm- og póstloftfari stafar ekki verndarhætta af viðkomandi sendingu í samræmi við kröfur um mikla áhættu.

8.1. Tilgreinir einingin stöðu farmsins í fylgiskjölum (t.d. flugfarmbréfi) og hvernig stöðunni var náð?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra af hverju svo er ekki.	

8.2. Niðurstaða: Er skjalaferlið fullnægjandi til að tryggja að farmi eða pósti fylgi viðeigandi skjöl þar sem tilgreind er rétt verndarstaða?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

9. HLUTI

Flutningar

Markmið: Verja verður flugfarm og flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum frá því að hann hefur verið verndaður og þar til hann er settur um borð í loftfar eða afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila. Þetta felur í sér vörn meðan á flutningi til loftfars stendur eða til ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila. Ef flugfarmur og flugpóstur, sem áður var verndaður, er ekki varinn meðan á flutningi stendur er ekki heimilt að setja hann um borð í loftfar eða afhenda hann ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm.

Meðan á flutningi til loftfars, ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila stendur er RA3-umboðsaðilinn ábyrgur fyrir að verja verndaðar sendingar. Þetta felur í sér tilvik þar sem önnur eining sér um flutninginn fyrir hans hönd, eins og t.d. farmmiðlari. Þetta á ekki við um tilvik þegar sendingar eru fluttar á ábyrgð ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila.

Tilvísun: liður 6.8.3.

9.1. Hvernig er flugfarmur eða flugpóstur fluttur til ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila?

a) Sér einingin, sem hefur fengið fullgildingu, sjálf um flutninginn?	
JÁ eða NEI	

b) Annast annar RA3-umboðsaðili eða ACC3-flugrekandi flutninginn?	
JÁ eða NEI	
c) Notar einingin, sem hefur fengið fullgildingu, verktaka?	
JÁ eða NEI	
9.2. Er flugfarminum eða flugpóstinum pakkað þannig að augljóst sé hvort hróflað hefur verið við honum?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	
9.3. Er ökutækið innsiglað eða því læst fyrir flutning?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	
9.4. Er eftirlit með aðgangi að innsiglium og eru númerin skráð þegar notuð eru innsiglisnúmer?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina hvernig:	
9.5. Skrifar viðkomandi farmflytjandi undir yfirlýsingu farmflytjanda, ef við á?	
JÁ eða NEI	
9.6. Hefur einstaklingur, sem flytur farminn, gengist undir sérstaka þjálfun í flugverndareftirliti og flugverndarvitund áður en honum var heimilað að flytja verndaðan flugfarm og/eða flugpóst?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa viðkomandi tegund flugverndareftirlits (athugun áður en ráðning fer fram, bakgrunnsskoðun o.s.frv.) og tegund þjálfunar (þjálfun í flugverndarvitund o.s.frv.) sem um er að ræða.	
9.7. Niðurstaða: Eru ráðstafanirnar fullnægjandi til að verja flugfarminn eða flugpóstinn gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

10. HLUTI

Það að farið sé að tilskildum ákvæðum

Markmið: Eftir að hafa lagt mat á fyrstu níu hluta þessa gátlista skal ESB-matsmaður fyrir flugvernd komast að niðurstöðu um hvort sannprófun hans á staðnum staðfesti framkvæmd flugverndareftirlits í samræmi við markmið þessa gátlista fyrir farm eða póst sem fluttur er með flugi til ESB/EES.

Tvær atburðarásir eru mögulegar. ESB-matsmaður fyrir flugvernd kemst að þeirri niðurstöðu að einingin:

- hafi tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista; matsmaðurinn skal afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, frumrit af fullgildingarskýrslunni og lýsa yfir að einingin sé tilnefnd sem viðurkenndur umboðsaðili frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar,
- hafi ekki tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista. Í slíku tilviki er einingunni ekki heimilt að afhenda ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila verndaðan farm eða póst sem fluttur er með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES. Einingin skal fá eintak að fullgerðum gátlista þar sem annmarkarnir koma fram.

Almennt séð verður ESB-matsmaður fyrir flugvernd að ákveða hvort farmur eða póstur, sem er í umsjón einingar, sem hefur fengið fullgildingu, sé meðhöndlaður þannig að hann teljist verndaður þegar hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila og þar með unnt að fljúga með hann til ESB/EES í samræmi við viðeigandi reglur Sambandsins.

ESB-matsmaður fyrir flugvernd verður að hafa í huga að matið byggist á heildstæðri markmiðstengdri aðferðafræði.

10.1. Almennar niðurstöður:	
Mat (og tilkynning) (leggja skal áherslu á það sem við á) Ef um er að ræða „STAÐIÐ“ telst einingin vera tilnefnd sem RA3-umboðsaðili.	Staðið/Ekki staðið
Þegar niðurstaða heildarmatsins sýnir að eining hafi ekki staðist matið skal skrá hér á eftir þau svið þar sem einingunni hefur ekki tekist að uppfylla tilskildar verndarkröfur eða ef um er að ræða sérstaka bresti. Einnig má gefa ráð varðandi þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla tilskildar kröfur og þar með að fá stöðuna „STAÐIÐ“.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	
Athugasemdir frá einingunni.	

Nafn matsmanns:

Dagsetning:

Undirskrift:

VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga og einingar sem heimsóttar hafa verið og þar sem tekin hafa verið viðtöl

Tilgreina skal nafn einingarinnar, nafn tengiliðs og hvenær heimsókn eða viðtal fór fram.

Nafn einingar	Nafn tengiliðar	Dagsetning heimsóknar/viðtals

(*) Aðildarríki Evrópusambandsins: Austurríki, Belgía, Búlgaría, Króatía, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð og Breska konungsríkið.

(**) Gátlisti um fullgildingu varðandi flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB/EES, á að sama skapi við flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB ásamt Íslandi, Noregi og Sviss.

2) Eftirfarandi fylgiskjal bætist við á eftir fylgiskjali 6-C3:

„FYLGISKJAL 6-C4

GÁTLISTI FYRIR ÞEKKTA SENDENDUR FRÁ ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR

Einingar frá þriðja landi eiga kost á að verða hluti af verndaðri birgðakeðju flugrekanda, sem flytur farm eða póst með flugi inn í Sambandið frá flugvelli í þriðja landi (ACC3-flugrekandi) með því að óska eftir tilnefningu sem

þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi). KC3-sendandi er eining, sem annast afgreiðslu farms í þriðja landi, sem hefur fengið fullgildingu og er samþykktur sem slíkur á grundvelli ESB-fullgildingar flugverndar.

KC3-sendandi skal tryggja að viðeigandi flugverndareftirlit sé haft með öllum sendingum til Sambandsins og að sendingarnar séu varðar gegn óheimilum aðgangi frá því að flugverndareftirlit hófst og þar til þær hafa verið afhentar ACC3-flugrekanda eða viðurkenndum umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3-umboðsaðili).

Forsendurnar fyrir því að flytja farm eða póst með flugi til Sambandsins eða Íslands, Noregs og Sviss eru kröfur í reglugerð (ESB) nr. 185/2010, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 859/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1082/2012(*).

Gátlistinn er tæki sem ESB-matsmaður fyrir flugvernd getur notað til að meta verndarstig fyrir farm eða póst, sem einingin, sem sækir um tilnefningu sem KC3-sendandi, flytur með flugi til ESB/EES eða er ábyrg fyrir flutningnum. Gátlistann á aðeins að nota í tilvikunum sem eru tilgreind í b-lið liðar 6.8.4.1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010. Í tilvikunum, sem tilgreind eru í a-lið liðar 6.8.4.1 í fyrnefndum viðauka, skal ESB-matsmaður fyrir flugvernd nota ACC3-gátlistann.

Ef ESB-matsmaður fyrir flugvernd kemst að þeirri niðurstöðu að eining hafi tekist að ná markmiðum þessa gátlista, skal hann afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, fullgildingarskýrslu. Í fullgildingarskýrslunni skal greina frá því að einingin sé tilnefnd sem þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi). KC3-sendandinn skal geta notað skýrsluna í viðskiptatengslum sínum við alla ACC3-flugrekendur og alla RA3-umboðsaðila. Óaðskiljanlegir hlutar fullgildingarskýrslu skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

- fullgerður gátlisti (fylgiskjal 6-C4 sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010), undirritaður af ESB-matsmanni fyrir flugvernd og, eftir atvikum, með athugasemdum frá einingunni sem hefur fengið fullgildingu,
- yfirlýsing um skuldbindingar (fylgiskjal 6-H3 sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010) og undirrituð af einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, og
- yfirlýsing um óhæði (fylgiskjal 11-A sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010) að því er varðar eininguna, sem hefur fengið fullgildingu, sem ESB-matsmaður fyrir flugvernd hefur undirritað.

Númeraröð blaðsíðna, dagsetning ESB-fullgildingar flugverndar og merking hverrar blaðsíðu með upphafsstöfum matsmanns og einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, skulu sanna heildstæði fullgildingarskýrslunnar. Skýrslan skal vera á ensku.

Að því er varðar þá hluta sem ekki er hægt að meta samkvæmt kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 185/2010, fela grunnkröfur í sér kröfur og ráðlagðar starfsvenjur í 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug og leiðbeiningar sem finna má í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugvernd (skjal 8973-takmarkað).

Ef komist er að þeirri niðurstöðu í ESB-fullgildingu flugverndar að einingunni hafi ekki tekist að ná markmiðunum, sem um getur á þessum gátlista, skal einingin fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem anmarkarnir koma fram.

Athugasemdir til útskýringar:

- Fylla skal út alla hluta gátlistans. Ef engar upplýsingar eru fáanlegar verður að gera grein fyrir því.
- Að loknum hverjum hluta skal ESB-matsmaður fyrir flugvernd komast að niðurstöðu um það hvort og að hve miklu leyti markmið þessa hluta hafa náðst.

1. HLUTI

Skipulag og ábyrgð

1.1. Dagsetning eða dagsetningar fullgildingar	
Nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar, s.s. 01.10.2012–02.10.2012.	
dd/mm/áááá	
1.2. Dagsetning fyrri fullgildingar, eftir atvikum.	
dd/mm/áááá	
Fyrri KC3-skráningarnúmer, ef það er til staðar.	

Skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila (e. <i>AEO certificate</i>)/C-TPAT staða/útgáfa annarra skírteina, ef mögulegt.	
1.3. Upplýsingar um matsmann fyrir flugvernd	
Nafn	
Fyrirtæki/stofnun/yfirvald	
Alstafakennimerki	
Tölvupóstfang	
Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar)	
1.4. Nafn einingar	
Nafn	
Númer fyrirtækis (t.d. kenninúmer í fyrirtækjaskrá)	
Númer/Deild/Bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Ríki (ef við á)	
Land	
Heimilisfang pósthólf, ef við á	
1.5. Aðalheimilisfang stofnunar (ef það er annað en staðurinn sem á að fullgilda)	
Númer/Deild/Bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Ríki (ef við á)	
Land	
Pósthólf, ef við á	
1.6. Eðli viðskipta – tegund farms sem er meðhöndlaður	
Hvert er eðli viðskiptanna – hvernar tegundar er farmurinn sem er meðhöndlaður á athafnasvæði umsækjanda?	
1.7. Ber umsækjandi ábyrgð á ...?	
a) framleiðslu b) pökkun c) geymslu d) sendingu e) öðru (tilgreina skal um hvað er að ræða).	
1.8. Áætlaður fjöldi starfsmanna á staðnum	
Fjöldi	

1.9. Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts frá þriðja landi.

Nafn	
Starfsheiti	
Tölvupóstfang	
Símanúmer – þ.m.t. alþjóðakóðar	

2. HLUTI

Skipulag og ábyrgð þekkt sendanda frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar

Markmið: Hvorki skal flytja farm né póst með flugi til ESB/EES án þess að hann sæti flugverndarefirliti. Aðeins má samþykka farm og póst, sem KC3-sendandi afhendir ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila, sem verndaðan farm eða póst ef KC3-sendandinn hefur viðhaft slíkt flugverndarefirlit. Nánari upplýsingar um slíkt efirlit er að finna í eftirfarandi hlutum þessa gátlista.

KC3-sendandinn skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að viðeigandi flugverndarefirlit sé viðhaft við allan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, og að verndaður farmur eða póstur sé varinn þar til hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila. Flugverndarefirlit skal samanstanda af ráðstöfunum sem tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni.

Tilvísun: liður 6.8.3.

2.1. Hefur einingin komið á fót flugverndaráætlun?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal fara beint í lið 2.5.	

2.2. Upplýsingar um flugverndaráætlun einingar

Dagsetning – nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar dd/mm/áááá	
Útgáfa	
Hefur flugverndaráætlun verið lögð fyrir og/eða samþykkt af hlutaðeigandi yfirvaldi í ríkinu þar sem einingin er staðsett? Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	

2.3. Tekur flugverndaráætlunin nægilega vel til þáttanna sem taldir eru upp á gátlistanum (4. – 11. hluta)?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra það og tilgreina ástæðurnar.	

2.4. Er flugverndaráætlunin áreiðanleg, traust og fullgerð?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

2.5. Hefur einingin komið á ferli til að tryggja að farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sæti viðeigandi flugverndarefirliti áður en hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	

2.6. Er stjórnunarkerfi til staðar hjá einingunni (t.d. stjórn tæki, leiðbeiningar o.s.frv.) til að tryggja að flugverndareftirlitið, sem krafist er, sé framkvæmt?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa stjórnunarkerfinu og skýra hvort hlutaðeigandi yfirvald eða önnur eining hafi samþykkt það, skoðað eða látið það í té.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra hvernig einingin tryggir að flugverndareftirlit sé viðhaft samkvæmt kröfum.	

2.7. Niðurstöður og almennar athugasemdir um það hvort ferlið sé áreiðanlegt, afdráttarlaust og traust.

Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

3. HLUTI

Auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur („sigtanleiki“ (e. *targetability*))

Markmið: Að staðfesta hvenær eða hvar farmur eða póstur verður auðgreinanlegur sem flugfarmur eða flugpóstur. Hugtakið „sigtanleiki“ er skilgreint sem möguleikinn á því að geta metið hvenær eða hvar farmur eða póstur verður auðgreinanlegur sem flugfarmur eða flugpóstur.

3.1. Staðfesta skal með skoðun á sviði framleiðslu, þökkunar, geymslu, vals, sendingar og á hvers konar öðrum sviðum, sem máli skipta, hvar og hvernig farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, verður auðgreinanlegur sem slíkur.	
Lýsa skal nánar.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

Ath.: Gefa skal ítarlegar upplýsingar um vörn auðgreinanlegs flugfarms eða flugpósts gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum í 6.–9. hluta.

4. HLUTI

Ráðning og þjálfun starfsfólks

Markmið: Til að tryggja að flugverndareftirlitið, sem krafist er, sé til staðar skal KC3-sendandi fela ábyrgu og hæfu starfsfólki til að tryggja vernd flugfarms eða flugpósts. Starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi, skal hafa tilskilda hæfni til að gegna skyldustörfum sínum sem og viðeigandi þjálfun.

Til að ná því markmiði skal KC3-sendandi hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að allt starfsfólk (fastráðið, í tímabundnu starfi, afleysingafólk, bílstjórar o.s.frv.), sem hefur beinan aðgang án fylgdar að flugfarmi eða flugpósti, sem er eða hefur verið undir flugverndareftirliti:

- hafi verið látið sæta grunn- og reglubundnu eftirliti áður en það var ráðið og/eða bakgrunnsskoðun, sem er a.m.k. í samræmi við kröfur staðaryfirvalda þess KC3-sendanda sem hefur hlotið fullgildingu, og
- hafi lokið grunn- og reglubundinni verndarþjálfun til að vera meðvitað um verndarábyrgð sína í samræmi við kröfur staðaryfirvalda þess KC3-sendanda sem hefur hlotið fullgildingu.

Athugasemd:

- Bakgrunnsskoðun felur í sér athugun á deili einstaklings og fyrri reynslu hans, þ.m.t., ef lög heimila það, á mögulegum afbrotuferli hans sem er hluti af mati á hæfi einstaklingsins til að framkvæma flugverndareftirlit og/eða að fá aðgang án fylgdar að haftasvæðum flugverndar (Skilgreining Alþjóðflugmálastofnunarinnar, 17. viðauki).

- Við athugun áður en ráðning fer fram skal staðfesta deili á einstaklingnum á grundvelli skjalfestra sönnunargagna, fara yfir ráðningarsögu, menntun og hvers konar rof þar á næstliðin fimm ár ásamt því að fara fram á að einstaklingurinn undirriti yfirlýsingu um mögulegan afbrotaferil í öllum búseturíkjum a.m.k. næstliðin fimm ár (skilgreining Sambandsins).

Tilvísun: liður 6.8.3.1.

- 4.1. Er til staðar verklagsregla sem tryggir að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sæti athugun áður en það er ráðið þar sem lagt er mat á bakgrunn þess og hæfni?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun áður en ráðning fer fram og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	

- 4.2. Felur þessi verklagsregla í sér?

<input type="checkbox"/> bakgrunnsskoðun, <input type="checkbox"/> athugun áður en ráðning fer fram, <input type="checkbox"/> athugun á sakaskrá, <input type="checkbox"/> viðtöl, <input type="checkbox"/> annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, eftir atvikum, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	
---	--

- 4.3. Er til staðar verklagsregla sem tryggir að einstaklingur, sem ber ábyrgð á beitingu og eftirliti með framkvæmd flugverndareftirlits á staðnum, sæti athugun áður en hann er ráðinn þar sem lagt er mat á bakgrunn hans og hæfni?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun áður en ráðning fer fram og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	

- 4.4. Felur þessi verklagsregla í sér?

<input type="checkbox"/> bakgrunnsskoðun, <input type="checkbox"/> athugun áður en ráðning fer fram, <input type="checkbox"/> athugun á sakaskrá, <input type="checkbox"/> viðtöl, <input type="checkbox"/> annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, eftir atvikum, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	
---	--

- 4.5. Hlýtur starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, þjálfun áður en það fær þennan aðgang?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa inntaki og lengd þjálfunarinnar.	

- 4.6. Hlýtur starfsfólk, sem um getur í lið 4.5, reglubundna þjálfun?

JÁ eða NEI	
------------	--

Ef svarið er JÁ, skal tilgreina inntak og tíðni reglubundnu þjálfunarinnar.	
4.7. Niðurstaða: tryggja ráðstafanir, sem gerðar eru vegna ráðningar og þjálfunar starfsfólks, að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum farmi eða pósti, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, hafi verið ráðið til starfa með tilhlýðilegum hætti og að það hafi hlotið fullnægjandi þjálfun til að það geri sér grein fyrir verndarábyrgð sinni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

5. HLUTI

Efnisleg vernd

Markmið: KC3-sendandi skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á hvernig lóð hennar eða athafnasvæði er varið og að viðeigandi verklagsreglur við aðgangseftirlit séu til staðar. Mikilvægt er að hafa eftirlit með aðgangi að svæðinu þar sem auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur er meðhöndlaður eða geymdur. Vernda þarf allar dyr, glugga og aðrar aðgangsleiðir til að vernda farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, eða hafa eftirlit með aðgangi.

Efnisleg vernd getur verið en takmarkast þó ekki við:

- efnislegar hindranir, t.d. girðingar eða fyrirstöður,
- tækni, með því að nota viðvörðunarkerfi og/eða lokað sjónvarpsmyndavélakerfi (CCTV),
- mannlega vernd, t.d. starfsfólk sem eingöngu sinnir eftirlitsstarfi.

Tilvísun: liður 6.8.3.1.

5.1. Eru allar aðgangsleiðir að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti háðar aðgangseftirliti og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er aðgangseftirliti háttáð? Skýra skal og lýsa nánar. Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki.	
<input type="checkbox"/> Öryggisverðir sjá um eftirlitið <input type="checkbox"/> Annað starfsfólk sér um eftirlitið <input type="checkbox"/> Handvirk skoðun ef einstaklingum er heimilt að fara inn á svæðið <input type="checkbox"/> Rafrænt aðgangsstýrikerfi <input type="checkbox"/> Annað, tilgreina skal nánar.	
Ef svarið er JÁ, hvernig er tryggt að einstaklingurinn hafi heimild til að fara inn á svæðið? Skýra skal og lýsa nánar. Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki.	
<ul style="list-style-type: none"> – Með því að nota auðkenniskort fyrirtækis – Með því að nota annars konar auðkenniskort, t.d. vegabréf eða ökuskírteini – Flugverndarstarfsfólk notar skrá yfir starfsmenn með aðgangsheimild – Rafræn heimild, t.d. með því að nota flögu 	

<ul style="list-style-type: none"> - Úthlutun lykla eða aðgangskóða til starfsmanna með aðgangshemild - Annað, tilgreina skal nánar. 	
<p>5.2. Eru allar aðgönguleiðir að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti verndaðar? Hér eru meðtaldar aðgönguleiðir, sem eru ekki notaðar að staðaldri, og leiðir, sem eru venjulega ekki notaðar sem aðgönguleiðir, t.d. gluggar.</p>	
<p>JÁ eða NEI</p>	
<p>Ef svarið er JÁ, hvernig eru þessar aðgönguleiðir verndaðar? Skýra skal og lýsa. Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Viðurvist verndarstarfsfólks - Rafræn aðgangsstýrikerfi sem heimila aðgang eins einstaklings í senn - Fyrirstöður, t.d. hlerar eða læsingar - Sjónvarpsmyndavélakerfi - Greiningarkerfi til að koma upp um óheimilan aðgang. 	
<p>5.3. Eru einhverjar viðbótarráðstafanir til að auka vernd á athafnasvæðinu almennt?</p>	
<p>JÁ eða NEI</p>	
<p>Ef svarið er JÁ, skal skýra hverjar þær eru og lýsa þeim.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Girðingar eða fyrirstöður <input type="checkbox"/> Sjónvarpsmyndavélakerfi <input type="checkbox"/> Greiningarkerfi til að koma upp um óheimilan aðgang <input type="checkbox"/> Eftirlit og eftirlitsferðir <input type="checkbox"/> Annað, tilgreina skal nánar. 	
<p>5.4. Er byggingin traustbyggð?</p>	
<p>JÁ eða NEI</p>	
<p>5.5. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að þeim hlutum staðarins eða athafnasvæðisins þar sem auðgreinanlegur farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, er meðhöndlaður eða geymdur?</p>	
<p>JÁ eða NEI</p>	
<p>Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.</p>	
<p>Athugasemdir frá einingunni.</p>	
<p>Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.</p>	

6. HLUTI

Framleiðsla

Markmið: KC3-sendandi skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum meðan á framleiðslu stendur. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að framleiðslusvæðinu og umsjón sé höfð með framleiðsluferlinu. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanleg sem farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES á framleiðsluferlinu, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á framleiðsluferlinu stendur.

6.1. Er eftirlit með aðgangi að framleiðsluvæðinu og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangshemild?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal skýra hvernig eftirliti með aðgangi er háttað og aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangshemild.	
6.2. Er umsjón höfð með framleiðsluferlinu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig þeirri umsjón er háttar.	
6.3. Er til staðar eftirlit til að koma í veg fyrir að hróflað sé við framleiðsluvöru á framleiðslustigi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
6.4. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum á framleiðslustigi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

7. HLUTI

Pökkun

Markmið: KC3-sendandi skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum á pökkunarferlinu. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að pökkunarsvæðinu og umsjón sé höfð með pökkunarferlinu. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanlegur farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á pökkun stendur, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum frá og með þessu stigi. Skoða þarf allar fullunnar vörur áður en þeim er pakkað.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á pökkunarferlinu stendur.

7.1. Er eftirlit með aðgangi að pökkunarsvæðinu og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangshemild?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal skýra hvernig eftirliti með aðgangi er háttað og aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangshemild.	
7.2. Er umsjón höfð með pökkunarferlinu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig þeirri umsjón er háttað.	
7.3. Er til staðar eftirlit til að koma í veg fyrir að hróflað sé við framleiðsluvörunni á pökkunarstigi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

7.4. Lýsa skal fullnum ystu umbúðum:

a) Eru fullnar ystu umbúðir traustar?	
JÁ eða NEI	
Lýsa skal nánar.	
b) Sést það auðveldlega á fullnum ystu umbúðum ef hróflað hefur verið við þeim?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvaða ferli er notað til að gera ystu umbúðir þannig úr garði að auðvelt sé að sjá hvort hróflað hafi verið við þeim, t.d. með því að nota innsigliúmer, sérstaka stimpla eða öryggislimband o.s.frv.	
Ef svarið er NEI, skal lýsa því hvaða varnarráðstafanir eru gerðar til að tryggja heilleika sendinga.	

7.5. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum meðan á þökkun stendur?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

8. HLUTI

Geymsla

Markmið: KC3-sendandi skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum meðan hann er í geymslu. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að geymslusvæðinu. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanlegur farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan hún er í geymslu, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir hafi verið gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum frá og með þessu stigi.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á geymsluferlinu stendur.

8.1. Er eftirlit með aðgangi að geymslusvæðinu og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal skýra hvernig eftirliti með aðgangi er háttað og aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangsheimild.	

8.2. Er fullninn og pakkaður flugfarmur eða flugpóstur geymdur á verndaðan hátt og gengið úr skugga um að ekki hafi verið hróflað við honum?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
Ef svarið er NEI, skal skýra hvernig einingin tryggir að fullninn og pakkaður farmur og póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og að hróflað sé við honum.	

8.3. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum meðan hann er í geymslu?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

9. HLUTI

Sending

Markmið: KC3-sendandi skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum á sendingarferlinu. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að sendingasvæðinu. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanleg sem farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á sendingu stendur, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á sendingarferlinu stendur.

9.1. Er eftirlit með aðgangi að sendingasvæðinu og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal skýra hvernig eftirliti með aðgangi er háttað og aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangsheimild.	

9.2. Hver hefur aðgang að sendingasvæðinu? Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki.

<input type="checkbox"/> Starfsfólk einingarinnar <input type="checkbox"/> Bílstjórar <input type="checkbox"/> Gestir <input type="checkbox"/> Verktakar <input type="checkbox"/> Aðrir, tilgreina skal nánar.	
--	--

9.3. Er höfð umsjón með sendingaferlinu?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig þeirri umsjón er háttað.	

9.4. Er til staðar eftirlit til að koma í veg fyrir að hróflað sé við framleiðsluvörum á sendingasvæðinu?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

9.5. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum meðan á sendingarferlinu stendur?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

10. HLUTI

Sendingar af öðrum uppruna

Markmið: KC3-sendandi skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að farmur eða póstur, sem á ekki uppruna sinn hjá honum, skuli ekki sendur áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaður farmur eða póstur.

KC3-sendanda er heimilt að afhenda RA3-umboðsaðila eða ACC3-flugrekanda sendingar sem eiga ekki uppruna sinn hjá honum, að því tilskildu:

- a) að þær séu aðskildar frá sendingum, sem eiga uppruna sinn hjá honum, og
- b) að uppruni þeirra komi skýrt fram á sendingunni eða á meðfylgjandi gögnum.

RA3-umboðsaðili eða ACC3-flugrekandi skal skima allar slíkar sendingar áður en þær eru settar um borð í loftfar.

10.1. Tekur einingin við farm- eða póstsendingum, sem ætlunin er að senda með flugi, frá einhverri annarri einingu?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er þessum sendingum haldið aðskildum frá farmi eða pósti fyrirtækisins og hvernig eru þær auðkenndar fyrir viðurkenndan umboðsaðila eða farmflytjanda?	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

11. HLUTI

Flutningar

Markmið: KC3-sendandi skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum meðan á flutningi stendur. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn getur ACC3-flugrekandi eða RA3-umboðsaðili ekki tekið við honum sem vernduðum farmi eða pósti.

Meðan á flutningi stendur ber KC3-sendandi ábyrgð á því að verja verndaðar sendingar. Þetta felur m.a. í sér tilvik þegar önnur eining sér um flutninginn fyrir hans hönd, eins og t.d. farmmiðlari. Þetta á ekki við um tilvik þegar sendingar eru fluttar á ábyrgð ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvörur sem farm eða pósti, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á flutningi stendur.

11.1. Hvernig er flugfarmur eða flugpóstur, fluttur til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila?

a) Sér einingin, sem hefur fengið fullgildingu, sjálf um flutninginn?	
JÁ eða NEI	
b) Sér ACC3-flugrekandi eða RA3-umboðsaðili um flutninginn?	
JÁ eða NEI	
c) Notar einingin, sem hefur fengið fullgildingu, verktaka?	
JÁ eða NEI	

11.2. Er flugfarminum eða flugpóstinum pakkað þannig að augljóst sé hvort hróflað hafi verið við honum?

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	

11.3. Er ókutækið innsiglað eða því læst áður fyrir flutningur hefst?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	
11.4. Er eftirlit með aðgangi að innsiglium og eru númerin skráð þegar notuð eru innsiglisnúmer?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er já, skal tilgreina hvernig:	
11.5. Skrifar viðkomandi farmflytjandi undir yfirlýsingu farmflytjanda, ef við á?	
JÁ eða NEI	
11.6. Hefur einstaklingur, sem flytur farminn, gengist undir sérstaka þjálfun í flugverndareftirliti og flugverndarvitund áður en honum var heimilað að flytja verndaðan flugfarm og/eða flugpóst?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa viðkomandi tegund flugverndareftirlits (athugun áður en ráðning fer fram, bakgrunnsskoðun o.s.frv.) og tegund þjálfunar (þjálfun í flugverndarvitund o.s.frv.) sem um er að ræða.	
11.7. Niðurstaða: eru ráðstafanirnar fullnægjandi til að verja flugfarminn eða flugpóstinn gegna óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	

12. HLUTI

Það að farið sé að tilskildum ákvæðum

Markmið: Eftir að hafa lagt mat á fyrstu ellefu hluta þessa gátlista skal ESB-matsmaður fyrir flugvernd komast að niðurstöðu um það hvort sannprófun hans á staðnum staðfesti framkvæmd flugverndareftirlits í samræmi við markmið þessa gátlista fyrir farm eða póst sem fluttur er með flugi til ESB/EES.

Tvær atburðarásir eru mögulegar. ESB-matsmaður fyrir flugvernd kemst að þeirri niðurstöðu að einingunni:

- hafi tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista; matsmaðurinn skal afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, frumrit af fullgildingarskýrslunni og lýsa yfir að einingin sé tilnefnd sem þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi),
- hafi ekki tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista. Í slíku tilviki er einingunni ekki heimilt að afhenda ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES, án þess að aðili, sem hefur til þess heimild, hafi skimað hann. Einingin skal fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem anmarkarnir koma fram.

Almennt séð verður ESB-matsmaður fyrir flugvernd að ákveða hvort farmur eða póstur, sem er í umsjón einingar, sem hefur fengið fullgildingu, sé meðhöndlaður þannig að hann teljist verndaður þegar hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila og þar með unnt að fljúga með hann til ESB/EES í samræmi við viðeigandi reglur Sambandsins.

ESB-matsmaður fyrir flugvernd verður að hafa í huga að matið byggist á heildstæðri markmiðstengdri aðferðafræði.

12.1. Almennar niðurstöður:	
Mat (og tilkynning) (leggja skal áherslu á það sem á við) Ef um er að ræða „STAÐIÐ“ telst einingin vera tilnefnd sem þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi).	Staðið/Ekki staðið
Þegar niðurstaða heildarmatsins sýnir að eining hafi ekki staðist matið skal skrá hér á eftir þau svið þar sem einingunni hefur ekki tekist að uppfylla tilskildar verndarkröfur eða ef um er að ræða sérstaka bresti. Einnig má gefa ráð varðandi þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla tilskildar kröfur og þar með að fá stöðuna „STAÐIÐ“.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni fyrir flugvernd.	
Athugasemdir frá einingunni.	

Nafn matsmanns:

Dagsetning:

Undirskrift:

VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga og einingar sem heimsóttar hafa verið og þar sem tekin hafa verið viðtöl

Tilgreina skal nöfn eininganna, nöfn tengiliða og hvenær heimsókn eða viðtal fór fram.

Nafn einingar	Nafn tengiliðar	Dagsetning heimsóknar eða viðtals

(*) Stjtið. ESB L 324. 22.11.2012, bls. 25.“

3) Eftirfarandi fylgiskjal bætist við á eftir fylgiskjali 6-H1:

„FYLGISKJAL 6-H2

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — VIÐURKENNDUR UMBOÐSAÐILI FRÁ ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR (RA3-umboðsaðili)

Fyrir hönd [nafn RA3-umboðsaðila] tek ég mið af eftirfarandi:

Í þessari skýrslu er ákvarðað flugverndarstig fyrir vinnu við farm sem er fluttur með flugi til ESB/EES að því er varðar verndarkröfurnar sem taldar eru upp á gátlistanum eða sem um getur á honum.

Einungis er unnt að tilnefna [nafn RA3-umboðsaðila] sem „viðurkenndan umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar“ (RA3-umboðsaðili) þegar ESB-matsmaður fyrir flugvernd, sem er skráður í gagnagrunn Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekktu sendendur, hefur lokið ESB-fullgildingu flugverndar með fullnægjandi hætti með stöðunni „STAÐIÐ“.

Ef skýrslan sýnir fram á að ekki sé farið að verndarráðstöfunum, sem vísað er til í henni, gæti það leitt til þess að tilnefning [nafn RA3-umboðsaðila] sem RA3-umboðsaðili fyrir þetta athafnasvæði, sem þegar hefur fengist, yrði afturkölluð sem mun koma í veg fyrir að [nafn RA3-umboðsaðila] geti flutt verndaðan farm eða póst með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES og afhent hann ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila.

Skýrslan gildir í fimm ár og fellur því úr gildi eigi síðar en

Fyrir hönd [nafn RA3-umboðsaðila] lýsi ég því yfir:

- a) að [nafn RA3-umboðsaðila] muni samþykkja viðeigandi framhaldsaðgerðir í þeim tilgangi að vakta kröfurnar sem staðfestar eru í skýrslunni,
- b) að allar breytingar á starfsrækslu [nafn RA3-umboðsaðila], þar sem ekki er gerð krafa um fulla endurfullgildingu, muni verða færðar í upphaflegu skýrsluna, þannig að nýjum upplýsingum verði bætt við en þær eldri verði áfram sýnilegar; þetta getur varðað eftirfarandi breytingar:
 - 1) heildarábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en einstaklingnum sem tilgreindur er í lið 1.8 í fylgiskjali 6-C2 við reglugerð (ESB) nr. 185/2010,
 - 2) að hver konar aðrar breytingar verði á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd.
- c) að [Nafn RA3-umboðsaðila] muni tilkynna ACC3-flugrekendum og RA3-umboðsaðilum, sem hann afhendir verndaðan flugfarm og/eða flugpóst, um það ef [nafn RA3-umboðsaðila] hættir viðskiptum, hættir að meðhöndla flugfarm eða flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfurnar sem eru fullgiltar í þessari skýrslu.
- d) að [Nafn RA3-umboðsaðila] skuli viðhalda verndarstiginu, sem staðfest er í þessari skýrslu, í samræmi við markmiðin, sem sett eru fram í þessum gátlista, og, eftir því sem við á, framkvæma og beita viðbótarverndarráðstöfunum, sem gerð er krafa um, til að öðlast tilnefningu sem RA3-umboðsaðili, ef staðfest hefur verið að verndarkröfurnar séu ófullnægjandi, þar til starfsemi [nafn RA3-umboðsaðila] fær fullgildingu síðar.

Fyrir hönd [nafn RA3-umboðsaðila] tek ég fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-H3

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — ÞEKKTUR SENDANDI FRÁ ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR (KC3-SENDANDI)

Fyrir hönd [nafn KC3-sendanda] tek ég mið af eftirfarandi:

Í þessari skýrslu er ákvarðað flugverndarstig fyrir vinnu við farm, sem er fluttur með flugi til ESB/EES(*), að því er varðar verndarkröfurnar sem taldar eru upp á gátlistanum eða sem um getur á honum (**).

Einingis er unnt að tilnefna [nafn KC3-sendanda] sem „þekktan sendanda frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar“ (KC3-sendandi) þegar ESB-matsmaður fyrir flugvernd, sem er skráður í gagnagrunn Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekktu sendendur, hefur lokið ESB-fullgildingu flugverndar með fullnægjandi hætti með stöðunni „STAÐID“.

Ef skýrslan sýnir fram á að ekki sé farið að verndarráðstöfunum, sem vísað er til í henni, gæti það leitt til þess að tilnefning [nafn KC3-sendanda] sem KC3-sendandi fyrir þetta athafnasvæði, sem þegar hefur fengist, yrði afturkölluð sem mun koma í veg fyrir að [nafn KC3-sendanda] geti flutt verndaðan farm eða póst með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES og afhent hann ACC3-flugrekanda eða viðurkenndum umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3-umboðsaðili).

Skýrslan gildir í fimm ár og fellur því úr gildi eigi síðar en

Fyrir hönd [nafn KC3-sendanda] lýsi ég því yfir:

- a) að [nafn KC3-sendanda] muni samþykkja viðeigandi framhaldsaðgerðir í þeim tilgangi að vakta kröfurnar sem staðfestar eru í skýrslunni,
- b) að hvers konar breytingar á starfsrækslu [nafn KC3-sendanda], þar sem ekki er gerð krafa um fulla endurfullgildingu, muni verða færðar í upphaflegu skýrsluna, þannig að nýjum upplýsingum verði bætt við en þær eldri verði áfram sýnilegar; þetta getur varðað eftirfarandi breytingar:
 - 1) heildarábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en einstaklingnum sem tilgreindur er í lið 1.9 í fylgiskjali 6-C4 við reglugerð (ESB) nr. 185/2010,
 - 2) hvers konar aðrar breytingar verði á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd.

- c) að [nafn KC3-sendanda] muni tilkynna ACC3-flugrekendum og RA3-umboðsaðilum, sem hann afhendir verndaðan flugfarm og/eða flugpóst, um það ef [nafn KC3-sendanda] hættir viðskiptum, hættir að meðhöndla flugfarm/flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfurnar sem eru fullgiltar í þessari skýrslu.
- d) að [Nafn KC3-sendanda] skuli viðhalda verndarstiginu, sem staðfest er í þessari skýrslu, í samræmi við markmiðin, sem sett eru fram á þessum gátlista, og, eftir því sem við á, framkvæma og beita viðbótarverndarráðstöfunum, sem gerð er krafa um, til að öðlast tilnefningu sem KC3-sendandi, ef staðfest hefur verið að verndarkröfurnar séu ófullnægjandi, þar til starfsemi [nafn KC3-sendanda] fær fullgildinguna síðar.

Fyrir hönd [nafn KC3-sendanda] tek ég fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

(*) Flugvellir sem eru staðsettir í Austurríki, Belgíu, Búlgaríu, Króatíu, Kýpur, Tékklandi, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi, Ungverjalandi, Írlandi, Ítalíu, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Hollandi, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Breska konungsríkinu sem og á Íslandi, Noregi og Sviss.

(**) Reglugerð (ESB) nr. 185/2010 var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 859/2011 og (ESB) nr. 1082/2012.⁴⁴

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1040/2013**

2014/EES/23/04

frá 24. október 2013

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fôðuraukefni fyrir eldissvín og aukategundir svína til eldis, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Aveve NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1088/2011⁽³⁾ og fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 989/2012⁽⁴⁾.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) staðfesti í álitinu sínu frá 12. mars 2013⁽⁵⁾ fyrri niðurstöður sínar um að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755) og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti mögulega bætt kynbótalegt gildi hjá eldissvínunum og að framreikna megi þessa niðurstöðu yfir á aukategundir svína til eldis, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti mögulega bætt endanlega líkamsþyngd og fôðurstuðul hjá eldiskalkúnum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sérstökum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýja notkun á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fôðuraukefni fyrir eldissvín og aukategundir svína til eldis, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og fyrir eldiskalkúna.
- 4) Notkun þeirrar blöndu var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009⁽²⁾, fyrir fráfarugrúsi með

- 6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009 frá 13. nóvember 2009 um að leyfa ensimblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Aveve NV) (Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 6).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1088/2011 frá 27. október 2011 um leyfi fyrir ensimblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem framleiddur er með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem framleiddur er með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrúsi (handhafi leyfis er Aveve NV) (Stjtið. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 14).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 989/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fôðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps (leyfishafi er Aveve NV) (Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 11).

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3171 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3172.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VÍÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
4a9	Aveve NV	Endó-1,4-β-xylofanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUC 49754), með virkni að lágmarki: 40 000 XU(1) og 9 000 BGU(2)/g Fast og fljótandi form <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUC 49754) <i>Greiningaraðferð</i> (3) Lýsing á eiginleikum virka efnisins í aukefninu: — litmæling sem byggist á efnahvarfi dinitrósalisýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlani, — litmæling sem byggist á efnahvarfi dinitrósalisýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,3(4)-betaglúkanasa á hvarfefni sem í er β-glúkani. Lýsing á eiginleikum virku efnanna í fóðrinu:	Eldissvín Aukategundir svína til eldis, þó ekki af tegundinni <i>Sus scrofa domestica</i> Eldiskalkúnar	—	4 000 XU 900 BGU	—	1. Í notkunarleiddbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslukilyrði og kögglafestu. 2. Til notkunar í fóður, auðugt af öðrum fjölsýkrum en sterkju (einkum betaglúkónum og arabínóxyfónum). 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	14. nóvember 2023

Flokkur dýrarræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
			<p>— litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni hvettis, arabinoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum,</p> <p>— litmæling sem mælir vatnsleysanlegan lit (litarefni) sem endó-1,3(4)-betaglúkánasi leysir úr hvarfefni byggs, betaglúkanasa, sem er víxltengdur litnum.</p>						

(¹) XU er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósafringildi) á mínútu úr xýlami úr hafrahismi við pH-gildið 4,8 og 50 °C.

(²) BGU er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (sellobíosafringildi) á mínútu úr β-glúkani úr byggi við pH-gildið 5,0 og 50 °C.

(³) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi síð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://imm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1055/2013****2014/EES/23/05****frá 25. október 2013****um leyfi fyrir blöndu með ortófosfórsýru sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Blanda með ortófosfórsýru var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/603/EBE⁽³⁾. Blandan var síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fôðuraukefni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á ortófosfórsýru, CAS-númer 7664-38-2, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „rotvarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Umsóknin nær einnig yfir aðra notkun á sama efni sem ákvörðun hefur enn ekki verið tekin um.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. desember 2012⁽⁴⁾ að við tillögð skilyrði

fyrir notkun í fôður hafi ortófosfórsýra engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda, ekki sé líklegt að hún skapi frekari áhættu fyrir umhverfið og hún geti mögulega rotvarið fôður. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvisunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á blöndu með ortófosfórsýru sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirbyggjandi birgðum af aukefninu, forblöndum og fôðurblöndum sem innihalda það, eins og heimilað er með tilskipun 76/603/EBE.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fôður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. maí 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 19. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 198, 23.7.1976, bls. 10.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3043.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafórmula, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnhald	mg/kg heilföðurs með 12% rakainnhald		
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: rotvarnarefni									
1a338	—	Ortófósífsýra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með ortófósífsýru (67–85,7%) miðað við massahlutfall (vatnslausn)</p> <p><i>Virkt efni</i></p> <p>Ortófósífsýra</p> <p>H₃PO₄</p> <p>CAS-nr: 7664-38-2</p> <p>Rokgörm sýra: ≤ 10 mg/kg (sem ediksýra)</p> <p>Klóríð: ≤ 200 mg/kg (sem klór)</p> <p>Súlföt: ≤ 1 500 mg/kg (sem CaSO₄)</p> <p><i>Greiningaraðferð⁽¹⁾</i></p> <p>Til að ákvarða ortófósífsýru í fóduraukefninu: titrun með natríumhýdroxíði (sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðahelbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvællum, gæðalýsing efnis „fosfórsýra“⁽²⁾)</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlíf, hlífðarhanska og hlífðarfatnað.</p> <p>2. Tilgreina skal innihald fosfórs á merkimiða forblöndunar.</p>	19. nóvember 2023

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofnunar: www.inmm.jrc.be/cr1-feed-additives(2) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðahelbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvællum, gæðalýsing efnis „Fosfórsýra“, <http://www.fao.org/ag/agn/agn/jeffa-additives/specs/Monograph1/Additive-31.2.pdf>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1078/2013**

2014/EES/23/06

frá 31. október 2013

um leyfi fyrir fúmarsýru sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Fúmarsýra var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/678/EBE⁽³⁾. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðurukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á fúmarsýru sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 29. janúar 2013⁽⁴⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi fúmarsýra ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og hún

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 7. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 34/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

⁽³⁾ Þrítugasta og þriðja tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/678/EBE frá 4. júlí 1980 um breytingu á viðaukunum við tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í föðri (Stjtið EB L 185, 18.7.1980, bls. 48).

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3102.

geti mögulega rotvarið föður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðurukefnið í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á fúmarsýru sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun fúmarsýru eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausu beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fóðurukefnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnun „rotvarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyft sem aukefni í föður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og föður sem inniheldur aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 21. maí 2014 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 21. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Efnaformúla, lýsing, greiningaraðferðir	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Ömur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfjöðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: rotvarnarefni								
1a297	Fúmarsýra	Samsetning aukefnis Fúmarsýra 99,5% Fast form <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Fúmarsýra C4H4O4 CAS-nr. 110-17-8 <i>Greiningaraðferð⁽¹⁾</i>	Alifuglar og svin Ung dýr sem eru fædd á staðgöngumjólki Aðrar dýrategundir	—	—	20 000 10 000 ⁽²⁾	Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunaryörn, gleraugu og hlífðarhanska	21. nóvember 2023
<p>⁽¹⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi stöð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fæðuaukefni: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives</p> <p>⁽²⁾ mg fúmarsýru á hvert kg staðgöngumjólki.</p>								

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1113/2013**

2014/EES/23/07

frá 7. nóvember 2013

um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 40027, *Lactobacillus buchneri* DSM 22501, *Lactobacillus buchneri* NCIMB 40788/CNCM I-4323, *Lactobacillus buchneri* LN 40177/ATCC PTA-6138 og *Lactobacillus buchneri* LN 4637/ATCC PTA-2494 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfôður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.
- 2) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru blöndur með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 40027, *Lactobacillus buchneri* DSM 22501, *Lactobacillus buchneri* NCIMB 40788/CNCM I-4323, *Lactobacillus buchneri* LN 40177/ATCC PTA-6138 og *Lactobacillus buchneri* LN 4637/ATCC PTA-2494 færðar inn í skrá yfir fôðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur, sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfôður, fyrir allar dýrategundir.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir þessum blöndum sem fôðuraukefnum fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfôður“. Umsóknunum fylgdu

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 12. mars 2013⁽²⁾ og 16. apríl 2013⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blöndurnar sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 40027 geti bætt framleiðslu á votfôðri með því að auka mjólkursýruinnihald og geymsluþol þurrefna með því að lækka sýrustigið og minnka niðurbrot prótíns í fôðurjurtum, sem er auðvelt til meðalerfitt að votfôðursverka, við 1×10^8 CFU/kg fersks efnis og við 1×10^9 CFU/kg fersks efnis í fôðurjurtum, sem er erfitt að votfôðursverka, fyrir allar tegundir. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með *Lactobacillus buchneri* DSM 22501 geti bætt framleiðslu á votfôðri úr fôðurjurtum, sem er auðvelt, meðalerfitt og erfitt að votfôðursverka, með því að lækka sýrustigið og minnka ammoniaksköfnunarefni og með því að auka geymsluþol þurrefnis, blanda með *Lactobacillus buchneri* NCIMB 40788/CNCM I-4323 geti bætt loftháðan stöðugleika í fôðurjurtum sem er auðvelt, meðalerfitt og erfitt að votfôðursverka og blöndur með *Lactobacillus buchneri* LN 40177/ATCC PTA-6138 og með *Lactobacillus buchneri* LN 4637/ATCC PTA-2494 geti bætt loftháðan stöðugleika fôðurjurtu sem er auðvelt að votfôðursverka, fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnin í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 298, 8.11.2013, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3168.

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3205.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2013.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blöndurnar, sem eru tilgreindar í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blöndurnar, sem eru framleidd og merkt fyrir 28. maí 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamóla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald CFU/kg fersks efnis		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald		
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votföður									
1k20743	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 40027	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 40027 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 40027.</p> <p><i>Greiningaraðferð</i>(¹)</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda örvera í föðruaukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787).</p> <p>Samgreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>	Allar dýra- tegundir	—	—	—	<p>1. Í notkunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskið.</p> <p>2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votföður:</p> <p>— 1×10^8 CFU/kg fersks efnis í efni sem er auðvelt eða meðalferitt að votföðursverka(²).</p> <p>— 1×10^9 CFU/kg fersks efnis í efni sem er erftitt að votföðursverka(³).</p> <p>3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.</p>	28. nóvember 2023
1k20738	—	<i>Lactobacillus buchneri</i> DSM 22501	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus buchneri</i> DSM 22501 sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis.</p>	Allar dýra- tegundir	—	—	—	<p>1. Í notkunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol.</p> <p>2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votföður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis.</p> <p>3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.</p>	

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnarmúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Hámarks- innihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihald	CFU/kg fersks efnis		
1K20739	—	<i>Lactobacillus buchneri</i> NCIMB 40788/ CNCM I-4323	<p>Samsetning aukefnis</p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus buchneri</i> NCIMB 40788/CNCM I-4323 sem inniheldur að lágmarki 3×10^9 CFU/g aukefnis.</p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</p> <p>Lífvænlegar frumur <i>Lactobacillus buchneri</i> DSM 40788/CNCM I-4323.</p> <p>Greiningaraðferð(¹)</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda örvera í föðraukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787).</p> <p>Samgreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>	Allar dýra- tegundir	—	—	—	<p>1. Í notunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol.</p> <p>2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votföður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis.</p> <p>3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.</p>	28. nóvember 2023
1K20740	—	<i>Lactobacillus buchneri</i> LN 40177/ATCC PTA-6138	<p>Samsetning aukefnis</p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus buchneri</i> LN 40177/ATCC PTA-6138 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis.</p>	Allar dýra- tegundir	—	—	—	<p>1. Í notunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol.</p> <p>2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votföður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis.</p> <p>3. Nota skal aukefnið í efni sem er auðvelt að votföðursverka(⁴).</p>	28. nóvember 2023

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamóla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU/kg fersks efnis	CFU/kg fersks efnis		
			Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur <i>Lactobacillus buchneri</i> LN 40177/ATCC PTA-6138. <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóduraukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787). Samgreining: Rafráttur á geli í púlssviði (PFGE).					4. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunaryörm og hlífðarhanska við meðhöndlun.	
1K20741	—	<i>Lactobacillus buchneri</i> LN 4637/ATCC PTA-2494	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Lactobacillus buchneri</i> LN 4637/ATCC PTA-2494 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Lactobacillus buchneri</i> LN 4637/ATCC PTA-2494. <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóduraukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787). Samgreining: Rafráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýra- tegundir	—	—	—	1. Í notkunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í vottföður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Nota skal aukefnið í efni sem er auðvelt að vottföðursverka ⁽⁴⁾ 4. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunaryörm og hlífðarhanska við meðhöndlun.	28. nóvember 2023

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

⁽²⁾ Föðurljurtir sem er auðvelt að vottföðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Föðurljurtir sem er meðalerfitt að vottföðursverka: 1,5–3,0% leysanleg kolvetni í fersku efni. Reglugerð (EB) nr. 429/2008 (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Föðurljurtir sem er erfitt að vottföðursverka: < 1,5% leysanleg kolvetni í fersku efni. Reglugerð (EB) nr. 429/2008 (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

⁽⁴⁾ Föðurljurtir sem er auðvelt að vottföðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Reglugerð (EB) nr. 429/2008 (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/1/ESB

2014/EES/23/08

frá 6. janúar 2012

um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar þau skilyrði sem þarf að uppfylla að því er varðar nytjaplöntuna *Oryza sativa* (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽¹⁾, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nýlegar upplýsingar og rannsóknir frá aðildarríkjum sýna að þörf er á að innleiða viðmiðunarmörk um tilvist plantna, sem eru sýktar af *Fusarium fujikuroi*, á ökrum þar sem sáðkorn *Oryza sativa* eru framleidd þar eð *Fusarium fujikuroi* veldur skemmdum á hrísgrjónum og er ekki móttækilegur fyrir skilvirkri meðhöndlun með þeim plöntuverndarvörum sem til eru. Þessar rannsóknir sýna einnig að þörf ef á að fækka villtum plöntum eða plöntum með rauð korn á ökrum þar sem sáðkorn *Oryza sativa* eru framleidd þar eð dregið hefur umtalsvert úr afrakstri og gæðum ríssáðkorna við núverandi viðmiðunarmörk.
- 2) Með það í huga skal innleiða viðmiðunarmörk um tilvist plantna, sem eru sýktar af *Fusarium fujikuroi*, á ökrum þar sem sáðkorn *Oryza sativa* eru framleidd og viðmiðunarmörk um tilvist villtra plantna eða plantna með rauð korn á ökrum þar sem sáðkorn *Oryza sativa* eru framleidd skulu lækkuð við framleiðslu á flokknum vottað sáðkorn. Setja skal þessi viðmiðunarmörk á grundvelli rannsókna aðildarríkjanna.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 66/402/EBE

Í stað liðar 3.A í I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE komi eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

„A. *Oryza sativa*:Fjöldi plantna sem sjá má að eru greinilega sýktar af *Fusarium fujikuroi* skal ekki vera meiri en:

- 2 á hverja 200 m² við framleiðslu stofnsáðkorns,
- 4 á hverja 200 m² við framleiðslu fyrstu kynslóðar vottaðs sáðkorns,
- 8 á hverja 200m² við framleiðslu annarrar kynslóðar vottaðs sáðkorns.

Fjöldi plantna sem sjá má að eru greinilega villtar eða með rauð korn skal ekki vera meiri en:

- 0 við framleiðslu stofnsáðkorns,
- 1 á hverja 100 m² við framleiðslu fyrstu og annarrar kynslóðar vottaðs sáðkorns,“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

GildistakaTilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/57/ESB

2014/EES/23/09

frá 20. nóvember 2013

um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði⁽¹⁾, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs⁽²⁾, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB⁽³⁾ og 2003/91/EB⁽⁴⁾ voru samþykktar til að tryggja að yrki, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim viðmiðunarreglum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett að því er varðar þá eiginleika sem athugun á hinum ýmsu tegundum skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á yrkjum, að svo miklu leyti sem slíkar viðmiðunarreglur hafa verið settar. Að því er varðar önnur yrki er í þessum tilskipunum kveðið á um að viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) skuli gilda.

2) Yrkisskrifstofa Bandalagsins og Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja hafa síðan gefið út nánari viðmiðunarreglur og uppfært gildandi reglur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 312, 21.11.2013, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽³⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

⁽⁴⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

3) Því ber að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB komi texti A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB komi texti B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Að því er varðar athuganir, sem hófust fyrir 1. júlí 2014, er aðildarríkjunum heimilt að beita þeim útgáfum af tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB sem voru í gildi áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2014.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

A-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir

Visindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Festuca filiformis</i> Pourr.	Þráðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca ovina</i> L.	Sauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca rubra</i> L.	Rauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca trachyphylla</i> (Hack.) Krajina	Skrápvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium multiflorum</i> Lam.	Ítalskt rýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium perenne</i> L.	Vallarrýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium x boucheanum</i> Kunth	Rýgresisblendingur	TP 4/1 frá 23.6.2011
<i>Pisum sativum</i> L.	Gráertur	TP 7/2 frá 11.3.2010
<i>Brassica napus</i> L.	Fóðurrepja	TP 36/2 frá 16.11.2011
<i>Cannabis sativa</i> L.	Hampur	TP 276/1 frá 28.11.2012
<i>Helianthus annuus</i> L.	Sólfiðill	TP 81/1 frá 31.10.2002
<i>Linum usitatissimum</i> L.	Lín (spunalín, oliulín)	TP 57/1 frá 21.3.2007
<i>Avena nuda</i> L.	Snoðhafrar, hýðislausir hafrar	TP 20/1 frá 6.11.2003
<i>Avena sativa</i> L. (þ.m.t. <i>A. byzantina</i> K. Koch)	Hafrar	TP 20/1 frá 6.11.2003
<i>Hordeum vulgare</i> L.	Bygg	TP 19/3 frá 21.3.2012
<i>Oryza sativa</i> L.	Hrísgjón	TP 16/2 frá 21.3.2012
<i>Secale cereale</i> L.	Rúgur	TP 58/1 frá 31.10.2002
<i>xTriticosecale</i> Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Triticum</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Secale</i>	TP 121/2, 1. endursk. frá 16.2.2011
<i>Triticum aestivum</i> L.	Hveiti	TP 3/4, 2. endursk. frá 16.2.2011
<i>Triticum durum</i> Desf.	Harðhveiti	TP 120/2 frá 6.11.2003
<i>Zea mays</i> L.	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
<i>Solanum tuberosum</i> L.	Kartöflur	TP 23/2 frá 1.12.2005

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir

Visindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Beta vulgaris</i> L.	Fóðursykurrófa	TG/150/3 frá 4.11.1994
<i>Agrostis canina</i> L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis gigantea</i> Roth.	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis stolonifera</i> L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis capillaris</i> L.	Hálíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Bromus catharticus</i> Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>Bromus sitchensis</i> Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>Dactylis glomerata</i> L.	Axhnoðapunktur	TG/31/8 frá 17.4.2002
<i>Festuca arundinacea</i> Schreber	Tágavingull	TG/39/8 frá 17.4.2002
<i>Festuca pratensis</i> Huds.	Hávingull	TG/39/8 frá 17.4.2002
<i>xFestulolium</i> Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Festuca</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Lolium</i>	TG/243/1 frá 9.4.2008
<i>Phleum nodosum</i> L.	Hnúðfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
<i>Phleum pratense</i> L.	Vallarfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
<i>Poa pratensis</i> L.	Vallarsveifgras	TG/33/6 frá 12.10.1990
<i>Lotus corniculatus</i> L.	Akurmáriuskór	TG 193/1 frá 9.4.2008
<i>Lupinus albus</i> L.	Ljósálúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus angustifolius</i> L.	Lensulúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus luteus</i> L.	Ilmlúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Medicago sativa</i> L.	Refasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
<i>Medicago x varia</i> T. Martyn	Sandrefasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
<i>Trifolium pratense</i> L.	Rauðsmári	TG/5/7 frá 4.4.2001
<i>Trifolium repens</i> L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
<i>Vicia faba</i> L.	Hestabaunir	TG/8/6 frá 17.4.2002
<i>Vicia sativa</i> L.	Fóðurflækja	TG/32/7 frá 20.3.2013

Visindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Brassica napus</i> L. var. <i>napobrassica</i> (L.) Rehb.	Gulrófa	TG/89/6 endursk. 4.4.2001 + 1.4.2009
<i>Raphanus sativus</i> L. var. <i>oleiformis</i> Pers.	Fóðurhreðka	TG/178/3 frá 4.4.2001
<i>Arachis hypogea</i> L.	Jarðhnetur	TG/93/3 frá 13.11.1985
<i>Brassica rapa</i> L. var. <i>silvestris</i> (Lam.) Briggs	Akurfrækál	TG/185/3 frá 17.4.2002
<i>Carthamus tinctorius</i> L.	Litunarþistlar	TG/134/3 frá 12.10.1990
<i>Gossypium</i> spp.	Baðmull	TG/88/6 frá 4.4.2001
<i>Papaver somniferum</i> L.	Valmúi	TG/166/3 frá 24.3.1999
<i>Sinapis alba</i> L.	Hvítur mustarður	TG/179/3 frá 4.4.2001
<i>Glycine max</i> (L.) Merrill	Sojabaunir	TG/80/6 frá 1.4.1998
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench	Dúrra	TG/122/3 frá 6.10.1989

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int).“

B-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir

Visindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Allium cepa</i> L. (Cepa-yrkishópur)	Laukur og bananaskalottlaukur (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium cepa</i> L. (Aggregatum-yrkishópur)	Skalottlaukur	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium fistulosum</i> L.	Pípulaukur	TP 161/1 frá 11.3.2010
<i>Allium porrum</i> L.	Blaðlaukur	TP 85/2 frá 1.4.2009
<i>Allium sativum</i> L.	Hvítlaukur	TP 162/1 frá 25.3.2004
<i>Allium schoenoprasum</i> L.	Graslaukur	TP 198/1 frá 1.4.2009
<i>Apium graveolens</i> L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
<i>Apium graveolens</i> L.	Hnúðsilla	TP 74/1 frá 13.3.2008
<i>Asparagus officinalis</i> L.	Sperglar	TP 130/2 frá 16.02.2011
<i>Beta vulgaris</i> L.	Rauðrófa, þ.m.t. Cheltenham-rófa	TP 60/1 frá 1.4.2009
<i>Brassica oleracea</i> L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.02.2011
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blómkál	TP 45/2 frá 11.3.2010
<i>Brassica oleracea</i> L.	Spergilkál (kalabriukál)	TP 151/2 frá 21.3.2007
<i>Brassica oleracea</i> L.	Rósakál	TP 54/2 frá 1.12.2005
<i>Brassica oleracea</i> L.	Hnúðkál	TP 65/1 frá 25.3.2004
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3 frá 16.2.2011
<i>Brassica rapa</i> L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
<i>Capsicum annuum</i> L.	Eldpipar eða paprika	TP 76/2 frá 21.3.2007
<i>Cichorium endivia</i> L.	Hrokkinblaða salatfífill og endívisalat	TP 118/2 frá 1.12.2005
<i>Cichorium intybus</i> L.	Iðnaðarsíkoría	TP 172/2 frá 1.12.2005
<i>Cichorium intybus</i> L.	Jólasalat	TP 173/1 frá 25.3.2004
<i>Citrullus lanatus</i> (Thumb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelóna	TP 142/1 frá 21.3.2007
<i>Cucumis melo</i> L.	Melóna	TP 104/2 frá 21.3.2007
<i>Cucumis sativus</i> L.	Gúrka og smágúrka	TP 61/2 frá 13.3.2008

Visindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Cucurbita pepo</i> L.	Grasker eða dvergbítur	TP 119/1 frá 25.3.2004
<i>Cynara cardunculus</i> L.	Ætiþistill og salatþistill	TP 184/2 frá 27.2.2013
<i>Daucus carota</i> L.	Gulrót og fódurgulrót	TP 49/3 frá 13.3.2008
<i>Foeniculum vulgare</i> Mill.	Fennika	TP 183/1 frá 25.3.2004
<i>Lactuca sativa</i> L.	Salat	TP 13/5 frá 16.2.2011
<i>Solanum tuberosum</i> L.	Tómatur	TP 44/4 endursk. frá 27.2.2013
<i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)	Steinselja	TP 136/1 frá 21.3.2007
<i>Phaseolus coccineus</i> L.	Klifurbaun	TP 9/1 frá 21.3.2007
<i>Phaseolus vulgaris</i> L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/4 frá 27.2.2013
<i>Pisum sativum</i> L. (partim)	Hýðisertur, mergertur og sykurertur	TP 7/2 frá 11.3.2010
<i>Raphanus sativus</i> L.	Hreðkur, vetrarhreðkur	TP 64/2 frá 27.2.2013
<i>Solanum melongena</i> L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
<i>Spinacia oleracea</i> L.	Spínat	TP 55/5 frá 27.2.2013
<i>Valerianella locusta</i> (L.) Laterr.	Vorsalat eða lambasalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
<i>Vicia faba</i> L. (partim)	Breiðbaunir	TP Broadbean/1 frá 25.3.2004
<i>Zea mays</i> L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir

Visindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Beta vulgaris</i> L.	Blaðbeðja	TG/106/4 frá 31.3.2004
<i>Brassica rapa</i> L.	Næpa	TG/37/10 frá 4.4.2001
<i>Cichorium intybus</i> L.	Ítalskur kaffifífill	TG/154/3 frá 18.10.1996
<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne	Flöskuker	TG/155/4 endursk. 28.3.2007 + 1.4.2009
<i>Rheum rhabarbarum</i> L.	Rabarbari	TG/62/6 frá 24.3.1999
<i>Scorzonera hispanica</i> L.	Surtarrót (svartrot)	TG/116/4 frá 24.3.2010
<i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner; <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum peruvianum</i> (L.) Mill.; <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum cheesmaniae</i> (L. Ridley) Fosberg	Frumstofnar tómata	TG/294/1 frá 20.3.2013

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 772/2013

2014/EES/23/10

frá 8. ágúst 2013

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dífenýlamín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fœðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og b-lið 1. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir dífenýlamín. Dífenýlamín var viðfangsefni ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/859/EB frá 30. nóvember 2009 um að færa dífenýlamín ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörur sem innihalda efnið⁽²⁾ og það er viðfangsefni framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 578/2012 frá 29. júní 2012 um að samþykkja ekki virka efnið dífenýlamín, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað⁽³⁾.
- 2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) skilaði 22. ágúst 2011⁽⁴⁾ rökstuddu álitum um gildandi hámarksgildi leifa fyrir dífenýlamín skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og rannsakaði einkum áhættu fyrir

neytendur. Þetta álit var sent framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum og gert aðgengilegt almenningi.

- 3) Í því álitum mælir Matvælaöryggisstofnunin hvorki með að dífenýlamín verði fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 né að CXL-hámarksgildi verði fært inn í II. viðauka við þá reglugerð.
- 4) Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörur sem innihalda dífenýlamín eru afturkölluð. Því skal fella brott hámarksgildi leifa, sem eru fastsett fyrir þetta virka efni í II. og III. viðauka, nema fyrir epli og perur.
- 5) Að því er varðar dífenýlamín í eplum og perum hafa aðildarríki, þriðju lönd og stjórnendur matvælaöryggisstofnunarinnar tilkynnt framkvæmdastjórninni um óhjákvæmilega víxlmengun sem hefur áhrif á ómeðhöndluð epli og perur og kemur til vegna leifa dífenýlamíns í geymsluaðstöðu, einkum í vélbúnaði, á yfirborði og í ilátum, einna helst kóssum, og á þessu stigi er ekki tæknilega gerlegt að fjarlægja þær fullkomlega.
- 6) Á grundvelli vöktunargagna, sem borist hafa um víxlmengunina, þykir rétt, að teknu tilliti til áhyggna sem neytendur hafa látið í ljós varðandi dífenýlamín, að fastsetja tímabundið hámarksgildi leifa eins lágt og mögulegt er sem myndi samt gera það kleift að setja ómeðhöndluð epli og perur á markað á eðlilegan hátt og eiga viðskipti með þau.
- 7) Þótt ekki sé unnt á þessu stigi að gera lokaáhættumat fyrir neytendur sökum þess að Matvælaöryggisstofnunin hefur greint ýmiss konar eyður í gögnum í málsskjölunum um dífenýlamín er raunhæft að vænta þess að tímabundnu hámarksgildi leifa sem nemur 0,1 mg/kg, sem er 50 sinnum lægra en núverandi hámarksgildi leifa sem nemur 5 mg/kg, fylgi ekki óviðunandi áhætta fyrir neytendur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 79.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2012, bls. 2.

⁽⁴⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for diphenylamine according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011, 9(8), 2336, [20 bls], doi:10.2903/j.efsa.2011.2336.

- 8) Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 mun framkvæmdastjórnin endurskoða aðstæðurnar innan tveggja ára frá gildistökudegi núverandi reglugerðar á grundvelli nýrra vöktunargagna og annarra nýrra þátta sem verða tiltækir.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 10) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 11) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal þó gilda frá 2. mars 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í II. viðauka falli dálkurinn fyrir dífenýlamín brott.
- 2) Í B-hluta III. viðauka falli dálkurinn fyrir dífenýlamín brott.
- 3) Eftirfarandi dálkur bætist við í A-hluta III. viðauka:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (*)	Dífenýlamín
1	2	3
0100000	1. NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR	
- 10) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og litið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar allar fimmtán rannsóknirnar sem fullyrta er að njóti einkaleyfaverndar. Í bréfi dagsettu 12. júní 2013 upplýsti umsækjandinn framkvæmdastjórnina um að gerðar hafi verið nokkrar breytingar á skipulagi og staðsetningu fyrirtækisins. Því hefur umsækjandinn farið formlega fram á að vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar sé veitt GlaxoSmithKline Services Unlimited og hlutdeildarfélagum þess GSK House, 980 Great West Road, Brentford, TW89GS, Breska konungsríkinu. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þessum rannsóknum í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 11) Í kjölfar umsóknar frá Kraft Foods Europe — Biscuits R & D, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif hægmeltanlegrar sterkju (e. *slowly digestible starch*, SDS) í matvælum sem innihalda sterkju og minni aukningu á blóðsykri eftir máltíðir (spurning nr. EFSA-Q-2010-00966)⁽⁵⁾. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Hægmeltanleg sterkja er uppspretta kolvetna sem eru reglulega og stöðugt tekin upp og losuð frá. Þau stuðla að hóflegri aukningu á blóðsykri eftir máltíðir.“
- 12) Hinn 21. júlí 2011 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli neyslu á hægmeltanlegri sterkju samanborið við neyslu á hraðmeltanlegri sterkju (e. *rapidly digestible starch*, RDS) í kornafurðum og minni aukningar á blóðsykri eftir máltíðir. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.
- 13) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í álitni sínu að þörf hefði verið á rannsóknunum fjórum, sem umsækjandinn fullyrðir að njóti einkaleyfaverndar, til að setja skilyrði fyrir notkun á þessari tilteknu fullyrðingu. Þessar rannsóknir eru eftirfarandi:
- Brand-Miller JC, Holt S, Atkinson F, Fuzellier G og Agnetti V, 2006. Determination of the postprandial responses to two cereal foods eaten alone or as part of a mixed meal,
- Laville M, Rabasa-Lhoret R, Normand S og Braesco V, 2005. Measurement of metabolic outcome of carbohydrates of two types of cereal products,
- Rabasa-Lhoret R, Peronnet F, Jannot C, Fuzellier G og Gausseres N, 2007. Metabolic fate of four cereal products consumed as part of a breakfast by healthy female subjects,
- Vinoy S, Aubert R og Chapelot D, 2000. A cereal product high in slowly available glucose increases subsequent satiety feelings and decreases glucose and insulin responses.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og litið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar rannsóknirnar sem fullyrta er að njóti einkaleyfaverndar. Í bréfi dagsettu 1. október 2012 upplýsti umsækjandinn framkvæmdastjórnina um endurskipulagningarferlið þar sem Kraft Foods samstæðan breytti atvinnurekstri sínum og myndaði þar með tvær óháðar samstæður, önnur þeirra er Mondelēz International samstæðan. Frá og með 1. október 2012 tilheyrir Kraft Foods Europe — Biscuits R & D Mondelēz International samstæðunni og umsækjandinn fór formlega fram á að vernd einkaleyfisverndaðra gagna yrði veitt Mondelēz International samstæðunni. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þessum rannsóknum í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 15) Í kjölfar umsóknar frá Barry Callebaut Belgium NV, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif flavanóla úr kakói á innþekjuháða æðavíkkun (e. *effects of cocoa flavanols on endothelium-dependent vasodilation*) (spurning nr. EFSA-Q-2012-00002)⁽⁶⁾. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Flavanólar úr kakói stuðla að því að viðhalda innþekjuháðri æðavíkkun sem stuðlar að heilbrigðu blóðflæði“.
- 16) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á flavanólum úr kakói og fullyrta áhrifanna. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og

⁽⁵⁾ Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(7), 2292.

⁽⁶⁾ Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(7), 2809.

- ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.
- 17) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í álitinu sínu að hún hefði ekki getað komist að þessari niðurstöðu án þess að taka eina íhlutunarrannsókn, gerða á mönnum, sem umsækjandinn hélt fram að nyti einkaleyfaverndar, til athugunar. Það er rannsókn Grassi D, Desideri G, Necozione S, Di Giosia P, Cheli P, Barnabei R, Allegaert L, Bernaert H og Ferri C, 2011. Cocoa consumption dose-dependently improves flow-mediated dilation and arterial stiffness and decreases blood pressure in healthy subjects.
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og lítið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar rannsóknina sem fullyrt er að njóti einkaleyfaverndar. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þeirri rannsókn í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri grein.
- 19) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningarinnar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflökks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar ættu þær því að lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 20) Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ætti að uppfæra fullyrðingaskrána yfir næringar- og heilsufullyrðingar, sem inniheldur allar leyfðar heilsufullyrðingar, til þess að taka tillit til þessarar reglugerðar.
- 21) Þar eð umsækjendurnir bera fyrir sig vernd einkaleyfisverndaðra gagna telst rétt að takmarka notkun þessara fullyrðinga við umsækjendurna í fimm ár. Leyfið fyrir þessum fullyrðingum, sem er takmarkað til notkunar fyrir einstaka rekstraraðila, kemur þó ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur geti sótt um leyfi til að nota sömu fullyrðingar ef umsóknin er byggð á öðrum gögnum og rannsóknum en þeim sem njóta verndar skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 22) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 23) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.
- 24) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. Notkun heilsufullyrðinganna sem um getur í 1. mgr. skal takmörkuð við umsækjendurna í fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar. Eftir að það tímabil rennur út er öllum stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að nota þessar heilsufullyrðingar í samræmi við skilyrðin sem gilda um þær.

2. gr.

Notkun vísindagagna og annarra upplýsinga sem fylgja umsóknunum, sem umsækjendur fullyrða að njóti einkaleyfaverndar og sem varð að leggja fram til að unnt væri að leyfa heilsufullyrðinguna, er takmörkuð í þágu umsækjandans í fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

3. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. september 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIBAUKI

Eftirfarandi færslur bætist við í stafrófsröð í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælamna og/eða viðbótaryfrýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
<p>„Ný samsetning á óáfengum, súrum drykk með:</p> <p>minna en 1 g af gerjanlegum kolvetnum á hverja 100 ml (sykur og önnur kolvetni að undanskildu fjölkóhóli),</p> <p>— kalsíumi á bilinu frá 0,3 til 0,8 mól á hvert mól syruafnis</p> <p>— pH gildi á bilinu 3,7–4,0.</p> <p>Hægeltanleg sterkja</p>	<p>Með því að skipta út síurum drykkjum sem innihalda sykurl, s.s. gosdrykkjum, (yfrleitt 8–12 g sykurl/100ml) fyrir drykki með nýja samsetningu er stuðlað að því að viðhalda kölkun tanna (*)</p>	<p>Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skulu súrir drykkir með nýjar samsetningar vera í samræmi við lýsinguna á matvælunum sem fullyrðingin gildir um.</p>	—	2010 8(12), 1884	—
Flavanólár úr kakói	<p>Flavanólár úr kakói stuðla að því að viðhalda þarholi eða sem stuðlar að eðlilegu blóðflæði (***)</p>	<p>Neysla á vörum sem innihalda mikið af hægeltanlegri sterkju (SDS) veldur minni hækkun blóðsykurs eftir máltíð samanborið við vörur sem innihalda lítið af hægeltanlegri sterkju (**)</p>	<p>Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli ef mæltanlegu kolvetnin veita a.m.k. 60% af heildarorkunni og ef a.m.k. 55% kolvetnanna eru mæltanleg sterkja og a.m.k. 40% þar af eru hægeltanleg sterkja.</p>	2011 9(7), 2292	—
Flavanólár úr kakói	<p>Flavanólár úr kakói stuðla að því að viðhalda þarholi eða sem stuðlar að eðlilegu blóðflæði (***)</p>	<p>Veita skal neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka flavanóla úr kakói þurfi að vera 200 mg til að fá fram jákvæðu áhrifin.</p> <p>Einungis má nota fullyrðinguna um kakódrykki (með kakódufti) eða um dókkt súkkulaði sem veitir a.m.k. 200 mg daglega inntöku af flavanólum úr kakói með stig fjölliðunar 1–10.</p>	—	2012 10(7), 2809	— ⁶⁶

(*) Leyfi veitt 24.9.2013 og notkun er takmörkuð við GlaxoSmithKline Services Unlimited og hlutdeildarfélag þess GSK House, 980 Great West Road, Brentford, TW89GS, Breska konungsríkinu, í fimm ár.

(**) Leyfi veitt 24.9.2013 og notkun er takmörkuð við Mondelez International group, Three Parkway North Deerfield, IL 60015, Bandaríkjunum Ameríku, í fimm ár.

(***) Leyfi veitt 24.9.2013 og notkun er takmörkuð við Barry Callebaut Belgium NV, Aalstersstraat 122, B-9280 Lebbeke-Wieze, Belgíu, í fimm ár.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 489/2013**

2014/EES/23/17

frá 27. maí 2013

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu með tilliti til efnisins tvíþátta ríbósakjarnsýru sem samsvarar veiruríbósakjarnsýru sem kóðar fyrir hluta af hjúppróttíninu og hluta af milligenasvæðinu í ísraelsku bráðalömunarveirunni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004⁽¹⁾, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.
- 2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾.
- 3) Lögð hefur verið fram umsókn til Lyfjastofnunar Evrópu um ákvörðun á hámarksgildum tvíþátta ríbósakjarnsýruleifa samsvarandi veiruríbósakjarnsýru sem kóðar fyrir hluta af hjúppróttíninu og hluta af milligenasvæði ísraelsku bráðalömunarveirunnar í býflugum (e. *Israel Acute Paralysis Virus*).
- 4) Dýralyfjanefndin hefur lagt til að stöðluð lyfjafræðileg og eiturefnafræðileg nálgun, þ.m.t. ákvörðun á magni

sem er ásættanleg, dagleg inntaka, eigi ekki við um þetta lyfjafræðilega virka efni og að það sé ekki þörf á að ákvarða hámarksgildi leifa, sem gilda um hunang, fyrir tvíþátta ríbósakjarnsýru samsvarandi veiruríbósakjarnsýru sem kóðar fyrir hluta af hjúppróttíninu og hluta af milligenasvæði ísraelsku bráðalömunarveirunnar í býflugum.

- 5) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu ætíð íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir framreikningi á þessu efni yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis.
- 6) Því skal breyta töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 þannig að hún nái yfir efnið tvíþátta ríbósakjarnsýru samsvarandi veiruríbósakjarnsýru sem kóðar fyrir hluta af hjúppróttíninu og hluta af milligenasvæði ísraelsku bráðalömunarveirunnar í býflugum um leið og tilgreint er að ekki sé þörf á ákvörðun á hámarksgildum leifa sem gilda um hunang.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 141, 28.5.2013, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarks- gildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðar- fræðileg flokkun
„Tvíþátta ríbósakjarnsýra samsvarandi veiruríbósakjarnsýru sem kóðar fyrir hluta af hjúppróteininu og hluta af milligenasvæði ísraelsku bráðalömunarveirunnar í býflugum (e. <i>Israel Acute Paralysis Virus</i>).	Á EKKI VIÐ	Býflugur	Hámarks- gildis leifa ekki krafist	Hunang	ENGIN FÆRSLA	ENGIN FÆRSLA“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 198/2013

2014/EES/23/18

frá 7. mars 2013

um val á tákni í því skyni að auðkenna mannalyf sem skulu vera undir viðbótareftirliti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sum mannalyf eru leyfð með fyrirvara um að þau séu undir viðbótareftirliti af ástæðum sem tengjast þeirra tilteknu öryggisupplýsingum. Samkvæmt 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 nær þetta yfir lyf sem innihalda ný, virk efni, líffræðileg lyf og lyf sem þurfa að fylgja gögn eftir veitingu markaðsleyfis.
- 2) Sjúklingar og faglærðir heilbrigðisstarfsmenn eiga að geta sanngreint auðveldlega lyf, sem eru undir viðbótareftirliti, til að þeim sé kleift að deila öllum upplýsingum sem þau hafa vegna notkunar á lyfinu með lögbærum yfirvöldum og markaðsleyfishöfum og einkum að tilkynna aukaverkanir, sem grunur er um.
- 3) Til að tryggja gagnsæi eru öll lyf sem eru undir viðbótareftirliti höfð með á skrá sem Lyfjastofnun Evrópu kom á og viðheldur í samræmi við 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004. Auk þess eru þau merkt með svörtu tákni.
- 4) Hinn 3. október 2012 samþykkti nefnd um áhættumat á sviði lyfjagátar tilmæli um að svarta táknið skuli vera jafnhliða, svartur þríhyrningur á hvolfi. Í tilmælunum er tekið mið af skoðunum sjúklinga og faglærðra heilbrigðisstarfsmanna, eins og þær voru látnar í ljós af starfshópi sjúklinga og neytenda og starfshópi faglærðra heilbrigðisstarfsmanna, sem Lyfjastofnun Evrópu kom á fót.
- 5) Veita skal handhöfum markaðsleyfa, sem voru veitt fyrir 1. september 2013, nægan tíma til að aðlaga lyfjaupplýsingar viðkomandi lyfja.

6) Ef sérstakar aðstæður krefjast þess skal lögbærum yfirvöldum auk þess gefinn möguleiki á að veita lengri frest til þeirrar aðlögunar.

7) Innleiðing svarta táknsins ætti ekki að valda erfiðleikum á markaðinum eða í birgðakeðjunni. Til þess að koma í veg fyrir alla röskun skal markaðsleyfishöfum ekki skylt að innkalla lyf eða endurpakka lyfjum sem hafa þegar verið sett á markað.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Svarta táknið sem um getur í 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 skal vera jafnhliða, svartur þríhyrningur á hvolfi. Hann skal vera í samræmi við fyrirmyndina og málin sem eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Handhafar markaðsleyfa, sem voru veitt fyrir 1. september 2013 og sem varða mannalyf sem eru undir viðbótareftirliti, skulu hafa svarta táknið í samantekt á eiginleikum lyfs og á fylgiseðlum með þessum lyfjum frá og með 31. desember 2013.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er handhöfum markaðsleyfa, sem eru veitt fyrir 1. september 2013 og sem varða mannalyf sem eru undir viðbótareftirliti, heimilt að fara fram á að lögbær yfirvöld veiti þeim lengri frest ef markaðsleyfishafarnir geta sýnt fram á að ef farið er að dagsetningunni, sem um getur í 1. mgr., geti það komið niður á viðeigandi og áframhaldandi afhendingu lyfsins.

3. gr.

Heimilt er að setja á markað, dreifa, afgreiða, selja og nota birgðir af mannalyfjum sem eru framleiddar, þeim pakkað og þær merktar fyrir 1. janúar 2014, og sem hafa ekki svarta táknið á fylgiseðlinum, þar til birgðirnar eru uppnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

1. Svarta táknið sem um getur í 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 skal vera í samræmi við eftirfarandi fyrirmynd:



2. Svarta táknið skal vera í réttu hlutfalli við leturstærðina á staðlaða textanum sem á eftir fylgir og hver hlið þríhyrningsins skal vera a.m.k. 5 mm.
-

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 463/2013

2014/EES/23/19

frá 17. maí 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að laga I., II. og IV. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Orðið „kaínít“ hefur verið notað í töflu A.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 sem tegundarheiti áburðar fyrir kalíumhrásalt. Orðið kaínít tengist nú orðið einungis einni tiltekinni tegund kalíumhrásalts sem getur hugsanlega leitt til takmarkana á viðskiptum fyrir framleiðendur sem óska þess að setja aðra gjafa kalíumhrásalts á markað. Til að sporna gegn þessari takmörkun og greiða þannig fyrir aðgangi bænda í aðildarríkjunum að breiðara úrvali kalíumsalta skal nota almennara tegundarheiti í þessum færslur fyrir þessa tegund áburðar og aðlaga skal tilvísanir til kaíníts til samræmis við það. Veita skal framleiðendum kalíumhrásalts umbreytingartímabil til að laga merkingar að nýju reglunum.
- 2) Lignínsúlfónsýra er flókið efni sem er unnið úr mismunandi gjöfum úr timbri. Þar eð margir gæðaflokkar eru faanlegir á almennum markaði er mikilvægt að laga gæðakröfurnar, sem vörurnar verða að uppfylla svo hægt sé að setja þær á markað sem EB-áburð, að tækniframförum.
- 3) Kölkunarefni, sem kallast einnig kalkáburður, draga úr sýrustigi í jarðvegi og geta við það einnig lagt

til næringarefnin magnesíum eða kalsíum eða bæði efnin. Framleiðendur kölkunarefna standa frammi fyrir mismunandi landsreglum sem leiða til röskunar á innri markaði. Því skal bæta kölkunarefnum við áburðartegundirnar sem lýst er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til að dreifing þeirra sé frjáls á innri markaðinum. Ennfremur hafa Staðlasamtök Evrópu þróað EN-staðla fyrir aðferðir til að greina kölkunarefni. Til þess að fylgni við þessa staðla verði skyldubundin skal skrá þá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 þar sem mælt er fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu.

- 4) Veita skal umbreytingartímabil til að tryggja að framleiðendur kölkunarefna fái tíma til að aðlagast nýju EN-stöðlunum.
- 5) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er mælt fyrir um vikmörk að því er varðar næringarefnainnihald sem er gefið upp. Breyta ber II. viðauka til að hann nái yfir vikmörk fyrir kölkunarefni.
- 6) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2003/2003 skal eftirlit með EB-áburði fara fram í samræmi við þær aðferðir við sýnatöku og greiningu sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við þá reglugerð. Sumar þessara aðferða eru hins vegar ekki alþjóðlega viðurkenndar og í stað þeirra skulu koma EN-staðlar sem Staðlasamtök Evrópu hafa þróað nýlega.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 134, 18.5.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

2. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir ákvæði annarrar málsgreinar 3. gr. geta framleiðendur beitt ákvæðunum í 1. lið I. viðauka fyrir 7. desember 2014.

3. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákvæði 1. liðar I. viðauka skulu gilda frá 7. desember 2014.

3. Ákvæði 3. liðar I. viðauka, 2. liðar II. viðauka og 4. liðar III. viðauka skulu gilda frá 7. júní 2014.

1. gr.

Breytingar

1. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 1 og 2 í töflunni í lið A.3 komi eftirfarandi:

„1	Kalíumhrásalt	Vara sem er framleidd úr kalíumhrásalti	10% K ₂ O Kalíum gefið upp sem vatnsleysanlegt K ₂ O 5% MgO Magnesíum í formi vatnsleysanlegra salta, gefið upp sem magnesíumoxíð	Heimilt er að bæta við viðteknum vörueitum	Vatnsleysanlegt kalíumoxíð Vatnsleysanlegt magnesíumoxíð
2	Auðgað kalíumhrásalt	Vara sem er framleidd úr kalíumhrásalti sem hefur verið auðgað með blöndun við kalíumklóríð	18% K ₂ O Kalíum gefið upp sem vatnsleysanlegt K ₂ O	Heimilt er að bæta við viðteknum vörueitum	Vatnsleysanlegt kalíumoxíð Tilgreining vatnsleysanlegs magnesíumoxíðinnihalds er valfrjálts ef MgO-innihaldið er meira en 5% ⁴⁴

2) Í stað töflunnar í lið E.3.2 komi eftirfarandi:

„Nr.	Heiti	Annað heiti	Efnaformúla	CAS-númer sýrunnar ^(*)
1	Lignínstúlfönsýra	LS	Efnaformúla ekki í áanleg	8062-15-5 (**)

(*) Eingöngu til fróðleiks.
(**) Af ástæðum sem varða gæði skal hlutfallslegt innihald fenólhýdroxýls og hlutfallslegt innihald lífræns brennisteins, samkvæmt EN 16109, fara yfir 1,5% og 4,5%, í þessari röð.“

3) Eftirfarandi G-hluti bætist við:

„G. Kólkunarefni

Orðið „KÖLKUNAREFNI“ bætist við á eftir heitinu „EB-ÁBURÐUR“.

Allir þeir eiginleikar sem gætið er í töflunum í lið G.1 til G.5. eiga við um vöruna eins og hún er afgreidd nema annað sé tekið fram.

Kornuð kólkunarefni, sem eru framleidd með því að safna saman litlum grunnögnum, verða, þegar þeim er hrært saman við vatn, að leysast upp í agnir með dreifingarfínleika (e. *fineness distribution*) eins og tilgreint er í tegundarlýsingunum og eins og hann er mældur með því að nota aðferð 14.9 „Ákvörðun á niðurbroti agna“.

G.1. Náttúrulegt kalk

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir sem skylt er að gefa upp
1	2	3	4	5	6
1 a)	Kalksteinn — staðalgæði	Vara, sem inniheldur kalsíum-karbónat sem undirstöðuefni, sem er framleidd með mölun á náttúrulegum setlögum kalksteins.	Lægsta hlutleysingargildi: 42 Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 3,15 mm möskvum, — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm möskvum og — a.m.k. 50% fara í gegnum sigti með 0,5 mm möskvum.	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium (valkvætt) Hvarfgirni og aðferð til ákvörðunar (valkvætt) Raki (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
1 b)	Kalksteinn — mikil gæði		Lægsta hlutleysingargildi: 50 Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum, — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm möskvum, — a.m.k. 50% fara í gegnum sigti með 0,315 mm möskvum og — a.m.k. 30% fara í gegnum sigti með 0,1 mm möskvum.	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruheitum eða öðrum heitum.	
2 a)	Magnesiumkalksteinn — staðalgæði	Vara, sem inniheldur kalsíumkarbónat og magnesiumkarbónat sem undirstöðuefni, sem er framleidd með mölun á náttúrulegum setlögum magnesiumkalksteins.	Lægsta hlutleysingargildi: 45 Heildarmagnesium: 3% MgO Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 3,15 mm möskvum, — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm möskvum og — a.m.k. 50% fara í gegnum sigti með 0,5 mm möskvum.	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium Hvarfgirni og aðferð til ákvörðunar (valkvætt) Raki (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
2 b)	Magnesiumkalksteinn — mikil gæði		Lægsta hlutleysingargildi: 52 Heildarmagnesium: 3% MgO Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum,	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruheitum eða öðrum heitum.	

1	2	3	4	5	6
3 a)	Dólómítka lsksteinn staðalgaði	Vara, sem inniheldur kalsíum-karbónat og magnesíum-karbónat sem undirstöðuefni, sem er framleidd með mölun á náttúrulegum setlögum dólómíts.	Lægsta hlutleysingargildi: 48 Heildarmagnesium: 12% MgO Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 3,15 mm móskevum, — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm móskevum og — a.m.k. 50% fara í gegnum sigti með 0,5 mm móskevum.	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium Hvarfgrmi og aðferð til ákvörðunar (valkvætt) Raki (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
3 b)	Dólómítka lsksteinn — mikil gaði		Lægsta hlutleysingargildi: 54 Heildarmagnesium: 12% MgO Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 2 mm móskevum, — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm móskevum, — a.m.k. 50% fara í gegnum sigti með 0,315 mm móskevum og — a.m.k. 30% fara í gegnum sigti með 0,1 mm móskevum.	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.	
4 a)	Kalksteinn úr sjó — staðalgaði	Vara, sem inniheldur kalsíumkarbónat sem er undirstöðuefni, sem framleidd með mölun á náttúrulegum setlögum kalksteins úr sjó.	Lægsta hlutleysingargildi: 30 Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 3,15 mm móskevum og — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm móskevum.	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium (valkvætt) Hvarfgrmi og aðferð til ákvörðunar (valkvætt) Raki (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
4 b)	Kalksteinn úr sjó — mikil gaði		Lægsta hlutleysingargildi: 40 Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 2 mm móskevum og — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm móskevum.	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.	

1	2	3	4	5	6
5 a)	Kritarsteinn — staðalgeði	Vara, sem inniheldur kalsíumkarbónat sem undirstöðuefni, sem er framleidd með mölun á náttúrulegum setlögum křifrarsteins.	<p>Finleiki ákvarðaður með votsigtun eftir sundrun í vatni:</p> <ul style="list-style-type: none"> — a.m.k. 90% fara í gegnum sigti með 3,15 mm möskvum, — a.m.k. 70% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum og — a.m.k. 40% fara í gegnum sigti með 0,315 mm möskvum. <p>Hvarfgími hluta 1–2 mm (fæst með þurrsigtun) a.m.k. 40% í sítrónusýru.</p> <p>Lægsta hlutleysingargildi: 42</p> <p>Finleiki ákvarðaður með votsigtun:</p> <ul style="list-style-type: none"> — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 25 mm möskvum og — a.m.k. 30% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum. 	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium (valkvætt) Hvarfgími og aðferð til ákvörðunar (valkvætt) Raki (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
5 b)	Kritarsteinn — mikil geði		<p>Finleiki ákvarðaður með votsigtun eftir sundrun í vatni:</p> <ul style="list-style-type: none"> — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 3,15 mm möskvum, — a.m.k. 70% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum og — a.m.k. 50% fara í gegnum sigti með 0,315 mm möskvum. <p>Hvarfgími hluta 1–2 mm (fæst með þurrsigtun) a.m.k. 65% í sítrónusýru.</p> <p>Lægsta hlutleysingargildi: 48</p> <p>Finleiki ákvarðaður með votsigtun:</p> <ul style="list-style-type: none"> — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 25 mm möskvum og — a.m.k. 30% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum. 	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruheitum eða öðrum heitum.	

1		2	3	4	5	6
6	Karbónatviflausn	Vara, sem inniheldur kalsíumkarbónat eða magnésíumkarbónat sem undirstöðuefni, sem er framleidd með mólun og uppleysingu í vatni á náttúrulegum setlögum kalksteins, magnesíumkalksteins, dólómíts eða krítarsteins.	Lægsta hlutleysingargildi: 35 Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum, — a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 1 mm möskvum, — a.m.k. 50% fara í gegnum sigti með 0,315 mm möskvum og — a.m.k. 30% fara í gegnum sigti með 0,1 mm möskvum.	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruleikum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium ef MgO \geq 3% Raki (valkvætt) Hvarfgirni og aðferð til ákvörðunar (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)	

G.2. Oxíð- og hýdroxíðkalk af náttúrulegum uppruna

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundradshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir sem skylt er að gefa upp
1	2	3	4	5	6
Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundradshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir sem skylt er að gefa upp
1 a)	Brennt kalk — grunngeði	Vara, sem inniheldur kalsíumoxíð sem undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu á náttúrulegum setlögum kalksteins.	Lægsta hlutleysingargildi: 75 Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun: Finnmölun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 4 mm möskvum. Sáldun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 8 mm möskvum og — að hámarki 5% fara gegnum sigti með 0,4 mm möskvum.	Tegundarheitið verður að ná yfir finleikategundina „finmalað“ eða „sáldað“. Heimilt er að bæta við viðteknum vöruleikum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
1 b)	Brennt kalk — úrvalsgeði	Vara, sem inniheldur kalsíumoxíð sem undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu á náttúrulegum setlögum kalksteins.	Lægsta hlutleysingargildi: 85 Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun:	Tegundarheitið verður að ná yfir finleikategundina „finmalað“ eða „sáldað“.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium (valkvætt)

1	2	3	4	5	6
			<p>Fínmölun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 4 mm móskevum. Sáldun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 8 mm móskevum og — að hámarki 5% fara gegnum sigti með 0,4 mm móskevum</p>	<p>Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.</p>	<p>Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)</p>
2 a)	<p>Brennt magnesíumkalk — grunngeði</p>	<p>Vara, sem inniheldur kalsíumoxíð og magnesíumoxíð undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu á náttúrulegum setlögum magnesíumkalksteins.</p>	<p>Lægsta hlutleysingargildi: 80 Heildarmagnesíum: 7% MgO Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun: Fínmölun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 4 mm móskevum. Sáldun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 8 mm móskevum og — að hámarki 5% fara gegnum sigti með 0,4 mm móskevum.</p>	<p>Tegundarheitið verður að ná yfir finleikategundina „fímmalað“ eða „sáldað“. Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.</p>	<p>Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesíum Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)</p>
2 b)	<p>Brennt magnesíumkalk — úrvalsgeði</p>	<p>Vara, sem inniheldur kalsíumoxíð og magnesíumoxíð undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu á náttúrulegum setlögum magnesíumkalksteins.</p>	<p>Lægsta hlutleysingargildi: 85 Heildarmagnesíum: 7% MgO Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun: Fínmölun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 4 mm móskevum. Sáldun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 8 mm móskevum og — að hámarki 5% fara gegnum sigti með 0,4 mm móskevum.</p>	<p>Tegundarheitið verður að ná yfir finleikategundina „fímmalað“ eða „sáldað“. Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.</p>	<p>Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesíum Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)</p>
3 a)	<p>Brennt dólómítikalk — grunngeði</p>	<p>Vara, sem inniheldur kalsíumoxíð og magnesíumoxíð undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu á náttúrulegum setlögum dólómíts.</p>	<p>Lægsta hlutleysingargildi: 85 Heildarmagnesíum: 17% MgO Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun:</p>	<p>Tegundarheitið verður að ná yfir finleikategundina „fímmalað“ eða „sáldað“.</p>	<p>Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesíum</p>

1	2	3	4	5	6
3 b)	Brennt dólómítalk — úrvalsgæði	Vara, sem inniheldur kalsíumoxíð og magnesíumoxíð undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu á náttúrulegum setlögum dólómíts.	Fínimölun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 4 mm möskvum. Sáldun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 8 mm möskvum og — að hámarki 5% fara gegnum sigti með 0,4 mm möskvum.	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruleikum eða öðrum heitum.	Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
4	Vatnað, brennt kalk (leskjað kalk)	Vara, sem inniheldur kalsíumhýdroxíð undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu og leskjun á náttúrulegum setlögum kalksteins.	Lægsta hlutleysingargildi: 95 Heildarmagnesium: 17% MgO Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun: Fínimölun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 4 mm möskvum. Sáldun: — a.m.k. 97% fara í gegnum sigti með 8 mm möskvum og — að hámarki 5% fara gegnum sigti með 0,4 mm möskvum.	Tegundarheitið verður að ná yfir finleikategundina „finnalað“ eða „sáldað“. Heimilt er að bæta við viðteknum vöruleikum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium Finleiki ákvarðaður með þurrsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
5	Vatnað, brennt magnesiúmkalk (leskjað magnesiúmkalk)	Vara, sem inniheldur kalsíumhýdroxíð og magnesíumhýdroxíð undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu og leskjun á náttúrulegum setlögum magnesiúmkalksteins.	Lægsta hlutleysingargildi: 70 Heildarmagnesium: 5% MgO Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 95% fara í gegnum sigti með 0,16 mm möskvum.	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruleikum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Raki (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)

1	2	3	4	5	6
6	Vátmað, brenmt dólómítalk	Vara, sem inniheldur kalsíumhýdroxíð og magnesíumhýdroxíð sem undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu og leskjun á náttúrulegum setlögum dólómíts.	Lægsta hlutleysingargildi: 70 Heildarmagnesium: 12% MgO Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 95% fara í gegnum sigti með 0,16 mm móskevum.	Heimilt er að bæta við viðteknur vörurheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Raki (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
7	Vötnuð kalksviflausn	Vara, sem inniheldur kalsíumhýdroxíð og/eða magnesíumhýdroxíð sem undirstöðuefni, sem er framleidd með brennslu, leskjun og uppleysingu í vatni á náttúrulegum setlögum kalksteins, magnesíumkalksteins, eða dólómíts.	Lægsta hlutleysingargildi: 20 Finleiki ákvarðaður með votsigtun: — a.m.k. 95% fara í gegnum sigti með 0,16 mm móskevum.	Heimilt er að bæta við viðteknur vörurheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium ef MgO ≥ 3% Raki (valkvætt) Finleiki ákvarðaður með votsigtun (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)

G.3. Kalk úr iðnaðarferlum

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundradshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir sem skylt er að gefa upp
1	2	3	4	5	6
1 a)	Sykurverksmiðjukalk	Vara úr sykurfraðslu sem fæst með kolsýrumtettun með því að nota einungis brennt kalk úr náttúrulegum gjöfum og sem inniheldur sem undirstöðuefni fingert kalsíumkarbónat.	Lægsta hlutleysingargildi: 20 Lægsta hlutleysingargildi: 15	Heimilt er að bæta við viðteknur vörurheitum eða öðrum heitum.	Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium (valkvætt) Raki (valkvætt) Hvarfgirni og aðferð til ákvörðunar (valkvætt) Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt)
1 b)	Sykurverksmiðju-kalksviflausn				

G.4. Blandað kalk

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir sem skylt er að gefa upp
1	2	3	4	5	6
1	Blandað kalk	Vara sem fest með blöndun tegundanna sem eru tilgreindar í hlutum G.1 og G.2.	Lágmarkskarbónatinnihald: 15% Hámarksinnihald karbónats: 90%	Orðið „magnesium“ bætist við tegundarheitið ef $MgO \geq 5\%$. Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum eða öðrum heitum.	Tegundir eins og tilgreint er í hlutum G.1 og G.2 Hlutleysingargildi Heildarkalsíum Heildarmagnesium ef $MgO \geq 3\%$ Niðurstöður úr jarðvegsræktun (valkvætt) Raki (valkvætt)

G.5. Blöndun kölkunarefna með öðrum tegundum EB-áburðar

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir sem skylt er að gefa upp
1	2	3	4	5	6
1	Blanda af [tegundarheiti í hlutum G.1 til G.4] með [tegundarheiti í hlutum A, B, D].	Vara sem fest með því að blanda, þjappa eða kyrna kölkunarefni sem eru tilgreind í hlutum G.1 til G.4 með áburðartegundum sem eru tilgreindar í hlutum A, B eða D. Lagt er bann við eftirfarandi blöndum: — ammóníumsulfaat (tegund A.1.4) eða þvagefni (tegund A.1.9) með oxíðkalki eða hýdroxíðkalki sem er tilgreint í hluta G.2, — blöndun og síðan þjöppun eða kyrrning á súperfosfötum af tegundunum A.2.2(a), (b) eða (c) með einhverri af þeim tegundum sem lýst er í hlutum G.1 til G.4.	Hlutleysingargildi: 15 3% N fyrir blöndur sem innihalda áburðartegundir með lágmarksinnihald N 3% P_2O_5 fyrir blöndur sem innihalda áburðartegundir með lágmarksinnihald P_2O_5 3% K_2O fyrir blöndur sem innihalda áburðartegundir með lágmarksinnihald K_2O Kalíum gefið upp sem vatnsleysanlegt K_2O	Aðrar kröfur sem getið er í einstökum færslum.	Hlutleysingargildi Næringarefni samkvæmt næringarefnafyrirsingum fyrir einstakar áburðartegundir. Heildarkalsíum Heildarmagnesium ef $MgO \geq 3\%$ Ef klóríðinnihald er ekki yfir 2% er heimilt að bæta við orðinu „klórnaður“ Raki (valkvætt) Finleiki (valkvætt)

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Lið 1.3 er breytt sem hér segir:
 - a) Í fyrstu færslu komi tegundarheitið „kalíumhrásalt“ í stað „kaínít“.
 - b) Í annarri færslu komi tegundarheitið „auðgað kalíumhrásalt“ í stað „auðgað kainítsalt“.
- 2) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5. Kólkunarefni

Leyfileg vikmörk fyrir uppgæfið innihald kalsíums og magnesíums skulu vera:

Magnesíumoxíð:

— 8% MgO eða minna	1
— á bilinu 8–16% MgO	2
— meira en 16% MgO	3
Kalsíumoxíð	3

Leyfileg vikmörk fyrir uppgæfið hlutleysingargildi skulu vera:

Hlutleysingargildi	3
--------------------	---

Vikmörk sem gilda um uppgæfinn hundraðshluta efnis sem fer í gegnum tiltekið sigti skulu vera:

Finleiki	10“
----------	-----

III. VIÐAUKI

Ákvæðum B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað aðferðar 6.1 komi eftirfarandi:

„Aðferð 6.1

Ákvörðun á klóríðum án lífrænna efna

EN 16195: Áburður — Ákvörðun klóríðefna þegar ekki eru fyrir hendi lífræn efni

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

- 2) Í stað aðferða 8.6–8.8 komi eftirfarandi:

„Aðferð 8.6

Ákvörðun með kalíumpermanganati á útdregnu kalsíumi sem hefur verið fellt út sem oxalat

EN 16196: Ákvörðun útskilins kalsíums með manganmælingu eftir úrfellingu í formi oxalats

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 8.7

Ákvörðun á magnesíumi með frumeindaglypnimælingu

EN 16197: Áburður — Ákvörðun magnesíums með atómglypnimælingu

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 8.8

Ákvörðun á magnesíumi með flókagreiningu (e. *complexometry*)

EN 16198: Áburður — Ákvörðun magnesíninnihalds með flókagreiningu

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

- 3) Í stað aðferðar 8.10 komi eftirfarandi:

„Aðferð 8.10

Ákvörðun á natríumi sem er dregið út með logalitrófsmælingu

EN 16199: Áburður — Ákvörðun aðskilins natríums með logalitrófsmælingu

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

- 4) Eftirfarandi aðferðir 14 bætist við:

„Aðferðir 14

Kölkunarefni

Aðferð 14.1

Ákvörðun á stærðardreifingu kölkunarefnis með þurr- og votsigtun

EN 12948: Kölkunarefni — Ákvörðun kornastærðardreifingar með þurrsíun og votsíun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.2

Ákvörðun á hvarfgirni karbónats og sílíkatkölkunarefna með saltsýru

EN 13971: Karbónat og sílíkatkölkunarefni — Ákvörðun hvarfgirni — Spennutítrunaraðferð með saltsýru

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.3

Ákvörðun á hvarfgirni með sjálfvirkri titrunaraðferð með sítrónusýru

EN 16357: *Karbonsatkölkunarefni — Ákvörðun hvarfgirni — Sjálfvirk titrunaraðferð með sítrónusýru*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.4

Ákvörðun á hlutleysingargildi kölkunarefna

EN 12945: *Kölkunarefni — Ákvörðun hlutleysingargildis — Titurmælingaraðferðir*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.5

Ákvörðun á kalsíumi í kölkunarefnum með oxalataðferð

EN 13475: *Kölkunarefni — Ákvörðun kalkinnihalds — Oxalataðferð*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.6

Ákvörðun á kalsíumi og magnesíumi í kölkunarefni með flókagreiningu

EN 12946: *Kölkunarefni — Ákvörðun kalk- og magnesíninnihalds — Flókagreiningaraðferð*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.7

Ákvörðun á magnesíumi í kölkunarefnum með frumeindagleypnimælingaraðferð

EN 12947: *Kölkunarefni — Ákvörðun magnesíninnihalds — Mæling með frumeindagleypnirófsaðferð*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.8

Ákvörðun á rakainnihaldi

EN 12048 *Tilbúinn áburður í föstu formi og kölkunarefni — Ákvörðun rakainnihalds — Ákvörðun með þyngdarmælingu með þurrkun við (105 +/- 2)°C*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.9

Ákvörðun á niðurbroti korna

EN 15704: *Kölkunarefni — Ákvörðun á niðurbroti kornaðs kalsíums og kalsíum/magnesíum karbónata fyrir áhrif vatns*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 14.10

Ákvörðun á áhrifum vörunnar með jarðvegsræktun

EN 14984: *Kölkunarefni — Ákvörðun áhrifa vörunnar á pH-gildi jarðvegs — Jarðvegsræktunaraðferð*
Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 837/2013**

2014/EES/23/20

frá 25. júní 2013

**um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012
að því er varðar upplýsingakröfur vegna leyfa fyrir sæfivörum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er breytt sem hér segir:

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 85. gr.,

1) Í töflunni í 1. bálki bætist eftirfarandi færsla 2.5 við:

og að teknu tilliti til eftirfarandi

„2.5 Ef sæfivaran inniheldur virkt efni, sem hefur verið framleitt á öðrum stöðum eða unnið á ólíkan hátt eða úr öðrum upphafsefnum en virka efnið sem metið hefur verið með tilliti til samþykktar skv. 9. gr. þessarar reglugerðar, þarf að leggja fram gögn um að tæknilegu jafngildi hafi verið komið á í samræmi við 54. gr. þessarar reglugerðar eða um að lögbært yfirvald, sem hefur verið tilnefnt í samræmi við 26. gr. tilskipunar 98/8/EB, hafi komið því á í kjölfar mats sem hófst fyrir 1. september 2013.“

1) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 má veita leyfi fyrir sæfivöru ef virku efnin í vörunni hafa verið samþykkt í samræmi við 9. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í töflunni í 2. bálki bætist eftirfarandi færsla 2.5 við:

2) Veita má leyfi fyrir sæfivöru jafnvel þótt eitt eða fleiri virk efni, sem hún inniheldur, séu framleidd á öðrum stað eða unnin á ólíkan hátt, þ.m.t. úr öðrum upphafsefnum, en við á um virka efnið sem metið var til samþykktar skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

„2.5 Ef sæfivaran inniheldur virkt efni, sem hefur verið framleitt á öðrum stöðum eða unnið á ólíkan hátt eða úr öðrum upphafsefnum en virka efnið sem metið hefur verið með tilliti til samþykktar skv. 9. gr. þessarar reglugerðar, þarf að leggja fram gögn um að tæknilegu jafngildi hafi verið komið á í samræmi við 54. gr. þessarar reglugerðar eða um að lögbært yfirvald, sem hefur verið tilnefnt í samræmi við 26. gr. tilskipunar 98/8/EB, hafi komið því á í kjölfar mats sem hófst fyrir 1. september 2013.“

3) Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að koma á tæknilegu jafngildi skv. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að tryggja að virka efnið sem sæfivara inniheldur hafi ekki umtalsvert fleiri hættulega eiginleika en efnið sem metið hefur verið með tilliti til samþykktar.

4) Því er rétt að fella inn í upplýsingakröfur vegna leyfis fyrir sæfivörum, sem eru settar fram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, sönnun fyrir því að komið hafi verið á tæknilegu jafngildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 234, 3.9.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 945/2013**

2014/EES/23/21

frá 2. október 2013

**um að samþykkja sýpermetrín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 8 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾. Sú skrá nær yfir sýpermetrín.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur sýpermetrín verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 8 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Belgía var tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 5. mars 2010 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins.

Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 12. júlí 2013.

- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 8 og innihalda sýpermetrín, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 6) Því er rétt að samþykkja sýpermetrín til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8.
- 7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal sýpermetrín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 261, 3.10.2013, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

VÍÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Aðkennisnúmer	Lágmarkshreimleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði (2)
Sýpermetrín	Sýpermetrín <i>cis:trans</i> /40:60 IUPAC-heiti (RS)- α -sýanó-3-fenoxýbensýl-(IRS)- <i>cis,trans</i> -3-(2,2-diklórvínýl)-2,2- dímetylsýklóprópankaboxylát EB-nr.: 257-842-9 CAS-nr.: 52315-07-8	920 g/kg	1. júní 2015	31. maí 2025	8	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkum sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>2) Gripa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu í því skyni að vernda jarðveg og vatnsræn umhverfishöf. Einkum:</p> <p>a) Á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfivörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal koma fram að notkun í iðnaði skal fara fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sigi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum sem fara til spillis.</p> <p>b) Ekki skal leyfa vörur til að meðhöndla við, sem er óvarinn fyrir veðrun, í iðnaði með böðun eða úðun nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að ekki stafi óviðunandi áhættur af vörumni, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.</p> <p>c) Ekki skal leyfa vörur til að meðhöndla mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, eða til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að ekki stafi óviðunandi áhættur af vörumni, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.</p>

(1) Hreimleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreimleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörumni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreimleika ef það reynist teknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

(2) Við framkvæmd sameiginlegru meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 955/2013**

2014/EES/23/22

frá 4. október 2013

**um að samþykkja própíkónasól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 9 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnu-áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾. Sú skrá nær yfir própíkónasól.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur própíkónasól verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 9, rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmi og fjölliðuð efni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 9 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Finnland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 11. febrúar 2011 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Q-ATH-KASTA

Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 12. júlí 2013.

- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 9 og innihalda própíkónasól, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 6) Því er rétt að samþykkja própíkónasól til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9.
- 7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal própíkónasól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 263, 5.10.2013, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

VIÐBAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstæk skilyrði ⁽²⁾
Próþíkónasól	1-[[2-(2,4-diklórfenýl)-4-própyl-1,3-dioxólan-2-ýl]metýl]-1H-1,2,4-tríasól EB-nr.: 262-104-4 CAS-nr.: 60207-90-1	930 g/kg	1. júní 2015	31. maí 2025	9	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efniinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>Ef meðhöndluð vara hefur verið meðhöndluð með próþíkónasóli eða inniheldur efnið af ásetningi og, ef nauðsyn krefur, vegna hugsanlegrar snertingar við húð svo og losunar próþíkónasóls við venjuleg notkunarskilyrði skal aðilimi, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndluðu vörummar á markað, sjá til þess að á merkingum séu tilgreindar upplýsingar um áhættu á húðnæmingu sem og upplýsingar um getu í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 528/2012. Virka efnið í vörunni sem set er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist teknilega jafngilt virka efniinu sem var metið.

⁽²⁾ Við framkvæmd sameiginlegru meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrshanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1032/2013**

2014/EES/23/23

frá 24. október 2013

**um að samþykkja brómedíksýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 4 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi
fastanefndarinnar um sæfivörur 27. september 2013.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

- 5) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að
sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 4 og innihalda
brómedíksýru, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í
5. gr. tilskipunar 98/8/EB.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)
nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram
á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein
1. mgr. 89. gr.,

- 6) Því er rétt að samþykkja brómedíksýru til notkunar í
sæfivörur í vöruflokki 4.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 1451/2007⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með
tilliti til hugsanlegar færslu þeirra á skrá í I. viðauka,
I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins
og ráðsins 98/8/EB⁽³⁾. Sú skrá nær yfir brómedíksýru.

- 7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið
ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar
(ESB) nr. 528/2012.

- 2) Brómedíksýra hefur verið metin í samræmi við
2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöru-
flokki 4, sóthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir
matvæli og fóður, eins og flokkurinn er skilgreindur í
V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki
4 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við
reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

- 8) Matið fjallaði ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda
brómedíksýru, í efnivið og hluti sem ætlað er að komast
með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli
í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og
ráðsins (EB) nr. 1935/2004⁽⁴⁾. Fyrir slíkan efnivið gæti
reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í
matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar
(EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki ná yfir slíka
notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk
eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að
slík mörk séu ekki nauðsynleg.

- 3) Spánn var tilnefndur sem skýrslugjafaraðildarríki og
lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir
framkvæmdastjórnina 22. janúar 2011 í samræmi við
4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

- 9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan
frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem
við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla
þær nýju kröfur sem af þessu hljótask.

- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað
skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr.
15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 22. Hentar var
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl
2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir
og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember
2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr.
16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu
sæfiefna (Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3)

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um
markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október
2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og
niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtið. ESB L 338,
13.11.2004, bls. 4).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal brómédiksyru sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykksis ⁽¹⁾	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértek skilyrði ⁽²⁾
Brómédiksyra	IUPAC-heiti: 2-bróm-etanólsýra EB-nr.: 201-175-8 CAS-nr.: 79-08-3	946 g/kg	1. júlí 2015	30. júní 2025	4	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>1) Innleiða skal öruggar verklaagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífur ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>2) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fásætja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009⁽³⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005⁽⁴⁾, og gripa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.</p> <p>3) Ekki skal blanda vörum sem innihalda brómédiksyru í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi í mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fásætt sértek mörk fyrir flæði brómédiksyru yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.</p> <p>Ef meðhöndluð vara hefur verið meðhöndluð með brómédiksyru eða inniheldur efnið af ásetningu og, ef nauðsyn krefur, vegna hugsanlegrar snertingar við húð svo og losunar brómédiksyru við venjuleg notunarskilyrði skal aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndluðu vörunnar á markað, sjá til þess að á merkimótunum séu tilgreindar upplýsingar um áhættu á húðnæmingu sem og upplýsingarnar sem um getur í annari undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dalki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörum sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matskýrshanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýrarkinu, um niðurtellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjótið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaefnar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýrarkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EEB (Stjótið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1033/2013**

2014/EES/23/24

frá 24. október 2013

**um að samþykkja fimmvatnað koparsúlfat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í
sæfivörur í vöruflokki 2 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB⁽³⁾. Sú skrá nær yfir koparsúlfat.
- 2) Koparsúlfat hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 2, sóthreinsiefni [áður sóthreinsandi efni] og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 2 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Aðeins var hægt að draga ályktanir af gögnunum, sem voru lögð fram vegna matsins, að því er varðar tiltekið form koparsúlfats, þ.e. fimmvatnað koparsúlfat CAS-númer 7758-99-8. Matið gerði ekki kleift að draga ályktanir varðandi nein önnur efni sem falla undir skilgreininguna á koparsúlfati CAS 7758-99-7 í framangreindri skrá yfir virk efni í reglugerð (EB) nr. 1451/2007. Því ætti samþykkið einungis að ná yfir fimmvatnað koparsúlfat.

- 4) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 5. apríl 2011 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 27. september 2013.
- 6) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 2 og innihalda fimmvatnað koparsúlfat, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 7) Því er rétt að samþykkja fimmvatnað koparsúlfat til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2.
- 8) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótask.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Samþykkja skal fimmvatnað koparsúlfat sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3)

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértaek skilyrði ⁽²⁾
Fimmvatnað koparsúlfat	IUPAC-heiti: fimmvatnað koparsúlfat EB-nr.: 231-847-6 ⁽³⁾ CAS-nr.: 7758-99-8	999 g/kg	1. júlí 2015	30. júní 2025	2	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Innleiða skal öruggar verklausreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.</p>

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dáiði var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera afjafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist teknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrislanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

⁽³⁾ Þetta EB-númer skal einungis ná yfir fimmvatnað koparsúlfat

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1034/2013**

2014/EES/23/25

frá 24. október 2013

**um að samþykkja álfosfið, sem losar fosfin, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 20 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)
nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á
markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1.
mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 1451/2007⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með
tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka,
I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins
og ráðsins 98/8/EB⁽³⁾. Sú skrá nær yfir álfosfið.
- 2) Álfosfið hefur verið metið í samræmi við 2. mgr.
11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 23,
vörur [áður varnarefni] til að halda öðrum hryggdýrum í
skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka
við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 20 eins og
flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð
(ESB) nr. 528/2012.
- 3) Þýskaland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og
lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir
framkvæmdastjórnina 23. júlí 2010 í samræmi við 4. og
6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað
skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr.
15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður
endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi
fastanefndarinnar um sæfivörur 27. september 2013.
- 5) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að
sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 23 og innihalda
álfosfið, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.
tilskipunar 98/8/EB.
- 6) Því er rétt að samþykkja álfosfið, sem losar fosfin, til
notkunar í sæfivörur í vöruflokki 20.
- 7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið
ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar
(ESB) nr. 528/2012.
- 8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan
frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem
við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla
þær nýju kröfur sem af þessu hljótask.
- 9) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Samþykkja skal álfosfið sem virkt efni til notkunar í sæfivörur
í vöruflokki 20, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og
skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 28. Hennar var
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl
2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir
og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember
2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr.
16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu
sæfiefna (Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3)

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um
markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði ⁽²⁾
Álfosfíð sem losar fosfín	IUPAC-heiti: Álfosfíð EB-nr.: 244-088-0 CAS-nr.: 20859-73-8	830 g/kg	1. júlí 2015	30. júní 2025	20	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efniinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Sæfivörur má eingöngu selja fagfólki sem fengið hefur þjálfun í að nota það og því einu er heimilt að nota sæfivörurnar. 2) Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir notendur skal gripa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér notkun á viðeigandi persónuhlífum, notkun á tækjabúnaði og sóluumbúnað fyrir sæfivöruna sem er hannaður til að draga úr váhrifum á notendur svo við megi una. 3) Með tilliti til áhættu fyrir tegundir á landi sem eru ekki markteggundir verður að beita viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér að sæfvaran sé ekki notað á svæðum þar sem eru önnur dýr en markteggundin sem grafa sér holur.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efniinu sem var metið.

(2) Við framkvæmd samgæmlegru meginreglhanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera umt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1035/2013**

2014/EES/23/26

frá 24. október 2013

**um að samþykkja bensósýru sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokkum 3 og 4 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007⁽²⁾ er skrá yfir virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB⁽³⁾. Sú skrá nær yfir bensósýru.
- 2) Bensósýra hefur verið metin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 3, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir dýr, og í vöruflokki 4, sóttreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fôður, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 4 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Þýskaland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslur lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 3. febrúar 2011 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslur lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í tvær matsskýrslur á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 27. september 2013.

- 5) Þær skýrslur hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 3 og 4 og innihalda bensósýru, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 6) Því er rétt að samþykkja bensósýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 3 og 4.
- 7) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 8) Að því er varðar notkun í sæfivörur í vöruflokki 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda bensósýru, í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004⁽⁴⁾. Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.
- 9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótask.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Samþykkja skal bensósýru sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 3 og 4, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3)

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins(1)	Dagsetning samþykkingis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstæk skilyrði(2)
Bensósýra	IUPAC-heiti: Bensósýra EB-nr.: 200-618-2 CAS-nr.: 65-85-0	990 g/kg	1. júlí 2015	30. júní 2025	3	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkum sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efniinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>2) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem getu leitt af sér leifar í matvælum eða föðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009⁽³⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005⁽⁴⁾, og gripa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.</p>
					4	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkum sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efniinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>2) Þegar um er að ræða vörur sem geta leitt af sér efnaleifar í matvælum eða föðri skal ganga úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný eða breyta gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og gripa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.</p>

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði ⁽²⁾
						3) Ekki skal blanda vörum sem innihalda bensósýru í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fástsett sértæk mörk fyrir flæði bensósýru yfir í matvæli, eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörum sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

(2) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/bioicides/index.htm>

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmæðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafraðilega virkra efna í matvælum úr dýratrikinu, um niðurféllingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Sjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgrildi fyrir vamatrefhaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýratrikinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EEB (Sjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1036/2013**

2014/EES/23/27

frá 24. október 2013

**um að samþykkja etófenprox sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 18 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

etófenprox, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í
5. gr. tilskipunar 98/8/EB.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)
nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram
á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein
1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 1451/2007⁽²⁾ er skrá yfir virkt efni sem meta skal með
tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka,
I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins
og ráðsins 98/8/EB⁽³⁾. Sú skrá nær yfir etófenprox.
- 2) Etófenprox hefur verið metið í samræmi við 2. mgr.
11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18,
skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum
liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur
í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki
18 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við
reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Austurríki var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og
lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir
framkvæmdastjórnina 9. ágúst 2011 í samræmi við 4. og
6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað
skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr.
15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður
endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi
fastanefndarinnar um sæfivörur 27. september 2013.
- 5) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að
sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 18 og innihalda

- 6) Skýrslurnar hafa einnig leitt í ljós að eiginleikar
etófenprox gera það líklegt til að safnast fyrir í lífverum
(B) og vera eittrað (T), í samræmi við viðmiðanirnar sem
mælt er fyrir um í XIII. við reglugerð Evrópuþingsins
og ráðsins (EB) nr. 1907/2006⁽⁴⁾. Gildistími samþykkis
ætti að vera 10 ár, í samræmi við núverandi venjur
samkvæmt tilskipun 98/8/EB, þar eð skilyrði 2. mgr. 90.
gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eru ekki uppfyllt. Að
því er varðar leyfisveitingu fyrir vörum í samræmi við
23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal etófenprox þó
teljast efni sem ráðgert er að skipta út skv. d-lið 1. mgr.
10. gr. þeirrar reglugerðar.
- 7) Því er rétt að samþykkja etófenprox til notkunar í
sæfivörur í vöruflokki 18.
- 8) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið
ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar
(ESB) nr. 528/2012.
- 9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan
frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem
við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla
þær nýju kröfur sem af þessu hljóstat.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr:

Samþykkja skal etófenprox sem virkt efni til notkunar í
sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar
skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 35. Hennar var
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2014 frá 8. apríl
2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir
og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember
2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr.
16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu
sæfiefna (Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3)

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um
markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember
2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni
(efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu
á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr.
793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og
tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar
91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396,
30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennit heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykks	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértaek skilyrði ⁽²⁾
Etófenprox	IUPAC-heiti: 3-fenoxýbensýl-2-(4-etoxyfeny)-2- metýlprópyleter EB-nr.: 407-980-2 CAS-nr.: 80844-07-1	970 g/kg	1. júlí 2015	30. júní 2025	18	<p>Etófenprox telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d-líð 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p> <p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efniinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <p>1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>2) Gangna skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða föðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009⁽³⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005⁽⁴⁾, og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.</p>

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dáiði var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörum sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist teknilega jafngilt virka efniinu sem var metið.

⁽²⁾ Við framkvæmd sameiginlegra meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrshanna á vefsetri framkvæmdastjórnarmálar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafraðilega virkra efna í matvælum úr dýrarkínu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjótt. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

1. Safna skal þeim upplýsingum og gögnum, sem eru nauðsynleg vegna lýsingarinnar á eiginleikum úrgangs, í þeirri röð sem sett er fram í 2. til 5. mgr.

2. Nota skal fyrirliggjandi rannsóknir og kannanir, þ.m.t. fyrirliggjandi leyfi, jarðfræðilegar kannanir, sambærilega staði, skrár yfir óvirkan úrgang, viðeigandi vottunarkerfi, evrópska staðla eða landsstaðla fyrir samsvarandi efni, sem uppfylla tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum.

3. Meta skal gæði allra upplýsinganna ásamt því hvort þær séu dæmigerðar og skal greina hugsanlegar upplýsingar sem vantar.

4. Ef upplýsingar, sem eru nauðsynlegar fyrir lýsinguna á eiginleikum úrgangsins, vantar skal gera sýnatökuáætlun í samræmi við staðal EN 14899 og skal taka sýni í samræmi við sýnatökuáætlunina. Sýnatökuáætlanirnar skulu byggjast á upplýsingum sem teljast vera nauðsynlegar, þ.m.t. upplýsingum um:

- a) tilgang gagnasöfnunar,
- b) prófunaráætlun og kröfur vegna sýnatöku,

c) aðstæður við sýnatöku, þ.m.t. sýnataka úr borkjörnum, við yfirborð uppgrafter, af færiband, úr haug, vatnsgryfju eða við aðrar viðeigandi aðstæður,

d) verklagsreglur og fyrirmæli varðandi fjölda sýna, stærð þeirra, þyngd, lýsingu og meðhöndlun.

Meta skal áreiðanleika og gæði niðurstaðna sýnatöku.

5. Meta skal niðurstöðurnar úr ferlinu við gerð lýsingarinnar á eiginleikum. Ef nauðsyn krefur skal safna viðbótarupplýsingum í samræmi við sömu aðferðafræði. Taka skal lokaniðurstöðuna inn í áætlun um meðhöndlun úrgangs.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

TÆKNILEGAR KRÖFUR VEGNA LÝSINGAR Á EIGINLEIKUM ÚRGANGS

1. **Bakgrunnsupplýsingar**

Endurskoðun og skilningur á almennum bakgrunni og markmiðum námuvinnslnunnar.

Söfnun almennra upplýsinga um:

- starfsemi í tengslum við leit, útdrátt eða vinnslu,
- tegund og lýsingu á útdráttar- og vinnsluaðferðinni sem er notuð,
- eðli ætlaðrar vöru.

2. **Jarðfræðilegur bakgrunnur jarðmyndunar sem skal vinna**

Greining þeirra úrgangseininga sem verða til við nám og vinnslu með því að veita viðeigandi upplýsingar um:

- eðli aðliggjandi bergs, efnafræði þess og steindafræði, þ.m.t. jarðhitaummyndun í bergi sem er auðgað af steindum (e. mineralized) og í rýru bergi (e. barren),
- eðli jarðmyndunar, þ.m.t. berg sem hefur auðgast af steindum eða málmgrýti samofitð bergi (e. rock-bearing mineralisation),
- formgerð málmgrýtis, efnafræði þess og steindafræði, þ.m.t. eðliseiginleikar á borð við eðlismassa, holuhluta (poruhluta), kornastærðardreifingu og vatnsinnihald, sem tekur til vinnslusteinda, afgangsteinda (e. gangue minerals) og nýmyndaðra jarðhitasteinda,
- stærð og lögur jarðmyndunar,
- veðrun og ummyndun við yfirborð (e. supergene alteration) í efnafræðilegu og steindafræðilegu tilliti.

3. **Úrgangurinn og fyrirhuguð meðhöndlun hans**

Lýsing á öllum tegundum úrgangs, sem fellur til við hverja leit, útdrátt og vinnslu, þ.m.t. yfirborðsjarðvegur, úrgangsrýti og úrkast, með því að leggja fram upplýsingar um eftirfarandi þætti:

- uppruna úrgangsins á námuvinnslusvæðinu og ferlið sem myndar úrganginn, s.s. leit, útdráttur, mölun, auðgun,
- magn úrgangsins,
- lýsingu á flutningakerfi úrgangsins,
- lýsingu á efnunum sem skal nota við meðhöndlun,
- flokkun úrgangs samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB (1), þ.m.t. hættulegir eiginleikar,
- tegund viðkomandi úrgangsstöðvar, endanlegt form úrgangsins sem til verður og aðferð við afsetningu úrgangsins í stöðinni.

4. **Jarðtæknileg hegðun úrgangs**

Greining á viðeigandi breytum til að meta eðliseiginleika úrgangsins með tilliti til tegundar úrgangsstöðvar.

Þær breytur sem taka skal tillit til eru: kornastærðarmælingar, sveigjanleiki, eðlismassi og vatnsinnihald, þjöppunarstig, skrufspennuþol og núningshorn, lekt og hlutfall holrúms, þjappanleiki og styrking.

(¹) Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3

5. Jarðefnafræðilegir eiginleikar og hegðun úrgangsins

Lýsing á efnafræðilegum og steindafræðilegum eiginleikum úrgangsins og á öllum aukefnum eða efnaleifum sem eftir eru í úrganginum.

Spá um útskolun efna með tímanum fyrir hverja tegund úrgangs með tilliti til fyrirhugaðrar meðhöndlunar, einkum:

- mat á útskolun málma, oxýmínusjóna og salts með tímanum með útskolunarprófun háð sýrustigi, og/eða gegnumstreymisprófun og/eða losunarprófun háð tíma og/eða öðrum viðeigandi prófunum,
- að því er varðar úrgang sem inniheldur súlfíð skal framkvæma kyrrstöðuprófanir eða hvarfafræðilegar prófanir til að ákvarða myndun súrrar útskolunar og útskolunar á málmum með tímanum.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 480/2013****2014/EES/23/39**

frá 24. maí 2013

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 að því er varðar tímabilið fyrir
valfrjálsa greiningu tiltekinna varnarefna (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum 28. og 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012 frá 31. ágúst 2012 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2013, 2014 og 2015 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu⁽²⁾ var m.a. kveðið á um að árið 2013 skyldi greining tiltekinna varnarefna vera valfrjáls, einkum þeirra varnarefna sem nýlega hafði verið bætt við áætlunina með þeirri framkvæmdarreglugerð eða varnarefna með mjög flókna skilgreiningu á leifum, til að gefa opinberum rann-

sóknarstofum tíma til að fullgilda nauðsynlegar aðferðir til greiningar þessara varnarefna. Þar eð opinberar rannsóknarstofur þurfa enn nokkurn tíma til að fullgilda nauðsynlegar aðferðir til greiningar þessarar varnarefna skal greining þessara varnarefna áfram vera valfrjáls árið 2014.

- 2) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað neðanmálgreinar (g) í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 komi eftirfarandi:

„Greining er valfrjáls árin 2013 og 2014.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 235, 1.9.2012, bls. 8.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 195/2013

2014/EES/23/40

frá 7. mars 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

að aðlaga viðeigandi eyðublöð. Í þágu réttarvissu og skýrleika þykir rétt að skipta út reglugerð (EB) nr. 171/2013.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

2) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 er mælt fyrir um sameiginlegar tækniröfur fyrir gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og varahlutum að því er varðar losun og um reglur um samræmi ökutækja í notkun, endingu mengunarvarnaraðar, innbyggð greiningarkerfi (OBD), mælingu á eldsneytiseyðslu og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr. og 8. gr.,

3) Í reglugerð (EB) nr. 692/2008 er mælt fyrir um stjórnsýslufyrirmæli um að kanna samræmi ökutækja að því er varðar losun koltvísýrings og kröfur um mælingar á losun koltvísýrings og eldsneytiseyðslu slíkra ökutækja.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, ihlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 39. gr.,

4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ⁽³⁾ eru settir staðlar um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum og í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 ⁽⁴⁾ er komið á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá slíkum nýjum fólksbifreiðum.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 171/2013 ⁽⁵⁾ breytti framkvæmdastjórnin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽⁴⁾ að því er varðar nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum. Í þeirri reglugerð var fyrirmyndunum að viðeigandi skjölum, sem notuð eru í gerðarviðurkenningarferlinu, breytt. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að aðildarríkin fái fullnægjandi tíma til

5) Til þess að taka tillit til koltvísýringssparnaðar, sem náðst hefur með notkun á nýsköpunartækni, í útreikningum hvers framleiðanda á markmiði um sértæka losun koltvísýrings skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og til að tryggja skilvirkt eftirlit með sértækum sparnaði að því er varðar einstök ökutæki, skulu ökutæki sem búin eru vistvænni nýsköpun vottuð sem hluti af gerðarviðurkenningu ökutækis og heildarsparnaðurinn skal skráður á samræmisvottorðið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 55, 27.2.2013, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19.

- 6) Í því skyni er nauðsynlegt að láta viðurkenningar-yfirvöldum í té fullnægjandi gögn til að votta ökutæki sem búin eru vistvænni nýsköpun og fella koltvísyringssparnað vegna vistvænnar nýsköpunar inn í dæmigerðar upplýsingar um tiltekna gerð, afbrigði eða útfærslu ökutækis.
- 7) Því er nauðsynlegt að breyta fyrirmyndunum að viðeigandi skjölum, sem notuð eru í gerðarviðurkenningarferlinu.
- 8) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB ⁽¹⁾ eru innleiddar nýjar kröfur um upplýsingar um prófanir vegna losunar mengandi efna. Því skulu nauðsynlegar upplýsingar felldar inn í kerfið sem komið er á með tilskipun 2007/46/EB.
- 9) Því ber að breyta tilskipun 2007/46/EB og reglugerð (EB) nr. 692/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2013.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

1. Ákvæðum I. og IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í stað VIII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum I. og XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 171/2013 er felld úr gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur 3.5.6, 3.5.6.1, 3.5.6.2 og 3.5.6.3 bætist við:

„3.5.6. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í skilningi 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (*) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 (**): já/nei ⁽¹⁾

3.5.6.1. Gerð/afbrigði/útfærsla grunnviðmiðunarökutækisins, sem um getur í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011, (ef við á):

3.5.6.2. Vixlverkun á milli fleiri en einnar vistvænnar nýsköpunar: já/nei ⁽¹⁾

3.5.6.3. Losungargögn í tengslum við notkun vistvænnar nýsköpunar (gera skal sams konar töflu fyrir hvert viðmiðunareldsneyti sem er prófað) ^(w1)

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun ^(w2)	Kóði vistvænnar nýsköpunar ^(w3)	1. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækini (g/km)	2. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækini í prófunarlotu prófunar 1 ^(w4)	4. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunaraðstæður	Sparnaður í losun koltvísyrings ((1-2) - (3-4))*5
xxxx/201x							
Heildarsparnaður í losun koltvísyrings (g/km) ^(w5)							

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19.“

b) Eftirfarandi skýringar bætist við:

„^(w) Vistvæn nýsköpun.

^(w1) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.

^(w2) Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(w3) Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(w4) Samkvæmt samþykki gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, ef ákveðin aðferð við líkanasmíði er notuð í staðinn fyrir prófunarlotu prófunar 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmíðina.

^(w5) Samanlagður sparnaður í losun koltvísyrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun .“

2) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur 3.3.1 og 3.2 bætist við í færslu 49 í I. hluta , síðu 2 – ökutækjaflokkur M₁ (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum) í fyrirmyndinni að EB-samræmisvottorðinu:

„3. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (einni eða fleiri): já/nei ⁽¹⁾

3.1. Almennur kóði vistvænnar nýsköpunar ^(P1):

3.2. Heildarsparnaður í losun koltvísyrings vegna vistvænnar nýsköpunar ^(P2) (gera skal sams konar töflu fyrir hvert viðmiðunareldsneyti sem er prófað):“

b) eftirfarandi skýringar bætist við í „Skýringar við IX. viðauka“:

„^(P) Vistvæn nýsköpun.

^(P1) Almennur kóði fyrir vistvæna nýsköpun skal samansettur úr eftirfarandi þáttum, hver og einn aðgreindur með eyðu:

- Kóði viðurkenningaryfirvalds skv. VII. viðauka,
- Sérstakur kóði fyrir hverja vistvæna nýsköpun sem sett er í ökutæki, gefið upp í tímaröð ákvarðana framkvæmdastjórnarinanr um viðurkenningu.

(T.d. skal almennur kóði þriggja tegunda vistvænnar nýsköpunar, sem eru viðurkenndar í tímaröð sem 10, 15 og 16 og settar í ökutæki, sem vottað er af þýska gerðarviðurkenningaryfirvaldinu vera: „e1 10 15 16“.)

^(P2) Samanlagður sparnaður í losun koltvísýrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun .“.

—

II. VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR PRÓFANA

(Skulu útfylltar af gerðarviðurkenningaryfirvaldi og fylgja EB-gerðarviðurkenningavottorði ökutækis.)

Í hverju tilviki skal ljóst af upplýsingunum um hvaða afbrigði og útfærslu þær gilda. Ekki mega vera fleiri en ein niðurstaða fyrir hverja útfærslu. Hins vegar er leyfilegt að steypa saman nokkrum niðurstöðum fyrir hverja útfærslu þar sem versta tilvikidið er gefið til kynna. Í síðara tilvikinu skal standa í athugasemd að í þeim liðum, sem merktir eru með (*), séu einungis tilgreindar niðurstöður í verstu tilvikum.

1. Niðurstöður hljóðstigssprófana

Númer grunnstjórnvaldsfyrirmæla og nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæla sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur eða fleiri áföngum, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða:

Afbrigði/útfærsla
Í akstri (dB(A)/E):
Í kyrrstöðu (dB(A)/E):
við (min^{-1}):

2. Niðurstöður prófana á losun með útblæstri

2.1. Losun frá vélknúnum ökutækjum sem eru prófuð samkvæmt prófunaraðferð fyrir létt ökutæki

Tilgreinið nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum eða fleiri, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða:

Eldsneyti (*): (dísilolía, bensín, fljótandi jarðolíugas, jarðgas, tvær tegundir eldsneytis: bensín/jarðgas, fljótandi jarðolíugas, fjölblöndueldsneyti: bensín/etanól, jarðgas/blanda vetnis og jarðgass ...)

2.1.1. Prófun 1 (^b) (^c): (losun ökutækis í prófunarlotu eftir kaldræsingunni)

Afbrigði/útfærsla
CO (mg/km)
THC (mg/km)
NMHC (mg/km)
NO _x (mg/km)
THC + NO _x (mg/km)
Massi efnisagna (PM) (mg/km)
Fjöldi agna (P) (#/km) (¹)

2.1.2. Prófun 2 (^b) (^c): (losunargögn, sem eru nauðsynleg við gerðarviðurkenningu vegna aksturshæfni)

Prófun 2, prófun í hægum lausagangi:

Afbrigði/útfærsla
CO (% miðað við rúmmál)

Snúningshraði (min ⁻¹)
Hitastig á smurolíu (°C)
Prófun 2, prófun í hröðum lausagangi:			
Afbrigði/útfærsla
CO (% miðað við rúmmál)
Lambda-gildi
Snúningshraði (min ⁻¹)
Hitastig á smurolíu (°C)

2.1.3. Prófun 3 (losun lofttegunda frá sveifarhúsi):

2.1.4. Prófun 4 (losun við uppgufun): g/prófun

2.1.5. Prófun 5 (ending mengunarvarnabúnaðar):

— Vegalengd sem farin er í öldrunarprófun (km) (t.d. 160 000):

— Spillistuðull (DF): reiknaður út/fastákveðinn (°)

— Gildi:

Afbrigði/útfærsla
CO
THC
NMHC
NO _x
THC + NO _x
Massi efnisagna (PM)
Fjöldi agna (P) (°)

2.1.6. Prófun 6 (meðallosun við lágan umhverfishita):

Afbrigði/útfærsla
CO (g/km)
THC (g/km)

2.1.7. Innbyggð greiningarkerfi: já/nei (°)

2.2. Losun frá hreyflum sem eru prófaðir samkvæmt prófunaraðferð fyrir þung ökutæki.

Tilgreinið nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum eða fleiri, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða:

Eldsneyti (°): (disilolía, bensín, fljótandi jarðolíugas, jarðgas, etanól ...)

2.2.1. Niðurstöður ESC-prófunar ⁽¹⁾ ⁽²⁾ ⁽³⁾

Afbrigði/útfærsla
CO (mg/kWh)
THC (mg/kWh)
NO _x (mg/kWh)
NH ₃ (í milljónarhlutum) ⁽¹⁾
Massi efnisagna (mg/kWh)
Fjöldi efnisagna (#/kWh) ⁽¹⁾

2.2.2. Niðurstöður ELR-prófunar ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Reykþéttigildi: ...m ⁻¹

2.2.3. Niðurstöður ETC-prófunar ⁽²⁾ ⁽³⁾

Afbrigði/útfærsla
CO (mg/kWh)
THC (mg/kWh)
NMHC (mg/kWh) ⁽¹⁾
CH ₄ (mg/kWh) ⁽¹⁾
NO _x (mg/kWh)
NH ₃ (í milljónarhlutum) ⁽¹⁾
Massi efnisagna (mg/kWh)
Fjöldi efnisagna (#/kWh) ⁽¹⁾

2.2.4. Prófun í lausagangi ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
CO (% miðað við rúmmál)
Lambda-gildi ⁽¹⁾
Snúningshraði (min ⁻¹)
Hitastig á smurolíu (°C)

2.3. Dísilreykur

Tilgreinið nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum eða fleiri, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða.

2.3.1. Niðurstöður prófunar við hröðun

Afbrigði/útfærsla
Leiðrétt gildi gleypnistuðuls (m ⁻¹)
Eðlilegur snúningshraði hreyfils í lausagangi
Hámarkssnúningshraði
Hitastig olíu (lágmark/hámark)

3. Niðurstöður prófana á losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni

Númer grunnstjórnvaldsfyrirmællanna og nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæla sem gilda um viðurkenninguna:

3.1. Ökutæki með brunahreyfli, þ.m.t. fjölknuin rafökutæki sem ekki er hægt að hlaða utan ökutækisins (NOVC) ⁽¹⁾ ⁽⁴⁾

Afbrigði/útfærsla
Koltvísýringslosun (akstur í þéttbýli): (g/km)
Koltvísýringslosun (akstur utan þéttbýlis): (g/km)
Koltvísýringslosun (blandaður akstur): (g/km)
Eldsneytisnotkun (akstur í þéttbýli): (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (akstur utan þéttbýlis): (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾

3.2. Fjölknuðið rafökutæki sem hægt er að hlaða utan ökutækisins (OVC) ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Koltvísýringslosun (skilyrði A, blandaður akstur) (g/km)
Koltvísýringslosun (skilyrði B, blandaður akstur) (g/km)
Koltvísýringslosun (veginn, blandaður akstur) (g/km)
Eldsneytisnotkun (skilyrði A, blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (skilyrði B, blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (veginn, blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾
Raforkunotkun (skilyrði A, blandaður akstur) (Wh/km)
Raforkunotkun (skilyrði B, blandaður akstur) (Wh/km)
Raforkunotkun (veginn, blandaður akstur) (Wh/km)
Drægi á eingöngu rafmagni (km)

3.3. Ökutæki sem eru eingöngu rafknuin ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Raforkunotkun (Wh/km)
Drægi (km)

3.4 Vetnisknúin ökutæki með efnarafal ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Eldsneytisnotkun (kg/100 km)

4. Niðurstöður prófana fyrir ökutæki sem búin eru vistvænni nýsköpun ^(h1) ^(h2) ^(h3)

Afbrigði/útfærsla

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun ^(h4)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun ^(h5)	1. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðun arökutækinnu (g/km)	2. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búin er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðun arökutækinnu í prófunarlotu prófunar 1 ^(h6)	4. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búin er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunaraðstæður	Sparnaður í losun koltvísýrings $((1-2) - (3-4)) * 5$
xxxx/201x
...
...
Heildarsparnaður í losun koltvísýrings (g/km) ^(h7)							...

4.1. Almennur kóði vistvænnar nýsköpunar ^(h8)

Skýringar

⁽¹⁾ Ef við á.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

^(a) Ef takmarkanir eru í gildi fyrir eldsneytið skal tilgreina þær (t.d. jarðgas í L- eða H-flokki).

^(b) Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með tveimur tegundum eldsneytis, skal gera sams konar töflu fyrir báðar eldsneytisgerðirnar.

^(c) Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti og prófunin á að fara fram á báðum tegundum eldsneytis, samkvæmt mynd I.2.4 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, og ökutæki sem nota fljótandi jarðolíugas eða jarðgas/lífmétan og knýja má annað hvort með einni eða tveimur tegundum eldsneytis, skal gera sams konar töflu fyrir mismunandi viðmiðunareldsneyti sem notuð eru í prófuninni og aukatafla skal sýna verstu niðurstöðurnar. Þegar við á, í samræmi við liði 1.1.2.4. og 1.1.2.5. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, skal sýna hvort niðurstöðurnar eru mældar eða reiknaðar út.

^(d) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneytis sem er prófað.

^(e) Ef um er að ræða Euro VI ber að skilja ESC sem WHSC og ETC sem WHTC.

^(f) Ef um er að ræða Euro VI, ef hreyflar sem eru knúin samþjöppuðu jarðgasi og fljótandi jarðolíugasi eru prófaðir með mismunandi tegundum viðmiðunareldsneytis, þá skal gera sams konar töflu fyrir hverja tegund viðmiðunareldsneytis.

^(g) Einingunni „l/100 km“ er skipt út fyrir „m³/100 km“ fyrir ökutæki sem eru knúin jarðgasi og vetnis- og jarðgasi og með „kg/100 km“ fyrir ökutæki sem eru vetnisknúin.

^(h) Vistvæn nýsköpun.

^(h1) Gera skal sams konar töflu fyrir hvert afbrigði/útfærslu.

^(h2) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneytis sem er prófað.

^(h3) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.

^(h4) Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(h5) Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(h6) Ef ákveðin aðferð við líkanasmíði er notuð í staðinn fyrir prófunarlotu prófunar 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmíðina.

^(h7) Samanlagður sparnaður í losun koltvísýrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun.

^(h8) Almennur kóði fyrir vistvæna nýsköpun skal samsettur úr eftirfarandi þáttum, hver og einn aðgreindur með eyðu:

— Kóði viðurkenningarfirvalds skv. VII. viðauka,

— Sérstakur kóði fyrir hverja vistvæna nýsköpun sem sett er í ökutæki, gefið upp í tímaröð ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu. (T.d. skal almennur kóði þriggja tegunda vistvænnar nýsköpunar, sem eru viðurkenndar í tímaröð sem 10, 15 og 16 og settar í ökutæki sem vottað er af þýska gerðarviðurkenningarfirvaldinu vera: „e1 10 15 16“.)

III. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir 4.3.5, 4.3.5.1 og 4.3.5.2 bætist við:

„4.3.5. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun:

4.3.5.1. Ef um er að ræða gerð ökutækis sem búið er einni eða fleiri tegundum vistvænnar nýsköpunar, í skilningi 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (*) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 (**), skal sýna fram á samræmi framleiðslu að því er varðar vistvæna nýsköpun með því að framkvæma prófanirnar, sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á þeirri vistvænu nýsköpun sem um er að ræða.

4.3.5.2. Liðir 4.3.1, 4.3.2 og 4.3.4 gilda.

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19.“

b) Eftirfarandi liðir 3.5.6, 3.5.6.1, 3.5.6.2 og 3.5.6.3 bætist við í 3. viðbæti:

„3.5.6. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í skilningi 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2011: já/nei (**)

3.5.6.1. Gerð/afbrigði/útfærsla grunnviðmiðunarökutækisins, sem um getur í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011 (**): ...

3.5.6.2. Vixlverkun á milli fleiri en einnar tegundar vistvænnar nýsköpunar: já/nei (*)

3.5.6.3. Losunargögn í tengslum við notkun vistvænnar nýsköpunar (***) (****)

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun ⁽¹⁾	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun ⁽²⁾	1. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækinu (g/km)	2. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækinu í prófunarlotu prófunar 1 ⁽³⁾	4. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunarastæður	Sparnaður í losun koltvísyrings ((1-2) - (3-4))*5
xxxx/201x ⁽¹⁾							
Heildarsparnaður í losun koltvísyrings (g/km) ⁽⁴⁾							

⁽¹⁾ Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

⁽²⁾ Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

⁽³⁾ Samkvæmt samþykki gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, ef líkanasmiði er notuð í staðinn fyrir prófunarlotu prófunar 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmiðna.

⁽⁴⁾ Samanlagður sparnaður í losun koltvísyrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun.

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.

(**) Ef við á.

(***) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneysis sem er prófað.

(****) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.“

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðbótinni við 4. viðbæti:

- i. í lið 2.1. er töflunni sem svarar til prófunar 6 skipt út fyrir eftirfarandi:

„Prófun 6	CO (g/km)	THC (g/km)
Mæligildi“,		

- ii. í stað liðar 2.1.1. komi eftirfarandi:

„2.1.1. Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með tveimur tegundum eldsneytis, skal taflan fyrir prófun 1 gerð fyrir báðar eldsneytisgerðirnar. Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti og prófun 1 á að fara fram á báðum tegundum eldsneytis, samkvæmt mynd I.2.4 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, og ökutæki sem nota fljótandi jarðolíugas eða jarðgas/lífmétan og knýja má annað hvort með einni eða tveimur tegundum eldsneytis, skal gera sams konar töflu fyrir mismunandi viðmiðunareldsneyti sem notuð eru í prófuninni og aukatafla skal sýna verstu niðurstöðurnar. Þegar við á, í samræmi við liði 1.1.2.4. og 1.1.2.5. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, skal sýna hvort niðurstöðurnar eru mældar eða reiknaðar út.

- iii. Eftirfarandi liðir 2.6. og 2.6.1. bætist við:

„2.6. Niðurstöður úr prófun vistvænnar nýsköpunar (*) (**)

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun (¹)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun (²)	1. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunaröku tækinu (g/km)	2. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunaröku tækinu í prófunarlotu prófunar 1 (³)	4. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunaraðstæður	Sparnaður í losun koltvísýrings ((1-2) - (3-4))*5
xxxx/201x							
Heildarsparnaður í losun koltvísýrings (g/km) (⁴)							

(¹) Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

(²) Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

(³) Ef notuð er líkanasmíði í staðinn fyrir prófunarlotu fyrir prófun 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmíðina.

(⁴) Samanlagður sparnaður í losun koltvísýrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun.

2.6.1. Almennur kóði vistvænnar nýsköpunar (**):

(*) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneytis sem er prófað.

(**) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.

(***) Almennur kóði fyrir vistvæna nýsköpun skal samansettur úr eftirfarandi þáttum, hver og einn aðgreindur með eyðu:

— Kóði gerðarviðurkenningarfirvaldsins, skv. VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

— Sérstakur kóði fyrir hverja vistvæna nýsköpun sem sett er í ökutæki, gefið upp í tímaröð ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu.

(T.d. skal almennur kóði þriggja tegunda vistvænnar nýsköpunar, sem eru viðurkenndar í tímaröð sem 10, 15 og 16 og settar í ökutæki sem vottað er af þýska gerðarviðurkenningarfirvaldinu vera: „e1 10 15 16“.)

- 2) Eftirfarandi liðir 4, 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4. bætist við í XII. viðauka:

„4. GERÐARVIÐURKENNING ÖKUTÆKJA SEM BÚIN ERU VISTVÆNNI NÝSKÖPUN

4.1. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011 skal framleiðandi, sem óskar eftir því að njóta ávinnings af minnkun sinni á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings, í kjölfar sparnaðar sem næst með einni eða fleiri tegundum vistvænnar nýsköpunar í ökutæki, sækja um EB-gerðarviðurkenningavottorð ökutækisins sem búið er vistvænni nýsköpun, hjá viðurkenningarfirvaldi.

4.2. Sparnaður í losun koltvísýrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun, skal, að því er varðar gerðarviðurkenningu, ákvarðaður með verklagsreglunum og prófunaraðferðinni, sem tilgreind er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun, í samræmi við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011.

-
- 4.3. Framkvæmd nauðsynlegra prófana til að ákvarða þann sparnað í losun koltvísýrings, sem næst með vistvænni nýsköpun, skal ekki hafa áhrif á skilyrðið um að sýna fram á að vistvæn nýsköpun sé í samræmi við tækniforskriftirnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2007/46/EB, ef við á.
- 4.4. Gerðarviðurkenning skal ekki veitt ef ekki er sýnt fram á að ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun hafi náð lágmarksminnkun losunar koltvísýrings sem nemur 1 g/km gagnvart viðmiðunarökutækinu, eins og um getur í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011.“.
-

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 220/2013

2014/EES/23/41

frá 13. mars 2013

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamála-stofnunar Evrópu ⁽¹⁾,

einkum 5, mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu ⁽²⁾ samanstanda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu (heitið notað óstytt) af framlögum frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.
- 2) Þessi gjöld ber að uppfæra með tilliti til upplýsinga um verðbólgu fyrir 2012. Verðbólguástigið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birti það, var 2,6% árið 2012.
- 3) Til einföldunar skulu aðlagðar fjárhæðir gjalda námundaðar að næstu 100 evrum.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.
- 5) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem biða umfjöllunar 1. apríl 2013.

- 6) Í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 skal uppfærslan framkvæmd þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2013. Því er rétt og brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

- í fyrstu undirgrein komi „274 400 evrur“ í stað „267 400 evrur“,
- í annarri undirgrein komi „27 500 evrur“ í stað „26 800 evrur“,
- í þriðju undirgrein komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.

- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

- í fyrstu undirgrein komi „106 500 evrum“ í stað „103 800 evrum“,
- í annarri undirgrein komi „177 300 evrur“ í stað „172 800 evrur“,
- í þriðju undirgrein komi „10 600 evrur“ í stað „10 300 evrur“,
- í fjórðu undirgrein komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.

- iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

- í fyrstu undirgrein komi „82 400 evrum“ í stað „80 300 evrum“,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 70, 14.3.2013, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

- í annarri undirgrein komi „20 600 til 61 800 evrur“ í stað „20 100 til 60 200 evrur“,
- í þriðju undirgrein komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:
- komi „3 000 evrur“ í stað „2 900 evrur“,
- komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
- í fyrstu undirgrein komi „82 400 evrum“ í stað „80 300 evrum“,
- í annarri undirgrein komi „20 600 til 61 800 evrur“ í stað „20 100 til 60 200 evrur“.
- c) Í 3. mgr. komi „13 600 evrur“ í stað „13 300 evrur“.
- d) Í 4. mgr. komi „20 600 evrum“ í stað „20 100 evrum“.
- e) Í 5. mgr. komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. í fyrstu undirgrein komi „98 400 evrur“ í stað „95 900 evrur“,
- ii. Í annarri undirgrein komi „24 500 til 73 800 evrur“ í stað „23 900 til 71 900 evrur“.
- 2) Í 4. gr. komi „68 400 evrum“ í stað „66 700 evrum“.
- 3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
- í fyrstu undirgrein komi „137 300 evrur“ í stað „133 800 evrur“,
- í annarri undirgrein komi „13 600 evrur“ í stað „13 300 evrur“,
- í þriðju undirgrein komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- Fjórðu undirgrein er breytt sem hér segir:
- komi „68 400 evrur“ í stað „66 700 evrur“.
- komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
- í fyrstu undirgrein komi „41 100 evrum“ í stað „40 100 evrum“,
- í annarri undirgrein komi „10 300 til 30 900 evrur“ í stað „10 000 til 30 100 evrur“,
- í þriðju undirgrein komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- c) Í 3. mgr. komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- d) Í 4. mgr. komi „20 600 evrum“ í stað „20 100 evrum“.
- e) Í 5. mgr. komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í fyrstu undirgrein komi „32 800 evrum“ í stað „32 000 evrum“.
- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
- í fyrstu undirgrein komi „68 400 evrum“ í stað „66 700 evrum“,
- í annarri undirgrein komi „116 000 evrur“ í stað „113 100“,
- í þriðju undirgrein komi „13 600 evrur“ í stað „13 300 evrur“,
- í fjórðu undirgrein komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- Fimmtu undirgrein er breytt sem hér segir:
- komi „34 300 evrur“ í stað „33 400 evrur“,
- komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:
- í fyrstu undirgrein komi „34 300 evrum“ í stað „33 400 evrum“,
- í annarri undirgrein komi „8 600 til 25 700 evrur“ í stað „8 400 til 25 000 evrur“.
- í þriðju undirgrein komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
- komi „3 000 evrur“ í stað „2 900 evrur“,
- komi „6 900 evrur“ í stað „6 700 evrur“.
- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

- ii. Í annarri undirgrein komi „8 200 til 24 500 evrur“ í stað „8 000 til 23 900 evrur“.
- 4) Í 6. gr. komi „41 100 evrum“ í stað „40 100 evrum“.
- 5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í fyrstu mgr. komi „68 400 evrum“ í stað „66 700 evrum“.
- b) Í annarri mgr. komi „20 600 evrum“ í stað „20 100 evrum“.
- 6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í annarri undirgrein komi „82 400 evrur“ í stað „80 300 evrur“.
- ii. Í þriðju undirgrein komi „41 100 evrur“ í stað „40 100 evrur“.
- iii. Í fjórðu undirgrein komi „20 600 til 61 800 evrur“ í stað „20 100 til 60 200 evrur“.
- iv. Í fimmtu undirgrein komi „10 300 til 30 900 evrur“ í stað „10 000 til 30 100 evrur“.
- b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í annarri undirgrein komi „274 400 evrur“ í stað „267 400 evrur“.
- ii. Í þriðju undirgrein komi „137 300 evrur“ í stað „133 800 evrur“.
- iii. Í fimmtu undirgrein komi „3 000 til 236 500 evrur“ í stað „2 900 til 230 500 evrur“.
- iv. Í sjöttu undirgrein komi „3 000 til 118 400 evrur“ í stað „2 900 til 115 400 evrur“.
- c) Í 3. mgr. komi „6 900 evrum“ í stað „6 700 evrum“.

2. gr.

Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2013.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 354/2013**

2014/EES/23/42

frá 18. apríl 2013

um breytingar varðandi sæfivörur sem eru leyfðar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 51. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að tryggja samhæfða nálgun er rétt að samþykkja ákvæði um breytingar á sæfivörum að því er varðar upplýsingarnar sem lagðar eru fram í tengslum við upphaflegar umsóknir um leyfi fyrir sæfivörum og flokkum skyldra sæfivara eða skráningu á þeim, sem leyfi var veitt fyrir eða voru skráðar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾ og reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 2) Flokka skal tillögur að breytingum á sæfivörum í mismunandi flokka með tilliti til þess að hvaða marki þær hafa í för með sér endurmat á áhættu af völdum sæfivöru eða flokks skyldra sæfivara fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, og endurmat á verkun þeirra. Rétt þykir að koma á viðmiðunum til að nota til að flokka breytingar á vöru í einn af flokkunum sem um getur í 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Til að auka fyrirsjáanleika skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“) gefa út álit á flokkun á breytingum á vörum. Efnastofnunin skal einnig gefa út viðmiðunarreglur um einstök atriði hinna ýmsu breytingarflokka. Þessar viðmiðunarreglur skulu uppfærðar reglulega á grundvelli vísinda- og tækniframfara.
- 4) Það er nauðsynlegt að skýra málsmeðferðina sem leiðir til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og, ef við á, 5. mgr. 44. gr. hennar.
- 5) Til að draga úr heildarfjölda mögulegra umsókna, og til að gera aðildarríkjum, Efnastofnuninni og framkvæmdastjórninni kleift að einbeita sér að þeim breytingum sem hafa óyggjandi áhrif á eiginleika sæfivöru, skal innleiða kerfi fyrir árlega skýrslugjöf um tilteknar breytingar sem eru stjórnsýslulegs eðlis. Ekki skal krefjast undanfarandi samkomulags vegna slíkra

breytinga og tilkynna skal um þær innan 12 mánaða frá því að þær koma til framkvæmdar. Aðrar gerðir breytinga sem eru stjórnsýslulegs eðlis, sem krefjast undanfarandi athugunar sem og þess að strax sé tilkynnt um þær til að hægt sé að hafa samfellt eftirlit með viðkomandi sæfivöru, skulu þó ekki falla undir kerfið fyrir árlega skýrslugjöf.

- 6) Leggja skal inn sérumsókn fyrir hverja breytingu. Þó skal vera heimilt að samflokka breytingar í ákveðnum tilvikum til að auðvelda endurskoðun á breytingunum og minnka umsýsluálagið.
- 7) Til að auka samvinnu milli aðildarríkjanna og gera það kleift að leysa ágreining um mat á ákveðnum breytingum skal innleiða ákvæði varðandi hlutverk samræmingarhópsins sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 8) Í þessari reglugerð skal skýrt hvenær leyfishafinn má hrinda tiltekinni breytingu í framkvæmd þar eð slík skýring er nauðsynleg fyrir rekstraraðila.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði varðandi breytingar á sæfivörum sem óskað er eftir í samræmi við 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með tilliti til hverra þeirra upplýsinga sem eru lagðar fram í tengslum við upphaflega leyfisumsókn fyrir sæfivöru eða flokki skyldra sæfivara í samræmi við tilskipun 98/8/EB og reglugerð (ESB) nr. 528/2012 (hér á eftir „breytingar á vörum“).

2. gr.

Flokkun breytinga á vörum

1. Breytingar á vörum eru flokkaðar í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð. Tilteknir breytingarflokkar eru skráðir í töflunum í viðaukanum.

2. Handhafa leyfis er heimilt að leggja fram þá beiðni að Efnastofnunin gefi álit, í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, á flokkun á breytingu sem ekki er skráð í einni af töflunum í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 109, 19.4.2013, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

Álitinu skal skilað innan 45 daga frá viðtöku beiðninnar og greiðslu þóknunarinnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

Efnastofnunin skal birta álitid eftir að allar upplýsingar sem viðskiptaleynd hvílir á hafa verið fjarlægðar.

3. gr.

Viðmiðunarreglur um flokkun

1. Að höfðu samráði við aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og hagsmunaaðila skal Efnastofnunin semja viðmiðunarreglur um einstök atriði hinna ýmsu flokka breytinga á vörum.

2. Þessar viðmiðunarreglur skulu uppfærðar reglulega að teknu tilliti til álitanna, sem gefin eru í samræmi við 2. mgr. 2. gr., framlags aðildarríkjanna sem og vísinda- og tækni framfara.

4. gr.

Samflokkun breytinga

1. Ef óskað er eftir mörgum breytingum á vörum skal leggja fram sérstaka tilkynningu eða umsókn fyrir hverja breytingu sem óskað er eftir.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda eftirfarandi reglur:

- a) einstök tilkynning getur náð yfir röð tillagna um stjórnslubreytingar sem hafa sömu áhrif á mismunandi breytingar,
- b) einstök tilkynning getur náð yfir röð tillagna um stjórnslubreytingar sem hafa áhrif á sömu vöru,
- c) einstök umsókn getur náð yfir fleiri en eina tillögu um breytingu á sömu vöru í eftirfarandi tilvikum:
 - 1) ein af tillögnum um breytingar í hópnum er meiri háttar breyting á vörinni; allar aðrar tillögur um breytingar í hópnum eru bein afleiðing af þeirri breytingu,
 - 2) ein af tillögnum um breytingar í hópnum er minni háttar breyting á vörinni og allar aðrar tillögur um breytingar í hópnum eru bein afleiðing af þeirri breytingu,
 - 3) allar breytingar í hópnum eru bein afleiðing af nýrri flokkun á virka efninu/virku efnunum, eða óvirka efninu/óvirku efnunum sem varan inniheldur eða á vörinni sjálfri,
 - 4) allar breytingar í hópnum eru bein afleiðing af tilgreindum skilyrðum leyfisins,
- d) einstök umsókn getur náð yfir fleiri en eina tillögu um breytingu ef aðildarríkið, sem metur umsóknina í samræmi við 4. mgr. 7. gr. eða 4. mgr. 8. gr., eða Efnastofnunin, ef um er að ræða Sambandsleyfi, staðfestir að það sé raunhæft að fjalla um þær breytingar í sömu málsmeðferð.

Ef a.m.k. ein af tillögnum um breytingar er minni háttar breyting á vörinni og ef engin tillagnanna um breytingar er meiri háttar breyting á vörinni skulu einstöku umsóknirnar, sem um getur í c- og d-lið fyrstu undirgreinar, lagðar fram í samræmi við 7. eða 12. gr. og ef a.m.k. ein af tillögnum um breytingu er meiri háttar breyting á vörinni skulu þær lagðar fram í samræmi við 8. eða 13. gr.

5. gr.

Kröfur um upplýsingar

Umsókn, sem lögð er fram í samræmi við 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 528/2012, skal innihalda eftirfarandi:

- 1) viðeigandi útfyllt umsóknareyðublað, sem fæst hjá sæfivöruskra, sem skal innihalda:
 - a) skrá yfir öll leyfi sem tillagan um breytingu eða breytingar hefur áhrif á,
 - b) skrá þar sem fram koma öll aðildarríkin sem varan er leyfð í og þar sem óskað er eftir breytingunum (hér á eftir nefnd „hlutaðeigandi aðildarríki“),
 - c) að því er varðar vörur sem landsbundið leyfi er fyrir: aðildarríkið sem mat upphaflegu leyfisumsóknina fyrir sæfivörinni eða, ef ekki er óskað eftir breytingum í því aðildarríki, aðildarríkið sem umsækjandi velur auk skriflegrar staðfestingar á því að það aðildarríki samþykki að vera tilvísunaraðildarríki (hér á eftir nefnt „tilvísunaraðildarríki“),
 - d) að því er varðar meiri háttar breytingar á vörum sem Sambandsleyfi er fyrir: aðildarríkið sem mat upphaflegu leyfisumsóknina fyrir sæfivörinni eða, ef ekki er óskað eftir breytingum í því aðildarríki, aðildarríkið sem umsækjandi velur auk skriflegrar staðfestingar á því að það aðildarríki samþykki að meta umsóknina um breytingu,
 - e) ef við á: drög að endurskoðaðri samantekt um eiginleika sæfivörunnar, eins og við á,
 - 1) að því er varðar vörur sem landsbundið leyfi er fyrir: opinber(t) tungumál allra hlutaðeigandi aðildarríkja,
 - 2) að því er varðar vörur sem Sambandsleyfi er fyrir: eitt af opinberu tungumálunum í Sambandinu og ef um er að ræða meiri háttar breytingar verður það að vera tungumál sem tilvísunaraðildarríkið, sem um getur í c-lið, samþykkir þegar umsóknin er lögð fram,
- 2) lýsingu á öllum breytingunum sem óskað er eftir,
- 3) ef breyting leiðir til annarra breytinga eða er afleidd breyting annarra breytinga á skilmálum sama leyfis: lýsingu á sambandinu milli þessara breytinga,

- 4) öll fylgiskjöl sem máli skipta til að sýna fram á að tillögð breyting hafi ekki skaðleg áhrif á fyrri niðurstöður sem fengist hafa varðandi uppfyllingu skilyrða sem sett eru fram í 19. eða 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012,
- 5) álitid sem Efnastofnunin gaf út í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar, ef við á.

II. KAFLI

BREYTINGAR Á VÖRUM SEM AÐILDARRÍKIN HAFA VEITT LEYFI FYRIR

6. gr.

Málsmeðferð vegna tilkynninga um stjórnsýslubreytingar á vörum

1. Handhafi leyfis eða fulltrúi hans skal leggja samtímis fyrir öll hlutaðeigandi aðildarríki tilkynningu í samræmi við 5. gr. og greiða þóknunina sem greiða skal í samræmi við 2. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) 528/2012 í hverju þessara aðildarríkja.
2. Tilkynningin skal lögð fram innan 12 mánaða frá því að breytingarnar koma til framkvæmda, með fyrirvara um aðra undirgrein.

Ef um er að ræða breytingu sem um getur í 1. hluta 1. bólsks viðaukans við þessa reglugerð skal leggja tilkynninguna fram áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

3. Ef eitt hlutaðeigandi aðildarríkja er andvíg breytingunni eða ef viðkomandi þóknun hefur ekki verið greidd skal aðildarríkið, sem um ræðir, tilkynna handhafa leyfisins eða fulltrúa hans og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum um það að breytingunni sé hafnað og ástæðurnar fyrir höfnuninni, innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar.

Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki lýst sig andvíg innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar telst það aðildarríki hafa samþykkt breytinguna.

4. Hvert hlutaðeigandi aðildarríkja, sem hefur ekki hafnað breytingunni í samræmi við 3. mgr., skal, ef við á, breyta leyfinu fyrir sæfivörnunni í samræmi við breytinguna sem samþykkt er.

7. gr.

Málsmeðferð vegna minni háttar breytinga á vörum

1. Handhafi leyfis eða fulltrúi hans skal leggja umsókn, í samræmi við 5. gr., samtímis fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.
2. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna umsækjandanum um þóknunina sem greiða skal í samræmi við 2. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Ef umsækjandinn greiðir ekki þóknunina innan 30 daga skal hlutaðeigandi aðildarríki hafna umsókninni og tilkynna umsækjandanum og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum um það. Þegar hlutaðeigandi aðildarríki hefur tekið við þóknuninni skal það samþykka umsóknina og tilkynna umsækjandanum um það og gefa upp dagsetningu samþykkisins.

3. Ef umsóknin uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 5. gr., skal tilvísunaraðildarríkið fullgilda hana innan 30 daga frá því að hún er samþykkt og tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríkjum um það.

Að því er varðar fullgildinguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal tilvísunaraðildarríkið ekki meta gæði eða nægjanleika framlagðra gagna eða rökstuðnings.

Ef tilvísunaraðildarríkið telur að umsóknin sé ófullnægjandi skal það tilkynna umsækjandanum hvaða viðbótarupplýsinga er krafist til að umsóknin teljist fullnægjandi og skal veita honum hæfilegan frest til að leggja þær upplýsingar fram. Fresturinn skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 45 dagar.

Tilvísunaraðildarríkið skal fullgilda umsóknina innan 30 daga frá viðtöku viðbótarupplýsinganna ef framlagðar viðbótarupplýsingarnar eru nægjanlegar til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Tilvísunaraðildarríkið skal hafna umsókninni ef umsækjandinn leggur ekki fram umbeðnar upplýsingar innan tiltekens frests og skal tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríkjum þar um.

4. Innan 90 daga frá fullgildingunni umsóknar skal tilvísunaraðildarríkið meta umsóknina, gera drög að matsskýrslu og senda matsskýrslu sína og, ef við á, endurskoðaða samantekt á eiginleikum sæfivörunnar til hlutaðeigandi aðildarríkja og til umsækjandans.

5. Ef svo virðist sem þörf sé á viðbótarupplýsingum til að unnt sé að vinna matið skal tilvísunaraðildarríkið biðja umsækjandann að leggja þær upplýsingar fram innan tiltekens frests. Sá frestur, sem um getur í 4. mgr., rofnar sama dag og beiðnin er lögð fram og heldur ekki áfram að líða fyrr en daginn þegar tekið er við upplýsingunum. Fresturinn sem umsækjandinn fær skal ekki vara lengur en 45 daga alls nema það sé réttlátanlegt vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

Tilvísunaraðildarríkið skal hafna umsókninni ef umsækjandinn leggur ekki fram umbeðnar upplýsingar innan tiltekens frests og skal tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríkjum þar um.

6. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hafa ekki lýst sig andvíg, í samræmi við 10. gr., innan 45 daga frá móttöku matsskýrslunnar og, ef við á, endurskoðuðu samantektarinnar á eiginleikum sæfivörunnar skulu þau aðildarríki teljast hafa samþykkt niðurstöður matsskýrslunnar og, ef við á, endurskoðuðu samantektina á eiginleikum sæfivörunnar.

7. Innan 30 daga frá því að samkomulagið næst skal tilvísunaraðildarríkið tilkynna umsækjandanum um samkomulagið og gera það aðgengilegt í sæfivöruskránni sem um getur í 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Tilvísunaraðildarríkið og hvert hlutaðeigandi aðildarríkja skulu, ef við á, breyta leyfunum fyrir sæfivörnunni í samræmi við breytinguna sem samþykkt er.

8. gr.

Málsmeðferð vegna meiri háttar breytinga á vörum

1. Handhafi leyfis eða fulltrúi hans skal leggja umsókn, í samræmi við 5. gr., samtímis fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna umsækjandanum um þóknunina sem greiða skal í samræmi við 2. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Ef umsækjandinn greiðir ekki þóknunina innan 30 daga skal hlutaðeigandi aðildarríki hafna umsókninni og tilkynna umsækjandanum og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum um það. Þegar hlutaðeigandi aðildarríki hefur tekið við þóknuninni skal það samþykkja umsóknina og tilkynna umsækjandanum um það og gefa upp dagsetningu samþykkisins.

3. Ef umsóknin uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 5. gr., skal tilvísunaraðildarríkið fullgilda hana innan 30 daga frá því að hún er samþykkt og tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríkinu um það.

Að því er varðar fullgildinguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal tilvísunaraðildarríkið ekki meta gæði eða nægjanleika framlagðra gagna eða rökstuðnings.

Ef tilvísunaraðildarríkið telur að umsóknin sé ófullnægjandi skal það tilkynna umsækjandanum hvaða viðbótarupplýsinga er krafist til fullgildingar á umsókninni og skal veita honum hæfilegan frest til að leggja þær upplýsingar fram. Fresturinn skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 90 dagar.

Tilvísunaraðildarríkið skal fullgilda umsóknina innan 30 daga frá viðtöku viðbótarupplýsinganna ef það telur að viðbótarupplýsingarnar, sem eru lagðar fram, séu nægjanlegar til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Tilvísunaraðildarríkið skal hafna umsókninni ef umsækjandinn leggur ekki fram umbeðnar upplýsingar innan tiltekins frests og skal tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríkjum þar um.

4. Innan 180 daga frá fullgildingunni skal tilvísunaraðildarríkið meta umsóknina, gera drög að matsskýrslu og senda matsskýrslu sína og, ef við á, endurskoðaða samantekt á eiginleikum sæfivörunnar til hlutaðeigandi aðildarríka og til umsækjandans.

5. Ef svo virðist sem þörf sé á viðbótarupplýsingum til að unnt sé að vinna matið skal tilvísunaraðildarríkið biðja umsækjandann að leggja þær upplýsingar fram innan tiltekins frests. Sá frestur, sem um getur í 4. mgr., rofnar sama dag og beiðnin er lögð fram og heldur ekki áfram að líða fyrr en daginn þegar tekið er við upplýsingunum. Fresturinn sem umsækjandinn fær skal ekki vara lengur en 90 daga alls nema það sé réttlæt看legt vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

Tilvísunaraðildarríkið skal hafna umsókninni ef umsækjandinn leggur ekki fram umbeðnar upplýsingar innan tiltekins frests og skal tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríkjum þar um.

6. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hafa ekki lýst sig andvíg, í samræmi við 10. gr., innan 90 daga frá móttöku

matsskýrslunnar og, ef við á, endurskoðuðu samantektarinnar á eiginleikum sæfivörunnar, skulu þau aðildarríki teljast hafa samþykkt niðurstöður matsskýrslunnar og, ef við á, endurskoðuðu samantektina á eiginleikum sæfivörunnar.

7. Innan 30 daga frá því að samkomulagið næst skal tilvísunaraðildarríkið tilkynna umsækjandanum um samkomulagið og tilvísunaraðildarríkið og hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal, ef við á, breyta leyfunum fyrir sæfivörunni í samræmi við breytinguna sem samþykkt er.

9. gr.

Sæfivörur sem eru leyfðar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012

1. Ef leyfið hefur verið veitt í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal handhafi leyfisins eða fulltrúi hans tilkynna þeim aðildarríkjum, þar sem sæfivaran er gerð aðgengileg, um tilkynningar eða umsóknir sem eru lagðar fyrir tilvísunaraðildarríkið í samræmi við 6., 7. eða 8. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef tilvísunaraðildarríki hefur samþykkt endurskoðaða samantekt á eiginleikum sæfivöru skal handhafi leyfisins eða fulltrúi hans leggja endurskoðuðu samantektina fyrir hvert aðildarríki, þar sem sæfivaran er gerð aðgengileg, á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis.

9. gr. a

Málsmeðferð vegna breytinga sem önnur aðildarríki hafa þegar samþykkt

1. Ef búið er að samþykkja stjórnsýslubreytingu í einu eða fleiri aðildarríkjum, og handhafi leyfisins óskar eftir sömu stjórnsýslubreytingu í enn einu hlutaðeigandi aðildarríki skal handhafi leyfisins eða fulltrúi hans leggja fram tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 6. gr. fyrir viðkomandi, hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Ef búið er að samþykkja minni háttar eða meiri háttar breytingu í einu eða fleiri aðildarríkjum og handhafi leyfisins óskar eftir sömu minni háttar eða meiri háttar breytingu í enn einu hlutaðeigandi aðildarríki skal handhafi leyfisins eða fulltrúi hans leggja fram umsókn í samræmi við 5. gr. fyrir viðkomandi, hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna umsækjandanum um þóknunina sem greiða skal í samræmi við 2. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Ef umsækjandinn greiðir ekki þóknunina innan 30 daga skal hlutaðeigandi aðildarríki hafna umsókninni og tilkynna umsækjandanum og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum um það. Þegar hlutaðeigandi aðildarríki hefur tekið við þóknuninni skal það samþykkja umsóknina og tilkynna umsækjandanum um það og gefa upp dagsetningu samþykkisins.

4. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki lýst sig andvíg, í samræmi við 10. gr., innan 45 daga þegar um minni háttar breytingu eru að ræða, eða 90 daga ef um meiri háttar breytingu er að ræða, skal það teljast hafa samþykkt niðurstöður matsskýrslunnar og, ef við á, endurskoðuðu samantektina á eiginleikum sæfivörunnar.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna umsækjandanum um samkomulagið, sem um getur í 4. mgr., innan 30 daga og, ef við á, breyta leyfinu fyrir sæfivörunni í samræmi við breytinguna sem samþykkt er.

10. gr.

Samræmingarhópur, gerðardómur og undanþága frá gagnkvæmri viðurkenningu

1. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að leggja til að synjað verði um leyfi eða að gerðar verði breytingar á skilmálum og skilyrðum leyfis í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2. Ef um er að ræða önnur mál en þau sem um getur í 1. mgr., ef hlutaðeigandi aðildarríki ná ekki samkomulagi um niðurstöður matsskýrslunnar eða, ef við á, endurskoðuðu samantektarinnar á eiginleikum sæfivörunnar, í samræmi við 7. gr. (6. mgr.) eða 8. gr. (6. mgr.), eða ef hlutaðeigandi aðildarríki er ósammála, í samræmi við 6. gr. (3. mgr.), skal tilvísunaraðildarríkið vísa málinu til samræmingarhópsins sem um getur í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

Ef hlutaðeigandi aðildarríki er ósammála tilvísunaraðildarríkinu skal hið fyrrnefnda rökstyðja afstöðu sína ítarlega fyrir öllum hlutaðeigandi aðildarríkjunum og fyrir umsækjandanum.

3. Ákvæði 35. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skulu gilda um ágreiningsefni sem um getur í 2. mgr.

III. KAFLI

BREYTINGAR Á VÖRUM SEM FRAMKVÆMDASTJÓRNIN HEFUR VEITT LEYFI FYRIR

11. gr.

Málsmeðferð vegna tilkynninga um stjórnarsýslubreytingar á vörum

1. Handhafi leyfis eða fulltrúi hans skal leggja fyrir Efnastofnunina tilkynningu í samræmi við 5. gr. og greiða þóknunina sem greiða skal í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2. Tilkynningin skal lögð fram innan 12 mánaða frá því að breytingarnar koma til framkvæmda, með fyrirvara um aðra undirgrein.

Ef um er að ræða breytingu sem um getur í 1. hluta 1. bálks viðaukans við þessa reglugerð skal leggja tilkynninguna fram áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

3. Efnastofnunin skal semja álit á tillögunni um breytingar og leggja það fyrir framkvæmdastjórnina innan 30 daga frá því að hún tekur við tilkynningunni, með fyrirvara um að viðkomandi þóknun hafi verið greidd.

4. Ef viðkomandi þóknun hefur ekki verið greidd innan 30 daga eftir móttöku tilkynningarinnar skal Efnastofnunin hafna umsókninni og tilkynna umsækjandanum um það.

Kæra má, í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur samkvæmt þessari málsgrein.

5. Efnastofnunin skal tilkynna umsækjandanum um álit sitt og skal, ef við á, óska eftir því að umsækjandinn leggi fram

drög að endurskoðaðri samantekt á eiginleikum sæfivörunnar á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

6. Innan 30 daga frá því að Efnastofnunin leggur álit sitt fyrir framkvæmdastjórnina skal hún, ef við á, senda framkvæmdastjórninni, á öllum opinberum tungumálum Sambandsins, endurskoðuðu drögin að samantektinni á eiginleikum sæfivörunnar, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

12. gr.

Málsmeðferð vegna minni háttar breytinga á vörum

1. Handhafi leyfis eða fulltrúi hans skal leggja umsókn fyrir Efnastofnunina í samræmi við 5. gr.

2. Efnastofnunin skal tilkynna umsækjandanum um þóknunina sem greiða skal samkvæmt a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og skal hafna umsókninni ef umsækjandinn greiðir ekki þóknunina innan 30 daga. Hún skal tilkynna umsækjandanum þar um.

Þegar Efnastofnunin hefur tekið við þóknuninni skal hún samþykkja umsóknina og tilkynna umsækjandanum um það.

Kæra má, í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur samkvæmt þessari málsgrein.

3. Ef umsóknin uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. skal Efnastofnunin fullgilda hana innan 30 daga frá því að hún er samþykkt.

Að því er varðar fullgildinguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal Efnastofnunin ekki meta gæði eða nægjanleika framlagðra gagna eða rökstuðnings.

Ef Efnastofnunin telur að umsóknin sé ófullnægjandi skal hún tilkynna umsækjandanum hvaða viðbótarupplýsinga er krafist til að umsóknin sé fullnægjandi og skal veita honum hæfilegan frest til að leggja þær upplýsingar fram. Fresturinn skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 45 dagar.

Efnastofnunin skal fullgilda umsóknina innan 30 daga frá viðtöku viðbótarupplýsinganna ef hún telur að viðbótarupplýsingarnar, sem eru lagðar fram, séu nægjanlegar til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Efnastofnunin skal hafna umsókninni ef umsækjandinn leggur ekki fram umbeðnar upplýsingar innan tiltekens frests og tilkynna umsækjandanum þar um. Í slíkum tilvikum skal endurgreiða hluta þóknunarinnar sem greidd var í samræmi við 2. mgr.

Kæra má, í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur samkvæmt þessari málsgrein.

4. Efnastofnunin skal semja álit á tillögunni um breytingar og leggja það fyrir framkvæmdastjórnina innan 90 daga frá því að hún tekur við umsókninni. Ef álitid er jákvætt skal Efnastofnunin taka fram hvort breytingin, sem lögð er til, útheimti að leyfinu verði breytt.

Efnastofnunin skal tilkynna umsækjandanum um álit sitt og gera það aðgengilegt í sæfivöruskránni sem um getur í 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og skal, ef við á, óska eftir því að umsækjandinn leggi fram drög að endurskoðaðri samantekt á eiginleikum sæfivörunnar á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

5. Ef svo virðist sem þörf sé á viðbótarupplýsingum til að unnt sé að vinna matið skal Efnastofnunin biðja umsækjandann að leggja þær upplýsingar fram innan tiltekins frests. Sá frestur sem um getur í 4. mgr. rofnar sama dag og beiðnin er lögð fram og heldur ekki áfram að líða fyrr en daginn þegar tekið er við upplýsingunum. Fresturinn sem umsækjandinn fær skal ekki vara lengur en 45 daga alls nema það sé réttlæt看legt vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

6. Innan 30 daga frá því að Efnastofnunin leggur álit sitt fyrir framkvæmdastjórnina skal hún, ef við á, senda framkvæmdastjórninni, á öllum opinberum tungumálum Sambandsins, endurskoðuðu drögin að samantektinni á eiginleikum sæfivörunnar, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

13. gr.

Málsmeðferð vegna meiri háttar breytinga á vörum

1. Handhafi leyfis eða fulltrúi hans skal leggja umsókn fyrir Efnastofnunina í samræmi við 5. gr.

2. Efnastofnunin skal tilkynna umsækjandanum um þóknunina sem greiða skal samkvæmt a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og skal hafna umsókninni ef umsækjandinn greiðir ekki þóknunina innan 30 daga. Hún skal tilkynna umsækjandanum og lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem um getur í d-lið 1. mgr. 5. gr. (hér á eftir nefnt „lögbært matsyfirvald“) um það.

Þegar Efnastofnunin hefur tekið við þóknuninni skal hún samþykkja umsóknina og tilkynna umsækjandanum og lögbæra matsyfirvaldinu um það.

Kæra má, í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur samkvæmt þessari málsgrein.

3. Lögbæra matsyfirvaldið skal fullgilda umsóknina innan 30 daga frá því að Efnastofnunin samþykkir hana ef hún uppfyllir kröfunar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Að því er varðar fullgildinguna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal lögbæra matsyfirvaldið ekki meta gæði eða nægjanleika framlagðra gagna eða rökstuðnings.

Innan 15 daga eftir að Efnastofnunin hefur samþykkt umsókn skal lögbæra matsyfirvaldið tilkynna umsækjandanum um þóknunina sem greiða skal skv. 2. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og skal hafna umsókninni ef umsækjandinn greiðir ekki þóknunina innan 30 daga.

4. Ef lögbæra matsyfirvaldið telur að umsóknin sé ófullnægjandi skal það tilkynna umsækjandanum hvaða viðbótarupplýsinga er krafist til að umsóknin sé fullnægjandi og skal veita honum hæfilegan frest til að leggja þær upplýsingar fram. Fresturinn skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 90 dagar.

Lögbæra matsyfirvaldið skal fullgilda umsóknina innan 30 daga frá viðtöku viðbótarupplýsinganna ef það telur að

viðbótarupplýsingarnar, sem eru lagðar fram, séu nægjanlegar til að uppfylla kröfunar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Lögbæra matsyfirvaldið skal hafna umsókninni ef umsækjandinn leggur ekki fram umbeðnar upplýsingar innan tiltekins frests og skal tilkynna umsækjandanum og Efnastofnuninni þar um. Í slíkum tilvikum skal endurgreiða hluta þóknunarinnar sem greidd var í samræmi við 2. mgr.

5. Innan 180 daga frá fullgildingu umsóknar skal lögbæra matsyfirvaldið meta hana og senda Efnastofnuninni matsskýrslu og niðurstöður mats síns, þ.m.t. þar sem við á, drög að endurskoðaðri samantekt á eiginleikum vörunnar.

Áður en lögbæra matsyfirvaldið leggur niðurstöður sínar fyrir Efnastofnunina skal það gefa umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir um matið innan 30 daga. Lögbæra matsyfirvaldið skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra athugasemda í endanlegu mati sínu.

6. Ef svo virðist sem þörf sé á viðbótarupplýsingum til að unnt sé að vinna matið skal lögbæra matsyfirvaldið biðja umsækjandann að leggja þær upplýsingar fram innan tiltekins frests og skal tilkynna Efnastofnuninni þar um. Sá frestur sem um getur í 5. mgr. rofnar sama dag og beiðnin er lögð fram og heldur ekki áfram að líða fyrr en daginn þegar tekið er við upplýsingunum. Fresturinn sem umsækjandinn fær skal ekki vara lengur en 90 daga alls nema það sé réttlæt看legt vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

7. Efnastofnunin skal semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit á breytingunni sem er lögð til innan 90 daga frá viðtöku niðurstaðna matsins. Ef álitid er jákvætt skal Efnastofnunin taka fram hvort breytingin, sem lögð er til, útheimti að leyfinu verði breytt.

Efnastofnunin skal tilkynna umsækjandanum um álit sitt og skal, ef við á, óska eftir því að umsækjandinn leggi fram drög að endurskoðaðri samantekt á eiginleikum sæfivörunnar á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

8. Innan 30 daga frá því að Efnastofnunin leggur álit sitt fyrir framkvæmdastjórnina skal hún, ef við á, senda framkvæmdastjórninni, á öllum opinberum tungumálum Sambandsins, endurskoðuðu drögin að samantektinni á eiginleikum sæfivörunnar, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

IV. KAFLI

BREYTINGUM HRINT Í FRAMKVÆMD

14. gr.

Stjórnsýslubreytingar á vörum

1. Heimilt er að hrinda stjórnsýslubreytingum, sem um getur í 2. hluta 1. bálks viðaukans, í framkvæmd hvenær sem er fyrir lok málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um í 6. og 11. gr.

Heimilt er að hrinda í framkvæmd stjórnslubreytingum sem um getur í 1. hluta 1. bóls viðaukans í fyrsta lagi þann dag þegar aðildarríki eða, ef um er að ræða breytingar á vöru sem hefur Sambandsleyfi, framkvæmdastjórnin samþykkir breytinguna með ótvíræðum hætti eða 45 dögum eftir móttöku tilkynningarinnar í samræmi við 6. og 11. gr., hvort heldur ber fyrir að.

2. Ef einni af breytingunum sem um getur í 1. mgr. er hafnað skal handhafi leyfisins hætta að beita viðkomandi breytingu innan 30 daga frá tilkynningu um ákvörðun viðkomandi aðildarríkja eða, ef um er að ræða breytingar á vöru sem hefur Sambandsleyfi, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

15. gr.

Minni háttar breytingar

1. Með fyrirvara um jákvætt álit Efnastofnunarinnar er heimilt að hrinda í framkvæmd minni háttar breytingum á vöru, sem hefur Sambandsleyfi, hvenær sem er eftir að álit Efnastofnunarinnar hefur verið gert aðgengilegt í sæfivöruskránni í samræmi við 4. mgr. 12. gr.

2. Ef framkvæmdastjórnin hafnar minni háttar breytingunni sem lögð er til, í samræmi við 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, skal handhafi leyfisins hætta að beita breytingunni, sem lögð er til, innan 30 daga frá tilkynningunni um álit framkvæmdastjórnarinnar.

3. Heimilt er að hrinda í framkvæmd minni háttar breytingu á vöru, sem aðildarríkin leyfa, hvenær sem er eftir að tilvísunaraðildarríkið hefur gert samkomulagið aðgengilegt í sæfivöruskránni í samræmi við 7. mgr. 7. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. apríl 2013.

16. gr.

Meiri háttar breytingar

Meiri háttar breytingum má aðeins hrinda í framkvæmd eftir að viðkomandi aðildarríki eða, ef um er að ræða breytingar á vöru sem hefur Sambandsleyfi, framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytinguna og, ef við á, breytt ákvörðuninni um veitingu leyfisins með ákvörðuninni sem um getur í 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Stöðugt eftirlit með framkvæmd breytinga

Ef aðildarríki, Efnastofnunin eða framkvæmdastjórnin fara þess á leit, og í því skyni að hafa eftirlit með sæfivörum sem eru settar á markað, skal handhafi leyfisins án tafar veita yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina allar upplýsingar varðandi það að hrinda ákveðinni breytingu í framkvæmd.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

FLOKKUN Á BREYTINGUM Á VÖRUM

1. BÁLKUR

Stjórnsýslubreytingar á vörum

Stjórnsýslubreyting á vöru er breyting sem hefur í för með sér að aðeins má búast við að síðari breytingar á gildandi leyfi séu stjórnsýslulegar í skilningi aa-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

1. ÞÁTTUR

Stjórnsýslubreytingar á vörum sem krefjast fyrirframtílykningar áður en þeim er hrint í framkvæmd

Stjórnsýslubreyting á vöru sem krefst fyrirframtílykningar áður en henni er hrint í framkvæmd er stjórnsýslubreyting sem mikilvægt er að vita af vegna eftirlits og framfylgdar. Meðal slíkra breytinga eru þær sem eru skráðar í eftirfarandi töflu, að því tilskildu að skilyrðin sem þar koma fram séu uppfyllt:

Heiti sæfivörunnar

1.	Breytingar á heiti sæfivörunnar ef ekki er áhætta á að því verði ruglað saman við heiti annarra sæfivara.
2.	Viðbót við heiti sæfivörunnar ef ekki er áhætta á að því verði ruglað saman við heiti annarra sæfivara.

Handhafi leyfis

3.	Framsál leyfis til nýs handhafa sem er á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).
4.	Breyting á heiti eða heimilisfangi handhafa leyfisins sem verður áfram á Evrópska efnahagssvæðinu.

Framleiðandi eða framleiðendur virka efnisins eða efnanna.

5.	Framleiðanda á virka efninu bætt við eða breyting á deili framleiðandans, á staðsetningu framleiðslunnar eða á framleiðsluferlinu, ef Efnastofnunin hefur komið á tæknilegu jafngildi efnanna frá framleiðendunum tveimur, framleiðslustöðunum eða -ferlinu, í samræmi við 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og ef framleiðandinn eða innflytjandinn er skráður í samræmi við 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
----	---

Flokkur skyldra sæfivara

6.	Leyfi fyrir mörgum, leyfðum vörum sem falla undir skilgreiningar á rammasamsetningu, sem komið var á í samræmi við tilskipun 98/8/EB, sem flokki skyldra sæfivara, í samræmi við sömu skilmála og skilyrði.
----	---

2. ÞÁTTUR

Stjórnsýslubreytingar á vörum sem heimilt er að tilkynna eftir að þeim er hrint í framkvæmd

Stjórnsýslubreyting á vöru sem heimilt er að tilkynna eftir að henni er hrint í framkvæmd er stjórnsýslubreyting sem er ekki mikilvægt er að vita af vegna eftirlits og framfylgdar. Meðal slíkra breytinga eru þær sem eru skráðar í eftirfarandi töflu, að því tilskildu að skilyrðin sem þar koma fram séu uppfyllt:

Handhafi leyfis

1.	Aðrar breytingar á stjórnsýslulegum upplýsingum um handhafann en heiti og heimilisfang.
----	---

Framleiðandi, eða framleiðendur, efnasamsetningar sæfivörunnar

2.	Breyting á heiti framleiðanda efnasamsetningar sæfivörunnar, stjórnsýslulegum upplýsingum eða staðsetningu framleiðanda efnasamsetningar á samsetningu efna sæfivörunnar, ef samsetning sæfivörunnar og efnasamsetningarferlið helst óbreytt.
----	---

3.	Brottfelling staðsetningar á samsetningu efna eða framleiðanda efnasamsetningar sæfivörunnar.
4.	Viðbót á framleiðanda efnasamsetningar sæfivöru, ef samsetning sæfivörunnar og efnasamsetningarferlið helst óbreytt.
Framleiðandi eða framleiðendur virka efnisins eða efnanna.	
5.	Breyting á heiti eða stjórnsýslulegum upplýsingum um framleiðanda virka efnisins, ef staðsetning framleiðslunnar og framleiðsluferlið helst óbreytt og ef framleiðandinn er áfram á skrá í samræmi við 2. mgr. 95. gr. reglugerðar ESB) nr. 528/2012.
6.	Brottfelling á framleiðanda eða staðsetningu framleiðslu virka efnisins
Notkunarskilyrði	
7.	Ítarlegri notkunarleiddbeiningar ef aðeins er breytt orðalagi en ekki inntaki leiðbeininga.
8.	Tiltekin fullyrðing er fjarlægð, s.s. tilgreind marklífvera eða tilgreind notkun.
9.	Notendaflokkur er fjarlægður.
10.	Viðbót, útskipti eða breyting á mæli- eða skömmtunarbúnaði (e. <i>administration device</i>) sem skiptir ekki máli vegna áhættumats og sem er ekki lítið á sem ráðstöfun til að draga úr áhættu.
Flokkun og merking	
11.	Breyting á flokkun og merkingu ef breytingin takmarkast við það sem nauðsynlegt er til að uppfylla nýjar, gildandi kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁾ .

(¹) Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1

2. BÁLKUR

Minni háttar breytingar á vörum

Minni háttar breyting á vöru er breyting sem hefur í för með sér hverja þá breytingu á núverandi leyfi sem búast má við að sé minniháttar, í skilningi ab-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar sem ekki er búist við að breytingin á vörinni hafi áhrif á þær niðurstöður sem varða uppfyllingu á skilyrðunum í 19. eða 25. gr. þeirrar reglugerðar. Meðal slíkra breytinga eru breytingar sem eru skráðar í eftirfarandi töflu, að því tilskildu að skilyrðin sem þar koma fram séu uppfyllt:

Samsetning

1.	Aukning eða skerðing, viðbót, úrfelling eða útskipting á óvirku efni sem er haft af ásetningu með í vörinni ef: <ul style="list-style-type: none"> — Óvirka efnið, sem er bætt við eða sem er aukið, er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna. — Úrfelling eða skerðing á óvirka efninu hefur ekki í för með sér aukningu á virku efni eða efni sem gefur tilefni til áhyggna. — Þess er vænst að eðlisefnafræðilegir eiginleikar og geymsluþol vörunnar haldist óbreytt. — Þess er vænst að áhættu- og verkunareiginleikar haldist óbreyttir. — Ekki er búist við að nýtt meginlegt áhættumat sé nauðsynlegt.
2.	Aukning, skerðing, viðbót, úrfelling eða útskipting á óvirku efni sem er haft af ásetningu með í flokki skyldra sæfivara sem er utan leyfissviðsins ef: <ul style="list-style-type: none"> — Óvirka efnið, sem er bætt við eða sem er aukið, er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna. — Úrfelling eða skerðing á óvirka efninu hefur ekki í för með sér aukningu á virku efni eða efni sem gefur tilefni til áhyggna. — Þess er vænst að eðlisefnafræðilegir eiginleikar og geymsluþol vara í flokki skyldra sæfivara haldist óbreytt. — Þess er vænst að áhættu- og verkunareiginleikar haldist óbreyttir. — Ekki er búist við að nýtt meginlegt áhættumat sé nauðsynlegt.

Notkunarskilyrði

3.	Breyttar notkunarleiddbeiningar ef breytingarnar hafa ekki skaðleg áhrif á váhrifin
4.	Viðbót, útskipti eða breyting á mæli- eða skömmtunarbúnaði sem skiptir máli vegna áhættumats og sem er lítið á sem ráðstöfun til að draga úr áhættu ef: <ul style="list-style-type: none"> — Nýi búnaðurinn gefur umbeðinn skammt af viðkomandi sæfivöru í samræmi við samþykkt notkunarskilyrði. — Nýi búnaðurinn er samrýmanlegur sæfivörunni. — Ekki er búist við að breytingin hafi skaðleg áhrif á váhrifin.

Geymsluþol og geymsluskilyrði	
5.	Breytingar á geymsluþoli.
6.	Breytingar á geymsluskilyrðum
Pakkningastærð	
7.	Breytingar á pakkningastærð ef: <ul style="list-style-type: none">— Ný stærð er í samræmi við viðeigandi skammt og notkunarleiðbeiningar eins og samþykkt er í samantektinni á eiginleikum sæfivörunnar.— Engin breyting er á notendaflokki.— Sömu ráðstafanir til að draga úr áhættu gilda.

3. BÁLKUR

Meiri háttar breytingar á vörum

Meiri háttar breyting á vöru er breyting sem hefur í för með sér hverja þá breytingu á núverandi leyfi sem er gert er ráð fyrir að sé meiriháttar, í skilningi ac-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar sem fyrirsjáanlegt er að breytingin á vörunni hafi áhrif á niðurstöður sem varða uppfyllingu á skilyrðunum í 19. eða 25. gr. þeirrar reglugerðar.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1060/2013**

2014/EES/23/43

frá 29. október 2013

um leyfi fyrir bentóníti sem fõðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Bentónít var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem föðuraukefni, sem tilheyrir flokki bindiefna, kekkjavarnarefna og storkuefna, til notkunar fyrir allar dýrategundir með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/822/EBE ⁽³⁾. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir föðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á bentóníti, sem bindiefni og kekkjavarnarefni, sem föðuraukefni fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýtt leyfi fyrir því sem efni fyrir allar dýrategundir til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var auk þess lögð fram umsókn um nýtt

leyfi fyrir bentóníti, sem efni til að draga úr mengun í föðri af völdum sveppaeiturs, fyrir allar dýrategundir. Í umsóknunum er óskað eftir því að aukefnið verði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og þeim fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 2. febrúar 2011 ⁽⁴⁾, 14. júní 2011 ⁽⁵⁾ og 14. júní 2012 ⁽⁶⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi bentónít ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að það geti verið áhrifaríkt sem bindiefni og kekkjavarnarefni og sem efni til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda fyrir allar dýrategundir. Einnig var viðurkennt að bentónít geti verið áhrifaríkt sem aflatoxínbindiefni fyrir mjólkurkúr og að sú niðurstaða geti átt við um öll jörturdýr. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sérstakum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina föðuraukefnið í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Þar eð framlagðar rannsóknir í glasi uppfylla skilyrði til að sýna fram á verkun tæknilegu aukefnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ⁽⁷⁾, einkum í 4. lið II. viðauka og lið 1.4. í III. viðauka við hana, og rannsóknirnar voru viðurkenndar sem skýrar visbendingar um að bentónít geti bundið aflatoxín B1 (AfB) og enn fremur var bindandi eiginleikinn, sem er takmarkaður við aflatoxín B1, skilgreindur sem eiginleiki bentóníts, voru niðurstöður um virkni efnisins til að draga úr mengun í föðri af völdum sveppaeiturs taldar nægja til að ná einnig yfir notkun þess fyrir alifugla og svín.
- 6) Mat á bentóníti sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

⁽³⁾ Fertugasta og fyrsta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/822/EBE frá 19. nóvember 1982 um breytingu á viðaukunum við tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í föðri (Stjtið. EB L 347, 7.12.1982, bls. 16).

⁽⁴⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(2), 2007.

⁽⁵⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(6), 2276.

⁽⁶⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2787.

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í föðri og leyfi fyrir þeim (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

- 7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfi fyrir bentóníti, sem bindiefni og kekkjavarnarefni, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Bentónít, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „efni til að draga úr mengun í fœðri af völdum

sveppaeiturs“, „bindiefni“, „kekkjavarnarefni“ og „efni til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda“ og er tilgreint í viðaukunum, er leyft sem aukefni í fœður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðaukum.

2. gr.

Aukefnið sem er tilgreint í II. viðauka og tilheyrir virku hópunum „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“ og fœður sem inniheldur aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIDAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Efniformúla, lýsing, greiningaraðferðir	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Hámarks- innihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald		
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeyturs: aflatoxín B1								
1m58	Bentónít	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Bentónít: $\geq 70\%$ smekttit (díoktahedraalmontmórállónít)</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Bentónít: $\geq 70\%$ smekttit (díoktahedraalmontmórállónít)</p> <p>< 10% óþal og felDSPat</p> <p>< 4% kvars og kalsít</p> <p>AfB₁-bindigeta (BC_{AfB1}) yfir 90%</p> <p><i>Greiningaraðferð⁽¹⁾</i></p> <p>Til að ákvarða bentónít í fóðraukefninu: Röntgenbylgjubogunargreining (XRD)</p> <p>Til að ákvarða BC_{AfB1} í aukefninu: ásofsprófun sem er gerð í jafnalaun við pH-gildið 5,0 með styrk sem er 4 mg/l fyrir AfB₁ og 0,02% (massi miðað við rúmmál) fyrir fóðraukefnið.</p>	Jórturdýr Alifuglar Svín	—	20 000	<p>1. Í notkunarleibeiningum komi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> – „Fórðast skal notkun samtímis maktrólíðum til inngjafar um munn“, – fyrir alifugla: „Fórðast skal notkun samtímis róbenidíni“. <p>2. Fyrir alifugla: óráðlegt er að nota bentónít samtímis öðrum hnislalyfjum en róbenidíni í meira magni en 5 000 mg/kg heilfóðurs.</p> <p>3. Heildarmagn bentóníts má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri sem er 20 000 mg/kg heilfóðurs.</p> <p>4. Notkun aukefnisins er leyfð í fóður sem er í samræmi við lögjöf Evrópusambandsins um óæskileg efni í fóðri.</p> <p>5. Vardandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarörm, gleraugu og hlífðarhanska.</p>	19. nóvember 2023	

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðraukefni: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

II. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Efnaformúla, lýsing, greiningaraðferðir	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: bindiefni								
1 m558i	Bentónit	<i>Samsetning aukefnis</i> Bentónit: ≥ 50% smektít <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Bentónit: ≥ 50% smektít <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða efnið í fóduraukefninu: Röntgenbylgjubogunargreining (XRD)	Allar dýra- tegundir	—	20 000	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: – „Forðast skal notkun samtímis maktólíðum til inngjafar um munn“, – fyrir alifugla: „Forðast skal notkun samtímis róbenidíní“. 2. Fyrir alifugla: óráðlegt er að nota bentónít samtímis öðrum hnislalyfjum en róbenidíni í meira magni en 5 000 mg/kg heilfóðurs. 3. Heildarmagn bentóníts má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri sem er 20 000 mg/kg heilfóðurs. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota örndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	19. nóvember 2023
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: kekkjavarnarefni								
1 m558i	Bentónit	<i>Samsetning aukefnis</i> Bentónit: ≥ 50% smektít <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Bentónit: ≥ 50% smektít <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða efnið í fóduraukefninu: Röntgenbylgjubogunargreining (XRD)	Allar dýra- tegundir	—	20 000	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: – „Forðast skal notkun samtímis maktólíðum til inngjafar um munn“, – fyrir alifugla: „Forðast skal notkun samtímis róbenidíní“.	19. nóvember 2023

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Efnaformúla, lýsing, greiningaraðferðir	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
							2. Fyrir alifugla: óráðlegt er að nota bentónit samtímis öðrum hnislalyfjum en róbenidíni í meira magni en 5 000 mg/kg heilföðurs. 3. Heildarmagn bentónits má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri sem er 20 000 mg/kg heilföðurs. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: efni til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda (¹³⁴/¹³⁷Cs)								
1 m558i	Bentónit	Samsetning aukefnis Bentónit: ≥ 50% smekttít Lýsing á eiginleikum virka efnisins Bentónit: ≥ 50% smekttít Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Til að ákvarða efnið í fóduraukefninu: Röntgenbylgjubogunargreining (XRD)	Allar dýra- tegundir	—	—	—	1. Í notkunarléiðbeiningum komi fram: – „Forðast skal notkun samtímis makrólíðum til inngjafar um munn“, – fyrir alifugla: „Forðast skal notkun samtímis róbenidíni“. 2. Fyrir alifugla: óráðlegt er að nota bentónit samtímis öðrum hnislalyfjum en róbenidíni í meira magni en 5 000 mg/kg heilföðurs. 3. Blanda ólíkra bentónitgjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri sem er 20 000 mg/kg heilföðurs. 4. Nota má aukefnið ef fódrið er mengað af geislavirku sesíumi til að hamla menguninni fyrir dýr og afurðir þeirra. 5. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	19. nóvember 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirlarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóduraukefni: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.asp

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/23/44

frá 5. apríl 2013

um sameiginlegan ramma fyrir einkvæmt tækjauðkenningarkerfi fyrir lækningatæki í Sambandinu

(2013/172/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rekjanleiki lækningatækja gegnum alla aðfangakeðjuna stuðlar að öryggi sjúklinga með því að greiða fyrir árvekni, markaðseftirliti og gagnsæi í þessum geira.
- 2) Núverandi reglur um lækningatæki felur ekki í sér sértæk ákvæði um rekjanleika. Af þeim sökum er þörf á tilmælum til að leggja grunn að styrktri stjórnsýslunálgun varðandi rekjanleika lækningatækja.
- 3) Í tillögu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um lækningatæki og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009⁽¹⁾, sem var samþykkt 26. september 2012, og tillögu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi⁽²⁾, sem var samþykkt 26. september 2012, eru ákvæði um rekjanleika lækningatækja og lækningabúnaðar [áður lækningabúnaður] til sjúkdómsgreiningar í glasi í því skyni að bæta heilbrigði sjúklinga og öryggi.
- 4) Í niðurstöðum ráðsins um nýsköpun í lækningatækjageiranum⁽³⁾ frá 6. júní 2011 eru framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hvött til að huga sérstaklega að rekstrarsamhæfi og öryggismálum í tengslum við það að fella lækningatæki inn í rafræn heilbrigðiskerfi, einkum persónubundin heilbrigðiskerfi (e. *personal health system*).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 99, 9.4.2013, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófánir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ COM(2012) 542, lokagerð

⁽²⁾ COM(2012) 541, lokagerð.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 202, 8.7.2011, bls. 7.

- 5) Á alþjóðavettvangi stendur yfir verulegt átak til að stuðla að hnattsamræmdri nálgun varðandi rekjanleika og til að koma á alþjóðlega viðurkenndu einkvæmu tækjauðkenningarkerfi (e. *unique device identification* (UDI)) fyrir lækningatæki.
- 6) Þegar er búið að þróa búnað til einkvæmrar tækjauðkenningar (e. *UDI mechanism*), sem grundvallast á mismunandi landsbundnum og/eða svæðisbundnum kröfum um rekjanleika, og hætta er á að þróaður verði enn fjölbreyttari búnaður til einkvæmrar tækjauðkenningar á þessum vettvangi.
- 7) Í framtíðinni gætu tilteknar upplýsingar, sem er að finna í kóða einkvæmu tækjauðkenningarinnar, flust yfir í rafrænu heilsufarsskrána samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri⁽⁴⁾ og stafrænni áætlun fyrir Evrópu⁽⁵⁾.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. INNGANGUR

Tilgangur tilmælanna

1. Sem stendur hafa ekki verið settar reglur um rekjanleika í tilskipunum um lækningatæki⁽⁶⁾ en í sumum tilvikum hefur verið tekið á því á landsbundnum og/eða svæðisbundnum vettvangi. Mismunur og ósamrýmanleiki milli rekjanleikabúnaðar getur dregið úr og spillt fyrir skilvirkni kerfa sem eru fyrir hendi.
2. Auk þess myndi þróun á mismunandi landsbundnum og/eða svæðisbundnum búnaði til einkvæmrar tækjauðkenningar skylda framleiðendur til að laga vörur sínar að hverjum búnaði til þess að uppfylla skyldur um rekjanleika.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45.

⁽⁵⁾ <http://ec.europa.eu/digital-agenda/>

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 90/385/EBE (Stjtið. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17), tilskipun ráðsins 93/42/EBE (Stjtið. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB (Stjtið. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

3. Besta leiðin til að tryggja skilvirkan rekjanleika lækningatækja í Sambandinu er að þróa einkvæmt tækjauðkenningarkerfi sem er samræmt á evrópskum vettvangi. Yfirstandandi endurskoðunarferli í tengslum við gildandi tilskipanir um lækningatæki ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja nákvæmar kröfur um rekjanleika.
4. Ef aðildarríkin ákveða í millitíðinni að þróa sinn eigin búnað til einkvæmrar tækjauðkenningar er mikilvægt að hann verði hafður samrýmanlegur við annan slíkan búnað og við einkvæmt tækjauðkenningarkerfi Sambandsins í framtíðinni. Þetta er mikilvægt til þess að komast hjá þeirri áhættu að ósamrýmanleg og sundurleit kerfi raski markmiðum innri markaðarins og til að greiða fyrir innleiðingu á samræmdu einkvæmu tækjauðkenningarkerfi Sambandsins.
5. Í þessum tilmælum er ekki stefnt að því að skilgreina alla þætti einkvæma tækjauðkenningarkerfisins. Það ber að líta á þau sem tæki til að greiða fyrir samrýmanleika rekjanleikabúnaðar, sem komið er á á landsbundnum og/eða svæðisbundnum vettvangi, og til að leggja grunn að lögboðinni framkvæmd á alþjóðlega samrýmanlegu, einkvæmu tækjauðkenningarkerfi Sambandsins.

Gildissvið tilmælanna

6. Þessi tilmæli gilda um lækningatæki, virk, ígræðanleg lækningatæki (önnur en tæki sem eru sérsníðuð eða ætluð til klínískra athugana) og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi (önnur en þau sem eru framleidd á heilbrigðisstofnunum og fyrir mat á nothæfi), þ.m.t. fylgihluti.

Alþjóðleg starfsemi varðandi einkvæma tækjauðkenningu

7. Árið 2008 kom starfshópur um hnattræna samræmingu (e. *Global Harmonization Task Force*) (GHTF)⁽⁷⁾ á fót sértækum vinnuhópi á alþjóðavettvangi í þeim tilgangi að þróa alþjóðlega samræmda nálgun varðandi einkvæma tækjauðkenningu.
8. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fór með formennsku í þessum starfshópi þar sem iðnaðurinn og eftirlitsyfirvöld komu saman og hópurinn var lagður niður í september 2011 þegar starfshópurinn um hnattræna samræmingu samþykkti leiðbeiningaskjal⁽⁸⁾ um „einkvæmt tækjauðkenningarkerfi fyrir lækningatæki“.
9. Starf starfshópsins um hnattræna samræmingu í áttina til frekari samræmingar á regluramma um lækningatæki

(7) Starfshópurinn um hnattræna samræmingu er alþjóðlegur hópur sjálfboðaliða úr röðum fulltrúa eftirlitsyfirvalda fyrir lækningatæki og atvinnugreinasamtaka frá Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Ástralíu. Starfshópurinn um hnattræna samræmingu var stofnaður árið 1992 sem viðleitni til að bregðast við vaxandi þörf fyrir alþjóðlega samræmingu í setningu reglna um lækningatæki. Hlutverki starfshópsins um hnattræna samræmingu lauk í desember 2012.

(8) www.imdrf.org/docs/ghft/final/steering-committee/technical-docs/ghft-sc-n2r3-2011-unique-device-identification-system-110916.pdf

stendur yfir á vegum alþjóðlegs samstarfsvettvangs eftirlitsaðila um lækningatæki (e. *International Medical Device Regulators Forum*) (IMDRF)⁽⁹⁾.

10. Þessi tilmæli eru löguð að þeirri nálgun sem er þróuð á alþjóðavettvangi.

Evrópsk starfsemi varðandi einkvæma tækjauðkenningu

11. Árið 2010 kom framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á fót sértækum evrópskum vinnuhópi í tengslum við einkvæma tækjauðkenningu, innan reglurammans sem komið var á með tilskipunum um lækningatæki, til þess að þróa samræmda nálgun með tilliti til þeirra framfara sem orðið hafa, bæði á landsbundnum og alþjóðlegum vettvangi.
12. Markmið hópsins er þrjúþætt:
- í fyrsta lagi er honum ætlað að hvetja til framlaga og fylgjast með viðbrögðum lögbærra yfirvalda við þeirri vinnu sem fram fer á alþjóðavettvangi,
 - í öðru lagi hvetur hann til þess að skoðunum og upplýsingum um landsbundin framtaksverkefni, sem aðildarríkin þróa, sé miðlað og leitað að sameiginlegum lausnum,
 - í þriðja lagi stuðlar hann að samleitni landsbundinna framtaksverkefna, sem aðildarríkin þróa, við löggjöf Sambandsins í framtíðinni.

2. GRUNNFORSENDUR

13. Meginmarkmiðin með einkvæmu tækjauðkenningarkerfi eru aukið öryggi sjúklinga⁽¹⁰⁾ og bestun á umönnun sjúklinga. Það fylgir þessum markmiðum með því að:
- bæta skýrslugjöf vegna atvika,
 - greiða fyrir skilvirkri innköllun og öðrum öryggistengdum ráðstöfunum til úrbóta (FSCA),
 - greiða fyrir skilvirkum aðgerðum af hálfu lögbærra landsyfirvalda að lokinni setningu á markað,
 - gera kleift að gera fyrirspurnir í mörgum gagnakerfum,
 - draga úr líkum á læknisfræðilegum mistökum sem tengjast rangnotkun á tækinu.

(9) Alþjóðlegur samstarfsvettvangur eftirlitsaðila um lækningatæki var stofnaður í febrúar 2011 sem samstarfsvettvangur til að ræða framtíðarstefnu í samræmingu laga og reglna varðandi lækningatæki. Þetta er hópur sjálfboðaliða úr röðum eftirlitsyfirvalda fyrir lækningatæki, frá Ástralíu, Brasilíu, Kanada, Kína (áheyrnarfulltrúi), Evrópusambandinu, Japan, Rússlandi (áheyrnarfulltrúi) og Bandaríkjunum, sem komu saman til að byggja á traustu undirstöðustarfi starfshópsins um hnattræna samræmingu á lækningatækjum (GHTF). Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin er þátttakandi í alþjóðlegum samstarfsvettvangi eftirlitsaðila um lækningatæki sem áheyrnarfulltrúi.

(10) Með öryggi sjúklinga er átt við að forðast, koma í veg fyrir og bæta úr neikvæðum afleiðingum eða meiðslum sem stafa af rekstri heilbrigðisþjónustu. Meðal þessara atburða eru „mistök“, „frávik“, „slys“. Öryggi verður til við vixlverkun þátta í kerfinu; það hvílir ekki á einstaklingi, tæki eða deild. Bætt öryggi veltur á því að læra hvernig öryggi verður til við vixlverkun þátanna. Öryggi sjúklinga er hluti af gæðum heilbrigðisþjónustu.

14. Það að koma á einkvæmu tækjauðkenningarkerfi gæti einnig stuðlað að því að ná öðrum markmiðum, s.s. í baráttunni við falsanir, betra eftirliti með dreifingu, birgðastjórnun og að því er varðar endurgreiðslumál.

15. Þó ber að líta á markmiðin, sem um getur í 14. mgr., sem hugsanlegar jákvæðar afleiðingar af einkvæma tækjauðkenningarkerfinu.

Úrbætur á skýrslugjöf vegna atvika

16. Búist er við að notkun einkvæmrar tækjauðkenningar bæti skýrslugjöf vegna atvika og bjóði upp á tækifæri til að safna saman öllum atvikum sem tengjast einu lækningatæki á vettvangi Sambandsins og, ef um er að ræða alþjóðlega viðurkennda og samrýmanlega einkvæma tækjauðkenningu, á alþjóðavettvangi. Þetta mun fjölga möguleikum á að bera saman niðurstöður sem tengjast hverju lækningatæki fyrir sig.

Skilvirk innköllun og aðrar öryggistengdar ráðstafanir til úrbóta

17. Úthlutun einkvæms kennimerkis til tiltekins tækis og notkun þess í dreifingarferlinu (hnattræn notkun) mun gera það kleift að bera ótvíræð kennsl á tækið sjálft.

18. Til að rekjanleiki sé tryggður nægir ekki að hver framleiðandi hafi þróað sinn eigin rekjanleikabúnað. Ef Sambandskerfi, sem er notað í allri aðfangakeðjunni, er ekki fyrir hendi gæti það leitt til neikvæðra niðurstaðna þar eð hver aðili að dreifingarkeðjunni gæti breytt kóðuninni sem framleiðandinn þróaði. Þetta gæti leitt til mistaka við kóðun lækningatækja sem í kjölfarið myndi hafa áhrif á rekjanleika tækja ef um er að ræða öryggistengdar ráðstafanir til úrbóta. Notkun á sama kóðunarmálinu bætir rakningu ferils og slóðar lækningatækja.

Skilvirkar aðgerðir af hálfu lögbærra landsyfirvalda að lokinni setningu á markað

19. Einkvæmt tækjauðkenningarkerfi kemur sérstaklega að gagni við að staðsetja tilgreindar vörur.

20. Auk þess mun það skapa tækifæri til að tryggja samræmd viðbrögð aðildarríkjanna.

Fyrirspurnir í mörgum gagnakerfum

21. Með því að nota sömu einkvæmu tækjauðkenninguna í mismunandi gagnakerfum (bæði á sviði eftirlitsyfirvalda og heilbrigðisstofnana) verða fyrirspurnir skilvirkari og það verður auðveldara að framkvæma leit til að safna upplýsingum. Eins og stendur er þessi nálgun ekki möguleg vegna þess að hvert gagnakerfi er með sinn eigin auðkennisbúnað (e. *identification tool*).

Dregið úr læknisfræðilegum mistökum

22. Gera má ráð fyrir að með notkun auðkenningarbúnaðar fækki tilvikum þar sem röng lækningatæki eru valin.

3. SKILGREININGAR

Í þessum tilmælum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lækningatæki“: hvert það verkfæri, búnaður, áhald, hugbúnaður, efni eða annar hlutur, hvort sem notað er eitt sér eða með öðru, þ.m.t. sá hugbúnaður, sem framleiðandi ætlar sérstaklega til notkunar við greiningar og/eða meðferð og sem er nauðsynlegur til að beita tækinu rétt, ætlað af framleiðanda til notkunar fyrir menn til þess:

— að greina, hindra, fylgjast með, meðhöndla eða lina sjúkdóma,

— að greina, fylgjast með, meðhöndla, lina eða bæta meiðsli eða fötlun,

— að rannsaka, breyta eða koma í stað líffæris eða lífeðlislegrar starfsemi,

— að stjórna þungun,

sem ekki gegnir ætluðu meginhlutverki sínu í eða á mannlíkamanum með aðferðum er varða lyfjafræði, ónæmisfræði eða efnaskipti, en styðja má verkun þess með slíkum aðferðum⁽¹⁾,

b) „virkt, ígræðanlegt lækningatæki“: virkt lækningatæki sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til ígræðslu í mannlíkama með skurðaðgerð eða annars konar lækniáðgerð, eða til ísetningar með lækniáðgerð í eðlilegt líkamsop og er ætlað að vera þar áfram eftir áðgerðina⁽²⁾,

c) „lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi“: lækningatæki sem er prófefni, prófefnisafurð, efni til kvörðunar, samanburðarefni, samstæða, áhald, tæki, búnaður eða kerfi, hvort sem það er notað eitt sér eða með öðru, sem framleiðandi ætlar til notkunar í glasi til að rannsaka sýni, þ.m.t. gjafablód og -vefi, úr mannlíkama með það eitt að markmiði eða að meginmarkmiði að afla upplýsinga:

— um lífeðlisfræðilegt ástand eða meinafræðilegt ástand eða

— um meðfætt frávik eða

— til að ákvarða öryggi og samrýmanleika gagnvart hugsanlegum þegum, eða

— til að fylgjast með ráðstöfunum við lækni meðferð.

⁽¹⁾ Ákvæði a-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/42/EBE.

⁽²⁾ Ákvæði c-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/385/EBE.

Sýnaílát teljast lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi. „Sýnaílát“ eru slík tæki, hvort sem þau eru lofttæmd eða ekki, sem framleiðendur þeirra ætla sérstaklega sem fyrsta ílát til að varðveita sýni úr líkömum manna í þeim tilgangi að greina þau í glasi.

Vörur til almennrar notkunar á rannsóknarstofum eru ekki lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi nema framleiðandi þessara vara hafi, með hliðsjón af eiginleikum þeirra, ætlað þau sérstaklega til sjúkdómsgreiningar í glasi⁽¹³⁾,

- d) „rekjanleiki“: það að geta rakið sögu, notkun eða staðsetningu þess sem verið er að fjalla um,
- e) „einkvæm tækjauðkenning (UDI)“: röð af tölustöfum eða alstöfum sem er búin til með alþjóðlega viðurkenndum tækjauðkenningar- og kóðastaðli og gerir það kleift að bera ótvíræð kennsl á tiltekið lækningatæki á markaðnum. Einkvæm tækjauðkenning samanstendur af kennimerki tækis og kennimerki framleiðslu,
- f) „kennimerki tækis“: einkvæmur tölustafa- eða alstafakóði sem er tiltekinn fyrir framleiðanda og tegund tækis,
- g) „kennimerki framleiðslu“: einkvæmur tölustafa- eða alstafakóði sem sanngreinir gögn sem tengjast framleiðslueiningu tækis,
- h) „beri einkvæmrar tækjauðkenningar“ (e. *UDI carrier*): það hvernig einkvæm tækjauðkenning er flutt með sjálfvirkri auðkenningu og gagnasöfnun (e. *Automatic Identification and Data Capture*)⁽¹⁴⁾ (AICD) og, ef við á, framsetning sem er læsileg mönnum (e. *human readable interpretation*) (HRI),
- i) „rafrænt kerfi einkvæmrar tækjauðkenningar“: miðlægt gagnasafn/miðlægur gagnagrunnur sem geymir kóða fyrir kennimerki tækis og tengdar upplýsingar til auðkenningar á tilteknum tækjum sem eru sett á markað Sambandsins,
- j) „útskýring sem er læsileg mönnum“: læsilegt snið gagnatáknanna sem eru kóðuð inn í tákn sjálfvirkar auðkenningar og gagnasöfnunar,
- k) „bein merking á hlut“: hver sú tækni sem unnt er að nota til að festa tákn á yfirborð hlutar (t.d. með því að búa

til tvenns konar mismunandi skilyrði á yfirborðinu með leysisætingu, mótun, hömrún (e. *peening*) eða annarri tækni á borð við bleksprautuprentun eða flexóprentun),

- l) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á hönnun, framleiðslu, pökkun og merkingu tækis áður en það er sett á markað í hans nafni, hvort sem hann framkvæmir þessar aðgerðir sjálfur eða þriðji aðili fyrir hans hönd⁽¹⁵⁾,
- m) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili, sem hefur staðfestu í Sambandinu, sem framleiðandi tilnefnir sérstaklega og kemur fram fyrir hans hönd í tengslum við skuldbindingar þess siðarnefnda samkvæmt viðkomandi löggjöf Bandalagsins og sem yfirvöld og aðilar í Bandalaginu mega snúa sér til í stað framleiðanda⁽¹⁶⁾,
- n) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur tæki frá þriðja landi á markað Sambandsins⁽¹⁷⁾,
- o) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður tæki fram á markaði⁽¹⁸⁾,
- p) „rekstraraðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili⁽¹⁹⁾,
- q) „heilbrigðisstofnun“: stofnun sem hefur það að meginmarkmiði að annast eða meðhöndla sjúklinga og/eða stuðla að lýðheilsu,
- r) „notandi“: sá einstaklingur, annaðhvort sérfræðingur eða leikmaður, sem notar tæki.

4. NÁLGUN, BYGGÐ Á ÁHÆTTUMATI

23. Hafi aðildarríkin hugsað sér að koma á einkvæmu tækjauðkenningarkerfi ættu þau að fylgja nálgun, byggðri á áhættumati, í samræmi við flokkun tækisins.
24. Koma ætti einkvæmu tækjauðkenningarkerfi smám saman á og byrja á flokki þeirra tækja sem mest áhætta fylgir sem ætti að verða sá fyrsti til að uppfylla skilyrðin til að geta borið einkvæma tækjauðkenningu.

Tegund einkvæmrar tækjauðkenningar

25. Einkvæma tækjauðkenningin ætti að samanstanda af tveimur hlutum, kennimerki tækis og kennimerki framleiðslu.

⁽¹³⁾ Ákvæði b-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/79/EB.

⁽¹⁴⁾ Sjálfvirk auðkenning og gagnasöfnun vísar til aðferða til að bera sjálfvirk kennsl á hluti, safna gögnum um þá og færa gögnin beint inn í tölvukerfi.

⁽¹⁵⁾ Ákvæði f-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/42/EBE.

⁽¹⁶⁾ Ákvæði j-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/42/EBE.

⁽¹⁷⁾ Ákvæði 5. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

⁽¹⁸⁾ Ákvæði 6. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

⁽¹⁹⁾ Ákvæði 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

26. Kennimerki tækis ætti að hafa að geyma fastar upplýsingar (e. *static information*)⁽²⁰⁾, sem eiga við um tiltekinn framleiðanda og tegund tækis, og er einnig notað sem „aðgangsslykill“ að upplýsingum sem eru geymdar í gagnagrunni einkvæmrar tækjauðkenningar.
27. Kennimerki framleiðslu ætti að innihalda lifandi upplýsingar (e. *dynamic information*)⁽²¹⁾ til að samngreina gögn í tengslum við framleiðslueiningu tækis og ákvarða stig rekjanleika sem á að ná fram.
28. Einkvæm tækjauðkenning ætti bæði að birtast á formi sem er læsilegt mönnum (útgáfa sem er læsileg mönnum samsett úr röð tölustafa eða alstafa) og á formi sem tækni til sjálfvirkar auðkenningar og gagnasöfnunar getur lesið og sent með bera.
29. Ef umtalsverðar hömlur eru á því að nota bæði sjálfvirka auðkenningu og gagnasöfnun og framsetningu sem er læsileg mönnum á merkimiðanum ætti sjálfvirk auðkenning og gagnasöfnun að hafa forgang. Þó geta tilteknar aðstæður í umhverfi eða við notkun, s.s. heimahlyning, réttlætt notkun á framsetningu sem er læsileg mönnum fremur en notkun á sjálfvirkri auðkenningu og gagnasöfnun.
30. Aðildarríkin ættu að fylgjast með því að aðgreining á mismunandi flokkum tækja byggist eingöngu á tegund kennimerkis framleiðslu (lifandi upplýsingar) í samræmi við 31. mgr.
31. Almenna reglan ætti að vera sú að þær upplýsingar sem kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar) veitir séu breytilegar eftir mismunandi áhættuflokkum, sem hér segir⁽²²⁾:
- fyrningardagsetning og/eða framleiðsludagsetning fyrir I. flokk,
 - framleiðslueiningar-/framleiðslulotunúmer fyrir II. flokk a,
 - framleiðslueiningar-/framleiðslulotunúmer fyrir II. flokk b,
 - framleiðslueiningar-/framleiðslulotunúmer eða raðnúmer⁽²³⁾ fyrir III. flokk.
32. Framleiðendur geta, eftir því sem við á, valið kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar) sem á við um hærrí flokk en tækið sem um ræðir.

⁽²⁰⁾ Þessar upplýsingar breytast ekki frá einu tæki til annars af sömu, tilteknu tegundinni.

⁽²¹⁾ Þessar upplýsingar eru breytilegar eftir því hvernig framleiðsluferlinu er stjórnað (með fyrningar-/framleiðsludagsetningu, framleiðslueiningar-/framleiðslulotunúmeri eða raðnúmeri).

⁽²²⁾ Í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar ætti að taka tillit til hugsanlegra undantekninga og/eða undanþágna frá almennu reglunni, á grundvelli tækjaflokksins.

⁽²³⁾ Raðnúmerið gerir það kleift að bera kennsl á hvert tæki fyrir sig.

Notkun einkvæmrar tækjauðkenningar

33. Almenna reglan ætti að vera sú að einkvæm tækjauðkenning skuli notuð á öllum þökkunarstigum fyrir alla flokka tækja⁽²⁴⁾.
34. Beri einkvæmrar tækjauðkenningar (framsetning á sjálfvirkri auðkenningu og gagnasöfnun og framsetning sem er læsileg mönnum í einkvæmu tækjauðkenningunni) ætti að koma fram á merkimiða tækisins, umbúðum þess eða á tækinu sjálfu (bein merking á hlut) og á öllum ytri umbúðum⁽²⁵⁾.

5. SKILYRÐI SEM REKSTRARAÐILAR, HEILBRIGÐISSTOFNANIR OG NOTENDUR Í ATVINNUSKYNI EIGA AÐ UPPFYLLA

35. Í því skyni að ná markmiðum einkvæma tækjauðkenningarkerfisins ættu rekstraraðilar og heilbrigðisstofnanir, um leið og þau þróa sinn eigin landsbundna búnað til einkvæmrar tækjauðkenningar, að geyma upplýsingar í dreifingarkeðjunni sem tengjast bæði kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar). Heilbrigðisstofnanir og, ef það er raunhæft, notendur í atvinnuskyni ættu að nota þessar upplýsingar í skýrslugjöf sinni vegna atvika. Þetta mun einkum leiða til skilvirkari aðgerða ef um er að ræða innköllun eða afturköllun á vörum.
36. Safna ætti upplýsingum í tengslum við kennimerki tækis (fastar upplýsingar) í landsbundna gagnagrunna einkvæmrar tækjauðkenningar.
37. Þegar Evrópskum gagnabanka um lækningatæki (Eudamed) hefur verið komið á fót í framtíðinni verða upplýsingar í tengslum við kennimerki tækis (fastar upplýsingar) miðlægar á evrópskum vettvangi gegnum evrópskt rafrænt kerfi einkvæmrar tækjauðkenningar sem verður hluti af Evrópska gagnabankanum um lækningatæki í framtíðinni.
38. Að því er varðar upplýsingar í tengslum við kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar) ætti ekki að senda þær í landsbundna gagnagrunna einkvæmrar tækjauðkenningar og þær verða ekki felldar inn í evrópskt rafrænt kerfi einkvæmrar tækjauðkenningar.

Að því er varðar þessi tilmæli ættu rekstraraðilar, heilbrigðisstofnanir og notendur í atvinnuskyni að laga sig að eftirfarandi skilyrðum.

Framleiðendur

39. Í fyrsta lagi ættu framleiðendur að úthluta á viðeigandi hátt einkvæmri tækjauðkenningu (föstum og lifandi hlutum) á þau lækningatæki sem þeir framleiða.
40. Í öðru lagi ættu þeir að leggja fram nauðsynleg gagnastök (sjá viðaukann) sem á að fella inn í gagnagrunn einkvæmrar tækjauðkenningar.

⁽²⁴⁾ Í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar ætti að taka tillit til hugsanlegra undantekninga og/eða undanþágna frá almennu reglunni, á grundvelli tækjaflokksins.

⁽²⁵⁾ Samkvæmt alþjóðlegum leiðbeiningum falla vörubretti ekki undir ytri umbúðir og þess vegna eiga skilyrði um einkvæma tækjauðkenningu ekki við um vörubretti.

41. Í þriðja lagi ættu þeir að aðlaga merkingar á vörum sínum til þess að prenta kóða einkvæmrar tækjauðkenningar, eftir því sem mögulegt er, á merkimiðann á tækinu, umbúðir þess eða á tækið sjálft (bein merking á hlut) og á allar ytri umbúðir eins og um getur í 34. mgr.

42. Í fjórða lagi ættu þeir að halda rafræna skrá, bæði yfir kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar).

43. Að lokum ættu þeir að halda rafræna skrá yfir rekstraraðila, heilbrigðisstofnanir eða notendur í atvinnuskyni sem þeir hafa afhent hverja tiltekna vöru.

Innflytjendur

44. Í fyrsta lagi ættu innflytjendur að ganga úr skugga um að framleiðandi hafi úthlutað einkvæmri tækjauðkenningu (föstum og lifandi hlutum) á vöruna á viðeigandi hátt áður en þeir setja hana á markað Sambandsins. Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að þetta skilyrði hafi ekki verið uppfyllt ætti hann ekki að setja tækið á markað Sambandsins fyrr en það hefur verið fært til samræmis.

45. Í öðru lagi ættu innflytjendur ekki að fjarlægja eða breyta einkvæmri tækjauðkenningu, annars verður rekjanleiki ekki lengur mögulegur.

46. Í þriðja lagi ættu þeir að fullvissa sig um hvort tækið hafi þegar verið skráð í gagnagrunn einkvæmrar tækjauðkenningar aðildarríkisins þar sem tækið var sett á markað Sambandsins.

47. Ef tækið hefur þegar verið skráð ættu innflytjendur að ganga úr skugga um að kennimerki tækisins (fastar upplýsingar) á vörunni samsvari því sem er í gagnagrunni einkvæmu tækjauðkenningarinnar.

48. Ef tækið hefur enn ekki verið skráð ættu innflytjendur að laga sig að skilyrðum varðandi skráningu upplýsinga í tengslum við kennimerki tækisins (fastar upplýsingar).

49. Í fjórða lagi ættu þeir að halda rafræna skrá, bæði yfir kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar).

50. Í fimmta lagi ættu þeir að halda rafræna skrá yfir rekstraraðila sem hafa afhent þeim tæki.

51. Að lokum ættu þeir að halda rafræna skrá yfir rekstraraðila, heilbrigðisstofnanir eða notendur í atvinnuskyni sem þeir hafa afhent tæki.

Viðurkenndir fulltrúar

52. Ef framleiðandi, sem setur tæki á markað undir eigin nafni, er ekki með skráða starfsstöð í aðildarríki ætti hann að

tilnefna einn viðurkenndan fulltrúa í Sambandinu. Þessi tilnefning ætti a.m.k. að gilda fyrir öll tæki af sömu gerð.

53. Viðurkenndir fulltrúar ættu, sé þess óskað, bæði að hafa aðgang að kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar) í tengslum við vöruna eða vörunar sem þeir eru tilnefndir fyrir.

Dreifingaraðilar

54. Í fyrsta lagi ættu dreifingaraðilar, áður en tæki er boðið fram á markaði, að ganga úr skugga um að framleiðandinn og, eftir atvikum, innflytjandinn hafi úthlutað vörunni á viðeigandi hátt einkvæmri tækjauðkenningu (föstum og lifandi hlutum). Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að þetta skilyrði hafi ekki verið uppfyllt ætti hann ekki að setja tækið á markað Sambandsins fyrr en það hefur verið fært til samræmis.

55. Í öðru lagi ættu dreifingaraðilar ekki að fjarlægja eða breyta einkvæmri tækjauðkenningu, annars verður rekjanleiki ekki lengur mögulegur.

56. Í þriðja lagi ættu þeir að halda rafræna skrá, bæði yfir kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar).

57. Í fjórða lagi ættu þeir að halda rafræna skrá yfir rekstraraðila sem hafa afhent þeim tæki.

58. Að lokum ættu þeir að halda rafræna skrá yfir rekstraraðila, heilbrigðisstofnanir eða notendur í atvinnuskyni sem þeir hafa afhent tæki.

Heilbrigðisstofnanir

59. Í fyrsta lagi ættu heilbrigðisstofnanir að halda rafræna skrá, bæði yfir kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar), um lækningatæki sem koma inn á þessar stofnanir. Heilbrigðisstofnanir ættu að nota upplýsingar sem tengjast bæði kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar), að því er varðar tæki sem tilkynnt er um atvik í tengslum við, við skýrslugjöf sína vegna atvika.

60. Í öðru lagi ætti að koma á tengingu að því er varðar tiltekin lækningatæki, s.s. þau sem eru notuð við áhættusamar aðgerðir og/eða sérstaklega ætluð fyrir sjúklinga í mikilli áhættu, á milli tækisins sem notað er og sjúklingsins sem er meðhöndlaður með tækinu. Af þeim sökum ættu heilbrigðisstofnanir að halda skrá um það hvaða tæki hefur verið notað fyrir hvern sjúkling.

61. Í þriðja lagi, að því er varðar tiltekin tæki, s.s. ígræðanleg lækningatæki, ættu heilbrigðisstofnanir að geyma bæði kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar) í rafrænu sjúkraskránni. Ef um innköllun er að ræða ætti einmitt að vera mögulegt að vita nákvæmlega hvaða lækningatæki hefur verið grætt í hvaða sjúkling.

Notendur í atvinnuskyni

62. Ef það er raunhæft ættu notendur í atvinnuskyni að nota upplýsingar, sem tengjast bæði kennimerki tækis (fastar upplýsingar) og kennimerki framleiðslu (lifandi upplýsingar), að því er varðar tæki sem tilkynnt er um atvik í tengslum við, við skýrslugjöf sína vegna atvika.

6. LANDSBUNDNIR GAGNAGRUNNAR EINKVÆMRAR TÆKJAAUÐKENNINGAR

Gagnastök

63. Aðildarríkjum, sem ætla sér að koma á einkvæmu tækjauðkenningarkerfi fyrir lækningatæki, býðst að byggja það á landsbundnum gagnagrunnum einkvæmrar tækjauðkenningar.

64. Að því er varðar þessi tilmæli býðst aðildarríkjum að stuðla að notkun XML-ívaðsmálsins, sem sameiginlegs sniðs fyrir gagnaskipti milli gagnagrunna einkvæmrar tækjauðkenningar, og að taka tillit til viðeigandi forskrifta og merkingarfræðilegra staðla sem eru fyrir hendi á svæðinu.

65. Fella skal gagnastökin, sem eru tilgreind í viðaukanum, inn í landsbundna gagnagrunna einkvæmrar tækjauðkenningar og þau ættu að samsvara þeim stökum sem tengjast kennimerki tækis (fastar upplýsingar).

Gjört í Brussel 5. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

GAGNASTÖK Í LANDSBUNNUM GAGNAGRUNNUM EINKVÆMRAR TÆKJAAUÐKENNINGAR

Landsbundnir gagnagrunnar einkvæmrar tækjauðkenningar ættu að innihalda eftirfarandi gagnastök:

- a) magn í hverri pakkasamsetningu,
- b) ef við á, önnur kennimerki eða viðbótarkennimerki,
- c) hvernig framleiðslu tækjanna er stjórnað (fyrningardagsetning eða framleiðsludagsetning, framleiðslueiningar-/framleiðslulotunúmer eða raðnúmer),
- d) ef við á, kennimerki tækis fyrir notkunareininguna (ef einkvæmri tækjauðkenningu er ekki úthlutað á tækið miðað við notkunareiningu skal úthluta kennimerki tækis fyrir „notkunareiningu“ til að tengja notkun tækisins við sjúkling),
- e) nafn og heimilisfang framleiðanda (eins og tilgreint er á merkimiðanum),
- f) ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa (eins og tilgreint er á merkimiðanum),
- g) kóða alþjóðlegs nafnakerfis fyrir lækningatæki (GMDN) eða kóða alþjóðlega viðurkennds nafnakerfis,
- h) ef við á, viðskiptaheiti/tegundarheiti,
- i) ef við á, tegund tækis, tilvisun eða númer vörulista,
- j) ef við á, klínísk stærð (þ.m.t. umfang, lengd, breidd og þvermál),
- k) viðbótarlýsing á vöru (valkvætt),
- l) ef við á, aðstæður við geymslu og/eða meðhöndlun (eins og tilgreint er á merkimiðanum eða í notkunarleiðbeiningunum),
- m) ef við á, viðbótarviðskiptaheiti tækisins,
- n) merkt sem einnota tæki (j/n),
- o) ef við á, takmörkun á því hversu oft má nota búnaðinn aftur,
- p) tæki í dauðhreinsuðum umbúðum (j/n),
- q) þörf á dauðhreinsun fyrir notkun (j/n),
- r) merkt sem vara sem inniheldur latex (j/n),
- s) merkt sem vara sem inniheldur díetýlhexýlpalat (DEPH) (j/n),
- t) veffang fyrir viðbótarupplýsingar, t.d. rafrænar notkunarleiðbeiningar (valkvætt),
- u) ef við á, varnaðarorð um hættu eða frábendingar.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 564/2013**

2014/EES/23/45

frá 18. júní 2013

**um þóknunir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt
reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur
fram á markaði og um notkun þeirra (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 80 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fastsetja ætti samsetningu og fjárhæðir þóknana sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu, (hér á eftir nefnd Efnastofnunin), sem og skilyrði fyrir greiðslu.
- 2) Samsetning og fjárhæð þóknana ætti að taka mið af þeirri vinnu sem krafist er með reglugerð (ESB) nr. 528/2012 að Efnastofnunin inni af hendi. Þóknunir ættu að vera nægilega háar til að tryggja sé að tekjurnar af þeim, ásamt öðrum tekjuliðum Efnastofnunarinnar, nægi fyrir kostnaðinum við veitta þjónustu.
- 3) Af d-lið 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 leiðir að samsetning og fjárhæð þóknana eigi að ráðast af því hvort aðilar hafi lagt upplýsingar fram í sameiningu eða hver um sig. Til að endurspegla raunverulegt vinnuálag Efnastofnunarinnar og til að stuðla að sameiginlegri framlagningu upplýsinga er rétt að leggja einungis eina þóknun á hverja umsókn ef nokkrir aðilar sækja sameiginlega um samþykki fyrir virku efni eða endurnýjun samþykkis fyrir virku efni.
- 4) Í því skyni að taka tillit til sérþarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja í skilningi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum ⁽²⁾ (hér á eftir nefnd litil og meðalstór fyrirtæki) með staðfestu í Sambandinu ættu lækkaðar þóknunir fyrir samþykki fyrir virkum efnum, endurnýjun á samþykki eða færslu á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og leyfi fyrir sæfivöru eða endurnýjun á leyfi að eiga við um slík fyrirtæki. Umfang lækunarinnar ætti að taka mið af verulegu hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja í sæfivörugeiranum í bland

við hag af því að koma í veg fyrir óhófleg gjöld á önnur fyrirtæki en tryggja um leið að vinna Efnastofnunarinnar sé fjármögnuð að fullu. Til að komast hjá umsóknum fyrir vörur, sem innihalda virk efni sem uppfylla einhverja af þeim viðmiðunum fyrir útskiptingu sem tilgreindar eru í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, sem og umsóknum um slík virk efni ættu lækkanir ekki að gilda um umsóknir fyrir slíkum sæfivörum eða virkum efnum.

- 5) Að teknu tilliti til vinnu Efnastofnunarinnar, sem inni þarf af hendi til að meðhöndla kæru sem lögð er fram í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er rétt að leggja á þóknun fyrir slíkar kærur í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 77. gr. þeirrar reglugerðar. Til að komast hjá því að beita aðila, sem leggja fram rökstuddar kærur, viðurlögum er þó rétt að endurgreiða slíkar þóknunir þegar kæra er á rökum reist.
- 6) Að teknu tilliti til minni vinnu sem krafist er af Efnastofnuninni í tilvikum þegar umsóknum er hafnað áður en þær eru fullgiltar eða meðan fullgilding stendur yfir eða þær dregnar til baka meðan mat stendur yfir er rétt að kveða á um endurgreiðslu þóknana að hluta til í slíkum tilvikum.
- 7) Til að hvetja til umsókna um samþykki fyrir virkum efnum sem eru hentugir staðgöngukostir fyrir samþykkt, virk efni sem uppfylla einhverja af þeim viðmiðunum fyrir útilokun sem eru tilgreindar í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er rétt að kveða á um endurgreiðslu þóknunar fyrir slíkar umsóknir.
- 8) Þóknun fyrir umsóknir um færslu virkra efna, sem gefa ekki tilefni til áhyggna, á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ætti að taka mið af þeirri vinnu sem áætlað er að Efnastofnunin þurfi að inni af hendi til að meðhöndla slíkar umsóknir sem og af almannahagsmunum af því að vörur, sem innihalda slík efni, séu leyfðar.
- 9) Til að komast hjá umsóknum um samþykki fyrir eða endurnýjun samþykkis fyrir virku efni, sem uppfyllir einhverja af þeim viðmiðunum fyrir útskiptingu sem tilgreindar eru í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, sem og umsóknum um leyfi fyrir eða endurnýjun á leyfi fyrir vörum, sem krefjast samanburðarmats í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, ásamt framlagi til að fjármagna undanþágur og lækkanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er rétt að kveða á um hækkun gjalda fyrir slíkar umsóknir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 167, 19.6.2013, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

- 10) Í ljósi vinnu Efnastofnunarinnar, sem þarf að inna af hendi til að meðhöndla beiðnir um álit varðandi flokkun á breytingu í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2013 frá 18. apríl 2013 um breytingar varðandi sæfivörur sem eru leyfðar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012⁽³⁾, er rétt að leggja á þóknun fyrir slíkar beiðnir. Til að komast hjá því, að því marki sem mögulegt er, að beita umsækjendum, sem leggja fram rökstuddar beiðnir um að flokka breytingu sem minni háttar breytingu eða stjórnsýslubreytingu, viðurlögum er þó rétt að veita lækkuð á þóknun fyrir síðari umsókn um breytingu ef beiðnin leiðir til tilmæla um að flokka breytinguna sem stjórnsýslubreytingu eða minni háttar breytingu.
- 11) Miðað við þá vinnu Efnastofnunarinnar, sem inna þarf af hendi til að meðhöndla umsóknir um færslu á skrána yfir viðkomandi aðila, sem um getur í 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er rétt að leggja á þóknun fyrir slíkar umsóknir. Sú vinna sem inna þarf af hendi vegna slíkra umsókna mun verða mismikil eftir því hvort viðkomandi aðili leggur fram aðgangsheimild eða ný málsskjöl sökum þess að í síðara tilvikinu mun Efnastofnunin þurfa að ganga úr skugga um að málsskjölin séu í samræmi við II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 eða, eftir því sem við á, II. viðauka A við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽⁴⁾. Rétt þykir að gera greinarmun á þóknun til samræmis við það.
- 12) Miðað við þá vinnu Efnastofnunarinnar, sem inna þarf af hendi til að meðhöndla beiðni um trúnað í samræmi við 4. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er rétt að leggja á þóknun fyrir slíkar beiðnir.
- 13) Þar eð fjárhagsáætlun Efnastofnunarinnar er samin og framkvæmd í evrum og bókhald hennar er einnig í evrum, í samræmi við 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002⁽⁵⁾, 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 23. desember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna⁽⁶⁾ og 17. gr. fjárhagsreglugerðarinnar sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna frá 24. september 2008⁽⁷⁾, er rétt að leggja þóknunir eingöngu á í evrum.
- 14) Af f-lið 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 leiðir að fastsetja ætti fresti til greiðslu þóknana, að teknu

tillhyðilegu tilliti til fresta vegna málsmeðferða sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

- 15) Þóknunir, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ætti að endurskoða með reglulegu millibili með það í huga að laga þóknunir að verðbólguþingi og raunverulegum kostnaði fyrir Efnastofnunina af þeirri þjónustu sem veitt er. Við þessa endurskoðun ætti að taka tillit til aukinnar reynslu Efnastofnunarinnar við að annast umsóknir samkvæmt reglugerðinni og skilvirkninni sem þannig fæst.
- 16) Fastanefndin um sæfivörur, sem um getur í 1. mgr. 82. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, skilaði ekki álit um þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Þar eð talin var þörf á framkvæmdargerð lagði formaðurinn drög að framkvæmdargerð fyrir málskotsnefndina til frekar umfjöllunar. Málskotsnefndin skilaði ekki álit.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ÞÓKNANIR

1. gr.

Þóknunir vegna vinnu í tengslum við virk efni

Efnastofnunin skal leggja þóknunir, sem kveðið er á um í töflu 1 í I. viðauka, á vinnu sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 að sé innt af hendi í tengslum við samþykki fyrir virkum efnum og endurnýjun samþykkis fyrir virkum efnum sem og fyrir færslu á skrá í I. viðauka við þá reglugerð.

2. gr.

Þóknunir vegna vinnu í tengslum við Sambandsleyfi fyrir sæfivörum

Efnastofnunin skal leggja þóknunir, sem kveðið er á um í töflu 1 í II. viðauka, á vinnu sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 að sé innt af hendi í tengslum við Sambandsleyfi fyrir sæfivörum.

3. gr.

Aðrar þóknunir

1. Efnastofnunin skal leggja þóknunir, sem kveðið er á um í III. viðauka, á vinnu sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 að sé innt af hendi í tengslum við að koma á tæknilegu jafngildi, umsóknir um gagnkvæma viðurkenningu, beiðnir um færslu á skrána yfir viðkomandi aðila og beiðnir um trúnaðarmeðferð á upplýsingum sem lagðar eru fyrir Efnastofnunina.

2. Efnastofnunin skal leggja árlegu þóknunir, sem kveðið er á um í III. viðauka, á allar sæfivörur eða flokka skyldra sæfivara sem Sambandið veitir leyfi fyrir. Árlegu þóknunir ber að greiða að liðnu ári frá þeim degi sem leyfið tók gildi og síðan á hverju ári eftir það. Þóknunir skulu eiga við um næstliðið ár.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2013, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 123, 24.2.1998, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

⁽⁷⁾ MB/53/2008 lokagerð.

4. gr.

Þóknarir vegna ákvarðana Efnastofnunarinnar sem eru kærðar skv. 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012

1. Fyrir hverja ákvörðun Efnastofnunarinnar sem er kærð skv. 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal Efnastofnunin leggja á þóknun eins og sett er fram í III. viðauka.
2. Kærunefnd skal ekki teljast hafa móttengið kæru fyrir en Efnastofnunin hefur móttengið viðeigandi þóknun.
3. Ef kærunefnd telur kæru ótæka skal ekki endurgreiða þóknunina.
4. Efnastofnunin skal endurgreiða þóknunina, sem lögð var á í samræmi við 1. mgr., ef framkvæmdastjóri Efnastofnunarinnar breytir ákvörðun í samræmi við 1. mgr. 93. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽⁸⁾ eða ef úrskurður fellur stefnanda í vil.

5. gr.

Möguleiki á endurgreiðslu vegna staðgöngukosta fyrir samþykkt, virk efni sem uppfylla einhverja af viðmiðunum fyrir útilokun

1. Við framlagningu umsóknar til Efnastofnunarinnar um samþykki fyrir virku efni, sem kann að vera hentugur staðgöngukostur, í skilningi annarrar undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, í stað samþykks, virks efnis sem uppfyllir einhverja af viðmiðunum fyrir útilokun skv. 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar er umsækjanda heimilt að fara fram á endurgreiðslu á þóknuninni sem á að greiða til Efnastofnunarinnar.
2. Þegar framkvæmdastjórninni berst álit Efnastofnunarinnar í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, sem skal einnig innihalda ráðleggingar um það hvort virka efnið sé hentugur staðgöngukostur í skilningi annarrar undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, skal hún taka ákvörðun um beiðnina.
3. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að virka efnið sé hentugur staðgöngukostur skal Efnastofnunin upplýsa umsækjandann um það og endurgreiða þóknunina, sem um getur í 1. mgr., að fullu.

II. KAFLI

STUÐNINGUR FYRIR LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

6. gr.

Viðurkenning á stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Áður en væntanlegur umsækjandi leggur fram umsókn hjá Efnastofnuninni um samþykki fyrir, endurnýjun á eða færslu á virku efni á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 eða um Sambandsleyfi fyrir sæfivöru eða flokki skyldra sæfivara, sem er lögð fram í samræmi við 7. gr. (1. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 28. gr. (4. mgr.), 43. gr. (1. mgr.) eða 45. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á, sem inniheldur kröfu um lækkun vegna lítils eða meðalstórs fyrirtækis, skal væntanlegi umsækjandinn leggja viðeigandi þætti fyrir Efnastofnunina sem sanna rétt til slíkrar lækkunar

⁽⁸⁾ Stjótið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

vegna stöðu sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki í skilningi tilmæla 2003/361/EB.

2. Ef um er að ræða umsókn um samþykki fyrir, endurnýjun á eða færslu á virku efni á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal ákvörðunin tekin með tilliti til framleiðanda virka efnisins sem væntanlegi umsækjandinn er fulltrúi fyrir. Ef um er að ræða umsókn um leyfi fyrir vöru eða endurnýjun leyfis fyrir vöru skal ákvörðunin tekin með tilliti til væntanlegs leyfishafa.
3. Efnastofnunin skal birta skrá yfir viðeigandi þætti sem á að leggja fram í samræmi við 1. mgr.
4. Innan 45 daga frá móttöku allra viðeigandi þátta sem um getur í 1. mgr. skal Efnastofnunin ákvarða hvort unnt er að viðurkenna stöðu sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki og þá hvernig stöðu.
5. Viðurkenning á fyrirtæki sem litlu eða meðalstóru fyrirtæki skal gilda í tvö ár um umsóknir sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
6. Kæra má, í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 4. mgr.

7. gr.

Lækkun á þóknunum

1. Veita skal litlum og meðalstórum fyrirtækjum með staðfestu í Sambandinu lækkun á þóknunum, sem greiða ber til Efnastofnunarinnar, eins og sett er fram í töflu 2 í I. viðauka og töflu 2 í II. viðauka.
2. Einungis skal veita lækkun vegna umsókna um samþykki fyrir virku efni, endurnýjun á samþykki eða færslu á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ef virka efnið er ekki efni sem ráðgert er að skipta út.
3. Einungis skal veita lækkun vegna umsókna um leyfi fyrir sæfivörum eða endurnýjun á leyfi ef varan inniheldur ekki virkt efni sem ráðgert er að skipta út.

III. KAFLI

GREIÐSLUR

8. gr.

Greiðslufyrirkomulag

1. Þóknarnir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skulu greiddar í evrum.
2. Greiðslur skulu aðeins inntar af hendi eftir að Efnastofnunin hefur gefið út reikning.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu greiðslur, sem standa ber skil á skv. 4. gr., greiddar þegar kærán er lögð fram.
4. Greiðslur skulu inntar af hendi með yfirfærslu á banka-reikning Efnastofnunarinnar.

9. gr.

Auðkenning greiðslu

1. Við hverja greiðslu, að undanskildum greiðslum sem um getur í 3. mgr. 8. gr., skal gefa upp reikningsnúmer í tilvísunarreitnum.

2. Við greiðslur, sem um getur í 3. mgr. 8. gr., skal í tilvísunarreitnum gefa upp deili á kæranda eða kærendum og gefa upp númer ákvörðunarinnar sem kærð er, ef það er tiltækt.

3. Ef ekki er hægt að komast að tilgangi greiðslunnar skal Efnastofnunin veita greiðanda tiltekinn frest til að tilkynna skriflega um tilgang greiðslunnar. Ef Efnastofnuninni berst ekki tilkynning um tilgang greiðslunnar áður en fresturinn rennur út skal greiðslan teljast ógild og fjárhæðin, sem um er að ræða, skal endurgreidd greiðanda.

10. gr.

Greiðsludagur

1. Ef ekki er kveðið á um annað skulu þóknarir greiddar innan 30 daga frá þeim degi sem Efnastofnunin tilkynnir um reikninginn.

2. Sá dagur sem greiðslan í heild sinni er lögð inn á bankareikning Efnastofnunarinnar skal teljast greiðsludagur hennar.

3. Greiðslan skal teljast hafa verið innt af hendi á tilsettum tíma þegar nægilegum, skriflegum sönnunargögnum er framvísað til að sýna fram á að greiðandi hafi gefið fyrirmæli um yfirfærslu á bankareikninginn, sem gefinn er upp á reikningnum, áður en viðkomandi frestur rann út. Staðfesting á greiðslufyrirmælunum frá fjármálastofnun skal teljast nægilegt sönnunargagn.

11. gr.

Ófullnægjandi greiðsla

1. Greiðslufrestur skal aðeins teljast hafa verið virtur ef öll fjárhæð þóknunarinnar hefur verið greidd á tilsettum tíma.

2. Þegar reikningur tengist fjölda viðskipta getur Efnastofnunin úthlutað hvers konar vangreiðslu til hvaða liðar viðskiptanna sem er. Stjórn Efnastofnunarinnar skal mæla fyrir um viðmiðanirnar fyrir úthlutun greiðslna.

12. gr.

Endurgreiðsla ofgreiddra fjárhæða

1. Framkvæmdastjóri Efnastofnunarinnar skal tilgreina fyrirkomulag endurgreiðslu til greiðanda fjárhæða umfram þóknun og birta á vefsetri Efnastofnunarinnar.

Á hinn bóginn skal ekki endurgreiða umframfjárhæðir undir 200 evrum ef viðkomandi aðili hefur ekki farið fram á endurgreiðslu með skýrum hætti.

2. Ekki skal vera unnt að láta umframgreiðslur, sem ekki eru endurgreiddar, koma til greiðslu skulda gagnvart Efnastofnuninni í framtíðinni.

13. gr.

Endurgreiðsla fjárhæða ef um er að ræða umsóknir sem er hafnað áður en þær eru fullgiltar eða meðan fullgilding stendur yfir eða dregnar til baka meðan mat stendur yfir

1. Efnastofnunin skal endurgreiða 90% af þóknuninni sem er innheimt ef umsókn um samþykki fyrir virku efni eða leyfi fyrir sæfivöru, sem lögð er fram í samræmi við 1. mgr. 7. gr. eða 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eftir því sem við á, eða umsókn um minni háttar eða meiri háttar breytingu á vöru er hafnað áður eða meðan fullgildingaráfanginn stendur yfir.

2. Efnastofnunin skal endurgreiða 75% af þóknuninni sem er innheimt ef umsókn um samþykki fyrir virku efni eða leyfi fyrir sæfivöru, sem lögð er fram í samræmi við 1. mgr. 7. gr. eða 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eftir því sem við á, eða umsókn um meiri háttar breytingu á vöru er dregin til baka áður en lögbært matsyfirvald hefur sent Efnastofnuninni matsskýrslu sína.

Ekki skal endurgreiða þóknunina sem er innheimt ef umsókn er dregin til baka eftir að lögbært matsyfirvald hefur sent Efnastofnuninni matsskýrslu sína.

3. Framkvæmdastjóri Efnastofnunarinnar skal tilgreina fyrirkomulag á endurgreiðslu eftirstandandi fjárhæðar til greiðandans og birta á vefsetri Efnastofnunarinnar.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Endurgreiðsla til skýrslugjafa

Meðlimir í sæfivörunefndinni, sem gegna hlutverki skýrslugjafa, skulu fá endurgreitt af þeim þóknunum sem eru greiddar til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, sem sinna hlutverki lögbærra matsyfirvalda, í samræmi við 2. mgr. 80. gr.

15. gr.

Gjöld

1. Með fyrirvara um jákvætt álit framkvæmdastjórinnar er Efnastofnuninni heimilt, með ákvörðun stjórnar sinnar, að koma á gjöldum fyrir stjórnsýslulega eða tæknilega þjónustu sem hún veitir í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, að beiðni aðila, í því skyni að greiða fyrir framkvæmd hennar. Framkvæmdastjóri Efnastofnunarinnar getur ákveðið að innheimta hvorki gjald frá alþjóðastofnunum né löndum sem óska eftir aðstoð frá Efnastofnuninni.

2. Gjöldin skulu vera nægilega há til að þau nægi fyrir kostnaðinum við þjónustuna sem Efnastofnunin veitir og ekki hærri en nauðsynlegt er til að þær nægi fyrir þeim kostnaði.

3. Gjöldin skulu greidd innan 30 almanaksdaga frá þeim degi sem Efnastofnunin tilkynnir um reikninginn.

16. gr.

Bráðabirgðamat

Við heildarmat á útgjöldum og tekjum næsta fjárhagsárs í samræmi við 5. mgr. 96. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽⁹⁾, skal stjórn Efnastofnunarinnar láta fylgja sérstakt bráðabirgðamat á tekjum af þóknunum og gjöldum vegna starfsemi sem Efnastofnuninni er falið að annast í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 sem ekki tengjast tekjum af hvers kyns framlögum frá Sambandinu.

17. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þóknunir og gjöld, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, árlega með tilliti til verðbólguþriggustígs samkvæmt mælingu með evrópskri vísitölu

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2013.

neysluverðs sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir. Fyrsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en 1. janúar 2015.

Framkvæmdastjórnin skal einnig láta fara fram stöðuga endurskoðun á þessari reglugerð í ljósi þess að mikilvægar upplýsingar kunna að verða fáanlegar í tengslum við grundvallarforsendur fyrir áætlaðar tekjur og útgjöld Efnastofnunarinnar. Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð með það í huga að breyta henni, ef við á, einkum með tilliti til úrræða sem Efnastofnunin þarf á að halda og þeirra úrræða sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þurfa á að halda vegna þjónustu sem er í eðli sínu sambærileg. Við endurskoðunina skal taka tillit til áhrifanna á lítil og meðalstór fyrirtæki og endurskoða hlutfall lækkunar á þóknun, sem heimild er fyrir að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum, eftir því sem við á.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

⁽⁹⁾ Stjttíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Þóknunir sem varða virka efni

Tafla 1

Staðlaðar þóknunir

Almenn lýsing á verkefni; viðeigandi ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 528/2012	Sértækt skilyrði eða lýsing á verkefni	Þóknun (evrur)
Samþykki fyrir virku efni; 2. mgr. 7. gr.	Þóknun fyrir fyrsta vöruflokkinn sem virka efnið er samþykkt í	120 000
	Viðbótarþóknun fyrir hvern vöruflokk til viðbótar	40 000
	Viðbótarþóknun fyrir hvern vöruflokk (bæði fyrir fyrsta vöruflokkinn og alla vöruflokka til viðbótar) ef virka efnið er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	20 000
	Þóknun fyrir breytingu á samþykki, aðra en að bæta við vöruflokki	20 000
Endurnýjun á samþykki; 3. mgr. 13. gr.	Þóknun fyrir fyrsta vöruflokkinn sem sótt er um endurnýjun fyrir virka efnið í	15 000
	Viðbótarþóknun fyrir hvern vöruflokk til viðbótar	1 500
	Viðbótarþóknun fyrir fyrsta vöruflokkinn sem sótt er um endurnýjun fyrir virka efnið í ef fullnaðarmat telst nauðsynlegt í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	25 000
	Viðbótarþóknun fyrir hvern vöruflokk til viðbótar ef fullnaðarmat telst nauðsynlegt í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	2 500
	Viðbótarþóknun fyrir hvern vöruflokk (bæði fyrir fyrsta vöruflokkinn og alla vöruflokka til viðbótar) ef virka efnið er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	20 000
Færsla á virku efni á skrá í I. viðauka; 28. gr.	Þóknun fyrir fyrstu færslu á virku efni á skrá í I. viðauka	10 000
	Þóknun fyrir breytingu á færslu á virku efni á skrá í I. viðauka	2 000
Tilkynning í samræmi við 3. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1451/2007	Þóknun fyrir hvert efni/hverja samsetningu vöruflokks Þóknun fyrir tilkynninguna skal dregin frá síðari umsókn í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	10 000

Tafla 2

Lækkun á þóknunum vegna umsókna um samþykki fyrir, endurnýjun á samþykki fyrir eða færslu á virkum efnum á skrá í I. viðauka ef framleiðandi virka efnisins er lítið eða meðalstórt fyrirtæki með staðfestu í Sambandinu, nema ef virka efnið er efni sem ráðgert er að skipta út

Tegund fyrirtækis	Lækkun (% af staðlaðri þóknun)
Örfyrirtæki	60
Lítið fyrirtæki	40
Meðalstórt fyrirtæki	20

II. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir Sambandsleyfi fyrir sæfivörum

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir

Almenn lýsing á verkefni; viðeigandi ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 528/2012	Sértækt skilyrði eða lýsing á verkefni	Þóknun (evrur)
Veiting Sambandsleyfis, einstök vara; 2. mgr. 43. gr.	Þóknun fyrir hverja vöru sem er ekki sams konar og ein af dæmigerðum vörum sem eru metnar vegna samþykkis fyrir efni	80 000
	Þóknun fyrir hverja vöru sem er sams konar og ein af dæmigerðum vörum sem eru metnar vegna samþykkis fyrir efni	40 000
	Viðbótarþóknun fyrir hverja vöru þegar gerð er krafa um samanburðarmat í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	40 000
	Viðbótarþóknun fyrir hverja vöru ef umbeðið leyfi er til bráðabirgða í samræmi við 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	10 000
Veiting Sambandsleyfis, flokkur skyldra sæfivara; 2. mgr. 43. gr.	Þóknun fyrir hvern flokk skyldra vara	150 000
	Viðbótarþóknun fyrir hvern flokk skyldra vara þegar gerð er krafa um samanburðarmat í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	60 000
	Viðbótarþóknun fyrir hvern flokk skyldra vara ef umbeðið leyfi er til bráðabirgða í samræmi við 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	15 000
Tilkynning til Efnastofnunarinnar um vöru til viðbótar í flokki skyldra sæfivara; 6. mgr. 17. gr.	Þóknun fyrir hverja vöru til viðbótar	2 000
Sambandsleyfi fyrir tilsvarendi sæfivöru; 7. mgr. 17. gr.	Þóknun fyrir hverja vöru sem myndar „tilsvarendi vöru“ í skilningi framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013 frá 6. maí 2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir tilsvarendi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾	2 000
Meiri háttar breyting á leyfðri vöru eða flokki skyldra vara; 2. mgr. 50. gr.	Þóknun fyrir hverja umsókn	40 000
Minni háttar breyting á leyfðri vöru eða flokki skyldra vara; 2. mgr. 50. gr.	Þóknun fyrir hverja umsókn	15 000
Stjórnsýslubreyting á leyfðri vöru eða flokki skyldra vara; 2. mgr. 50. gr.	Þóknun fyrir hverja tilkynningu	2 000
Tilmæli um flokkun á breytingu á leyfðri vöru eða flokki skyldra vara; 2. mgr. 50. gr.	Þóknun fyrir hverja beiðni í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 354/2013 Ef ráðlagt er að flokka breytinguna sem stjórnsýslubreytingu eða minni háttar breytingu skal þóknun fyrir beiðnina dregin frá síðari umsókn eða tilkynningu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 354/2013	2 000

Almenn lýsing á verkefni; viðeigandi ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 528/2012	Sértækt skilyrði eða lýsing á verkefni	Þóknun (evrur)
Endurnýjun Sambandsleyfis, einstök vara; 3. mgr. 45. gr.	Þóknun fyrir hverja vöru	5 000
	Viðbótarþóknun fyrir hverja vöru ef fullnaðarmat telst nauðsynlegt í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	15 000
	Viðbótarþóknun fyrir hverja vöru þegar gerð er krafa um samanburðarmat í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	40 000
Endurnýjun Sambandsleyfis, flokkur skyldra sæfivara; 3. mgr. 45. gr.	Þóknun fyrir hvern flokk skyldra vara	7 500
	Viðbótarþóknun fyrir hvern flokk skyldra vara ef fullnaðarmat telst nauðsynlegt í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	22 500
	Viðbótarþóknun fyrir hvern flokk skyldra vara þegar gerð er krafa um samanburðarmat í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012	60 000

(¹) Stjtið. ESB L 125, 7.5.2013, bls. 4.

Tafla 2

Lækkun á þóknunum vegna umsókna um veitingu Sambandsleyfis og endurnýjun á Sambandsleyfi fyrir sæfivörum eða flokki skyldra sæfivara ef væntanlegur leyfishafi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki með staðfestu í Sambandinu, nema ef varan inniheldur virkt efni sem ráðgert er að skipta út

Tegund fyrirtækis	Lækkun (% af staðlaðri þóknun)
Örfyrirtæki	30
Lítið fyrirtæki	20
Meðalstórt fyrirtæki	10

III. VIÐAUKI

Aðrar þóknunir

Almenn lýsing á verkefni; viðeigandi ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 528/2012	Sértækt skilyrði eða lýsing á verkefni	Þóknun (evrur)
Tæknilegt jafngildi; 3. mgr. 54. gr.	Þóknun ef mismunur milli uppruna virks efnis takmarkast við breytingu á staðsetningu framleiðslu og umsókn er eingöngu byggð á greiningargögnum	5 000
	Þóknun ef mismunur milli uppruna virks efnis er meiri en breyting á staðsetningu framleiðslu og umsókn er eingöngu byggð á greiningargögnum	20 000
	Þóknun ef fyrri skilyrði eru ekki uppfyllt	40 000
- a) flokkar, sem tengjast umferðaröryggi, og vegakerfið, sem upplýsingaþjónustan tekur til,
- b) upplýsingar um aðgangspunkt fyrir umferðargögn sem tengjast umferðaröryggi og skilyrði fyrir notkun hans,
- c) snið umferðargagnanna sem tengjast umferðaröryggi og eru aðgengileg fyrir tilstuðlan aðgangspunktsins,
- d) aðferðir sem eru notaðar til að miðla upplýsingaþjónustu til endanlegra notenda.

Opinberir aðilar eða einkaaðilar í rekstri vega, þjónustuveitendur og útvarpsrekendur, sem senda út umferðarupplýsingar, skulu tafarlaust uppfæra samræmisyfirlýsingar sínar ef einhverjar breytingar verða á veitingu þjónustu þeirra.

3. Tilnefndir landsbundnir aðilar skulu skoða af handahófi hvort yfirlýsingar séu réttar hjá ýmsum opinberum aðilum eða einkaaðilum í rekstri vega, þjónustuveitendum og útvarpsrekendum, sem senda út umferðarupplýsingar, og krefjast þess að sýnt sé fram á að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 3.–8. gr.

Á hverju ári skulu tilnefndir landsbundnir aðilar greina landsbundnum yfirvöldum frá yfirlýsingunum, sem lagðar voru fram, sem og frá niðurstöðum úr slembiskoðunum sínum.

10. gr.

Eftirfylgni

1. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 12 mánuðum frá gildistöku þessarar reglugerðar, senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi:

- a) upplýsingar um landsbundna aðilann sem er tilnefndur til að leggja mat á hvort farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 3.–8. gr.,
- b) lýsingu á núverandi eða fyrirhuguðum aðgangspunkti sínum.

2. Eigi síðar en 12 mánuðum frá gildistöku þessarar reglugerðar og á hverju almanaksári eftir það skulu aðildarríki veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:

- a) framfarir sem orðið hafa við framkvæmd upplýsingaþjónustunnar, þ.m.t. viðmiðin, sem notuð eru, til að skilgreina gæðastig hennar og aðferðirnar sem notaðar eru til að fylgjast með gæðum hennar,
- b) niðurstöður úr mati á því hvort farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 3.–8. gr.,
- c) ef við á, lýsingu á breytingum á aðgangspunkti í hverju aðildarríki fyrir sig.

11. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 1. október 2013. Að því er varðar upplýsingaþjónustu, sem er þegar fyrir hendi á gildistökuþegi þessarar reglugerðar, gildir hún þó frá og með 1. október 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1264/2013**

2014/EES/23/49

frá 3. desember 2013

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir
flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (1), einkum 4. gr. (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 (3) var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessara upplýsinga ætti að uppfæra skrá Bandalagsins.
- 3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekenda sem er í skrá Bandalagsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 („flugöryggisnefndin“) (4).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 326, 6.12.2013, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

(2) Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

(3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005. Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

(4) Reglugerð (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála, Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

- 5) Flugöryggisnefndinni hafa borist uppfærslur frá framkvæmdastjórninni um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og framkvæmdarreglugerðar hennar (EB) nr. 473/2006, við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Gíneu, Indónesíu, Kasakstan, Kirgistan, Libanon, Íran, Madagaskar, Míritaníu, Mósambík, Nepal, Filippseyjar og Sambíu. Flugöryggisnefndinni bárust einnig upplýsingar frá framkvæmdastjórninni um Albaníu, Indland, Jemen og Simbabwe. Flugöryggisnefndinni hafa einnig borist uppfærslur frá framkvæmdastjórninni um samráð við Rússland um tæknileg málefni og um vöktun Líbíu.
- 6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á úttekarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttekaraáætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Aðildarríkin voru hvött til að setja í forgang skoðanir á hlaði hjá þeim flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í ríkjum þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur greint alvarlegan öryggisvanda (SSC) eða þar sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á eftirlitskerfi með flugöryggi. Til viðbótar við samráð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, mun forgangsroðun skoðana á hlaði gera kleift að afla frekari upplýsinga um öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi í þessum ríkjum.
- 7) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar samkvæmt áætluninni um öryggis skoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunin) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 (5).
- 8) Flugöryggisnefndin hefur einnig hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um verkefni á sviði tækni-aðstoðar sem unnin eru í ríkjum sem verða fyrir áhrifum ráðstafana eða vöktunar af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún var upplýst um áætlanir Flugöryggisstofnunar Evrópu og beiðnir um frekari tækni-aðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálafyrivalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum kröfum. Aðildarríki voru einnig hvött til að bregðast

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, Stjtið ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1.

við þessum beiðnum á tvíhliða grundvelli og samræma viðbrögð sín viðbrögðum framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu. Í þessu samhengi lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan SCAN-gagnagrunns (e. *Safety Collaborative Assistance Network*) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, um tækniaðstoð sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

- 9) Flugöryggisnefndin hefur einnig hlýtt á kynningu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu um stöðu og þróun viðvörunarkerfis sem styður við SAFA-áætlun ESB. Sérstök athygli beindist að tölfræðilegum upplýsingum um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda, sem er bannað að stunda flugrekstur, og mögulegum úrbótum á kerfinu.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

- 10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði í tengslum við öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-skoðanir á hlaði), sem fóru fram á loftförum flugrekenda í Sambandinu, eða eftirlits með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa nokkur aðildarríki gert tiltekna ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær. Rúmenía tilkynnti að flugrekandaskírteini flugrekandans Jetran Air hefði verið afturkallað, Spánn tilkynnti að flugrekandaskírteini flugrekandans IMD Airways hefði fallið úr gildi og unnið væri að því að afturkalla það.
- 11) Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gæfu til kynna að öryggisáætla væri yfirvofandi, sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu færu ekki að viðeigandi öryggiskröfum, itrekuðu aðildarríkin að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Gíneu

- 12) Eins og samþykkt var á fundi, sem haldinn var í Brussel í janúar 2013, hafa lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Gíneu (Flugmálastjórn Lýðveldisins Gíneu (DNAC)) veitt upplýsingar með reglulegu millibili um núverandi framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti í desember 2012, ásamt öllum aðgerðum sem henni tengjast.
- 13) Í nýjstu framvinduskýrslunni, sem móttéken var 15. október 2013, eru upplýsingar um síðustu aðgerðir og þróun varðandi framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta. Þýðingu reglugerða um almenningsflug yfir á frönsku í Lýðveldinu Gíneu (sem eru upphaflega samdar vegna áhrifa frá fyrirliggjandi reglugerðum í enskumælandi nágrannalöndum og byggjast að stórum hluta á þeim) lauk í byrjun ágúst 2013. Hinn 21. ágúst 2013 voru endurskoðaðar lagagerðir um almenningsflug sendar Þinginu til samþykktar. Samþykkt var kerfi fyrir þjálfun skoðunarmanna að tillögu Banjul-samstarfshópsins

um öryggisefirlit í flugi (BAGASOO). Tilnefning og tilkynning um tengilið Gíneu, að því er varðar hættulegan farm, var send Alþjóðaflugmálastofnuninni 3. september 2013.

- 14) Hinn 30. ágúst 2013 lagði Flugmálastjórn Lýðveldisins Gíneu endurskoðaða og uppfærða áætlun um aðgerðir til úrbóta fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina. Öllum aðgerðum til úrbóta, sem voru fyrirhugaðar 2012 og fyrri hluta 2013, hefur verið hrint í framkvæmd og þær sem voru fyrirhugaðar á 3. og 4. ársfjórðungi 2013 standa enn yfir. Beðið er eftir fullgildingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þessum aðgerðum.
- 15) Þar sem öll eldri fyrirliggjandi flugrekendaskírteini voru felld tímabundið úr gildi í lok mars 2013 stendur yfir vottun á landsbundnum flugrekanda (PROBIZ Guinée sem starfrækir eitt loftfar af tegundinni Beechcraft King Air 90), sem uppfyllir að öllu leyti (fimm áfangar) kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, með aðstoð og stuðningi sérstakrar CAFAC-/BAGASOO-sendinefndar og á sama tíma stendur yfir þjálfun á vinnustað fyrir skoðunarmenn Flugmálastjórnar Lýðveldisins Gíneu að því er varðar allt ferlið. Flugrekandinn PROBIZ starfrækir ekki flug til Sambandsins.
- 16) Flugmálastjórn Lýðveldisins Gíneu hefur óskað eftir samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að fullgilda framvindu framkvæmdar áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og Alþjóðaflugmálastofnunin hyggst framkvæma úttektina í maí 2014.
- 17) Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáætla sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Indlandi

- 18) Framkvæmdastjórnin vísaði til áframhaldandi skuldbindingar sinnar gagnvart yfirvöldum á Indlandi að því er varðar eftirlit með flugrekendum þeirra. Framkvæmdastjórnin skrifaði Flugmálastjórn Indlands (DGCA) í október 2007 og janúar 2010, að því er varðar tiltekna flugrekendur sem lúta eftirliti Flugmálastjórnarinnar, og þótti svörin, sem henni bárust, fullnægjandi.
- 19) Með tilliti til nýliðinna atburða var framkvæmd samræmd fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í desember 2012 sem hafði í för með tvenns konar alvarlegan öryggisvanda. Sá fyrri tengdist vottunarferli flugrekandaskírteina og hinn síðari samþykktá breytingum og viðgerðum á loftförum sem eru skráð á Indlandi en hafa erlend tegundarvottorð. Framkvæmdastjórnin skrifaði yfirvöldum á Indlandi aftur 30. apríl 2013 til að spyrjast enn frekar fyrir um ýmis konar alvarlegan öryggisvanda ásamt því að vekja máls á öðrum málum sem tengjast reglulegri vöktun Flugöryggisstofnunar Evrópu á öryggisupplýsingum í tengslum við öryggisefirlit innan Indlands. Flugmálastjórnin svaraði 10. maí 2013 og veitti upplýsingar um aðgerðir til

úrþóta í tengslum við ýmis konar alvarlegan öryggisvanda. Í ágúst 2013 fór fram önnur samræmd fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á Indlandi til þess að sannreyna að Indland hefði framkvæmt aðgerðirnar til úrbóta, sem yfirvöld á Indlandi höfðu komist að samkomulagi við Alþjóðaflugmálastofnunina um að framkvæma, með fullnægjandi hætti. Í kjölfar þessarar samræmdu fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar leit Alþjóðaflugmálastofnunin svo á að ráðin hefði verið bót á ýmis konar alvarlegum öryggisvanda. Heildarskýrsla samræmdu fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur ekki enn verið gerð aðgengileg.

- 20) Sú staðreynd er enn fremur mikilvæg að Flugmálastjórn Bandaríkjanna framkvæmdi alþjóðlegt flugöryggismat (IASA) í ágúst 2013. Málin standa þannig nú að Indland hefur viðhaldið stöðu sinni í flokki 1 hjá Flugmálastjórn Bandaríkjanna að því er varðar að fara að tilskildum ákvæðum. Ef þessi staða breytist til hins verra í framtíðinni myndi framkvæmdastjórnin þurfa að taka til tilhlýðilegrar athugunar að hefja formlegt samráð við indversk yfirvöld í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar 473/2006.
- 21) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför indverskra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Indónesíu

- 22) Samráð við lögbær yfirvöld í Indónesíu (Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA)) heldur áfram með það að markmiði að fylgjast með árangri Flugmálastjórnarinnar við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 23) Flugrekandinn PT Citilink Indonesia skrifaði framkvæmdastjórninni 2. ágúst 2013 þar sem farið var fram á að hann yrði felldur brott úr viðauka A. Bréfinu fylgdu yfirgripsmikil gögn um hvernig ætti að ljúka við að framkvæma fimm áfanga vottunarferlið.
- 24) Tæknilegur fundur flugrekandans Citilink Indonesia, framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna var haldinn í Brussel 5. nóvember 2013 til að fara yfir hin yfirgripsmiklu gögn sem flugrekandinn lagði fram. Flugmálastjórn Indónesíu var einnig boðið að sækja þennan fund en hún taldi að þátttaka sín væri ekki bráðnaúðsynleg á þessum tíma. Á grundvelli þessa fundar mun framkvæmdastjórnin starfa með Flugmálastjórn Indónesíu til að afla allra skýringa sem þörf er á til að ákveða hvort og hvenær hún gæti lagt til að aflétta ætti takmörkunum sem flugrekandanum Citilink Indonesia höfðu verið settar.
- 25) Í bréfi sínu, dagsettu 23. október 2013, veitti Flugmálastjórn Indónesíu einnig uppfærðar upplýsingar um aðra flugrekendur sem eru undir eftirliti hennar. Hún upplýsti framkvæmdastjórnina um að 23. apríl 2013

hefði flugrekandaskírteini nr. 120-050 verið gefið út til handa flugrekandanum PT Batik Air Indonesia. Þar sem Flugmálastjórn Indónesíu færði ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekanda samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessi flugrekandi skuli skráður í viðauka A.

- 26) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin halda áfram að hvetja Flugmálastjórn Indónesíu í þeirri viðleitni sinni að setja á stofn flugkerfi sem er í fullu samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Flugrekendur frá Kasakstan

- 27) Framkvæmdastjórnin hefur haldið áfram að hafa virkt samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan í því skyni að vera upplýst um og vakta árangur þessara yfirvalda í langtíma viðleitni sinni til að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 28) Flugmálastjórn Kasakstan (CAC) tilkynnti sérstaklega með bréfi, dagsettu 8. ágúst 2013, um yfirstandandi endurvottunaraðgerðir sem miðuðu að því að samræma verklagsreglur og starfsvenjur við útgáfu og eftirlit skírteina flugrekenda í Kasakstan að reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flugmálastjórn Kasakstan tilkynnti einnig að þetta hefði leitt til þess að skírteini nokkurra flugrekenda hefðu verið felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð.
- 29) Hinn 18. október 2013 bárust framkvæmdastjórninni gögn til staðfestingar á því að annars vegar hefðu flugrekandaskírteini flugrekendanna Mega, Samal, Euro-Asia Air International, Asia Continental Airlines, Deta Air og Kazair West verið afturkölluð (sem höfðu þegar fengið endurvottun vegna verkflugs og höfðu þegar verið felldir brott úr viðauka A⁽⁶⁾) og að hins vegar hefðu flugrekandaskírteini flugrekendanna Semeyavia og Irtysh Air verið felld tímabundið úr gildi til 4. ágúst 2013. Flugmálastjórn Kasakstan tilkynnti síðan einnig að flugrekandaskírteini flugrekandans Semeyavia hefði fallið úr gildi á þessum tíma og að flugrekandinn hefði ekki sótt um framlengingu eða endurútgáfu. Tímabundin ógilding flugrekandaskírteinis flugrekandans Irtysh Air var síðan framlengd um óákveðinn tíma. Þar sem ógilding flugrekandaskírteinis er tímabundin ráðstöfun, sem felur ekki endilega í sér stöðvun á flugrekstri flugrekanda, ætti flugrekandinn Irtysh Air áfram að vera skráður í viðauka A. Þar af leiðandi er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að fella ætti flugrekendurna Mega, Samal, Euro-Asia Air International, Asia Continental Airlines, Deta Air og Semeyavia úr viðauka A.
- 30) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin styðja ráðstafanirnar, sem lögbær yfirvöld í Kasakstan gripu til, til að koma á fót eftirlitskerfi í almenningsflugi sem uppfyllir alþjóðlegar öryggiskröfur. Með tilliti til þess hvetur framkvæmdastjórnin þau til að hraða og efla

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1146/2012 frá 3. desember 2012, Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 7.

aðgerðir sínar við framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta, eins og samþykkt hefur verið í samráði við Alþjóðaflugmálastofnunina, og beina athyglinni að því að þessi tvenns konar alvarlegi öryggisvandi verði tafarlaust til lykta leiddur. Framkvæmdastjórnin hvetur einnig til virkrar þátttöku Kasakstan í TRACECA-verkefninu um flugöryggi til að auka þekkingu og reynslu öryggisskoðunarmanna Flugmálastjórnar Kasakstan.

- 31) Framkvæmdastjórnin er enn staðráðin í að fara í vettvangsheimsókn til Kasakstan, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og með stuðningi aðildarríkjanna, og undirbúa endurskoðun flugöryggisnefndarinnar á málinu, um leið og fullnægjandi árangur næst við að ráða bót á veikleikum í öryggismálum.
- 32) Aðildarríkin og Flugöryggisstofnun Evrópu skulu staðfesta að enginn sérstakur vandi hafi komið upp við skoðanir á hlaði, sem framkvæmdar voru á flugvöllum í Sambandinu innan ramma SAFA-áætlunarinnar, í tengslum við starfrækslu flugs til Sambandsins á vegum flugrekandans Air Astana. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum munu halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirknan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans Air Astana séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Á þessum grundvelli mun framkvæmdastjórnin undirbúa fyrir næsta fund flugöryggisnefndarinnar endurskoðun á núverandi takmörkunum á flugrekstri flugrekandans Air Astana.

Flugrekendur frá Kirgistan

- 33) Framkvæmdastjórnin hefur haldið áfram samráði við lögbær yfirvöld í Kirgistan í þeim tilgangi að finna hugsanlega flugrekendur, þar sem vottun þeirra og eftirlit myndi uppfylla alþjóðlegar öryggiskröfur og þar sem gera mætti ráð fyrir að unnt væri að veita smám saman tilslakanir á takmörkunum.
- 34) Eins og málum var háttað fyrir fund flugöryggisnefndarinnar í júní 2013 og nóvember 2013 höfðu yfirvöld í Kirgistan þó ekki lagt fram skrifleg gögn um að þau myndu gera framkvæmdastjórninni kleift að undirbúa endurskoðun máls þeirra. Að auki, vegna skorts á sönnunargögnum frá Kirgistan, getur framkvæmdastjórnin ekki heldur lagt til að flugrekendur frá Kirgistan, ef flugrekandaskírteini þeirra heimila þeim ekki að stunda flutningaflug, verði felldir brott úr skrá Bandalagsins.
- 35) Hinn 24. október 2013 barst framkvæmdastjórninni afrit af flugrekandaskírteinum og rekstrarforskriftum hins nývottaða flugrekanda TEZ JET sem hóf starfrækslu flutningaflugs 1. ágúst 2013. Ekki hafa borist afrit af gögnum, sem tengjast nýlega vottuðu flugrekendum Kyrgyz Airlines, S. Group International og Heli Sky, sem annars eru birt á opinberu vefsetri lögbærs yfirvalds í Kirgistan. Þar sem lögbær yfirvöld í Kirgistan gátu ekki fært sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum fjórum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameigin-

legu viðmiðananna, að flugrekendurnir TEZ JET, Kyrgyz Airlines, S. Group International og Heli Sky skuli skráðir í viðauka A.

- 36) Framkvæmdastjórnin hvetur lögbær yfirvöld í Kirgistan til að hraða vinnu sinni við að ráða bót á veikleikum í öryggismálum, þ.m.t. þeim sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur tilgreint, og senda framkvæmdastjórninni reglulega upplýsingar um framvindu að því er varðar öryggiseftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, til að framkvæmdastjórnin geti síðan lagt tillögu fyrir flugöryggisnefndina um endurskoðun málsins. Við þessi skilyrði er framkvæmdastjórnin staðráðin í, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og með stuðningi aðildarríkjanna, að fara í vettvangsheimsókn í tengslum við öryggismat, til að staðfesta að lögbær yfirvöld í Kirgistan geti sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við alþjóðlegar kröfur, og undirbúa endurskoðun málsins hjá flugöryggisnefndinni.

Flugrekendur frá Líbanon

- 37) Frá 5.–11. desember 2012 framkvæmdi Alþjóðaflugmálastofnunin samræmda fullgildingarúttekt í Líbanon og fór yfir hvernig hefði gengið að ráða bót á annmörkunum sem komu í ljós í úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin viðhafði með almenningsflugkerfinu í Líbanon á bilinu 1.–9. júlí 2008. Eftir þessa samræmdu fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hafa átt sér stað lítilsháttar úrbætur í tengslum við almennan skort á skilvirkri framkvæmd þessara átta mikilvægu þátta.
- 38) Meðan á sendiförinni stóð benti hópurinn, sem framkvæmdi samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, á alvarlegan öryggisvanda í tengslum við vottunarferli flugrekenda. Í ljós kom að Líbanon hefði gefið út eða endurnýjað flugrekandaskírteini og rekstrarforskriftir tveggja alþjóðlegra flugrekenda í áætlunarflugi og nokkurra smærri handhafa flugrekandaskírteinis, sem stunda flugrekstur á alþjóðavísu, án þess að framkvæma tilskildar vottunaraðgerðir. Fullgildingarnefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um alvarlegan öryggisvanda staðfesti 31. janúar 2013 að alvarlegur öryggisvandi væru enn til staðar.
- 39) Greining framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna á lokaskýrslunni um samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá því í desember 2012 gefur til kynna að vandamál séu fyrir hendi í Líbanon að því er varðar að tryggja skilvirka framkvæmd á kröfum og ráðlögðum starfsvenjum á tveimur af þeim sviðum úttektaráætlunar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum sem greind voru, þ.e. á sviði lofthæfis og slysarannsóknna. Þar að auki virðast alvarlegir ágallar á fjórum öðrum sviðum úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, sem voru greind, draga verulega úr getu ríkisins.
- 40) Hinn 12. nóvember 2013 bauð framkvæmdastjórnin lögbærum yfirvöldum í Líbanon til samráðsfundar um tæknileg málefni með þátttöku Flugöryggisstofnunar

Evrópu og fulltrúa aðildarríkis ESB. Á þessum fundi greindu lögbær yfirvöld í Líbanon frá nýjum lögum um loftferðir (lög nr. 481/2002) þar sem gerð er tillaga um að komið verði á fót sjálfstæðu flugmálayfirvaldi á sviði almenningsflugs en að ekki hefði tekist að samþykkja þau sökum þess hve stjórn málaástandið í landinu hefði verið ótryggt. Þessi samþykkt er háð því að komið verði á fót nýju stjórnvaldi sem muni síðan heimila skipun nýrrar stjórnar fyrir yfirvaldið og gert er ráð fyrir að þetta eigi sér stað 2014. Lögbær yfirvöld lýstu því yfir að þau hefðu framkvæmt með skjótum hætti verkefni sem fela í sér að ráða bót á annmörkunum sem komu í ljós í áætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um aðgerðir til úrbóta. Á grundvelli þessa fundar var lögbærum yfirvöldum í Líbanon boðið að leggja fram upplýsingar um eftirlit með flugrekendum sínum. Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu munu meta gögnin sem berast, með tilliti til viðbótarupplýsinga frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, að því er varðar þá vinnu sem innt er af hendi í tengslum við úrlausn hins alvarlega öryggisvanda. Framkvæmdastjórnin hvetur einnig til virkrar þátttöku Líbanons í deild Sambandsins um flugöryggi á Miðjarðarhafi (MASC) til að stuðla að stofnun öryggisáætlunar ríkisins og efla regluramma um flugöryggi í Líbanon.

- 41) Á grundvelli ástandsins, sem lýst er í 37.–40. forsendu, telur framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin nauðsynlegt að halda áfram samráði við yfirvöld í Líbanon í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar 473/2006.

Flugrekendur frá Líbíu

- 42) Samráð við lögbær yfirvöld í Líbíu (Flugmálastjórn Líbíu (LYCAA)) heldur áfram með það að markmiði að staðfesta að Líbíu fari fram við það verk sitt að endurbæta öryggiskerfi sitt í almenningsflugi, og einkum að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Líbíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 43) Hinn 7. október 2013 skrifaði framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Líbíu og óskaði eftir nýjustu upplýsingum varðandi endurvottun flugrekenda í Líbíu. Í svari sínu 29. október 2013 óskaði Flugmálastjórn Líbíu eftir því að kynna framfarir sínar á fundi með framkvæmdastjórninni og enn fremur að koma fyrir flugöryggisnefndina í nóvember.
- 44) Í bréfi sínu, dagsettu 29. október 2013, staðfesti Flugmálastjórn Líbíu við framkvæmdastjórnina að hún myndi viðhalda núverandi takmörkunum á flugi til Sambandsins fyrir alla flugrekendur og að hvers konar breytingar þar á yrðu með fyrirvara um samkomulag á milli Flugmálastjórnar Líbíu, framkvæmdastjórnarinnar og flugöryggisnefndarinnar.
- 45) Á fundi sínum, 7. nóvember 2013, ræddu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og fulltrúar aðildarríkjanna við Flugmálastjórn Líbíu og flugrekendurna

Libyan Airlines og Afriqyah Airways. Í þessum viðræðum lýsti Flugmálastjórn Líbíu því yfir að hún teldi að fimm áfanga endurvottunarferli fyrir flugrekandann Libyan Airlines væri lokið og að heimila ætti þessum flugrekanda að starfrækja flug innan Sambandsins. Framkvæmdastjórnin fékk afhent gögn á þessum fundi um þær aðgerðir sem Flugmálastjórn Líbíu hafði gripið til í tengslum við endurvottunarferlið.

- 46) Flugmálastjórn Líbíu og flugrekandinn Libyan Airlines komu fyrir flugöryggisnefndina 19. nóvember 2013. Flugmálastjórn Líbíu tilkynnti flugöryggisnefndinni að fimm áfanga endurvottunarferlinu fyrir flugrekandann Libyan Airlines væri nú lokið og að heimila ætti þessum flugrekanda, að mati Flugmálastjórnar Líbíu, flugrekstur á flugleiðum innan Sambandsins.
- 47) Flugmálastjórn Líbíu staðfesti þó með skýrum hætti við framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina að allar tilslakanir á núverandi takmörkunum á flugi innan Sambandsins yrðu með fyrirvara um samkomulag á milli Flugmálastjórnar Líbíu, framkvæmdastjórnarinnar og flugöryggisnefndarinnar.
- 48) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin gerðu athugasemd við eftirfarandi:
- ekki væri hægt að leggja fullnægjandi mat á gögnin, sem lögð voru fram til stuðnings endurvottunar flugrekandans Libyan Airlines, eins og þau voru lögð fyrir nefndina, áður en fundur nefndarinnar væri haldinn,
 - í kjölfar spurninga frá nefndaraðilum liti svo út fyrir að skoðunarmenn Flugmálastjórnar Líbíu væru ekki nógu margir til að sinna verkefnum yfirvaldsins,
 - Flugmálastjórn Líbíu hefði ekki með fullnægjandi hætti takmarkað sjúkraflyg flugrekenda frá Líbíu í viðskiptalegum tilgangi, innan loftrymis Sambandsins, sem væri brot á samningnum á milli Flugmálastjórnar Líbíu, framkvæmdastjórnarinnar og flugöryggisnefndarinnar,
 - sum þeirra loftfara sem önnuðust þessi flug gengust undir skoðun á hlaði og í nokkrum tilvikum komu í ljós verulegir annmarkar.
- 49) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin héldu því fram að áður en Flugmálastjórn Líbíu íhugar að gefa út heimild til handa flugrekendum sínum að fljúga til Sambandsins ætti hún að sýna fram á, þannig að framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin telji fullnægjandi, að endurvottunarferlinu hafi verið lokið með skilvirkum hætti og að til staðar sé áframhaldandi, varanlegt eftirlit í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Sé ekki sýnt fram á það svo að framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin telji fullnægjandi myndi framkvæmdastjórninni vera skylt að grípa til tafarlausra ráðstafana til að koma í veg fyrir að flugrekendur starfræki flug innan Sambandsins.

Flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Míritaníu

- 50) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012 hafa aðildarríkin staðfest að viðeigandi öryggiskröfur séu

uppfylltar á skilvirkan hátt með skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda með flugrekstrarleyfi í Míritaníu. Nýjasta greining Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við SAFA-skoðanir sýnir að fimm skoðanir fóru fram á loftförum flugrekandans Mauritania Airlines International. Greining Flugöryggisstofnunar Evrópu á þeim anmörkum sem komu í ljós í þessum SAFA-skoðunum sýnir óæskilega þróun. Við skoðanirnar komu í ljós nokkrir ágallar, sem sumir hverjir hafa áhrif á öryggi, einkum að því er varðar viðhaldsástand. Í kjölfar greiningarinnar fóru fram tvær skoðanir til viðbótar í október 2013 sem staðfesta þessa þróun og eðli þessara ágalla.

- 51) Flugöryggisstofnun Evrópu tilkynnti yfirvöldum í Míritaníu (Flugmálastjórn Míritaníu (ANAC)) um þessar óhagstæðu niðurstöður úr SAFA-skoðunum. Flugmálastjórn Míritaníu var hvött til að grípa til aðgerða til úrbóta og upplýsa stofnunina um þessar aðgerðir. Hinn 14. október 2013 svaraði Flugmálastjórn Míritaníu með því að nefna að fyrsta flugið til Evrópu hafi verið 8. maí 2013 og að samkvæmt vísbendingum hennar væri hægt að merkja þróun til batnaðar. Öryggisskoðunarmenn Flugmálastjórnar Míritaníu fengu sérstakar leiðbeiningar um að banna loftförum að fljúga til Evrópu ef niðurstöður úr SAFA-skoðunum þeirra lentu í flokki 2 eða 3.
- 52) Spánn tilkynnti flugöryggisnefndinni að nýlega hefðu fjórir skoðunarmenn Flugmálastjórnar Míritaníu til viðbótar fengið fræðslu um SAFA-skoðanir sem ætti að bæta ástandið.
- 53) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin tóku fram að Flugmálastjórn Míritaníu og flugrekandinn Mauritania Airlines International þyrftu að halda áfram að bæta ástandið. Framkvæmdastjórnin mun einnig ítreka við Míritaníu mikilvægi skuldbindinganna, sem landið gekkst undir í tengslum við áætlun um aðgerðir til úrbóta, um nauðsyn þess að láta fara fram orsakagreiningu og mun óska eftir því að fá reglulega skýrslur frá Flugmálastjórn Míritaníu og flugrekandanum Mauritania Airlines International.
- 54) Ef niðurstöður SAFA-skoðana á hlaði í framtíðinni, eða einhverjar aðrar viðeigandi öryggisupplýsingar, gefa til kynna að ekki séu gerðar tilskildar öryggiskröfur þannig að þær yrðu undir viðunandi mörkum, myndi framkvæmdastjórnin neyðast til að íhuga að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Mósambík

- 55) Lögbær yfirvöld í Mósambík (Flugmálastjórn Mósambík (IACM)) hafa tilkynnt um yfirstandandi framkvæmd áætlunar til úrbóta sem var lögð fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina og sem hún samþykki. Í nýjstu framvinduskýrslunni, sem barst 29. október 2013, kemur fram að Flugmálastjórn Mósambík hafi haldið áfram að fjalla um hinar óútkljáðu niðurstöður úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum með tilliti til tengdra spurninga

um samskiptareglur en beðið er eftir fullgildingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þeim framförum sem tilkynnt hefur verið um og munu þær verða tilkynntar eins fljótt og auðið er. Komið hefur verið á fót þjálfunarstefnu á vegum Flugmálastjórnar Mósambík og hafist hefur verið handa við samsvarandi þjálfunaráætlun.

- 56) Á sama tíma tilkynnti Flugmálastjórn Mósambík að hún hefði haldið áfram endurvottunarferli flugrekenda í fullu samræmi við kröfur og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO SARPS) og að enn sem komið væri hefðu tólf flugrekendur (CFM – Transportes e Trabalho Aéreo S.A., Coastal Aviation, CR Aviation, ETA- Air Charter, Helicópteros Capital, Kaya Airlines Lda, Linhas Aéreas de Moçambique LAM, Moçambique Expresso SARL Mex, OHI, Safari Air, Solenta Aviation (áður CFA-Mozambique) og TTA SARL) fengið endurvottun í samræmi við skrána frá Flugmálastjórn Mósambík. Þar sem lögbær yfirvöld í Mósambík gátu ekki fært sönnur á að öryggiseftirlit með þessum tólf flugrekendum væri örugglega í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur og á grundvelli sameiginlegra viðmiðana, er það metið svo að flugrekendurnir CFM – Transportes e Trabalho Aéreo S.A., Coastal Aviation, CR Aviation, ETA- Air Charter, Helicópteros Capital, Kaya Airlines Lda, Linhas Aéreas de Moçambique LAM, Moçambique Expresso SARL Mex, OHI, Safari Air, Solenta Aviation (áður CFA-Mozambique) og TTA SARL skuli skráðir í viðauka A.
- 57) Þeir fimm flugrekendur sem voru fyrir skráðir í viðauka A (Aero-Serviços SARL, Aerovisão de Moçambique, Emílio Air Charter Lda, Unique Air Charter og VR Cropsprayers Lda) hafa ekki fengið endurvottun. Þó svo að þeir séu ekki í skránni yfir flugrekendur sem fengu endurvottun, sem yfirvöld lögðu fram, eru þessir fimm flugrekendur ennþá skráðir á vefsetri lögbærra yfirvalda í Mósambík. Þar sem lögbær yfirvöld í Mósambík gátu ekki fært sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum fimm flugrekendum samrýmðist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna, að flugrekendurnir Aero-Serviços SARL, Aerovisão de Moçambique, Emílio Air Charter Lda, Unique Air Charter og VR Cropsprayers Lda skuli áfram vera skráðir í viðauka A.
- 58) Viðleitnin til að byggja upp getu hefur haldið áfram með ráðningu sérfræðinga í hverju aðildarríki fyrir sig þar sem ráða á samtals 15 starfsmenn fyrir lok ársins 2013 (til að styrkja starfrækslu & leyfisveitingar, leiðsögu & flugvelli, lofthæfi, reglusetningu & framfylgd, samkomulög um flutninga í lofti og stjórnsýslu) og að auki á að ráða fjóra starfsmenn (leiðsaga & flugvellir) á árinu 2014. Einnig var ráðinn sérfræðingur á sviði flugvalla, flugleiða og leiðsögutækja á jörðu niðri (AGA-sérfræðingur) í október 2013 samkvæmt verkefni, sem Alþjóðaflugmálastofnunin styrkti, til að efla viðkomandi svið.
- 59) Flugmálastjórn Mósambík hefur tilkynnt að flugrekandinn Linhas Aéreas de Moçambique hafi haldið

áfram að vinna að framkvæmd næstu áfanga, aðallega III. áfanga öryggisstjórnarkerfis síns. Öryggisstjórnar og öryggisfulltrúar hafa verið skipaðir á öllum rekstrarsviðum og yfirstandandi er þjálfun á sviði öryggisstjórnarkerfis og öflun upplýsingateknitöla til að samþætta gæðakerfið og öryggisstjórnarkerfið. Samhliða þessu og í kjölfar árangursríkrar úttektar, sem framkvæmd var í júní 2013, hefur flugrekandinn Linhas Aéreas de Moçambique fengið vottun sína fyrir IOSA-úttekt (*e. IATA Operational Safety Audit Programme* – áætlun Alþjóðasambands flugfélaga um úttekt á flugöryggi) endurnýjaða og gildir hún núna til október 2015. Úttekt á gæðakerfi flugrekandans Linhas Aéreas de Moçambique í ágúst 2013 var einnig árangursrík og var því gildistími ISO-9001 vottunar hans framlengdur.

- 60) Flugmálastjórn Mósambík hefur óskað eftir samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að fullgilda ferlið við framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og Alþjóðaflugmálastofnunin hyggst framkvæma úttektina í apríl 2014.
- 61) Flugöryggisnefndin fagnaði þeim árangri sem lögbær yfirvöld í Mósambík greindu frá, að því er varðar úrbætur á annmörkunum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, sérstaklega þeim sem beinast að því að byggja upp innri getu, og hvatti þau áfram í viðleitni sinni til að ljúka við að setja á stofn flugkerfi sem er í fullu samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 62) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenndu einnig og fögnuðu viðvarandi úrbótum, sem flugrekandinn Linhas Aéreas de Moçambique tilkynnti um, í áframhaldandi viðleitni þeirra til að fylgja og samþykkja alþjóðlegar öryggiskröfur.

Flugrekendur frá Nepal

- 63) Í maí 2009 staðfestu niðurstöður úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna í Nepal væri tiltölulega langt undir meðaltali í heiminum.
- 64) Úttektin leiddi í ljós að lögbær yfirvöld í Nepal gátu ekki tryggt skilvirka framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna á sviði flugreksturs, lofthæfis og slysarannsóknar og að alvarlegir ágallar hefðu áhrif á getu landsins, einnig að því er varðar frumlöggjöf á sviði flugmála og reglugerðir um almenningsflug, skipulag almenningsflugs ásamt leyfisveitingum og þjálfun starfsfólks.
- 65) Á tveggja ára tímabili, á bilinu ágúst 2010 til september 2012, hafa orðið fimm mannskæð slys í Nepal, sem snerta fjölda borgara í Sambandinu, þar sem loftför, sem skráð eru í Nepal, áttu hlut að máli. Árið 2013 voru þar að auki þrjú slys til viðbótar. Há slysatíðni er merki um að fyrir hendi séu kerfistengdir annmarkar í öryggismálum.
- 66) Á grundvelli upplýsinga í kjölfar samráðs á milli Flugmálastjórnar Nepal (CAAN), framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu, fór flugöryggisnefndin yfir ástandið, með tilliti til flugöryggis í Nepal, í fyrsta sinn á fundi nefndarinnar í júní 2013.

- 67) Þrátt fyrir alvarlega annmarka, sem komu í ljós, og mikinn fjölda flugslysa, þótti flugöryggisnefndinni frumkvæði lögbærra yfirvalda hvetjandi, en lýsti því yfir að endurskoðun á niðurstöðum samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og aðrar upplýsingar um öryggi gætu haft í för með sér að framkvæmdastjórnin gripi til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) 2111/2005.
- 68) Alþjóðaflugmálastofnunin framkvæmdi samræmda fullgildingarúttekt í júlí 2013 sem hafði í för með sér alvarlegan öryggisvanda í tengslum við starfrækslu loftfara. Áætluninni um aðgerðir til úrbóta, sem Flugmálastjórn Nepal lagði fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina, til að bæta úr annmörkunum í tengslum við alvarlegan öryggisvanda, sem vakinn var athygli á, var ekki lokið innan tilskilinnna tímamarka og alvarlegi öryggisvandinn var áfram til staðar. Heildarskýrsla samræmdu fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur ekki enn verið gerð aðgengileg.
- 69) Flugöryggisnefndin hlýddi á kynningar Flugmálastjórnar Nepal 19. nóvember 2013 um aðgerðir þeirra varðandi úrbætur á flugöryggi í Nepal. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin komust að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir umtalsverða viðleitni Flugmálastjórnar Nepal eru enn fyrir hendi verulegar áhyggjur varðandi áhættu í tengslum við flugöryggi sem ekki er nægilega takmarkandi.
- 70) Flugöryggisnefndin hlýddi einnig á kynningar frá samtökum flugrekenda í Nepal, Nepal Airlines, Buddha Air, Yeti Airlines, Tara Air og Shree Airlines.
- 71) Í kynningum sínum fjölluðu flugrekendur aðallega um öryggisstjórnun og þjálfun flugmanna og þótti flugöryggisnefndinni faglegt viðhorf flugrekendanna til flugöryggis almennt séð mjög hvetjandi.
- 72) Þrátt fyrir viðleitni Flugmálastjórnar Nepal eru ekki fyrir hendi nægilegar sannanir um skýrar og varanlegar umbætur. Þessi athugasemd er studd útgáfu skýrslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um alvarlegan öryggisvanda og skorti á getu til að leysa vandamál, sem hún greindi, með skilvirkum hætti.
- 73) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu því athygli að þótt litið sé svo á að Flugmálastjórn Nepal sé innan þess áfanga að byggja upp getu þá sé ekki til staðar nauðsynleg geta hjá henni til að tryggja að hún geti uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar sínar með fullnægjandi hætti.
- 74) Jafnvel þótt sumir flugrekendur hafi úrræði, sem eru nauðsynleg til að stjórna öryggi í samræmi við skuldbindingar sínar, telur framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin að veikleikar Flugmálastjórnar Nepal hafi í för með sér að hún lendi í stöðu þar sem hún getur ekki tryggt öryggi flugrekenda sinna.
- 75) Á grundvelli stöðunnar, sem lýst er í 63.–74. forsendu og á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna, er það metið svo að allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Nepal,

uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skulu þeir því sæta flugrekstrarbanni og skráðir í viðauka A.

- 76) Framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, er tilbúin að fara í vettvangsheimsókn til Nepal, fyrir næsta fund flugöryggisnefndarinnar, ef mögulegt er, til að meta frekar getu Flugmálastjórnar Nepal og stærstu flugrekendanna í Nepal, með það að markmiði að komast að því hvort einhverjar tilslakanir á flugrekstrarbanninu væru mögulegar.
- 77) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenna erfiðleikana, sem Flugmálastjórn Nepal stendur frammi fyrir, og munu skoða möguleikana á því að vikka út fyrirliggjandi tæknilega samstarfsáætlun á milli Flugmálastjórnar Nepal og Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Flugrekendur frá Filippseyjum

- 78) Flugrekandinn Cebu Pacific ákvað að sækja ekki fund flugöryggisnefndarinnar sökum slyss, sem loftfar hans lenti í á alþjóðaflugvellinum Davao 2. júní 2013, sem hafði í för með sér að loftfarið fór út fyrir flugbrautina.
- 79) Síðan fundur flugöryggisnefndarinnar fór fram í júní hafa flugmálayfirvöld á sviði almenningsslyss á Filippseyjum (Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) og flugrekandinn Cebu Pacific lagt fram tiltekin gögn til þess að framkvæmdastjórnin fái skýrari mynd af öryggisaðgerðum flugrekandans Cebu Pacific og Flugmálastjórnar Filippseyja að því er varðar slysið. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu áframhaldandi jákvæðri viðleitni Flugmálastjórnar Filippseyja athygli og fögnuðu gagnsæjum samskiptum við framkvæmdastjórnina í tengslum við slysið.
- 80) Framkvæmdastjórnin hefur boðið fulltrúum Flugmálastjórnar Filippseyja og flugrekandanum Cebu Pacific til tæknilegs fundar til að ræða ítarlega þessar öryggisaðgerðir og aðra viðeigandi þætti í tengslum við slysið.
- 81) Aðildarríkin veittu því athygli að flugrekandinn Philippine Airlines hefði aftur hafið flugstarfsemi til Sambandsins 4. nóvember 2013 í kjölfar þess að hann var felldur brott úr viðauka A og öryggisskrá ESB í júlí 2013. Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja skoðun á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

- 82) Loftför, sem nokkrir flugrekendur, sem hafa fengið vottun hjá Rússneska sambandsríkinu, starfrækja og fljúga til flugvalla í Sambandinu, þurfa að sæta forgangsskoðun á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara til að sannreyna að þau uppfylli alþjóðlegar öryggiskröfur. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnun Evrópu halda áfram að upplýsa mótaðila sína í Rússneska sambandsríkinu um þann vanda sem hefur greinst og hvetja þá til að grípa til aðgerða til að ráða bót á þeim tilvikum þegar ekki er farið að kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

- 83) Í millitíðinni heldur framkvæmdastjórnin áfram viðræðum við lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu um flugöryggismál, einkum til að tryggja að fullnægjandi stjórn verði höfð á núverandi áhættum sem stafa af lélegri öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.
- 84) Hinn 7. nóvember 2013 hélt framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og fjölmargra aðildarríkja, fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Rússlands (FATA) þar sem Flugmálastjórnin greindi frá ráðstöfunum, sem yfirvaldið og hlutaðeigandi flugrekendur höfðu gert, til að ráða bót á þeim ágöllum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir á hlaði. Flugmálastjórn Rússlands greindi sérstaklega frá því að hún hefði stjórn á frammistöðu flugrekenda og væri reiðubúin til að grípa inn í ef þörf væri á. Hún notar reglubundið niðurstöður úr SAFA-skoðunum í tengslum við eftirlit með vottunarferlinu eða útgáfu sérstakra samþykka til að sannprófa hvort flugrekendur uppfylli tilskildar kröfur.
- 85) Til þess að svara spurningum í tengslum við verulega fjölgun annmarka við SAFA-skoðanir var fulltrúum flugrekandans Kogalymavia einnig boðið að sækja fundinn sem haldinn var 7. nóvember 2013. Lögbært yfirvald í Rússlandi upplýsti að það hefði framkvæmt óreglubundna skoðun hjá flugrekandanum Kogalymavia, þar sem alvarlegir ágallar komu í ljós á sviði lofthæfis, flugreksturs og öryggisstjórnunar. Flugrekandinn fékk frest í einn mánuð til að bæta úr hvers konar ágöllum. Því næst, innan tveggja vikna, mun Flugmálastjórn Rússlands framkvæma eftirfylgniskoðun og ákveða hvort eigi að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans. Framkvæmdastjórnin benti á að fara þyrfti vandlega yfir flota og flugrekstur þessa flugrekanda, ásamt því að auka það eftirlit sem er í gangi, til að unnt sé að staðfesta að skjótar úrbætur eigi sé stað á tæknilegu ástandi flugvéla og á sviði flugöryggis. Ef ástandið hjá flugrekandanum Kogalymavia batnar ekki eða ráðstafanir yfirvalda reynast ekki fullnægjandi, mun framkvæmdastjórnin grípa til viðeigandi aðgerða. Þar sem hluti af flotanum er skráður á Írlandi munu lögbær yfirvöld á Írlandi (Flugmálastjórn Írlands (IAA)) grípa til viðeigandi ráðstafana.
- 86) Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu skulu halda áfram að fylgjast náið með öryggisframmistöðu þeirra flugrekenda sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu og fljúga til Sambandsins. Í því skyni munu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja skoðanir á hlaði á loftförum þessara flugrekenda í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í Rússlandi skulu halda áfram að skiptast á upplýsingum sem tengjast öryggi, til að staðfesta að hlutaðeigandi flugrekendur hafi ráðið fullnægjandi bót á þeim ágöllum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir á hlaði.

87) Ef niðurstöður skoðana á hlaði, eða einhverjar aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Jemen (Yemen Airways)

88) Rannsóknarskýrsla í tengslum við slys, sem flugrekandinn Yemen Airways (Yemenia) átti hlut að á Moroni, Kómoreyjum 29. júní 2009 (2254 UTC), var birt 25. júní 2013. Í samræmi við alþjóðlegar kröfur birti Kómoreyjasambandið skýrsluna með þátttöku annarra ríkja, t.d. Frakklands, Bandaríkjanna og Jemen. Sumir þátttakendur höfðu haft áhyggjur af tímanum sem leið frá því að slysið átti sér stað og þar til lokaskýrslan var birt.

89) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin fögnuðu birtingu lokaskýrslunnar. Að því er varðar niðurstöðurnar segir í skýrslunni, í tengslum við flugrekandann Yemenia, að slysið hafi orðið sökum óviðeigandi aðgerða áhafnarinnar í tengslum við stjórn á flugslóð loftfarsins sem leiddi til þess að loftfarið ofreis án þess að unnt væri að rétta það við aftur og því brotlenti það í sjónum. Sá atburður sem kom á undan ofrisi loftfarsins var óstjórnað sjónflug í hringaðflugi að nóttu til. Í skýrslunni er því síðan haldið fram að áhöfn flugrekandans Yemenia hafi líklega ekki haft andlega getu til að bregðast á fullnægjandi hátt við ýmsum viðvörðunum frá stjórnklefanum. Að auki kom fram í skýrslunni að ekki væru til staðar skýrar verklagsreglur, sem áhöfnin ætti að fylgja, ef annað eða bæði flugbrautarljósín væru óvirk.

90) Skýrslan um slysið innihélt þrenn megintilmæli: í fyrsta lagi að yfirvöld á Kómoreyjum innleiddu varanlegar neyðarráðstafanir, sem væru aðlagðar að rannsóknum og síðan björgun í tengslum við flugslys sem á sér stað á sjó nálægt flugvöllum þeirra, í öðru lagi að yfirvöld í Jemen tryggi að allar áhafnir, sem fljúga til Moroni, hafi viðeigandi þjálfun til að geta flogið sjónflug eftir tilskildum ferlum (MVI) og í þriðja lagi að yfirvöld í Jemen endurskoði þjálfun flugmanna hjá flugrekandanum Yemenia að því er varðar getu þeirra til að bregðast við þegar um neyðarástand er að ræða.

Öryggisskýrslan um snyrtivöruna skal innihalda upplýsingar um óæskileg áhrif og alvarleg, óæskileg áhrif, þær skulu uppfærðar og gerðar aðgengilegar fyrir öryggismatsmanninn sem getur endurskoðað mat sitt eða tekið tillit til þessara upplýsinga þegar mat er lagt á svipaðar vörur.

Öryggisskýrslan um snyrtivöruna skal innihalda öll fyrirbyggjandi gögn, þ.m.t. tölfræðileg gögn, um óæskileg áhrif og alvarleg, óæskileg áhrif snyrtivörunnar eða, þar sem við á, annarra snyrtivara.

Einkum skal öryggisskýrslan innihalda upplýsingar um *óæskileg áhrif* sem, samkvæmt mati á orsakatengslum, megi mjög líklega, líklega, ekki greinilega eða ólíklega rekja ⁽⁴⁶⁾ til snyrtivörunnar sem um er að ræða.

Gögn um óæskileg áhrif mega vera hluti af þessum hluta öryggisskýrslunnar í formi tölfræðigagna, s.s. fjöldi og tegund óæskilegra áhrifa á ári.

Upplýsingum um *alvarleg, óæskileg áhrif* sem, samkvæmt mati á orsakatengslum, má mjög líklega, líklega, ekki greinilega eða ólíklega rekja til snyrtivörunnar, sem um er að ræða, skal bætt í öryggisskýrsluna í samræmi við 9. lið A-hluta I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 og þær tilkynntar til lögbærra landsyfirvalda í samræmi við 23. gr. sömu reglugerðar⁽⁴⁷⁾. Tilkynningareyðublöðin, sem á að senda til lögbærra yfirvalda, skulu því fest við öryggisskýrsluna um snyrtivöruna.

Tilgreina skal hvernig ábyrgðaraðili bregst við og meðhöndlar alvarleg óæskileg áhrif sem tilkynnt er um. Lýsa skal ráðstöfunum til úrbóta eða forvarnarráðstöfunum, sem gripið hefur verið til, ef við á.

⁽⁴⁴⁾ Þetta er afleiðing kröfunnar í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 þar sem komið er á þeirri skyldu ábyrgðaraðila að tilkynna alvarleg, óæskileg áhrif til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum ESB.

⁽⁴⁵⁾ 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

⁽⁴⁶⁾ Að því er varðar óæskileg áhrif, sem má mjög líklega eða líklega rekja til snyrtivörunnar, gilda ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, „Aðgangur almennings að upplýsingum“.

⁽⁴⁷⁾ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, „Serious Undesirable Effects (SUE) Reporting Guidelines“ (Viðmiðunarreglur varðandi skýrslugjöf um alvarleg, óæskileg áhrif), http://ec.europa.eu/consumers/sectors/cosmetics/files/pdf/sue_reporting_guidelines_en.pdf

Upplýsingar um óæskileg áhrif skulu uppfærðar og reglulega gerðar aðgengilegar fyrir öryggismatsmanninn⁽⁴⁸⁾ sem getur talið nauðsynlegt að endurskoða öryggismatið, leggja til endurbætur á efnablöndunni eða nota upplýsingarnar til að útbúa öryggismat fyrir svipaðar vörur.

Viðbótargögn varðandi snyrtivörugát (e. *cosmetovigilance data*), s.s. alvarleg, óæskileg áhrif af völdum ótilætlaðrar notkunar, geta einnig veitt gagnlegar upplýsingar sem öryggismatsmaðurinn skal taka til athugunar.

3.10. Upplýsingar um snyrtivöruna

Í þessum lið öryggisskýrslunnar um snyrtivöruna er hægt að skrá hvers konar viðbótarupplýsingar sem falla ekki undir neina aðra fyrirsögn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 en teljast skipta máli fyrir framkvæmd öryggismats fyrir vöruna.

Þessi liður öryggisskýrslunnar skal innihalda aðrar viðeigandi upplýsingar, sem varða annað hvort vöruna eða svipaðar efnasamsetningar, t.d. úr fyrirliggjandi rannsóknum á sjálfboðaliðum eða sem varða tiltekin efni, s.s. tilhlýðilega staðfestar og rökstuddar niðurstöður úr áhættumötum sem voru unnin á öðrum viðeigandi sviðum.

Nota má þennan lið til að vísa til upplýsinga um efni eða blöndur, sem eru einnig notaðar í aðrar vörutegundir, s.s. matvæli og lyf.

4. B-HLUTI I. VIÐAUKA VIÐ REGLUGERÐ (EB) Nr.1223/2009 — ÖRYGGISMAT FYRIR SNYRTIVÖRUR

B-hluti skýrslunnar er sjálft matið á öryggi vörunnar. Krafist er að öryggismatsmaðurinn taki í rökstuðningi sínum tillit til allra áhætta sem tilgreindar eru fyrir vöruna og váhrifa af völdum hennar.

B-hluti öryggisskýrslunnar um snyrtivöruna inniheldur:

- 1) Niðurstöðu áhættumats.
- 2) Merkingu með viðvörunum og notkunarleiðbeiningum.
- 3) Rökstuðning.
- 4) Upplýsingar um öryggismatsmann og endanlegt samþykki hans.

4.1. Niðurstaða áhættumats

Niðurstaða áhættumats er yfirlýsing um öryggi snyrtivörunnar í tengslum við öryggiskröfuna í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

Í niðurstöðunni skal tilgreint hvort varan er örugg, örugg með takmörkunum eða ekki örugg fyrir heilbrigði manna þegar hún er notuð við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarshilyrði.

Lagarammi matsins skal sérstaklega nefndur, einkum reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.

Ef varan hefur verið metin sem ekki örugg getur hún ekki talist uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og skal því ekki sett á markað.

4.2. Merking með viðvörunum og notkunarleiðbeiningum

Markmiðið með þessum lið öryggisskýrslunnar um snyrtivöruna er að skrá greinilega þær sérstöku varúðarráðstafanir sem gera skal við notkun hennar, þ.m.t. að minnsta kosti þær sem eru skráðar í III.–VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, og upplýsingar um sérstakar varúðarráðstafanir varðandi snyrtivörur til nota í atvinnuskyni, sem eiga að koma fram á merkingunni.

⁽⁴⁸⁾ Þetta er skylda ábyrgðaraðilans skv. c-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

Í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 á þessi liður að vera yfirlýsing um það hvort nauðsynlegt sé að merkingar innihaldi sérstakar viðvaranir og notkunarleiðbeiningar í samræmi við d-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

Það er verkefni öryggismatsmannsins að ákveða hvaða viðvaranir eða notkunarleiðbeiningar, til viðbótar þeim sem eru skráðar í III.–VI. viðauka, þarf að merkja til að tryggja örugga notkun vörunnar.

Öryggismatsmaðurinn skal ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvað skal koma fram á merkingunni, að teknu tilliti til lagaskyldna skv. 19. gr. og viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og, þar sem við á, gerninga, t.d. tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2006/647/EB⁽⁴⁹⁾ og annarra viðmiðunarreglna sem framkvæmdastjórnin hefur birt, t.d. þær sem varða merkingu um „hve lengi má nota vöruna eftir opnun“⁽⁵⁰⁾ og merkingu innihaldsefna samkvæmt tilskipun 76/768/EBE⁽⁵¹⁾.

4.3. Rökstuðningur

Rökstuðningurinn er kjarni öryggismatsins þar eð markmiðið með honum er að útskýra skýrt og nákvæmlega hvernig öryggismatsmaðurinn kemst að niðurstöðu um öryggi snyrtivörunnar á grundvelli gagna sem aflað er samkvæmt A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

Öryggismatið skal framkvæmt fyrir hverja snyrtivöru fyrir sig í hverju tilviki fyrir sig og vera niðurstaða sérfræðilegs mats á fyrirliggjandi gögnum. Öryggismatsmaðurinn skal tryggja að allar upplýsingar sem hann þarf til að framkvæma öryggismat séu tiltækar; hann skal athuga mikilvægi gagnanna, sem lögð eru fram um vöruna sem skal meta; og hann skal rökstyðja það ef gögn, sem krafist er samkvæmt A-hluta, eru ekki fyrir hendi ef hann telur þau ekki viðeigandi eða nauðsynleg.

Til að draga ályktanir um öryggi snyrtivöru er þess krafist að öryggismatsmaðurinn meti öryggi einstakra efna eða blandna sem efnasamsetningin inniheldur og öryggi fullunnu vörunnar. Niðurstöður hans eiga að grundvallast á vísbendingum sem sýna, að því er varðar alla hættu sem er tilgreind, að varan geti talist örugg með tilliti til heilbrigði manna.

Öryggismatsmaðurinn getur samþykkt efnasamsetninguna sem um er að ræða, hafnað henni eða samþykkt hana með sérstökum skilyrðum. Vöru sem uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1223/2009 skal hafna og ekki setja á markað.

Í rökstuðningnum fyrir öryggismatinu eru settar fram þær athuganir sem leiddu öryggismatsmanninn að heildarniðurstöðu um öryggi vöru, á grundvelli allra öryggistengdra upplýsinga.

Þess er krafist að öryggismatsmaðurinn taki í rökstuðningi sínum tillit til allra áhætta, sem tilgreindar eru, til fyrirhugaðra og sæmilega fyrirsjáanlegra váhrifaskilyrða fyrir einstök efni eða blöndur, sem efnasamsetningin inniheldur, og til fullunnu vörunnar.

Greining og mat á gildi/áreiðanleika allra fyrirliggjandi upplýsinga er verkefni öryggismatsmannsins. Framkvæmd þessarar greiningar gerir öryggismatsmanninum kleift að ákveða hvort fyrirliggjandi gögn séu nægileg til að framkvæma öryggismat eða hvort afla þurfi viðbótargagna um einstakt efni eða fullunnu snyrtivöruna.

Rökstuðningurinn grundvallast á gögnum sem tekin hafa verið saman í A-hluta öryggisskýrslunnar um snyrtivöruna og þar er tekið tillit til öryggismats á efnum og blöndum, sem vísindanefndin um öryggi neytenda hefur unnið ef efnin eru í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, sem aðrar lögbærar vísindanefndir eða nefndir hafa unnið eða sem öryggismatsmaðurinn sjálfur hefur unnið, og til öryggismats fyrir snyrtivöruna.

⁽⁴⁹⁾ Stjtið. ESB L 265, 26.9.2006, bls. 39.

⁽⁵⁰⁾ Aðgengilegt á http://ec.europa.eu/consumers/sectors/cosmetics/documents/guidelines/labelling/index_en.htm

⁽⁵¹⁾ Aðgengilegt á http://ec.europa.eu/consumers/sectors/cosmetics/files/doc/guide_labelling200802_en.pdf

4.3.1. Öryggismat á efnum og/eða blöndum

Öryggismat á efnum og/eða blöndum samanstendur af þremur meginskrefum:

- 1) hættulýsingu á efnum og blöndum,
- 2) mati á staðbundnum og altækum váhrifum (að teknu tilliti til gagna um frásög),
- 3) áhættumati á altækum áhrifum (útreikningur öryggismarka) og áhættumati á staðbundnum áhrifum (t.d. húðofnæmi, húðerting).

Að því er varðar ilmefna- og bragðefnasambönd, ef upplýsingar um samsetningu þeirra eru trúnaðarmál, má framleiðandi þessarar blöndu leggja öryggismat á fullunnu vörunni fyrir ábyrgðaraðilann. Öryggismat á ilmefna- og bragðefnasambandi skal, að teknu tilliti til styrks þess í fullunnu snyrtivörunni og váhrifamynsturs, undirbúið með því að fylgja meginreglum, sem lýst er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, og þessum viðmiðunarreglum. Dreifingaraðili skal leggja viðeigandi skjal, þar sem sýnt er fram á öryggi ilmefna- eða bragðefnasambands, fyrir ábyrgðaraðilann fyrir fullunnu snyrtivörunni.

4.3.2. Öryggismat á snyrtivöru

Öryggismat á snyrtivöru nær yfir þrjá meginþætti:

- 1) samantekt á áhættumati á grundvelli staðbundinna og altækra áhrifa allra einstakra efna/blandna⁽⁵²⁾,
- 2) viðbótarmat á öryggi samsettrar vöru, sem ekki er unnt að meta með því að leggja mat á efnin eða blöndurnar, hverja fyrir sig. Það gæti t.d. verið samhæfi samsetningarinnar við húð, mat á mögulegum samsettum áhrifum, t.d. þegar eitt innihaldsefni getur aukið frásogshraða annars innihaldsefnis, möguleg áhrif sem geta stafað af víxlverkun við umbúðaeefni eða möguleg áhrif vegna efnahvarfa á milli einstakra efna/blandna í samsettri vöru⁽⁵³⁾,
- 3) aðrir þættir sem hafa áhrif á öryggismat, s.s. stöðugleiki, örverufræðilegir eiginleikar, umbúðir og merking, þ.m.t. notkunarleiðbeiningar og varúðarráðstafanir við notkun.

Í sérstöku mati á snyrtivörum ætluðum börnum undir þriggja ára aldri, sem krafist er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, skal tekið tillit til sérþætra ráðlegginga í viðmiðunarreglum vísindanefndarinnar um öryggi neytenda⁽⁵⁴⁾.

Í sérstaka matinu, sem krafist er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, fyrir snyrtivörur sem eru eingöngu ætlaðar til hreinlætis á viðkvæmum stöðum útvortis skal einnig taka tillit til einstakra eiginleika staðarins sem snyrtivaran er notuð á.

Öryggismatsmaðurinn getur samþykkt efnasamsetninguna sem um er að ræða, hafnað henni eða samþykkt hana með sérstökum skilyrðum. Vöru sem uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1223/2009 skal hafna og ekki setja á markað. Fylgja skal ráðleggingum öryggismatsmanns að því er varðar örugga notkun vörunnar.

Til að tryggja að öryggisskýrslan um snyrtivöruna sé uppfærð eins og krafist er í c-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 skal endurmeta reglulega öryggi fullunnu vörunnar.

⁽⁵²⁾ Að því er varðar vöru úr sömu línu þar sem eini munurinn á milli mismunandi vara er litunarefnið, sem hefur engin áhrif á öryggi, t.d. í varalit eða öðrum förðunarvörum með litunarefni kemur sameiginleg öryggisskýrsla um vörunar til greina en hún þarf að vera rökstudd.

⁽⁵³⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda, vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhrættu, vísindanefndin um nýgreinda og vaxandi heilbrigðisáhrættu, „Toxicity and Assessment of Chemical Mixtures“ (Eiturhrif og mat á efnablöndum), 2012 http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/environmental_risks/docs/scher_o_155.pdf

⁽⁵⁴⁾ Leiðbeiningar vísindanefndarinnar um öryggi neytenda, liður 3-7.3, bls. 51.

Þegar breytingar verða á lagaskilyrðum (t.d. takmörkun á einu af efnunum sem samsetningin inniheldur), skal m.a. athuga (t.d. með tilliti til merkingar) hvort samsetningin sé ennþá í samræmi við lög og öryggismatið skal endurskoðað og, ef nauðsyn krefur, uppfært.

Öryggismatið skal einnig endurskoðað og, ef nauðsyn krefur, uppfært þegar eitt eða fleira af eftirfarandi gildir:

- a) nýjar vísindalegar niðurstöður og eiturefnafræðileg gögn um efnin liggja fyrir, sem gætu breytt niðurstöðu gildandi öryggismats,
- b) breytingar verða á samsetningu eða nákvæmum skilgreiningum á hráefnum,
- c) breytingar verða á notkunarskilyrðum,
- d) greinileg þróun að því er varðar eðli, alvarleika og tíðni óæskilegra áhrifa, bæði við sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði og ef um er að ræða rangnotkun⁽⁵⁵⁾.

Koma skal á skipulagi og ferlum til að tryggja að ábyrgðaraðili og öryggismatsmaður skiptist á skilvirkan hátt á upplýsingum, sem skipta máli fyrir uppfærslu öryggisskýrslunnar um snyrtivöruna, og að öryggismatsmanninum sé gert kleift að grípa inn í þegar þörf er á uppfærslu.

4.4. Upplýsingar um matsmann og samþykki fyrir B-hluta

Öryggismatsmaður á að vera fagmaður með þekkingu og sérfræðikunnáttu sem eru nauðsynleg til að semja nákvæmt öryggismat, eins og tilgreint er í kröfum um menntun og hæfi í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Í þessum lið öryggisskýrslunnar um snyrtivöruna er miðað að því að tryggja að sú krafa sé uppfyllt og að nauðsynleg sönnunargögn séu lögð fram.

Í þessum lið öryggisskýrslunnar er gerð sú krafa að nafn og heimilisfang öryggismatsmannsins sé tilgreint og hann skal dagsettur og undirritaður.

Niðurstaða öryggismatsins skal undirritað og með dagsetningu samantektar eða birt í rafrænu formi þar sem sett er fram skýr tenging á milli matsmanns, samsetningar og dagsetningar mats. Vernda skal rafrænu útgáfuna fyrir misnotkun að hálfu aðila sem ekki hafa til þess heimild.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er gerð sú krafa að öryggismatsmaðurinn sé „aðili sem getur framvísað prófskírteini eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem veittur er að loknu bóklegu og verklegu háskólanámi í lyfjafræði, eiturefnafræði, læknisfræði eða sambærilegu fagi eða öðru námi sem jafngildir því að mati viðkomandi aðildarríkis“.

Aðili sem hefur öðlast menntun og hæfi í þriðja landi getur verið matsmaður ef hann hefur lokið „námi sem að mati viðkomandi aðildarríkis jafngildir [bóklegu og verklegu háskólanámi í lyfjafræði, eiturefnafræði, læknisfræði eða sambærilegu fagi]“.

Sýna skal fram á menntun og hæfi öryggismatsmanns (þ.e. með afriti af prófskírteini og, ef þörf er á, sönnun á jafngildi), eins og mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

⁽⁵⁵⁾ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, „Serious Undesirable Effects (SUE) Reporting Guidelines“ (Viðmiðunarreglur varðandi skýrslugjöf um alvarleg, óæskileg áhrif), http://ec.europa.eu/consumers/sectors/cosmetics/files/pdf/sue_reporting_guidelines_en.pdf

Tilvisanir

- ATSDR (2004). Guidance Manual for the assessment of joint toxic action of chemical mixtures. Atlanta, GA: ATSDR, U.S. Department of Health and Human Services, Public Health Service. EFSA (2008) EFSA-Q-2006-160.

- Bremmer H.J., Prud'homme de Lodder L.C.H., van Engelen J.G.M., Cosmetics Fact Sheet to Assess the Risks for the Consumer, uppfærð útgáfa fyrir ConsExpo 4, RIVM report 320104001/2006 (<http://www.rivm.nl/bibliotheek/rapporten/320104001.pdf>).

- COSMED, Comment constituer le rapport de sécurité? (Règlement (CE) No 1223/2009), Collection: Les guides pratiques des entreprises — Editions 2011-2012.,

- CTFA & COLIPA, Guidelines On Stability Testing Of Cosmetic Products, March 2004.

- Efnastofnun Evrópu (ECHA), Guidance for identification and naming of substances under REACH and CLP, Nóvember 2011.

- Efnastofnun Evrópu (ECHA), Guidance on information requirements and chemical safety assessment Chapter R.4: Evaluation of available information, Desember 2011.

- Efnastofnun Evrópu (ECHA), Guidance on information requirements and chemical safety assessment — Chapter R.7a: Endpoint specific guidance, May 2008.

- European Chemicals Agency (ECHA), Guidance on information requirements and chemical safety assessment — Chapter R.7c: Endpoint specific guidance, May 2008.

- ECHA, Practical guide 2: How to report weight of evidence', 2010, http://echa.europa.eu/documents/10162/13655/pg_report_weight_of_evidence_en.pdf

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Communication from the Commission to the European Parliament and the Council on the animal testing and marketing ban and on the state of play in relation to alternative methods in the field of cosmetics, COM(2013) 135, lokagerð.

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Composition and undesirable effects of cosmetic products to be made easily accessible to the public — practical implementation of Article 7a(1)(h), second subparagraph, of Directive 76/768/EEC (http://ec.europa.eu/consumers/sectors/cosmetics/files/doc/guide_access_info_en.pdf).

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Serious Undesirable Effects (SUE) Reporting Guidelines, http://ec.europa.eu/consumers/sectors/cosmetics/files/pdf/sue_reporting_guidelines_en.pdf

- Greim H. and Snyder R. (eds), Toxicology and Risk Assessment — A comprehensive Introduction. John Wiley & Sons Ltd, 2008.

- Hall B., Tozer S., Safford B., Coroama M., Steiling W., Leneveu-Duchemin M.C., McNamara C. og Gibney M., European consumer exposure to cosmetic products, a framework for conducting population exposure assessments, Food and Chemical Toxicology, Volume 45, Issue 11, nóvember 2007, bls. 2097–2108.

- IGHRC 2006, Guidelines on route-to-route extrapolation of toxicity data when assessing health risks of chemicals. The Interdepartmental Group on Health Risks from Chemicals (2006), <http://www.silsoe.cranfield.ac.uk/ieh/ighrc/ighrc.html>

- H.J. Klimisch, E. Andreae og U. Tillmann (1997), A systematic approach for evaluating the quality of experimental and ecotoxicological data. Regulatory Toxicology and Pharmacology 25 (1997), bls. 1–5.

- Kroes R., Renwick A. G., Feron V., Galli C. L., Gibney M., Greim H., Guy R. H., Lhuguenot J. C., van de Sandt J. J. M., Application of the threshold of toxicological concern (TTC) to the safety evaluation of cosmetic ingredients, Food and Chemical Toxicology 45 (2007), 2533–2562.

- Loretz L.J., Api A.M., Babcock L., Barraj L.M., Burdick J., Cater K.C., Jarrett G., Mann S., Pan Y.H., Re T.A., Renskers K.J., Scrafford C.G., Exposure data for cosmetic products: facial cleanser, hair conditioner, and eye shadow, Food Chem Toxicol. 2008 maí; 46(5):1516-24, Epub 2007 23. des.

-
- Mildau G., Burkhard A., Daphi-Weber J., Große-Damhues J., Jung J., Schuster B., Walther C., Basic Requirements for Safety Assessment of Cosmetic Products, SOFW Journal, 133 6-2007, bls. 16–22.
 - Miljøstyrelsen, Guideline on Safety Assessment of Cosmetic Products, Environmental Guidelines nr. 10 2000.
 - Efnahags- og framfarastofnunin (2007), Guidance on Grouping of Chemicals. Series on Testing and Assessment, Nr. 80. París
 - Efnahags- og framfarastofnunin (2009), Guidance Document for using the OECD (Q)SAR Application Toolbox to Develop Chemical Categories According to the OECD Guidance on Grouping of Chemicals. Series on Testing and Assessment, Nr. 102. París
 - M. Pauwels, V. Rogiers, Human Health Safety Evaluation of Cosmetics in the EU: A Legally Imposed Challenge to Science, Toxicology and Applied Pharmacology, 243 (2010), bls. 260–274.
 - Vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS), Guidance on safety assessment of nanomaterials in cosmetics, SCCS/1484/12.
 - Vísindanefndin um öryggi neytenda, The SCCS's Notes of Guidance for the Testing of Cosmetic Ingredients and their Safety Evaluation, 8. endurskoðun, SCCS/1501/12.
 - Vísindanefndin um öryggi neytenda, vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhrætti og vísindanefndin um nýgreinda og vaxandi heilbrigðisáhrætti, Opinion on Use of the Threshold of Toxicological Concern (TTC) Approach for Human Safety Assessment of Chemical Substances with focus on Cosmetics and Consumer Products, SCCP/1171/08.
 - Vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS), vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhrætti (SCHER) og vísindanefndin um nýgreinda og vaxandi heilbrigðisáhrætti (SCENIHR), Toxicity and Assessment of Chemical Mixtures, 2012.
 - Vísindanefndin um nýgreinda og vaxandi heilbrigðisáhrætti (SCENIHR), Opinion on the scientific basis for the definition of the term 'nanomaterial', 8. desember 2010.
 - Workshop Report 'Assessment of undesirable events in cosmetic market surveillance: Background, description and use of a causality assessment method in cosmetovigilance', Regulatory Toxicology and Pharmacology 58 (2010) 349–353.
-

*Viðbætur***Þekktir gagnagrunnar sem innihalda eiturefnafræðileg gögn um efni sem eru notuð í snyrtivörur**

ChemIDPlus Light — <http://chem.sis.nlm.nih.gov/chemidplus/chemidlite.jsp>

ChemIDPlus Advanced — <http://chem.sis.nlm.nih.gov/chemidplus/>

Cosmetics Europe Recommendations — <https://www.cosmeticseurope.eu/publications-cosmetics-europe-association/recommendations.html>

IPCS Inchem — <http://www.inchem.org/pages/jecfa.html>

PubMed — <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed>

ToxNet — <http://toxnet.nlm.nih.gov/>

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013

2014/EES/23/55

frá 2. maí 2013

um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB⁽¹⁾, einkum 19. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýmótóbókunarinnar⁽²⁾, einkum öðrum málslíð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um áttak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020⁽³⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nákvæmt bókhald yfir færslur samkvæmt kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2014 frá 10. apríl 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136.

gróðurhúsalofttegunda, sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, Kýmótóbókuninni og ákvörðun nr. 406/2009/EB, er tryggt með skráningarkerfi. Skrár eru staðlaðir og öruggir, rafrænir gagnagrunnar sem geyma sameiginleg gagnastök til að rekja útgáfu, handhöfn, millifærslu og ógildingu viðkomandi eininga, til að veita almennan aðgang og að trúnaðarkvöð sé virt eins og við á og til að tryggja að millifærslur brjóti aldrei í bága við skuldbindingar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, bókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Kýmótóbókunin) og ákvörðun nr. 406/2009/EB.

2) Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal hafa allar losunarheimildir, sem eru gefnar út frá og með 1. janúar 2012, á skrá Sambandsins á reikningum sem aðildarríkin hafa umsjón með. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB⁽⁴⁾ er kveðið á um slíka skrá Sambandsins.

3) Tilskipun 2003/87/EB var breytt í veigamiklum atriðum með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og vikka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda⁽⁵⁾ svo gera þarf verulegar breytingar á skráningarkerfinu. Breytingarnar gilda frá og með viðskiptatímabilinu sem hefst árið 2013. Sem stendur er ekki fyrir hendi alþjóðasamningur, sem kemur í stað Kýmótóbókunarinnar, sem gildir fyrir aðildarríkin eftir árið 2012. Losunarheimildir vegna flugs voru boðnar upp frá og með árinu 2012 á grundvelli reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

- Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB⁽⁶⁾ á sama hátt og almennar losunarheimildir. Af þeim sökum var reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1193/2011 frá 18. nóvember 2011 um stofnun skrár Sambandsins yfir viðskiptatímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og síðari viðskiptatímabil í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 og (ESB) nr. 920/2010⁽⁷⁾ samþykkt skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB og gildir hún um viðskiptatímabilið í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem hefst 1. janúar 2013, og um síðari tímabil. Hún gildir einnig um losunarheimildir vegna flugs sem eru boðnar upp árið 2012.
- 4) Til að tryggja að unnt sé að hafa Kýótóeiningar og losunarheimildir á sömu reikningunum í skrá Sambandsins verður skráin að vera í samræmi við starfrænu og tæknilegu forskriftirnar fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni, sem samþykktar voru með ákvörðun 12/CMP.1 frá þingi aðila að UNFCCC, sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni (ákvörðun 12/CMP.1).
 - 5) Samkvæmt 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal koma á óháðri viðskiptadagbók, viðskiptadagbók Evrópusambandsins (viðskiptadagbók ESB (EUTL)), til að skrá útgáfu, millifærslu og ógildingu losunarheimilda. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB skulu upplýsingar um útgáfu, handhöfn, millifærslu, kaup, ógildingu og afskráningu eininga úthlutaðs magns, bindingareininga, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar og yfirfærslu eininga úthlutaðs magns, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar gerðar aðgengilegar fyrir viðskiptadagbökin.
 - 6) Skrá Sambandsins skal innihalda reikninga sem skrá skal í þau ferli og starfsemi sem þörf er á til að beita ákvæðum tilskipunar 2003/87/EB. Stofna skal hvern reikning í samræmi við staðlaðar verklagsreglur til að tryggja heilleika skráningarkerfisins og aðgang almennings að upplýsingum í kerfinu. Losunarheimildir skulu gefnar út í skrá Sambandsins.
 - 7) Viðskipti með losunarheimildir innan skrár Sambandsins skulu eiga sér stað um samskiptatengil (boðleið) sem tengist viðskiptadagbók ESB en viðskipti með Kýótóeiningar skulu eiga sér stað um samskiptatengil sem tengist bæði viðskiptadagbók ESB og alþjóðlegu viðskiptadagbók (ITL) rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC).
 - 8) Þar eð losunarheimildir og Kýótóeiningar eru einungis til á rafrænu formi og eru skiptanlegar skulu réttindi til losunarheimildar eða Kýótóeiningar fyrst myndast þegar þær eru bókfærðar á reikninginn í skrá Sambandsins sem þær eru varðveittar í. Til að draga úr þeirri áhættu sem tengist bakfærslu viðskipta, sem eru færð í skrá, og hættu á röskun á kerfinu og markaðnum sem slík bakfærsla kann þar af leiðandi að valda er ennfremur nauðsynlegt að tryggja að losunarheimildir og Kýótóeiningar séu að fullu skiptanlegar. Ekki er hægt að ógilda viðskipti, afturkalla þau eða binda endi á þau á annan hátt en skilgreint er í reglunum í skránni, eftir þann tímupunkt sem er tilgreindur í þessum reglum. Ekkert í þessari reglugerð skal koma í veg fyrir að reikningshafi eða þriðji aðili neyti réttar eða kröfu, sem leiðir af undirliggjandi viðskiptum, um endurheimt eða skaðabætur sem hann kann að eiga lagalega kröfu til að því er varðar viðskipti sem eru komin inn í kerfi, t.d. ef um er að ræða svik eða tæknilegar villur, svo fremi sem þetta leiðir ekki til þess að viðskiptin séu bakfærð, afturkölluð eða bundinn endi á þau. Ennfremur skal vernda kaup, sem gerð eru í góðri trú, á losunarheimild eða Kýótóeiningu.
 - 9) Helstu skylduverk miðlægs stjórnanda (áður þýtt sem yfirstjórnandi) felast í því að láta í té, reka og viðhalda skrá Sambandsins og viðskiptadagbók Evrópusambandsins, stjórna miðlægum reikningum og inna af hendi starfsemi sem fer fram miðlægt. Helsta skylduverk landsstjórnanda er að vera tengiliður við reikningshafa sína í skrá Sambandsins og inna af hendi alla starfsemi sem felur í sér bein samskipti við þá, þ.m.t. að stofna reikning, loka honum tímabundið eða loka honum alveg.
 - 10) Ef aðildarríkin úthluta losunarheimildum án endurgjalds á grundvelli 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB skal gefa þessar losunarheimildir út í samræmi við 10. gr. c í þeirri tilskipun og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem eru samþykktar samkvæmt tilskipuninni. Í þessu skyni skal í töflum yfir landsbundna úthlutun tekið tillit til umsókna viðkomandi aðildarríkja skv. 5. mgr. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB sem og til viðeigandi ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar skv. 6. mgr. 10. gr. c í þeirri tilskipun.
 - 11) Ef aðildarríki, að teknu tilliti til umsóknar þess skv. 5. mgr. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB og viðeigandi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar skv. 6. mgr. 10. gr. c í þeirri tilskipun, frestar útgáfu losunarheimilda sem á að veita án endurgjalds á grundvelli 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB (útgáfa losunarheimilda eftir á) skal viðkomandi aðildarríki, í töflu sinni yfir landsbundna úthlutun skv. 1. mgr. 51. gr. þessarar reglugerðar, telja með þá úthlutun sem er veitt án endurgjalds á grundvelli fjárfestinga sem þegar hafa verið gerðar eða yfirfærslu á fjármagni sem þegar hefur verið gerð þegar tilkynnt var um töfluna.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 315, 29.11.2011, bls. 1.

- 12) Ef aðildarríki, að teknu tilliti til umsóknar þess skv. 5. mgr. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB og viðeigandi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar skv. 6. mgr. 10. gr. c í þeirri tilskipun, gefur út losunarheimildir sem á að veita án endurgjalds á grundvelli 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, óháð fjárfestingum sem þegar hafa verið gerðar (útgáfa losunarheimilda fyrir fram), skal viðkomandi aðildarríki, í töflunni yfir landsbundna úthlutun, telja með þá úthlutun sem á að veita án endurgjalds í samræmi við 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB fyrir tímabilið 2013–2019 þegar það tilkynnir framkvæmdastjórninni um töflu sína yfir landsbundna úthlutun skv. 1. mgr. 51. gr. þessarar reglugerðar.
- 13) Aðildarríkin skulu, á grundvelli skýrslanna sem leggja skal fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, gera breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun til að endurspeglar þróun fjárfestinga sem ráðist hefur verið í og stöðu yfirfærslna á fjármagni sem gerðar hafa verið í samræmi við 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB og samsvarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á.
- 14) Í 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB er kveðið á um að lögbær yfirvöld skuli, eigi síðar en 28. febrúar á hverju ári, gefa út losunarheimildir sem á að úthluta það ár. Ef rekstraraðili hefur lagt fram upplýsingar skv. 24. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB⁽⁸⁾ sem hafa áhrif á fjölda losunarheimilda sem rekstraraðilanum verður úthlutað þarf að endurreikna losunarheimildir rekstraraðilans og tilkynna um það skv. 2. mgr. 24. gr. þeirrar ákvörðunar áður en millifærsla á losunarheimildum til rekstraraðilans getur farið fram, skv. 2. mgr. 53. gr. þessarar reglugerðar.
- 15) Ekkert í þessari reglugerð skal hindra lögbært yfirvald í því að fara fram á að rekstraraðili millifæri tiltekinn fjölda losunarheimilda, sem hann hefur móttekið umfram leiðréttu úthlutun sína á viðkomandi ári, á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir í tilvikum þar sem of mörgum losunarheimildum hefur verið úthlutað, þ.m.t. vegna skekkju í upphaflegri úthlutun eða ef rekstraraðila hefur láðst að senda lögbæru yfirvaldi réttar eða fullnægjandi upplýsingar skv. 24. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB fyrir þann dag sem settur er fram í þeirri grein, að því tilskildu að miðlægur stjórnandi hafi gert breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun aðildarríkisins, skv. 2. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar, til þess að leiðréttu úthlutunina til samræmis við það.
- 16) Í 11. gr. b í tilskipun 2003/87/EB er lagt bann við því að gefa út einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar eftir 31. desember 2012 sem leiða til tvíreiknings á skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda. Með 2. mgr. 5. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar aðgerðir í tengslum við verkefni samkvæmt Kýótóbókuninni, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB⁽⁹⁾ er þó heimilað að losunarheimildum í varasjóðum, sem komið er á fót skv. 3. gr. þeirrar ákvörðunar, sé breytt í einingar úthlutaðs magns eða seldar sem losunarheimildir tímabilsins 2008–2012. Ennfremur skulu aðildarríkin eiga þess kost, til 30. apríl 2013, að gefa út losunarskerðingareiningar vegna verkefna, sem snerta starfsemi sem fellur einungis undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB frá 1. janúar 2013, að því er varðar minnkun á losun sem átti sér stað fram til 31. desember 2012.
- 17) Sambandið, aðildarríkin og nokkur þriðju lönd hafa skuldbundið sig til að draga úr losun á tímabilinu 2008–2012, sem hefur áhrif á allt hagkerfið. Aðildarríkin eru með lagalega bindandi markmið um að draga úr losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið frá 2013–2020, eins og fastsett er í tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun nr. 406/2009/EB. Í tengslum við breytingu á Kýótóbókuninni skal innleiða alþjóðleg, lagalega bindandi magnbundin markmið um losun frá 2013–2020, fyrir aðilana sem eru tilgreindir í viðauka B við bókunina, um leið og breytingin hefur öðlast gildi að því er varðar þessa aðila. Í ákvörðun 13/CMP.1 frá þingi aðila að UNFCCC, sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni (ákvörðun 13/CMP.1), er gerð sú krafa að losunarskerðingareiningar séu einungis gefnar út með því að breyta einungum úthlutaðs magns eða bindingareiningum sem eru með raðnúmer sem felur í sér skuldbindingartímabilið sem þau eru gefin út fyrir. Ekki er hægt að gefa út losunarskerðingareiningar ef skuldbindingartímabilið í viðkomandi raðnúmeri passar ekki við tímabilið þegar losunarskerðingin fór fram. Reikningar í skrá Sambandsins vegna viðskipta með losunarheimildir skulu ekki hafa að geyma losunarskerðingareiningar sem samrýmast ekki þessum reglum. Í þessu skyni skulu losunarskerðingareiningar, útgefnar af þriðju löndum sem eru ekki með lagalega bindandi magnbundin markmið um losun frá 2013–2020, eins og sett er fram í breytingu á Kýótóbókuninni skv. 9. mgr. 3. gr. hennar, eða sem hafa ekki lagt fram skjal um fullgildingu í tengslum við slíka breytingu á Kýótóbókuninni, einungis geymdar í skrá Sambandsins ef vottað er að þær tengist losunarskerðingum sem sannprófað er að hafi átt sér stað fyrir árið 2013. Búist er við því að slíkar losunarskerðingareiningar, sem eru færðar yfir í skrá Sambandsins eftir 1. maí 2013, séu gefnar út samkvæmt sannprófunaraðferðinni, innan ramma sameiginlegu framkvæmdaefirlitsnefndarinnar, sem sett er fram í ákvörðun 9/CMP.1 frá þingi aðila að UNFCCC sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni (ákvörðun 9/CMP.1) (samkvæmt svokallaðri „leið 2-aðferð“ (e. *track 2 procedure*)).
- 18) Í 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um notkun á einungum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga frá verkefnistengdum aðgerðum

⁽⁸⁾ Stjótt. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjótt. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.

- fyrir gildistöku alþjóðasamnings um loftslagsbreytingar með því að koma á þeim möguleika að rekstraraðilar geti skipt á slíkum einingum fyrir losunarheimildir.
- 19) Þriðju lönd eða stjórnslueiningar eða svæðisbundnar einingar þeirra skulu eiga þess kost að stofna reikninga í skrá Sambandsins um leið og samkomulag hefur náðst við þriðja land um fyrirkomulag til að tengja viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir við annað bindandi kerfi um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem hefur algilt losunarþak.
- 20) Í 11. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB er kveðið á um að nákvæmt bókhald yfir færslur samkvæmt þeirri ákvörðun skuli tryggt í skráningarkerfinu.
- 21) Gefa skal út árlegar losunarúthlutunareiningar, samkvæmt ákvörðun um að skipta byrðunum (ÁSB) (e. *Effort Sharing Decision* (EDS)), í samræmisreikningunum í skrá Sambandsins í því magni sem ákvarðað er skv. 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB. Árlegar losunarúthlutunareiningar (AEA) má einungis varðveita á ÁSB-samræmisreikningunum (e. *ESD Compliance Account*) í skrá Sambandsins.
- 22) Skrá Sambandsins skal gera það kleift að hrinda í framkvæmd árlegri sannprófunarlotu samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB með því að láta í té ferli fyrir innfærslu árlegrar, endurskoðaðrar losunar gróðurhúsalofttegunda í ÁSB-samræmisreikningana, til að ákvarða tölu um stöðu reglufylgni fyrir ÁSB-samræmisreikning hvers aðildarríkis fyrir hvert ár og til að beita aðgerðum til úrbóta skv. 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB ef nauðsyn krefur.
- 23) Skrá Sambandsins skal tryggja nákvæmt bókhald yfir færslur eins og kveðið er á um í 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. og 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.
- 24) Til að koma í veg fyrir hvers kyns frávik skal viðskiptadagbók ESB halda uppi sjálfvirku eftirliti með öllum ferlum skráningarkerfisins sem varða losunarheimildir, sannprófaða losun, árlegar losunarúthlutunareiningar, réttindi til inneignar (e. *credit entitlement*) og Kýótóeiningar og alþjóðlega viðskiptadagbókin skal halda uppi sjálfvirku eftirliti með ferlum sem varða Kýótóeiningar. Stöðva skal ferli sem ekki standast þetta eftirlit til að tryggja að viðskipti í skráningarkerfum Sambandsins séu í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2003/87/EB, ákvörðun nr. 406/2009/EB og kröfurnar sem útfærðar hafa verið samkvæmt UNFCCC og Kýótóbókuninni.
- 25) Beita skal fullnægjandi og samræmdum kröfum um opnun reikninga, sanngreiningu og aðgangsrétt til að vernda öryggi upplýsinga sem geymdar eru í samþætta skráningarkerfinu og til að koma í veg fyrir svik. Endurskoðun á þessum kröfum skal íhuguð í framtíðinni í því skyni að tryggja skilvirkni þeirra að teknu tilliti til meðalhófs. Halda skal skrár yfir öll ferli, rekstraraðila og aðila í skráningarkerfinu.
- 26) Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að truflun á starfsemi skráningarkerfisins verði í lágmarki með því að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að tryggja aðgengi að skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB og með því að tryggja traust kerfi og ferli til að vernda upplýsingar sem skipta máli.
- 27) Þar eð æskilegt kann að reynast að láta í té viðbótargerðir reikninga eða aðrar leiðir sem myndu greiða fyrir vörslu losunarheimilda eða Kýótóeininga fyrir hönd þriðju aðila eða fyrir notkun þeirra sem tryggja skal kanna þessi umfjöllunarefni í tengslum við síðari endurskoðun á þessari reglugerð.
- 28) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE⁽¹⁰⁾ og ákvörðun 13/CMP.1 skulu tilteknar skýrslur gerðar opinberar reglubundið til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum sem geymdar eru í samþætta skráningarkerfinu, með fyrirvara um tilteknar trúnaðarkvaðir.
- 29) Landsstjórnendur, miðlægur stjórnandi og framkvæmdastjórnin skulu fara að löggjöf Sambandsins og landslöggjöf varðandi vernd einstaklinga með tilliti til meðferðar persónuupplýsinga og frjáls flæðis slíkra upplýsinga, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽¹¹⁾ og landslögum um framkvæmd hennar og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽¹²⁾ þegar það á við um upplýsingar, sem eru varðveittar og meðhöndlaðar samkvæmt þessari reglugerð, sem þau eru ábyrgðaraðilar fyrir.
- 30) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB⁽¹³⁾ skal gilda áfram þar til allri starfsemi, sem þörf er á í tengslum við viðskiptatímabilið milli árunna 2008 og 2012, er lokið. Henni skal breytt til að kveða á um útskipti á losunarheimildum vegna flugs, sem eru í vörslu notenda við lok viðskiptatímabilsins milli árunna 2008 og 2012, fyrir losunarheimildir vegna flugs sem gilda fyrir viðskiptatímabilið sem hefst 2013 og skulu breytingarnar taka gildi umsvifalaust. Því skal fella reglugerð (ESB) nr. 920/2010 úr gildi frá og með 1. október 2013.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1.

- 31) Reglugerð (ESB) nr. 1193/2011 skal því felld úr gildi og í hennar stað koma reglugerð sem hefur að geyma þau ákvæði sem krafist er samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, ákvörðun nr. 280/2004/EB og ákvörðun nr. 406/2009/EB og skal hún taka gildi umsvifalaust.
- 32) Í reglugerð (ESB) 1193/2011 er kveðið á um eindaga vegna skilmála samstarfs milli miðlæga stjórnandans og landsstjórnendanna, sem einhugur þarf að ríkja um, og vegna tilkynninga um töflur yfir landsbundna úthlutun og töflur yfir landsbundna úthlutun vegna flugs. Þó að reglugerð (ESB) 1193/2011 falli úr gildi skal viðhalda þessum skuldbindingum.
- 33) Rétt er og brynt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.
- 34) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

SAMEIGINLEG ALMENN ÁKVÆÐI

1. KAFLI

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um almennar kröfur, kröfur um starfrækslu og viðhald varðandi skrá Sambandsins fyrir viðskiptatímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og síðari tímabil, varðandi óháðu viðskiptadagbókina, sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og varðandi skrárnar sem kveðið er á um í 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB.

Í þessari reglugerð er einnig kveðið á um samskiptakerfi milli skrár Sambandsins og alþjóðlegru viðskiptadagbókarinnar.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um losunarheimildir sem eru stofnaðar fyrir viðskiptatímabilið í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem hefst 1. janúar 2013, og síðari tímabil, um árlegar losunarúthlutunareiningar og Kýótóeiningar.

Þessi reglugerð gildir einnig um losunarheimildir vegna flugs, sem verða boðnar upp, sem voru stofnaðar fyrir viðskiptatímabilið sem stendur frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012.

3. gr.

Skilgreiningar

Hugtökin, sem notuð eru í II. bálki í þessari reglugerð, hafa sömu merkingu og samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, nema annað sé tekið fram. Ennfremur gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 og í 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „reikningshafi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með reikning í skráningarkerfinu,
- 2) „miðlægur stjórnandi“: sá aðili sem framkvæmdastjórnin hefur tilnefnt skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB,
- 3) „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB,
- 4) „ytri viðskiptavettvangur“: hvers konar marghliða markaður sem leiðir saman eða greiðir fyrir því að leiða saman kaup- og söluhagsmuni þriðju aðila, eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB⁽¹⁴⁾, þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar ganga kaupum og sölum,
- 5) „sannprófandi“: sannprófandi eins og skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012⁽¹⁵⁾,
- 6) „einingar úthlutaðs magns“: einingar sem eru gefnar út skv. 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB,
- 7) „losunarheimildir vegna flugs“: losunarheimildir sem eru stofnaðar skv. 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB,
- 8) „almennar losunarheimildir“: allar aðrar losunarheimildir sem eru stofnaðar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB,
- 9) „langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar“: einingar sem eru gefnar út vegna verkefnistengdrar aðgerðar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar sem fellur úr gildi, með fyrirvara um ákvörðun 5/CMP.1 frá ráðstefnu aðila sem er jafnframt fundur aðila að Kýótóbókuninni, um leið og bókunartímabili skerðingar á losun vegna verkefnistengdu aðgerðarinnar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar, sem þær voru gefnar út fyrir, lýkur,

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 1.

- 10) „bindingareiningar“: einingar sem eru gefnar út samkvæmt viðeigandi ákvæðum í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1,
- 11) „bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar“: einingar sem eru gefnar út vegna verkefnistengdrar aðgerðar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar sem, með fyrirvara um ákvörðun 5/CMP.1, falla úr gildi við lok þess skuldbindingartímabils Kýótóbókunarinnar sem tekur við af tímabilinu þegar þær voru gefnar út,
- 12) „Kýótóeiningar“: einingar úthlutaðs magns (AAU), losunarskerðingareiningar (ERU), einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER), bindingareiningar (RMU), langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (ICER) og bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (tCER),
- 13) „ferli“: sjálfvirk, tæknileg aðferð til að framkvæma aðgerð í tengslum við reikning, einingu eða hluta af réttindum til inneignar í skrá,
- 14) „viðskipti“: ferli í skrá Sambandsins sem felur í sér færslu losunarheimildar, Kýótóeiningar, árlegrar losunarúthlutunareiningar eða hluta af réttindum til inneignar af einum reikningi yfir á annan,
- 15) „innskil“: þegar rekstraraðili eða umráðandi loftfars bókfærir losunarheimild á móti sannprófaðri losun stöðvar eða loftfars hans,
- 16) „ógilding“: endanleg ráðstöfun handhafa á Kýótóeiningu án þess að hún sé bókfærð á móti sannprófaðri losun,
- 17) „niðurfelling“: endanleg ráðstöfun handhafa á losunarheimild án þess að hún sé bókfærð á móti sannprófaðri losun,
- 18) „innlausn“: þegar aðili að Kýótóbókuninni bókfærir Kýótóeiningu á móti tilkynntri losun þess aðila,
- 19) „peningaþvætti“: peningaþvætti eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB⁽¹⁶⁾,
- 20) „alvarlegt afbrot“: alvarlegt afbrot eins og skilgreint er í 5. lið 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB,
- 21) „fjármögnun hryðjuverka“: fjármögnun hryðjuverka eins og skilgreint er í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB,
- 22) „landsstjórnandi“: sá aðili sem ber, fyrir hönd aðildarríkis, ábyrgð á að stjórna safni notendareikninga í lögsögu aðildarríkis í skrá Sambandsins, tilnefndur í samræmi við 8. gr.,
- 23) „stjórnendur“: aðilar sem í reynd stjórna daglegum rekstri lögaðila,
- 24) „Mið-Evróputími“: sumartími í Mið-Evrópu þegar sumartíminn, sem er skilgreindur í 1., 2. og 3. gr. tilskipunar 2000/84/EB, stendur yfir,
- 25) „landsbundinn eftirlitsvettvangur“ (e. *national administrative platform*): ytra kerfi, sem landsstjórnandi eða lögbært yfirvald starfrækir, sem er tengt skrá Sambandsins á öruggan hátt í þeim tilgangi að koma á sjálfvirkni í starfsemi sem tengist stjórnun reikninga og skuldbindingum um að uppfylla kröfur í skrá Sambandsins,
- 26) „alþjóðlegar inneignir“: einingar vottaðrar losunarskerðingar, losunarskerðingareiningar og inneignir úr verkefnum eða annarri starfsemi sem dregur úr losun, sem nota má skv. 5. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,
- 27) „árleg losunarúthlutunareining“: skipting á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis, eins og ákvarðað er skv. 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, sem svarar til eins tons af koltvísyringsígildi,
- 28) „réttindi til inneignar“: réttindi aðildarríkis, gefin upp sem tala sem svarar til hundraðshluta af losun þess á gróðurhúsalofttegundum árið 2005 eins og tilgreint er í 4. mgr. 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, til að nota inneignir, sem um getur í 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
- 29) „ónotuð réttindi til inneignar“: réttindi aðildarríkis til inneignar að frádreginni summu alþjóðlegra inneigna, bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar eða langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar sem eru varðveittar í ÁSB-samræmisreikningnum þegar tölur um stöðu reglufylgni eru ákvarðaðar skv. 79. gr. þessarar reglugerðar.
- 30) „reglufylgnitímabil“: tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 þegar aðildarríkin skulu takmarka losun sína á gróðurhúsalofttegundum skv. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

2. KAFLI

Skráningarkerfið

4. gr.

Skrá Sambandsins

1. Skrá Sambandsins fyrir viðskiptatímabilið í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem hefst 1. janúar 2013, og síðari tímabil er komið á fót.

2. Miðlægi stjórnandinn skal reka skrá Sambandsins og halda henni við, þ.m.t. tæknilegum innviðum hennar.

3. Aðildarríkin skulu nota skrá Sambandsins til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 11. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB og til að tryggja nákvæmt bókhald að því er varðar losunarheimildir, árlegar losunarúthlutunareiningar og réttindi til inneignar sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Skrá Sambandsins skal veita landsstjórnendum og reikningshöfum aðgang að öllum ferlunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins sé í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðar samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1 og taka tillit til krafna um vélbúnað, net, hugbúnað og öryggi sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Landsskrár og Kýótóbókunarskrár Sambandsins

1. Til að standa við skuldbindingar sínar sem aðilar að Kýótóbókuninni og til að tryggja nákvæmt bókhald yfir Kýótóeiningar skv. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB skal hvert aðildarríki og Sambandið halda Kýótóbókunarskrá í formi staðlaðs, rafræns gagnagrunns þar sem tekið er tillit til krafna í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar að því er varðar skrár, einkum starfrænar og tæknilegar forskriftir vegna upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni, útfærðar samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1, og krafna um vélbúnað, net, hugbúnað og öryggi sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr. þessarar reglugerðar.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins gegni einnig hlutverki Kýótóbókunarskrár fyrir Sambandið sem aðila að Kýótóbókuninni. Miðlægi stjórnandinn skal einnig vera stjórnandi Kýótóbókunarskrár Sambandsins sem er hluti af skrá Sambandsins.

6. gr.

Viðskiptadagbók Evrópusambandsins

1. Viðskiptadagbók Evrópusambandsins (viðskiptadagbók ESB), sem skal vera í formi staðlaðs, rafræns gagnasafns, er komið á fót skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir viðskipti sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Í viðskiptadagbók ESB skal einnig skrá allar upplýsingar sem varða vörslu og millifærslu Kýótóeininga sem gerðar hafa verið aðgengilegar í samræmi við 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB.

2. Miðlægi stjórnandinn skal reka og halda viðskiptadagbók ESB í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að í viðskiptadagbók ESB sé unnt að athuga og skrá öll ferli sem um getur í þessari reglugerð og að tekið sé tillit til starfrænu og tæknilegu forskriftanna fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni í samræmi við ákvörðun 12/CMP.1 og að kröfur um vélbúnað, net og hugbúnað, sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr. þessarar reglugerðar, séu uppfylltar.

4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að unnt sé að skrá öll ferli, sem lýst er í 3. kafla I bálks og í II., III. og IV. bálki, í viðskiptadagbók ESB.

7. gr.

Samskiptatenglar milli skráa, alþjóðlegu viðskiptadagbókar UNFCCC og viðskiptadagbókar ESB

1. Miðlægi stjórnandinn og aðildarríkin skulu tryggja að skrá Sambandsins og Kýótóbókunarskránnar haldi við samskiptatengli við alþjóðlegu viðskiptadagbókina til að miðla upplýsingum um viðskipti með Kýótóeiningar.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að í viðskiptadagbók ESB sé haldið við samskiptatengli við alþjóðlegu viðskiptadagbókina til að skrá og athuga millifærslur sem um getur í 1. mgr. Allar tillagðar millifærslur þar sem Kýótóbókunarskrá kemur við sögu skulu meðhöndlaðar og athugaðar á vegum viðskiptadagbókar ESB áður en millifærslan er skráð.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins haldi við beinum samskiptatengli við viðskiptadagbók ESB, til að athuga og skrá viðskipti með losunarheimildir, árlegar losunarúthlutunareiningar eða hluta af réttindum til inneignar, og við reikningsstjórnunarferlin sem lýst er í 3. kafla I. bálks. Öll viðskipti, þar sem losunarheimildir, árlegar losunarúthlutunareiningar eða hluti af réttindum til inneignar koma við sögu, skulu eiga sér stað innan skrár Sambandsins og skulu skráð og athuguð á vegum viðskiptadagbókar

ESB. Miðlægi stjórnandinn getur komið á takmörkuðum samskiptatengli milli viðskiptadagbókar ESB og skrár í þriðja landi, sem skrifaði undir samning sem varðar inngöngu þess í Sambandið, í þeim tilgangi að gera slíkum skrá kleift að hafa samskipti við alþjóðlegu viðskiptadagbókina í gegnum viðskiptadagbók ESB og skrá gögn um sannprófaða losun á vegum rekstraraðila í viðskiptadagbók ESB. Öllum prófunum og frumstillingum, sem gerðar eru á þessum skrá, skal vera lokið að því er varðar þessar skrár áður en þessum samskiptatengli er komið á.

8. gr.

Landsstjórnendur og stjórnendur Kýótóbókunarskráa

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna landsstjórnanda. Þrátt fyrir 2. mgr. 13. gr. skal aðildarríki hafa aðgang að og stjórna eigin reikningum skv. 11. gr. auk reikninga í skrá Sambandsins, sem eru í lögsögu þess, gegnum landsstjórnanda sinn eins og skilgreint er í I. viðauka. Landsstjórnandi hvers aðildarríkis skal einnig vera stjórnandi Kýótóbókunarskrár þess í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að engir hagsmunaárekstrar séu milli landsstjórnenda, miðlæga stjórnandans og reikningshafa.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um auðkenni landsstjórnandans og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. neyðarsímanúmer sem skal nota ef um er að ræða váatvik.

4. Framkvæmdastjórnin skal samræma framkvæmd þessarar reglugerðar ásamt landsstjórnendum í hverju aðildarríki um sig og miðlæga stjórnandanum. Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við vinnuhóp stjórnenda í nefnd um loftslagsbreytingar að því er varðar atriði og verklagsreglur í tengslum við starfrækslu skráa, sem falla undir þessa reglugerð, og framkvæmd þessarar reglugerðar. Eigi síðar en 31. mars 2012 skal vinnuhópur stjórnenda vera einhuga um skilmála samstarfs milli miðlæga stjórnandans og landsstjórnendanna sem skal fela í sér sameiginlegar verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar og breytinga- og atvikastjórnun fyrir skrá Sambandsins og tækniforskriftir fyrir rekstur og áreiðanleika skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB. Skilmálar samstarfsins geta falið í sér fyrirkomulag við að gera samstæða ytri samskiptatengla, grunnvirki upplýsingatækninnar, ferli varðandi aðgang að notendareikningum og tilhögun um stjórnun Kýótóbókunarreikninga í skrá Sambandsins, ásamt þeim sem eru í öllum hinum Kýótóbókunarskránum, þannig að úr verði samstæðukerfi evrópskra skráa sem miðlægi stjórnandinn heldur utan um. Nefndin um loftslagsbreytingar skal samþykkja starfsreglur fyrir vinnuhóp stjórnenda.

5. Miðlægi stjórnandinn, lögbær yfirvöld og landsstjórnendur skulu einungis framkvæma ferli ef það er nauðsynlegt til að viðkomandi geti sinnt verkefnum sínum eins og sett er fram í tilskipun 2003/87/EB, ákvörðun nr. 280/2004/EB og ákvörðun nr. 406/2009/EB ásamt þeim ráðstöfunum sem eru samþykktar samkvæmt ákvæðum þeirra.

3. KAFLI

Reikningar

1. þáttur

Almenn ákvæði sem eiga við um alla reikninga

9. gr.

Reikningar

1. Aðildarríkin og miðlægi stjórnandinn skulu tryggja að hver Kýótóbókunarskrá og skrá Sambandsins innihaldi reikninga eins og tilgreint er í I. viðauka.

2. Hver gerð reikninga má hafa að geyma þær gerðir eininga eins og sett er fram í I. viðauka.

10. gr.

Staða reikninga

1. Staða reikninga skal vera ein af eftirfarandi: opinn, frystur, undanskilinn eða lokaður.

2. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við frysta reikninga, nema að því er varðar ferlin sem eru tilgreind í 25., 31., 35., 67., 77., 81. og 82. gr.

3. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við reikninga sem hefur verið lokað. Ekki má opna að nýju reikning sem hefur verið lokað og þar má ekki taka á móti einingum.

4. Þegar stöð er útilokuð frá áætlun Sambandsins skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal landsstjórnandinn setja stöðuna undanskilinn á viðkomandi vörslureikning rekstraraðila meðan á útilokuninni stendur.

5. Við tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi þess efnis að flug umráðanda loftfars falli ekki lengur undir áætlun Sambandsins á tilteknu ári, í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal landsstjórnandinn setja stöðuna undanskilinn á viðkomandi vörslureikning umráðanda loftfars, eftir að hafa sent fyrirframtilkynningu til viðkomandi umráðanda loftfars, þar til lögbært yfirvald tilkynnir að flug umráðandans falli aftur undir áætlun Sambandsins.

6. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við undanskilda reikninga nema að því er varðar ferlin sem eru tilgreind í 25. og 68. gr. og ferlin sem eru tilgreind í 35. og 67. gr. og samsvara tímabilinu þegar reikningurinn var ekki með stöðuna undanskilinn.

11. gr.

Stjórnun reikninga

1. Yfir hverjum reikningi skal vera stjórnandi sem ber ábyrgð á stjórnun reikningsins fyrir hönd aðildarríkis eða fyrir hönd Sambandsins.

2. Stjórnandi reiknings skal tilgreindur fyrir hverja gerð reiknings eins og sett er fram í I. viðauka.

3. Stjórnandi reiknings skal opna reikning, stöðva aðgang tímabundið, takmarka aðgang eða loka reikningi, breyta stöðu hans, samþykkja viðurkennda fulltrúa, leyfa breytingar á upplýsingum um reikning sem þarfnast samþykkis stjórnandans og hefja viðskipti ef reikningshafi óskar þess í samræmi við 5. mgr. 23. gr., í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Stjórnandi getur farið fram á að reikningshafar og fulltrúar þeirra samþykki að fara að sanngjörnum skilmálum og skilyrðum sem eru í samræmi við þessa reglugerð, með hliðsjón af atriðunum sem sett eru fram í II. viðauka.

5. Reikningar falla undir lög og lögsögu aðildarríkis stjórnanda þeirra og einingarnar, sem þar eru geymdar, teljast vera á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

12. gr.

Tilkynningar frá miðlæga stjórnandanum

Miðlægi stjórnandinn skal tilkynna reikningsfulltrúum og landsstjórnanda um upphaf og lok eða slit á hverju því ferli sem tengist reikningnum og um breytingar á stöðu reiknings með sjálfvirku fyrirkomulagi sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

2. þáttur

Stofnun og uppfærsla reikninga

13. gr.

Stofnun reikninga sem miðlægi stjórnandinn stjórnar

1. Miðlægi stjórnandinn skal stofna alla rekstrarreikninga viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir í skrá Sambandsins, Kýótóbókunarreikninga Sambandsins, reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda fyrir árlegar losunarúthlutunareiningar, ÁSB-reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir (e. *ESD Deletion Account*) og einn ÁSB-

samræmisreikning fyrir hvert aðildarríki fyrir hvert ár reglufylgnitímabilsins, innan 20 virkra daga frá móttöku upplýsinganna sem settar eru fram í III. viðauka.

2. Landsstjórnandinn, sem er tilnefndur skv. 1. mgr. 8. gr., skal vera viðurkenndur fulltrúi fyrir ÁSB-samræmisreikningana nema viðkomandi aðildarríki tilnefni annan aðila.

3. Hvert aðildarríki skal veita miðlæga stjórnandanum upplýsingarnar, sem settar eru fram í töflu VIII-I í VIII. viðauka, fyrir hvern viðurkenndan fulltrúa og viðbótarfulltrúa fyrir ÁSB-samræmisreikningana.

14. gr.

Stofnun reikninga fyrir landsbundinn eftirlitsvettvang í skrá Sambandsins

1. Frá og með 1. janúar 2014 getur landsstjórnandi lagt fram beiðni um stofnun reiknings fyrir landsbundinn eftirlitsvettvang (e. *national administrative platform account*) í skrá Sambandsins. Þessi beiðni skal lögð fyrir miðlæga stjórnandann. Landsstjórnandinn skal veita þær upplýsingar sem miðlægi stjórnandinn fer fram á. Þessar upplýsingar skulu innihalda a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í III. viðauka og gögn því til sönnunar að landsbundni eftirlitsvettvangurinn tryggi öryggisstig, sem er jafnhátt eða hærra en það öryggisstig sem tryggt er í skrá Sambandsins, í samræmi við þessa reglugerð, með hliðsjón af tæknilegum kröfum og öryggiskröfum sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

2. Innan 20 virkra daga frá móttöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr., skal miðlægi stjórnandinn stofna reikning fyrir landsbundinn eftirlitsvettvang í skrá Sambandsins eða upplýsa landsstjórnandann um að hann synji honum um stofnun reikningsins ef öryggisstigið, sem landsbundni eftirlitsvettvangurinn tryggir, er ekki nægilegt, samanborið við kröfurnar í 1. mgr.

3. Landsstjórnandinn, sem er tilnefndur skv. 1. mgr. 8. gr., skal vera viðurkenndur fulltrúi fyrir reikning landsbundna eftirlitsvettvangsins.

15. gr.

Stofnun afhendingarreiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir í skrá Sambandsins

1. Uppboðshaldari, greiðsluþjónunarkerfi eða uppgjörskerfi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, eða uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 26. eða 30. gr. þeirrar reglugerðar, geta sent landsstjórnanda beiðni um afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir (e. *auction delivery account*) í skrá Sambandsins. Aðilinn, sem óskar eftir reikningnum, skal veita upplýsingarnar sem settar eru fram í IV. viðauka.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 24. gr., skal landsstjórnandinn stofna afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir í skrá Sambandsins eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 22. gr.

16. gr.

Stofnun vörslureikninga rekstraraðila í skrá Sambandsins

1. Innan 20 virkra daga frá gildistöku leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda skal viðkomandi lögbært yfirvald eða rekstraraðilinn veita viðkomandi landsstjórnanda upplýsingarnar sem settar eru fram í VI. viðauka og skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann stofni vörslureikning rekstraraðila í skrá Sambandsins.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 24. gr., skal landsstjórnandinn stofna vörslureikning rekstraraðila fyrir hverja stöð í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 22. gr.

17. gr.

Stofnun vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara í skrá Sambandsins

1. Innan 20 virkra daga frá því að vöktunaráætlun umráðanda loftfars er samþykkt skal lögbært yfirvald eða umráðandi loftfars veita viðkomandi landsstjórnanda upplýsingarnar sem settar eru fram í VII. viðauka og skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann stofni vörslureikning fyrir umráðanda loftfara í skrá Sambandsins.

2. Hver umráðandi loftfars skal vera með einn vörslureikning fyrir umráðanda loftfara.

3. Umráðendur loftfara sem stunda flugstarfsemi þar sem árleg heildarlosun koltvísýringisgildis er minni en 25 000 tonn á ári eða sem annast færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld, fjögurra mánaða tímabil geta veitt einstaklingi eða lögaðila umboð til að opna vörslureikning umráðanda loftfara og til að skila inn losunarheimildum fyrir sína hönd skv. 2. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Ábyrgðin á því að farið sé að tilskildum ákvæðum hvílir enn á umráðanda loftfars. Þegar umráðandi loftfars veitir einstaklingi eða lögaðila umboð sitt skal hann tryggja að ekki sé um að ræða hagsmunaaðreksa á milli einstaklingsins eða lögaðilans sem fer með umboðið og lögbærra yfirvalda, landsstjórnenda, sannprófanda eða annarra aðila sem falla undir ákvæði tilskipunar 2003/87/EB og gerða sem eru samþykktar vegna framkvæmdar hennar. Í því tilviki

skal einstaklingurinn eða lögaðilinn sem fær umboðið veita upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við 1. mgr.

4. Innan 40 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 24. gr., skal landsstjórnandinn stofna vörslureikning umráðanda loftfara fyrir hvern umráðanda loftfars í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 22. gr.

5. Stöðunni á vörslureikningi umráðanda loftfara skal breytt úr frystur í opinn þegar sannprófuð losun hefur verið færð inn skv. 1.–5. mgr. 35. gr. og tala um stöðu reglufylgni, sem er reiknuð út skv. 1. mgr. 37. gr., er hærri eða jöfn og núll. Stöðu reikningsins skal einnig breytt í opinn fyrir þann dag, á tímabilinu milli dagsetningarinnar þegar reikningurinn er opnaður og dagsetningarinnar þegar sannprófuð losun er færð inn í skrá Sambandsins í fyrsta sinn eftir að landsstjórnandinn hefur mótttekið beiðni frá reikningshafa þess efnis að viðskiptareikningur hans verði gerður virkur, að því tilskildu að slík beiðni innihaldi a.m.k. allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

18. gr.

Stofnun einkavörslureikninga og viðskiptareikninga í skrá Sambandsins

1. Væntanlegur reikningshafi skal senda landsstjórnanda beiðni um stofnun einkavörslureiknings eða viðskiptareiknings í skrá Sambandsins. Væntanlegur reikningshafi skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á og skal þar vera að finna a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í IV. viðauka.

2. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess, sem skilyrðis fyrir því að opna einkavörslureikning eða viðskiptareikning, að væntanlegir reikningshafar hafi fasta búsetu eða séu skráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

3. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess, sem skilyrðis fyrir því að opna einkavörslureikning eða viðskiptareikning, að væntanlegir reikningshafar séu virðisaukaskattskráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

4. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 24. gr., skal landsstjórnandinn stofna einkavörslureikning eða viðskiptareikning í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 22. gr.

19. gr.

Stofnun landsbundinna vörslureikninga í skrá Sambandsins

Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gefa landsstjórnandanum fyrirsmáli um að opna landsbundinn vörslureikning (*e. national holding account*) í skrá Sambandsins innan 20 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna sem settar eru fram í III. viðauka.

20. gr.

Stofnun reikninga fyrir ytri viðskiptavettvanga í skrá Sambandsins

1. Ytri viðskiptavettvangar geta lagt fram beiðni um stofnun reiknings fyrir ytri viðskiptavettvang í skrá Sambandsins. Þessi beiðni skal lögð fyrir landsstjórnandann. Aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á. Þessar upplýsingar skulu innihalda a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í IV. viðauka og gögn því til sönnunar að ytri viðskiptavettvangurinn tryggji öryggisstig, sem er jafnhátt eða hærra en það öryggisstig sem tryggt er í skrá Sambandsins, í samræmi við þessa reglugerð, og að þar sé öryggisfyrirkomulag fyrir hendi sem veitir a.m.k. verndarstig sem er sambærilegt við það samþykki sem krafist er fyrir viðbótarfulltrúa reiknings í 3. mgr. 23. gr.

2. Landsstjórnendur skulu tryggja að ytri viðskiptavettvangar taki tillit til tæknilegu krafanna og öryggiskrafanna sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 24. gr., skal landsstjórnandinn stofna reikning fyrir ytri viðskiptavettvang í skrá Sambandsins eða upplýsa miðlæga stjórnandann eða aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 22. gr. Viðkomandi landsstjórnandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni um stofnun slíkra reikninga án tafar.

4. Ekki skal gerð krafa um samþykki viðurkennds viðbótarfulltrúa skv. 3. mgr. 23. gr. til að hefja viðskipti, að því er varðar viðskipti sem ytri viðskiptavettvangar hafa hafið.

21. gr.

Stofnun sannprófandareikninga í skrá Sambandsins

1. Beiðni um stofnun sannprófandareiknings í skrá Sambandsins skal lögð fyrir landsstjórnandann. Aðilinn, sem óskar eftir reikningnum, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á, þ.m.t. upplýsingarnar sem settar eru fram í III. og V. viðauka.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 24. gr., skal landsstjórnandinn stofna sannprófandareikninginn í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 22. gr.

22. gr.

Synjun um stofnun reiknings

1. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna stofnunar reiknings, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

2. Landsstjórnandi getur neitað að opna reikning:

- a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,
- b) ef væntanlegur reikningshafi eða, ef um lögaðila er að ræða, einhver af stjórnendum væntanlegs reikningshafa sætir rannsókn eða hefur, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarleg afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,
- c) ef landsstjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningarnir verði notaðir við svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarleg afbrot,
- d) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.

3. Ef landstjórnandinn synjar um stofnun reiknings getur aðilinn, sem óskaði eftir stofnun reikningsins, andmælt við lögbært yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirsmáli um að stofna reikninginn eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmet markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

23. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Fyrir hvern reikning, að undanskildum sannprófandareikningnum, skulu vera a.m.k. tveir viðurkenndir fulltrúar. Fyrir sannprófandareikning skal vera a.m.k. einn viðurkenndur fulltrúi. Viðurkenndu fulltrúarnir skulu hefja viðskipti og önnur ferli fyrir hönd reikningshafans.

2. Til viðbótar við viðurkennda fulltrúana, sem eru tilgreindir í 1. mgr., mega einnig vera viðurkenndir fulltrúar fyrir reikninga sem eru einungis með skoðunaraðgang að reikningnum.

3. Fyrir reikninga mega vera einn eða fleiri viðurkenndir viðbótarfulltrúar. Gerð er krafa um samþykki viðurkennds viðbótarfulltrúa til að hefja viðskipti, auk samþykkis viðurkennds fulltrúa, að undanskildum:

a) millifærslum á reikning reikningshafa, sem er á skrá yfir áreiðanlega reikninga í skrá Sambandsins,

b) viðskiptum sem ytri viðskiptavettvangar hefja þegar reikningar þeirra eru stofnaðir skv. 20. gr. og

c) skiptum á losunarheimildum skv. 60. gr., innskilum losunarheimilda skv. 67. gr., niðurfellingum losunarheimilda skv. 68. gr. og ógildingum Kýótóeininga skv. 69. gr. ef viðurkenndur viðbótarfulltrúi hefur ekki verið tilnefndur. Í slíkum tilvikum skal annar reikningsfulltrúi staðfesta viðskipti sem hafin eru.

4. Reikningshafar geta komið því þannig fyrir að aðgangur að reikningum þeirra verði um ytri viðskiptavettvang. Slíkir reikningshafar skulu tilnefna, sem viðurkenndan fulltrúa, aðila sem er þegar viðurkenndur fulltrúi fyrir reikning ytri viðskiptavettvangs.

5. Ef viðurkenndur fulltrúi getur ekki farið inn í skrá Sambandsins af tæknilegum ástæðum eða öðrum ástæðum getur landsstjórnandinn hafið viðskipti fyrir hönd viðurkennda fulltrúans ef hann óskar eftir því, að því tilskildu að landsstjórnandinn heimili slíkar beiðnir og að aðgangi hafi ekki verið lokað tímabundið í samræmi við þessa reglugerð.

6. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir geta ákvarðað hámarksfjölda viðurkenndra fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúanna fyrir hverja gerð reiknings.

7. Viðurkenndir fulltrúar og viðurkenndir viðbótarfulltrúar skulu vera einstaklingar sem eru eldri en 18 ára. Enginn viðurkenndur fulltrúanna eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa hvers reiknings má vera sami maðurinn en sami maðurinn getur verið viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi fleiri en eins reiknings. Aðildarríki landsstjórnandans getur

krafist þess að a.m.k. einn viðurkenndur fulltrúi reiknings, að undanskildum sannprófandareikningum, hafi fasta búsetu í því aðildarríki.

24. gr.

Tilnefning og samþykki viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa

1. Þegar óskað er eftir stofnun reiknings skal væntanlegur reikningshafi tilnefna nokkra viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa í samræmi við 23. gr.

2. Þegar reikningshafinn tilnefnir viðurkenndan fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa skal hann veita þær upplýsingar sem stjórnandinn krefst. Þær upplýsingar skulu a.m.k. innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem krafist er í samræmi við 2. mgr., skal landsstjórnandinn samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa eða tilkynna reikningshafa um að hann samþykki hann ekki. Ef þörf er á lengri tíma til að meta upplýsingar um tilnefnda aðilann getur stjórnandinn framlengt matsferlið um allt að 20 virka daga til viðbótar og skal hann þá tilkynna reikningshafanum um framlenginguna.

4. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna tilnefningar á viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum viðbótarfulltrúa, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

5. Landsstjórnandinn getur neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa:

a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,

b) ef væntanlegur fulltrúi sætir rannsókn eða hefur, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,

c) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.

6. Hafi landstjórnandinn neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa getur reikningshafinn andmælt með milligöngu lögbærs yfirvalds samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að samþykkja fulltrúann eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

25. gr.

Uppfærsla upplýsinga um reikninga og viðurkennda fulltrúa

1. Allir reikningshafar skulu tilkynna landsstjórnandanum innan 10 virkra daga um breytingar á upplýsingunum sem lagðar voru fram vegna stofnunar reiknings. Auk þess skulu reikningshafar staðfesta við landstjórnandinn, eigi síðar en 31. desember ár hvert, að upplýsingarnar, sem varða reikninginn þeirra, séu áfram fullnægjandi, uppfærðar, nákvæmar og réttar.

2. Umráðendur loftfara skulu tilkynna það stjórnanda reiknings síns innan 10 virkra daga ef þeir hafa verið aðilar að samruna tveggja eða fleiri umráðenda loftfara eða skiptingu í tvo eða fleiri umráðendur loftfara.

3. Með tilkynningu um breytingar skulu fylgja þær upplýsingar sem landsstjórnandinn krefst í samræmi við þennan þátt. Innan 15 virkra daga frá viðtöku slíkrar tilkynningar og upplýsingum því til stuðnings skal viðkomandi landsstjórnandi samþykkja uppfærslu á upplýsingunum. Stjórnandinn getur neitað að uppfæra upplýsingarnar í samræmi við 4. og 5. mgr. 24. gr. Reikningshafa skal tilkynnt um slíka synjun. Unnt er að koma andmælum við slíkri synjun á framfæri við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum í samræmi við 22. gr.

4. Landsstjórnandinn skal, a.m.k. einu sinni á þriggja ára fresti, endurskoða hvort upplýsingarnar, sem lagðar voru fram vegna stofnunar reiknings, séu áfram fullnægjandi, uppfærðar, nákvæmar og réttar og skal gera þá kröfu að reikningshafi tilkynni um hvers kyns breytingar, eins og við á.

5. Reikningshafi vörslureiknings rekstraraðila má eingöngu selja eða afhenda rekstraraðila eignarhald á vörslureikningi sínum með stöðinni sem vörslureikningurinn tengist.

6. Reikningshafi má hvorki selja né afhenda eignarhald á reikningi sínum til annars aðila, með fyrirvara um 5. mgr.

7. Viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi má ekki færa þá stöðu sína yfir á annan aðila.

8. Reikningshafi getur farið þess á leit að viðurkenndur fulltrúi sé fjarlægður af reikningi. Við viðtöku beiðni skal landsstjórnandinn loka aðgangi viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa tímabundið. Innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðninnar skal viðkomandi stjórnandi víkja viðurkennda fulltrúanum frá.

9. Reikningshafi getur tilnefnt nýja viðurkennda fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa í samræmi við 24. gr.

10. Ef skipt er um aðildarríki sem stjórnar umráðanda loftfars í samráði við verklagsregluna sem fram er sett í 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eða ef skipti verða í kjölfar stækkunar Sambandsins skal miðlægi stjórnandinn uppfæra landsstjórnanda viðkomandi vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara. Ef skipt er um stjórnanda vörslureiknings umráðanda loftfara getur nýi stjórnandinn krafist þess að umráðandinn leggi fram upplýsingarnar í tengslum við stofnun reiknings í samræmi við 17. gr. og upplýsingarnar um viðurkennda fulltrúa sem hann krefst í samræmi við 24. gr.

11. Ekki skal skipta um aðildarríki sem ber ábyrgð á stjórnun reiknings, með fyrirvara um 10. gr.

26. gr.

Skrá yfir áreiðanlega reikninga

1. Í skrá Sambandsins er heimilt að taka saman skrá yfir áreiðanlega reikninga fyrir afhendingarreikninga fyrir uppboðnar losunarheimildir, vörslureikninga og viðskiptareikninga.

2. Reikningar, sem eru í eigu sama reikningshafa, skulu sjálfkrafa færðir á skrána yfir áreiðanlega reikninga.

3. Hefja skal breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga og ljúka við þær með málsmeðferðinni, sem sett er fram í 39. gr., fyrir millifærslur sem eru tilgreindar í 6. þætti 2. kafla II. bólkis. Viðurkenndir viðbótarfulltrúar skulu staðfesta breytinguna eða, ef viðurkenndir viðbótarfulltrúar hafa ekki verið tilnefndir, annar viðurkenndur fulltrúi. Fresturinn, sem er tilgreindur í 3. mgr. 39. gr., gildir ekki um niðurfellingu reikninga af skránni yfir áreiðanlega reikninga; að því er varðar aðrar breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga skal fresturinn vera sjö dagar.

3. þáttur

Lokun reikninga

27. gr.

Lokun reikninga

Stjórnandi skal loka reikningi, með fyrirvara um 1. mgr. 32. gr., innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá reikningshafa reiknings, annarra en þeirra sem eru tilgreindir í 28., 29., 30. og 31. gr.

28. gr.

Lokun vörslureikninga rekstraraðila

1. Lögbært yfirvald skal tilkynna landsstjórnandanum um afturköllun eða tímabundna niðurfellingu leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda eða vitneskju um lokun stöðvar innan 10 virkra daga. Landsstjórnandinn skal skrá viðeigandi dagsetningu í skrá Sambandsins innan 10 virkra daga frá slíkri tilkynningu.

2. Landsstjórnandinn getur lokað vörslureikningi rekstraraðila eigi síðar en 30. júní árið eftir það ár sem stöðinni var lokað eða leyfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda var afturkallað eða fellt tímabundið niður ef viðkomandi stöð hefur skilað inn fjölda losunarheimilda sem svarar til eða er meiri en sannprófuð losun stöðvarinnar og hún er ekki útilokuð skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

29. gr.

Lokun vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara

Landsstjórnandinn skal einungis loka vörslureikningum fyrir umráðendur loftfara ef hann hefur fengið um það fyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi í kjölfar þess að lögbæra yfirvaldið fékk vitneskju um að tiltekinn umráðandi hafi sameinast öðrum umráðanda eða að tiltekinn umráðandi hafi hætt allri starfsemi sem fellur undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB, annaðhvort með tilkynningu frá reikningshafanum eða með hjálp annarra gagna.

30. gr.

Lokun sannprófandareikninga

1. Innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá sannprófanda um lokun reiknings hans skal landsstjórnandinn loka reikningnum.

2. Lögbært yfirvald getur einnig gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka sannprófandareikningi ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) faggilding sannprófandans er runnin út eða hefur verið afturkölluð,

b) sannprófandinn hefur hætt starfsemi.

31. gr.

Lokun ÁSB-samræmisreikningsins

1. Miðlægi stjórnandinn skal loka ÁSB-samræmisreikningi í fyrsta lagi mánuði eftir að tala um stöðu reglufylgni hefur verið ákvörðuð fyrir reikninginn skv. 79. gr. og eigi síðar en 21. desember og eftir að hafa tilkynnt reikningshafa um það með fyrirvara.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins annist millifærslu á öllum alþjóðlegum innignum, bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar, sem eru notaðar skv. 81. gr., yfir á viðkomandi innlausnarreikning vegna Kýótóbókunar.

3. Ef bein millifærsla yfir á viðkomandi innlausnarreikning vegna Kýótóbókunar er bönnuð samkvæmt reglum um viðskipti sem gilda um alþjóðlegu viðskiptadagbókina, sem eru útfærðar samkvæmt Kýótóbókuninni, skal fyrst millifæra alþjóðlegar innignir, bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar, sem notaðar hafa verið til að fara að tilskildum ákvæðum, yfir á sérstakan vörslureikning sem landsstjórnandinn stofnaði í þessum tilgangi.

4. Þegar ÁSB-samræmisreikningi er lokað skal miðlægi stjórnandinn tryggja að árlegar losunarúthlutunareiningar sem eftir eru á ÁSB-samræmisreikningnum séu millifærðar af skrá Sambandsins yfir á ÁSB-reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir.

32. gr.

Jákvæð staða á reikningum sem á að loka

1. Ef staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er jákvæð á reikningi sem stjórnandi á að loka í samræmi við 27., 28. og 29. gr. skal stjórnandinn fara fram á það við reikningshafann að hann tilgreini annan reikning og þessar losunarheimildir eða Kýótóeiningar skulu færðar yfir á hann. Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga skal stjórnandinn færa losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar á landsbundinn vörslureikning sinn.

2. Ef jákvæð staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er á reikningi, sem lokað hefur verið fyrir aðgang að tímabundið í samræmi við 34. gr., getur lögbæra yfirvaldið krafist þess að losunarheimildirnar og Kýótóeiningarnar séu tafarlaust færðar yfir á reikning viðkomandi lands.

33. gr.

Lokun reikninga og brottvikning viðurkennds fulltrúa að frumkvæði stjórnandans

1. Ef ástandið, sem veldur tímabundinni lokun aðgangs að reikningum skv. 34. gr., hefur ekki verið bætt innan hæfilegs frests þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar getur lögbært yfirvald gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka þeim reikningum, sem lokað hefur verið fyrir aðgang að, eða, ef um er að ræða vörslureikning umráðanda eða vörslureikning umráðanda loftfars, að frysta reikninginn þar til lögbært yfirvald ákvarðar að ástandið, sem olli tímabundnu lokuninni, sé ekki lengur fyrir hendi.

2. Ef staðan á einkavörslureikningi eða viðskiptareikningi er núll og engin viðskipti hafa verið skráð í eitt ár getur landsstjórnandinn tilkynnt reikningshafanum um að einkavörslureikningnum eða viðskiptareikningnum verði lokað innan 40 virkra daga nema landsstjórnandanum berist beiðni þess efnis að reikningnum verði haldið opnum. Ef landsstjórnandanum berst engin slík beiðni frá reikningshafanum getur hann lokað reikningnum.

3. Landsstjórnandinn skal loka vörslureikningi rekstraraðila samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds á grundvelli þess að ekki sé útlit fyrir að fleiri losunarheimildum verði skilað inn.

4. Landsstjórnandinn getur vikið viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum viðbótarfulltrúa frá ef hann telur að synja hefði átt beiðni um að samþykka viðurkennda fulltrúann eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa skv. 3. mgr. 24. gr., einkum ef hann uppgötvar að skjölin og auðkennisupplýsingarnar, sem lögð voru fram við tilnefninguna, voru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng.

5. Reikningshafinn getur andmælt breytingu á stöðu reiknings í samræmi við 1. mgr. eða brottvikningu viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa í samræmi við 4. mgr. við lögbært yfirvald samkvæmt landslögum innan 30 almanaksdaga og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna reikninginn að nýju eða endurskipa viðurkennda fulltrúann eða viðurkennda viðbótarfulltrúann eða staðfesta breytinguna á stöðu reikningsins eða brottvikninguna með rökstuddri ákvörðun, með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

4. þáttur

Tímabundin lokun aðgangs að reikningum

34. gr.

Tímabundin lokun aðgangs að reikningum

1. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa tímabundið að öllum reikningum í skránni eða að ferlum sem viðurkenndi fulltrúinn hefði að öðru jöfnu haft aðgang að ef stjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að viðurkenndi fulltrúinn hafi:

a) reynt að fá aðgang að reikningum eða ferlum sem hann hefur ekki leyfi fyrir,

b) hvað eftir annað reynt að fá aðgang að reikningi eða ferli með því að nota rangt notandanafn og lykilorð,

c) reynt að stofna örygginu, tiltækileikanum, heilleikanum eða trúnaðinum í skrá Sambandsins eða í viðskiptadagbók ESB eða gögnunum, sem þar eru meðhöndluð eða geymd, í hættu.

2. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi ef eitt eftirfarandi skilyrða hefur verið uppfyllt:

a) reikningshafinn er látinn og löglegur arftaki ekki fyrir hendi eða reikningshafinn er ekki lengur lögaðili,

b) reikningshafinn greiddi ekki gjöld,

c) reikningshafinn hefur brotið gegn skilmálunum og skilyrðunum sem gilda um reikninginn,

d) reikningshafinn hefur ekki samþykkt breytingarnar á skilmálunum og skilyrðunum sem landsstjórnandinn eða miðlægi stjórnandinn hafa ákveðið,

e) reikningshafinn hefur ekki tilkynnt um breytingar á upplýsingum um reikning eða lagt fram gögn til sönnunar varðandi breytingar á upplýsingum um reikning eða varðandi kröfur um upplýsingar varðandi nýjan reikning,

f) reikningshafinn hefur ekki séð til þess að reikningurinn haldi þeim lágmarksfjölda viðurkenndra fulltrúa sem krafist er,

g) reikningshafinn hefur ekki uppfyllt kröfu aðildarríkisins þess efnis að hann skuli vera með viðurkenndan fulltrúa sem er með fasta búsetu í aðildarríki landsstjórnandans,

h) reikningshafinn hefur ekki uppfyllt kröfur aðildarríkisins þess efnis að hann skuli hafa fasta búsetu eða vera skráður í aðildarríki stjórnanda reikningsins.

3. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi og möguleikann á að hefja ferli frá þeim reikningi:

a) í að hámarki fjórar vikur ef stjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningurinn hafi verið notaður eða verði notaður við svik, peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu eða önnur alvarleg afbrot eða

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

4. Landsstjórnandinn getur lokað fyrir aðgang að reikningi ef hann telur að synja hefði átt um stofnun reikningsins í samræmi við 22. gr. eða ef reikningshafinn uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem varða stofnun reikningsins.

5. Stjórnandi reikningsins skal bakfæra lokunina að aðganginum um leið og málið sem olli henni hefur verið leyst.

6. Reikningshafinn getur andmælt lokun aðgangs síns innan 30 almanaksdaga við lögbært yfirvald eða víðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum, í samræmi við 1. og 3. mgr., og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna fyrir aðganginn að nýju eða staðfesta lokunina með rökstuddri ákvörðun, með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hofleg.

7. Lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin geta einnig gefið landsstjórnandanum eða miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að hrinta tímabundinni lokun í framkvæmd af einni af ástæðunum sem settar eru fram í 1., 2., 3. og 4. mgr.

8. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki stjórnandans getur einnig farið þess á leit við stjórnandann að hann láti tímabundna lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.

9. Þegar aðgangur að reikningi ytri viðskiptavettvangs er stöðvaður tímabundið skal stjórnandinn einnig stöðva tímabundið aðgang ytri viðskiptavettvangsins að notandareikningum í samræmi við 4. mgr. 23. gr. Þegar aðgangi viðurkenndra

fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa fyrir reikning ytri viðskiptavettvangs er lokað tímabundið skal stjórnandinn einnig loka tímabundið aðgangi þessara fulltrúa á vegum reikningshafa að ytri viðskiptavettvanginum í samræmi við 4. mgr. 23. gr.

10. Ef handhafi vörslureiknings fyrir rekstraraðila eða vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara getur ekki sinnt innskilum á þeim tíu virku dögum fyrir lokadag tímamarkanna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. a og 3. mgr. 12. gr. í tilskipun 2003/87/EB, vegna tímabundinnar lokunar í samræmi við þessa grein skal landsstjórnandinn, ef reikningshafinn fer fram á það, skila inn þeim fjölda losunarheimilda sem reikningshafinn tilgreinir.

II. BÁLKUR

SÉRTÆK ÁKVÆÐI FYRIR SKRÁ SAMBANDSINS VEGNA KERFIS SAMBANDSINS FYRIR VIÐSKIPTI MEÐ HEIMILDIR TIL LOSUNAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

1. KAFLI

Sannprófuð losun og reglufylgni

35. gr.

Gögn um sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars

1. Hvenær sem þess er krafist samkvæmt landslögum skal hver rekstraraðili og umráðandi loftfars velja sannprófaða af skrá yfir sannprófundur sem eru skráðir hjá landsstjórnandanum sem stjórnar reikningi hans. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars er einnig sannprófaði má hann ekki velja sjálfan sig sem sannprófaða.

2. Landsstjórnandi, lögbært yfirvald eða, samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds, reikningshafi eða sannprófaði skal, eigi síðar en 31. mars, færa inn losunargögn fyrir næstliðið ár.

3. Árleg losunargögn skulu lögð fram á því sniði sem sett er fram í IX. viðauka.

4. Sannprófaði eða lögbært yfirvald skal samþykka árlega, sannprófaða losun eftir að hafa sannprófað á fullnægjandi hátt, í samræmi við 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrslu rekstraraðila um losun frá stöð á næstliðnu ári eða skýrslu umráðanda loftfars um losun frá allri flugstarfsemi á hans vegum á næstliðnu ári.

5. Landsstjórnandinn eða lögbæra yfirvaldið skal merkja losunina, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. mgr., í skrá Sambandsins þannig að hún sé sannprófuð. Lögbært yfirvald getur ákveðið að í stað landsstjórnandans beri sannprófaði ábyrgð á að merkja losun þannig að hún sé sannprófuð í skrá Sambandsins.

6. Lögbært yfirvald getur gefið landsstjórnandanum fyrirhæfi um að leiðrétta árlega, sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars til að tryggja samræmi við kröfurnar í 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB með því að færa leiðrétta, sannprófaða eða áætlaða losun fyrir stöðina eða umráðanda loftfars fyrir tiltekið ár inn í skrá Sambandsins.

7. Ef engin tala fyrir sannprófaða losun hefur verið færð í skrá Sambandsins 1. maí ár hvert fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár eða ef staðfest hefur verið að talan um sannprófaða losun er röng skal í staðinn tilgreina áætlaða tölu um losun sem er reiknuð svo nákvæmlega sem framast er unnt í samræmi við 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

36. gr.

Frysting reikninga vegna þess að gögn um sannprófaða losun hafa ekki verið lögð fram

1. Ef sannprófuð losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár hefur ekki verið færð í skrá Sambandsins 1. apríl ár hvert skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins frysti viðkomandi vörslureikning rekstraraðila eða vörslureikning umráðanda loftfara.

2. Þegar öll sannprófuð losun, sem er færð of seint, frá stöð eða vegna umráðanda loftfars hefur verið færð í skrá Sambandsins skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins opni aðganginn að reikningnum.

37. gr.

Útreikningur talna um stöðu reglufylgni

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að 1. maí ár hvert tilgreini skrá Sambandsins tölu um stöðu reglufylgni fyrir næstliðið ár fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars, hvort sem aðgangur að vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi umráðanda loftfars er opinn eða reikningurinn hefur verið frystur, með því að reikna summu allra losunarheimilda, sem skilað er inn fyrir yfirstandandi tímabil, að frádreginni summu allrar sannprófaðrar losunar á yfirstandandi tímabili til og með yfirstandandi ári, ásamt leiðréttingarstuðli.

2. Leiðréttingarstuðullinn, sem um getur í 1. mgr., skal vera núll ef tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils var hærri en núll en skal vera hinn sami og tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils ef sú tala er núll eða lægri.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins færi inn tölu um stöðu reglufylgni fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars fyrir hvert ár.

2. KAFLI

Viðskipti

1. þáttur

Almenn atriði

38. gr.

Einungis þau viðskipti, sem skýrt er kveðið á um í þessari reglugerð fyrir hverja tegund reiknings, skulu hefjast með þeirri tegund reiknings.

39. gr.

Framkvæmd millifærslna

1. Að því er varðar öll viðskipti, sem eru tilgreind í þessum kafla, sem ytri viðskiptavettvangur hefur ekki hafið skal skrá Sambandsins gera kröfu um staðfestingu um aðra samskiptaleið (*e. out of band confirmation*) áður en viðskiptin geta hafist. Einungis skal hefja viðskipti ef viðurkenndur viðbótarfulltrúi eða annar reikningsfulltrúi, eftir því sem við á, sem krafa er gerð um að samþykki þau skv. 3. mgr. 23. gr., hefur staðfest viðskiptin um aðra samskiptaleið.

2. Að því er varðar allar millifærslur, sem eru tilgreindar í 64. gr. og 8. þætti þessa kafla, skulu þær hefjast tafarlaust ef þær eru staðfestar á milli kl. 10:00 og 16:00 að Mið-Evróputíma frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum, að undanskildum lögboðnum frídögum í þeim aðildarríkjum sem ákveða að nýta ekki frestunina skv. 3. mgr.

Millifærsla, sem er staðfest á öðrum tíma, skal hefjast sama dag, frá mánudegi til föstudags, að undanskildum lögboðnum frídögum eins og um getur í fyrstu undirgrein, kl. 10:00 að Mið-Evróputíma, ef hún er staðfest fyrir kl. 10:00 að Mið-Evróputíma, eða næsta dag, frá mánudegi til föstudags, að undanskildum lögboðnum frídögum eins og um getur í fyrstu undirgrein, kl. 10:00 að Mið-Evróputíma, ef hún er staðfest eftir kl. 16:00 að Mið-Evróputíma.

3. Að því er varðar allar millifærslur á losunarheimildum og Kýótóeiningum, sem eru tilgreindar í 64. og 65. gr., og allar millifærslur, sem eru tilgreindar í 66. gr., á reikninga sem eru ekki tilgreindir í skránni yfir áreiðanlega reikninga hjá handhafa viðskiptareikninga, gildir 26 klukkustunda frestun frá því að millifærsla hefist og þar til tilkynnt er um að það megi ljúka við hana skv. 104. gr. Þessi frestun skal numin úr gildi tímabundið á laugardögum og sunnudögum milli kl. 00:00 og 24:00 að Mið-Evróputíma. Aðildarríkin geta ákveðið að nema þessa frestun einnig úr gildi tímabundið á lögboðnum frídögum á tilteknu ári, milli kl. 00:00 og 24:00 að Mið-Evróputíma, að því tilskildu að sú ákvörðun hafi verið birt eigi síðar en 1. desember á næstliðnu ári.

4. Ef reikningsfulltrúi hefur grun um að millifærsla hafi verið hafin í sviksamlegum tilgangi getur reikningsfulltrúinn, eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en fresturinn, sem kveðið er á um í 3. mgr., rennur út, óskað eftir því við landsstjórnandann eða miðlæga stjórnandann, eftir því sem við á, að hann ógildi færsluna fyrir hönd reikningsfulltrúans áður en tilkynnt er um að það megi ljúka við færsluna. Í kjölfar beiðninnar skal reikningshafinn tafarlaust tilkynna lögbæru löggæsluyfirvaldi um að grunur leiki á svikum. Sú skýrsla skal send til landsstjórnandans eða miðlæga stjórnandans, eftir því sem við á, innan sjö daga.

5. Þegar millifærslur hefjast skv. 1. og 2. mgr. skal senda tilkynningu til allra reikningsfulltrúa um fyrirhugað upphaf millifærslunnar.

40. gr.

Eðli losunarheimilda og endanleiki viðskipta

1. Losunarheimild eða Kýótóeining skal vera skiptanlegur gerningur, sem er einungis til á rafrænu formi, sem unnt er að eiga viðskipti með á markaði.

2. Það eðli losunarheimilda og Kýótóeininga að vera einungis til á rafrænu formi skal fela í sér að færslurnar í skrá Sambandsins mynda að órannsökuðu máli fullnægjandi sannanir fyrir réttindum til losunarheimildar eða Kýótóeiningar og fyrir hverju öðru málefni sem fellur undir þessa reglugerð eða sem unnt er að skrá í skrá Sambandsins samkvæmt henni.

3. Skiptanleiki losunarheimilda og Kýótóeininga skal fela í sér að hvers kyns skuldbindingar vegna endurheimtar eða skila, sem kunna að koma upp samkvæmt landslögum að því er varðar losunarheimild eða Kýótóeiningu, skulu einungis gilda um samskonar losunarheimildir eða Kýótóeiningar.

Með fyrirvara um 70. gr. og afstemmingarferlið, sem kveðið er á um í 103. gr., skulu viðskipti verða endanleg og óafturkallanleg við lok þeirra skv. 104. gr. Með fyrirvara um hvers kyns ákvæði eða úrræði til úrbóta samkvæmt landslögum, sem kunna að leiða til kröfu eða reglu um að hefja ný viðskipti í skrá Sambandsins, skulu engin lög, reglugerðir, reglur eða framkvæmd, að því er varðar að fella samninga eða viðskipti úr gildi, leiða til þess að bundinn sé endi á viðskipti í skránni sem eru orðin endanleg og óafturkallanleg samkvæmt þessari reglugerð.

Ekki skal komið í veg fyrir að reikningshafi eða þriðji aðili neyti réttar eða kröfu, sem leiðir af undirliggjandi viðskiptum, sem hann kann að eiga lagalega kröfu til, þ.m.t. endurheimt, skil eða skaðabætur, að því er varðar viðskipti sem er lokið í skrá Sambandsins, t.d. ef um er að ræða svik eða tæknilegar villur, svo fremi sem þetta leiðir ekki til þess að viðskiptin séu bakfærð, afturkölluð eða bundinn endi á þau í skrá Sambandsins.

4. Kaupandi og handhafi losunarheimildar eða Kýótóeiningar, sem kemur fram í góðri trú, skal öðlast réttindi til losunarheimildar eða Kýótóeiningar án nokkurra ágalla sem eru á eignarheimild framseljandans.

2. þáttur

Stofnun losunarheimilda

41. gr.

Stofnun losunarheimilda

1. Miðlægi stjórnandinn getur stofnað reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda (*e. EU Total Quantity Account*), reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs (*e. EU Aviation Total Quantity Account*), uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir (*e. EU Auction Account*), uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs (*e. EU Aviation Auction Account*), reikning ESB fyrir skipti á inneignum (*e. EU Credit Exchange Account*) og reikning ESB fyrir alþjóðlegar inneignir (*e. EU International Credit Account*), eftir því sem við á, og hann skal stofna eða ógilda reikninga og losunarheimildir eins og þörf krefur samkvæmt lögum Sambandsins, þ.m.t. eins og kann að vera krafist með 3. gr. e (3. mgr.), 9. gr. a, 10. gr. a (8. mgr.) og 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, 10. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 eða 41. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 920/2010.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á viðeigandi tímamarki eða tímamarkum, gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að stofna nokkrar almennar losunarheimildir, sem eru samtals jafnmargar þeim fjölda sem er ákvarðaður í samræmi við 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB⁽¹⁷⁾, á reikningum, sem eru stofnaðir vegna 8. mgr. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB eða til millifærslu á þessa reikninga.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins úthluti hverri losunarheimild sérstökum einingarauðkenniskóða við stofnun hennar.

3. þáttur

Millifærslur á reikninga fyrir uppboð og úthlutun

42. gr.

Millifærslur á almennum losunarheimildum sem á að bjóða upp

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega, fyrir hönd viðkomandi uppboðshaldara, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir, í magni sem samsvarar árlegum fjölda sem er ákvarðaður skv. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Ef um er að ræða breytingar á árlegum fjölda í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda almennra losunarheimilda af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir eða af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda, eftir því sem við á.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39.

43. gr.

Millifærsla almennra losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds

Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir í magni, sem samsvarar summu losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds, í samræmi við töflu hvers aðildarríkis fyrir sig um úthlutun.

44. gr.

Millifærsla almennra losunarheimilda í varasjóð fyrir nýja aðila

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á reikning ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila (*e. EU New Entrant Reserve Account*) í magni sem samsvarar 5% af fjölda losunarheimilda í öllu Sambandinu, sem er ákvarðaður með ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, að frádregnum þeim fjölda sem á að stofna skv. 2. mgr. 41. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef fjöldi losunarheimilda í öllu Sambandinu er aukinn með ákvörðun, sem er samþykkt skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal miðlægi stjórnandinn millifæra fleiri almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á reikning ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila, í magni sem samsvarar 5% af aukningunni á heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu.

3. Ef fjöldi losunarheimilda í öllu Sambandinu er minnkaður með ákvörðun, sem er samþykkt skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal miðlægi stjórnandinn fella niður almennar losunarheimildir á reikningi ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila, í magni sem samsvarar 5% af minnkuninni á fjölda losunarheimilda í öllu Sambandinu.

4. Ef um er að ræða úthlutun til nýrra aðila eða úthlutun til nýrra aðila í kjölfar umtalsverðrar aukningar á afkastagetu skv. 19. og 20. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB skal miðlægi stjórnandinn úthluta endanlegu magni losunarheimilda, sem þannig verður til, sem er úthlutað án endurgjalds til rekstraraðilans fyrir allt viðskiptatímabilið og sem er fært inn í viðskiptadagbók ESB í samræmi við 2. mgr. 51. gr. þessarar reglugerðar, af reikningi ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir.

45. gr.

Millifærslur á losunarheimildum, sem á að bjóða upp, vegna flugs

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega, fyrir hönd viðkomandi uppboðshaldara, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna

flugs, í magni sem samsvarar árlegum fjölda sem er ákvarðaður skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.

2. Ef um er að ræða breytingar á árlegum fjölda í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda losunarheimilda vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs eða af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs, eftir því sem við á.

46. gr.

Millifærsla losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs (*e. EU Aviation Allocation Account*) í magni sem samsvarar fjölda losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds, sem er ákvarðaður með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er samþykkt á grundvelli 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs, sem á að úthluta án endurgjalds, er aukinn með ákvörðun skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn millifæra fleiri losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs í magni sem samsvarar aukningu á fjölda losunarheimilda vegna flugs sem á að úthluta án endurgjalds.

3. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs, sem á að úthluta án endurgjalds, er minnkaður með ákvörðun skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn fella niður losunarheimildir vegna flugs á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs í magni sem samsvarar minnkun á fjölda losunarheimilda vegna flugs sem á að úthluta án endurgjalds.

47. gr.

Millifærslur á losunarheimildum vegna flugs yfir í sérstaka varasjóðinn

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir sérstakan varasjóð (*e. EU Special Reserve Account*) í magni sem samsvarar fjölda losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum, sem er ákvarðaður með ákvörðuninni sem er samþykkt skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum er aukinn með ákvörðun sem er samþykkt skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn millifæra fleiri losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á reikning ESB vegna sérstaks varasjóðs, í magni sem samsvarar aukningu á fjölda losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum.

3. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum er minnkaður með ákvörðun sem er samþykkt á grundvelli 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn fella niður losunarheimildir vegna flugs á reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs, í magni sem samsvarar minnkun á fjölda losunarheimilda í sérstaka varasjóðnum.

4. Ef um er að ræða úthlutun úr sérstaka varasjóðnum skv. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB skal endanlegt magn losunarheimilda vegna flugs, sem er úthlutað án endurgjalds til umráðanda loftfars fyrir allt viðskiptatímabilið, sem er fært í viðskiptadagbók ESB í samræmi við 2. mgr. 54. gr. þessarar reglugerðar, millifært sjálfkrafa af reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs.

48. gr.

Millifærsla á almennum losunarheimildum yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda

Í lok hvers viðskiptatímabils skal miðlægi stjórnandinn millifæra allar losunarheimildir sem eftir eru á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir og á reikningi ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda.

49. gr.

Millifærsla á losunarheimildum vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs

Í lok hvers viðskiptatímabils skal miðlægi stjórnandinn millifæra allar losunarheimildir sem eftir eru á reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs.

50. gr.

Niðurfelling losunarheimilda vegna flugs

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að við lok hvers viðskiptatímabils séu allar losunarheimildir, sem eftir eru á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, millifærðar yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir.

4. þáttur

Úthlutun til staðbundinna stöðva

51. gr.

Færsla taflna yfir landsbundna úthlutun í viðskiptadagbók ESB

1. Hvert aðildarríki skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina töflu yfir landsbundna úthlutun sína fyrir tímabilið 2013–2020 eigi síðar en 31. desember 2012. Aðildarríkin skulu tryggja að töflur yfir landsbundna úthlutun innihaldi upplýsingarnar sem settar eru fram í X. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að færa töfluna yfir landsbundna úthlutun

inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að taflan yfir landsbundna úthlutun sé í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, ákvörðun 2011/278/ESB og ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 6. mgr. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB. Að öðrum kosti skal hún hafna töflunni yfir landsbundna úthlutun innan hæfilegs frests og upplýsa viðkomandi aðildarríki um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Viðkomandi aðildarríki skal leggja endurskoðaða töflu yfir landsbundna úthlutun fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

52. gr.

Breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun

1. Landsstjórnandinn skal annast breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun í viðskiptadagbók ESB ef:

- leyfi stöðvar hefur verið afturkallað eða er runnið út af öðrum orsökum,
- stöð er hætt rekstri,
- stöð hefur verið skipt upp í tvær eða fleiri stöðvar,
- tvær eða fleiri stöðvar hafa runnið saman í eina stöð.

2. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á töflu sinni yfir landsbundna úthlutun sem varða eftirfarandi:

- úthlutun til nýrra aðila eða úthlutun til nýrra aðila í kjölfar umtalsverðrar aukningar á afkastagetu,
- rekstri er hætt að hluta til og veruleg skerðing er á afkastagetu,
- úthlutun án endurgjalds skv. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB sem er rökstudd með hliðsjón af þróun fjárfestinga sem ráðist hefur verið í og tilkynnt um til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 10. gr. c í þeirri tilskipun,
- hvers kyns aðrar breytingar sem ekki er getið um í 1. mgr.

Þegar framkvæmdastjórninni berst tilkynning samkvæmt fyrstu undirgrein skal hún gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun, sem er varðveitt í viðskiptadagbók ESB, ef framkvæmdastjórnin telur að breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun séu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, ákvörðun 2011/278/ESB og ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 6. mgr. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa viðkomandi aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

53. gr.

Úthlutun almennra losunarheimilda án endurgjalds

1. Landsstjórnandinn skal tilgreina í töflu yfir landsbundna úthlutun fyrir hvern rekstraraðila, fyrir hvert ár og fyrir hvern lagagrundvöll, sem settur er fram í X. viðauka, hvort stöð eigi að fá úthlutun fyrir umrætt ár eða ekki.
2. Frá og með 1. febrúar 2013 skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins millifæri almennar losunarheimildir sjálfvirkir af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir, í samræmi við viðkomandi töflu yfir landsbundna úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning rekstraraðila, með tilliti til fyrirkomulags við sjálfvirkar millifærslur sem er tilgreint í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.
3. Ef undanskilinn vörslureikningur rekstraraðila fær ekki losunarheimildir skv. 2. mgr. skal ekki millifæra þær losunarheimildir á reikninginn þótt honum verði síðar breytt í opinn reikning.
4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að rekstraraðili geti framkvæmt millifærslur til að skila umframlosunarheimildum inn á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir ef miðlægi stjórnandinn hefur gert breytingar á töflu aðildarríkis yfir landsbundna úthlutun skv. 2. mgr. 52. gr. til að leiðrétta umframúthlutun losunarheimilda til rekstraraðilans og lögbært yfirvald hefur farið þess á leit að rekstraraðilinn skili slíkum umframlosunarheimildum.

5. þáttur

Úthlutun til umráðenda loftfara

54. gr.

Færsla tafna yfir landsbundna úthlutun vegna flugs í viðskiptadagbók ESB

1. Hvert aðildarríki skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina töflu yfir landsbundna úthlutun sína vegna flugs fyrir tímabilið 2013–2020 eigi síðar en 30. september 2012. Aðildarríkin skulu tryggja að töflur yfir landsbundna úthlutun vegna flugs innihaldi upplýsingarnar sem settar eru fram í XI. viðauka.
2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að færa töfluna yfir landsbundna úthlutun vegna flugs inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að taflan yfir landsbundna úthlutun vegna flugs sé í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, einkum í samræmi við úthlutanirnar sem aðildarríkin reiknuðu út og birtu skv. 4. mgr. 3. gr. e í þeirri tilskipun. Að öðrum kosti skal hún hafna töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs innan hæfilegs frests og upplýsa viðkomandi aðildarríki um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Viðkomandi aðildarríki skal leggja endurskoðaða töflu yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

55. gr.

Breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun vegna flugs

1. Landsstjórnandinn skal annast breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs í viðskiptadagbók ESB ef:
 - a) umráðandi loftfars hefur hætt allri starfsemi sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB,
 - b) umráðanda loftfars hefur verið skipt upp í tvo eða fleiri umráðendur,
 - c) tveir eða fleiri umráðendur loftfara hafa runnið saman í einn umráðanda.
2. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á töflu sinni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs sem varða eftirfarandi:
 - a) hvers kyns losunarheimildir úr sérstaka varasjóðnum skv. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB,
 - b) hvers kyns breytingar í kjölfar samþykktar á ráðstöfunum skv. 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,
 - c) hvers kyns aðrar breytingar sem ekki er getið um í 1. mgr.
3. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs, sem er geymd í viðskiptadagbók ESB, ef framkvæmdastjórnin telur að breytingarnar á töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs séu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, einkum í samræmi við úthlutanirnar sem voru reiknaðar út og birtar skv. 7. mgr. 3. gr. f í þeirri tilskipun ef um er að ræða úthlutanir úr sérstaka varasjóðnum. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.
4. Ef samruni umráðenda loftfara tekur til umráðenda sem falla undir fleiri en eitt aðildarríki skal landsstjórnandinn, sem stjórnar umráðandanum sem fékk úthlutunina sem renna skal saman við úthlutun annars umráðanda loftfars, hafa frumkvæði að breytingunni skv. c-lið 1. mgr. Áður en breytingin er gerð skal afla samþykkis landsstjórnandans sem stjórnar þeim umráðanda loftfars sem á úthlutunina sem úthlutun samrunna umráðandans rennur saman við.

56. gr.

Úthlutun losunarheimilda án endurgjalds vegna flugs

1. Landsstjórnandinn skal tilgreina fyrir hvern umráðanda loftfars og fyrir hvert ár hvort umráðandinn eigi að fá úthlutun í töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir umrætt ár eða ekki.
2. Frá og með 1. febrúar 2013 skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins millifæri losunarheimildir vegna flugs sjálfvirkt af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, í samræmi við viðkomandi töflu yfir landsbundna úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning umráðanda loftfara, með tilliti til fyrirkomulags við sjálfvirkar millifærslur sem er tilgreint í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.
3. Ef undanskilinn vörslureikningur umráðanda loftfara fær ekki losunarheimildir skv. 2. mgr. skal ekki millifæra þær losunarheimildir á reikninginn þótt honum verði síðar breytt í opinn reikning.

57. gr.

Skil á losunarheimildum vegna flugs

Ef breyting er gerð á töflu yfir landsbundna úthlutun vegna flugs skv. 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eftir millifærslu losunarheimilda á vörslureikning umráðanda loftfara á tilteknu ári í samræmi við 56. gr. þessarar reglugerðar skal miðlægi stjórnandinn annast framkvæmd hvers kyns millifærslu, sem þörf er á, með hvaða ráðstöfun sem er sem er samþykkt skv. 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

6. þáttur

Notkun á einingum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum

58. gr.

Handhöfn alþjóðlegra inneigna í skrá Sambandsins

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar í tengslum við verkefni í aðildarríkjunum séu einungis varðveittar í reikningum í skrá Sambandsins vegna viðskipta með losunarheimildir ef útgáfa þeirra var ekki bönnuð með 11. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að losunarskerðingareiningar, sem eru gefnar út í tengslum við skerðingu losunar sem átti sér stað fram til 31. desember 2012 en í tengslum við verkefni í aðildarríkjunum sem snerta starfsemi sem ekki er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 219/2009⁽¹⁸⁾, en er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB⁽¹⁹⁾, séu einungis varðveittar í reikningum í skrá Sambandsins vegna viðskipta með losunarheimildir ef þær eru gefnar út fyrir 30. apríl 2013.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 109.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að losunarskerðingar-einingar, sem eru gefnar út eftir 31. desember 2012 í tengslum við skerðingu losunar sem átti sér stað fram til 31. desember 2012 og í tengslum við verkefni í þriðju löndum, sem eru ekki með lagalega bindandi magnbundin markmið um losun á árunum 2013–2020, eins og sett er fram í breytingu á Kýótóbókuninni skv. 9. mgr. 3. gr. hennar, eða hafa ekki lagt fram skjal um fullgildingu í tengslum við slíka breytingu á Kýótóbókuninni, séu einungis varðveittar í reikningum í skrá Sambandsins vegna viðskipta með losunarheimildir ef þær tengjast skerðingu á losun sem er sannprófuð í samræmi við sannprófunaraðferðina, innan ramma sameiginlegu framkvæm daeftirlitsnefndarinnar, sem sett er fram í ákvörðun 9/CMP.1, (samkvæmt svokallaðri „leið 2-aðferð“) eða, ef slík sannprófun er ekki möguleg, ef óháður aðili, sem er viðurkenndur samkvæmt ákvörðun 9/CMP.1, hefur sannprófað að þær hafi verið gefnar út í tengslum við skerðingu á losun sem átti sér stað fram til 31. desember 2012.

3. Miðlægi stjórnandinn skal láta landsstjórnendum í té skrá yfir reikninga vegna viðskipta með losunarheimildir sem hafa að geyma alþjóðlegar inneignir sem ekki er hægt að varðveita, skv. 1. og 2. mgr., eftir þær dagsetningar sem þar koma fram. Á grundvelli þessarar skrár skal landsstjórnandinn fara fram á það við reikningshafann að hann tilgreini Kýótóbókunarreikning til að millifæra slíkar alþjóðlegar inneignir á.

Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga skal stjórnandinn færa alþjóðlegu inneignirnar á landsbundinn Kýótóbókunarreikning.

59. gr.

Færsla taflna yfir alþjóðleg réttindi til inneignar í viðskiptadagbók ESB

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna töflu sína yfir alþjóðleg réttindi til inneignar til framkvæmdastjórnarinnar innan mánaðar eftir að ráðstafanir skv. 8. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB hafa verið samþykktar. Aðildarríkin skulu tryggja að taflan yfir alþjóðleg réttindi til inneignar innihaldi samhlöð, upphafleg réttindi til alþjóðlegrar inneignar fyrir árin 2008–2020 fyrir hvern rekstraraðila og umráðanda loftfars og upplýsingarnar sem settar eru fram í XII. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að færa töfluna yfir alþjóðleg réttindi til inneignar inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að taflan yfir alþjóðleg réttindi til inneignar sé í samræmi við tilskipun 2003/87/EB og ráðstafanir sem voru samþykktar skv. 8. mgr. 11. gr. a í þeirri tilskipun. Að öðrum kosti skal framkvæmdastjórnin hafna töflunni yfir alþjóðleg réttindi til inneignar innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Aðildarríki skal leggja endurskoðaða töflu yfir alþjóðleg réttindi til inneignar fyrir framkvæmdastjórnina innan mánaðar.

3. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á töflu sinni yfir alþjóðleg réttindi til inneignar, þ.m.t. réttindi nýrra aðila. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi breytingar á töflunni yfir alþjóðleg réttindi til inneignar í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að breytingar á töflunni yfir alþjóðleg réttindi til inneignar séu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB og ráðstafanir sem voru samþykktar skv. 8. mgr. 11. gr. a í þeirri tilskipun. Að öðrum kosti skal framkvæmdastjórnin hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

60. gr.

Notkun á alþjóðlegum inneignum með skiptum á losunarheimildum

1. Rekstraraðili getur óskað eftir því að skipta út alþjóðlegum inneignum fyrir almennar losunarheimildir skv. 2. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB til og með 31. mars 2015 og skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. a í þeirri tilskipun til 31. desember 2020. Hann skal gera tillögu um millifærslu á alþjóðlegum inneignum af viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila yfir á reikning ESB fyrir alþjóðlegar inneignir rekstraraðila í skrá Sambandsins.

Umráðandi loftfars getur óskað eftir því að skipta út alþjóðlegum inneignum fyrir losunarheimildir vegna flugs skv. 2. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB til og með 31. mars 2015 og skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. a í þeirri tilskipun til 31. desember 2020. Hann skal gera tillögu um millifærslu á alþjóðlegum inneignum af viðkomandi vörslureikningi umráðanda loftfara yfir á reikning ESB fyrir alþjóðlegar inneignir umráðanda loftfara í skrá Sambandsins.

2. Þegar þess er óskað skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins annist millifærslu á alþjóðlegum inneignum yfir á viðeigandi reikning ESB fyrir alþjóðlegar inneignir ef:

- millifærslan er heimil samkvæmt stöðu stofnreikningsins,
- viðkomandi alþjóðleg réttindi til inneignar hafa verið skráð í viðskiptadagbók ESB og rekstraraðilinn eða umráðandi loftfarsins er með færslu í töflunni skv. 59. gr.,
- fjöldi eininga sem lagt er til að sé millifærður fer ekki yfir þau réttindi til inneignar sem eftir eru skv. 61. gr.,
- allar einingar, sem lagt er til að séu millifærðar, uppfylla kröfur vegna notkunar skv. 11. gr. a og 11. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, 58. gr. þessarar reglugerðar og hvers kyns ráðstöfunum sem eru samþykktar skv. 11. gr. a (9. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB.

3. Þegar millifærslunni er lokið samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins stofni samsvarandi fjölda almennra losunarheimilda á reikningi ESB fyrir skipti á inneignum rekstraraðila og millifæri samsvarandi fjölda almennra losunarheimilda, fyrir hönd viðkomandi lögbærs yfirvalds, yfir á vörslureikning rekstraraðila þar sem millifærslan hófst.

Þegar millifærslunni er lokið samkvæmt annari undirgrein 1. mgr. skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins stofni samsvarandi fjölda losunarheimilda vegna flugs, eins og við á, á reikningi ESB fyrir skipti á inneignum umráðanda loftfara og millifæri samsvarandi fjölda losunarheimilda vegna flugs, fyrir hönd viðkomandi lögbærs yfirvalds, yfir á vörslureikning umráðanda loftfara þar sem millifærslan hófst.

61. gr.

Útreikningur á alþjóðlegum réttindum til inneignar sem eftir eru

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins ákvarði sjálfráfa, fyrir hvern rekstraraðila eða umráðanda loftfars, alþjóðleg réttindi til inneignar sem eftir eru með því að draga frá samanlögðum, upphaflegum réttindum til alþjóðlegrar inneignar sem eru tilgreind skv. 59. gr.:

- summu allra eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars skilar inn skv. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 219/2009,
- summu allra eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem eru millifærðar inn á reikning ESB fyrir alþjóðlegar inneignir skv. 60. gr. þessarar reglugerðar.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins leiðrétti alþjóðleg réttindi til inneignar sem eftir eru til að endurspegla bakfærslur skv. 70. gr.

7. þáttur

Uppboð

62. gr.

Færsla uppboðstaflna í viðskiptadagbók ESB

1. Innan eins mánaðar frá því að uppboðsalmanak er ákvarðað og birt skv. 11. gr. (1. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) eða 32. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal viðkomandi uppboðsvettvangur leggja samsvarandi uppboðstöflu fyrir framkvæmdastjórnina. Uppboðsvettvangurinn skal leggja fram tvær uppboðstöflur fyrir hvert almanaksár frá árinu 2012, eina fyrir uppboð á almennum losunarheimildum og eina fyrir uppboð á losunarheimildum vegna flugs, og skal tryggja að uppboðstöflurnar innihaldi þær upplýsingar sem settar eru fram í XIII. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um að færa uppboðstöfluna inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að uppboðstaflan sé í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010. Að öðrum kosti skal hún hafna uppboðstöflunni innan hæfilegs frests og upplýsa uppboðsvettvanginn um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Uppboðsvettvangurinn skal leggja endurskoðaða uppboðstöflu fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

63. gr.

Breytingar á uppboðstöflum

1. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um allar nauðsynlegar breytingar á uppboðstöflunni.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um að færa endurskoðuðu uppboðstöfluna inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að endurskoðaða uppboðstaflan sé í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa uppboðsvettvanginn um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

3. Framkvæmdastjórnin getur gefið miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um að stöðva millifærslur á losunarheimildum tímabundið, eins og tilgreint er í uppboðstöflu, ef henni verður ljóst að gera þarf nauðsynlegar breytingar á uppboðstöflunni sem uppboðsvettvangurinn hefur ekki tilkynnt um.

64. gr.

Uppboð losunarheimilda

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um það tímanlega að millifæra, ef viðkomandi uppboðshaldari, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, óskar eftir því, almennar losunarheimildir af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir og/ eða losunarheimildir vegna flugs af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á viðeigandi afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir í samræmi við uppboðstöflurnar. Að því er varðar losunarheimildir, sem eru stofnaðar vegna uppboða skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, skal framkvæmdastjórnin gefa miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um það tímanlega að millifæra losunarheimildir, ef viðkomandi uppboðshaldari óskar eftir því, af reikningnum sem losunarheimildirnar voru stofnaðar á og yfir á reikninginn sem var stofnaður sem afhendingarreikningur fyrir uppboðnar losunarheimildir, eins og tilgreint er í viðkomandi uppboðstöflu. Ákvæðin í uppboðstöflunni, í samræmi við 62. gr., skulu vera forsendur fyrir beiðninni.

2. Reikningshafi viðkomandi afhendingarreiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir skal tryggja millifærslu á uppboðnum losunarheimildum til hlutskörpustu bjóðendanna eða síðari handhafa réttindanna í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010.

3. Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 kann þess að vera krafist að viðurkenndur fulltrúi afhendingarreikningsins fyrir uppboðnar losunarheimildir millifæri allar losunarheimildir, sem voru ekki afhentar af afhendingarreikningi fyrir uppboðnar losunarheimildir, yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir.

8. þáttur

Viðskipti

65. gr.

Millifærsla á losunarheimildum eða Kýótóeiningum sem vörslureikningur hefur hafið

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal miðlægi stjórnandinn, ef handhafi vörslureiknings óskar eftir því, tryggja að skrá Sambandsins annist millifærslu á losunarheimildum eða Kýótóeiningum yfir á alla aðra reikninga nema ekki sé unnt að framkvæma færsluna vegna stöðu stofnreikningsins eða viðtökureikningsins.

2. Einungis má millifæra losunarheimildir eða Kýótóeiningar af vörslureikningum rekstraraðila. vörslureikningum umráðanda loftfara og einkavörslureikningum yfir á reikning í skránni yfir áreiðanlega reikninga, sem komið var á fót skv. 26. gr., nema um sé að ræða:

- skipti á alþjóðlegum inneignum skv. 60. gr.,
- innskil á losunarheimildum skv. 67. gr.,
- niðurfellingu losunarheimilda skv. 68. gr.,
- ógildingu Kýótóeininga skv. 69. gr.

66. gr.

Millifærsla á losunarheimildum eða Kýótóeiningum sem viðskiptareikningur hefur hafið

Að beiðni handhafa viðskiptareiknings skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins annist millifærslu á losunarheimildum eða Kýótóeiningum á vörslureikning eða viðskiptareikning í skrá Sambandsins nema ekki sé unnt að framkvæma millifærsluna vegna stöðu stofnreikningsins.

9. þáttur

Innskil losunarheimilda

67. gr.

Innskil losunarheimilda

1. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal skila inn losunarheimildum með því að leggja til við skrá Sambandsins að:

- tiltekinn fjöldi losunarheimilda, sem voru stofnaðar til að fara að tilskildum ákvæðum á sama viðskiptatímabili, verði færður af viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi umráðanda loftfara yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir,

- b) í hana verði skráður fjöldi og gerð millifærðra losunarheimilda sem er skilað inn fyrir losun frá stöð rekstraraðilans eða losun á vegum umráðanda loftfars á yfirstandandi tímabili.
2. Umráðendur loftfara einir mega skila inn losunarheimildum vegna flugs.
3. Ekki má skila inn losunarheimild sem þegar hefur verið skilað inn.

10. þáttur

Niðurfelling losunarheimilda og ógilding Kýótóeininga

68. gr.

Niðurfelling losunarheimilda

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins annist allar beiðnir frá reikningshafa skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að fella niður losunarheimildir á reikningum reikningshafans með því að:

- a) millifæra tiltekinn fjölda losunarheimilda af viðkomandi reikningi yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir,
- b) skrá fjölda millifærðra losunarheimilda sem felldar voru niður á viðkomandi ári.
2. Ekki má skrá niðurfelldar losunarheimildir sem heimildir sem hafi verið skilað inn vegna losunar af einhverju tagi.

69. gr.

Ógilding Kýótóeininga

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins annist allar beiðnir frá reikningshafa skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að ógilda Kýótóeiningar á reikningum reikningshafans með því að færa tiltekna tegund og fjölda Kýótóeininga af viðkomandi reikningi yfir á ógildingarreikning í Kýótóbókunarskrá stjórnanda reikningsins eða ógildingarreikning í skrá Sambandsins.

11. þáttur

Bakfærsla viðskipta

70. gr.

Bakfærsla lokinna ferla sem hefjast fyrir mistök

1. Ef reikningshafi eða landsstjórnandi, sem kemur fram fyrir hönd reikningshafans, hóf án ásetnings eða fyrir mistök

eitt ferlanna sem um getur í 2. mgr. getur reikningshafinn með skriflegri beiðni lagt til við stjórnanda reikningsins að hann bakfæri viðskiptin sem lokið hefur verið við. Viðurkenndur fulltrúi reikningshafans, einn eða fleiri, sem hefur réttindi til að hefja viðskipti af þeirri tegund sem unnt er að bakfæra skal undirrita beiðnina og skal hún póstlögð innan fimm virkra daga frá því að ferlinu er lokið. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem gefið er til kynna að viðskiptin hafi verið hafin fyrir mistök eða án ásetnings.

2. Reikningshafar geta lagt til að eftirtalin viðskipti verði bakfærð:

- a) innskil losunarheimilda,
- b) niðurfelling losunarheimilda,
- c) skipti á alþjóðlegum inneignum.

3. Ef stjórnandi reikningsins kemst að þeirri niðurstöðu að beiðnin uppfylli skilyrðin skv. 1. mgr. og samþykkir beiðnina getur hann lagt til að viðskiptin verði bakfærð í skrá Sambandsins.

4. Ef landsstjórnandi hóf án ásetnings eða fyrir mistök eitt ferlanna, sem um getur í 5. mgr., getur hann með skriflegri beiðni lagt til við miðlæga stjórnandann að hann bakfæri viðskiptin sem lokið hefur verið við. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem gefið er til kynna að viðskiptin hafi verið hafin fyrir mistök eða án ásetnings.

5. Landsstjórnendur geta lagt til að eftirtalin viðskipti verði bakfærð:

- a) úthlutun almennra losunarheimilda,
- b) úthlutun losunarheimilda vegna flugs.

6. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins samþykki tillöguna um bakfærslu, sem gerð er skv. 1. og 4. mgr., frysti einingarnar sem á að bakfæra og framsendi tillöguna til miðlæga stjórnandans, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) viðskiptunum sem á að bakfæra, þar sem losunarheimildum var skilað inn eða þær felldar niður, lauk innan 30 virkra daga áður en tillaga stjórnanda reikningsins kom fram í samræmi við 3. mgr.,

- b) bakfærslan veldur því ekki að neinn rekstraraðili uppfylli ekki kröfur í tengslum við fyrra ár,
- c) á móttakandareikningnum í viðskiptunum sem á að bakfæra er enn sá fjöldi eininga og af þeirri tegund sem um var að ræða í viðskiptunum sem á að bakfæra,
- d) úthlutun almennra losunarheimilda, sem á að bakfæra, fór fram eftir að gildistími leyfis stöðvarinnar rann út.

7. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins ljúki bakfærslunni með því að nota einingar af sömu tegund á móttakandareikningi bakfærðu viðskiptanna.

3. KAFLI

Tengsl við önnur kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda

71. gr.

Framkvæmd tengingafyrirkomulags

Miðlægi stjórnandinn getur stofnað reikninga og ferla og innt af hendi viðskipti og aðra starfsemi á viðeigandi tímapunktum til að koma ráðstöfunum, sem gerðar eru skv. 1. mgr. b í 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB, til framkvæmda.

3. BÁLKUR

SÉRTÆK ÁKVÆÐI VEGNA KÝÓTÓBÓKUNARSKRÁA

72. gr.

Stofnun einkavörslureikninga í Kýótóbókunarskrám

Væntanlegur reikningshafi skal senda landsstjórnanda beiðni um stofnun einkavörslureiknings í Kýótóbókunarskránni. Væntanlegur reikningshafi skal veita sömu upplýsingar og landsstjórnandinn fer fram á skv. 18. gr.

73. gr.

Framkvæmd millifærslna

Að því er varðar allar millifærslur af reikningum í Kýótóbókunarskránum gilda 38., 39., 65. og 66. gr.

4. BÁLKUR

SÉRTÆK ÁKVÆÐI VEGNA BÓKHALDS YFIR VIÐSKIPTI SAMKVÆMT ÁKVÖRDUN NR. 406/2009

74. gr.

Stofnun árlegra losunarúthlutunareininga

1. Í upphafi reglufylgnitímabilsins skal miðlægi stjórnandinn stofna, á reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda fyrir árlegar losunarúthlutunareiningar, fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem svarar til summu árlegrar losunarúthlutunar fyrir öll aðildarríkin öll árin sem

reglufylgnitímabilið stendur, eins og fastsett er í ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins úthluti hverri árlegri losunarúthlutunareiningu sérstökum einingaraudkenniskóða við stofnun hennar.

75. gr.

Árlegar losunarúthlutunareiningar

Árlegar losunarúthlutunareiningar skulu einungis hafa gildi í þeim tilgangi að uppfylla kröfur um takmarkanir aðildarríkanna á losun gróðurhúsalofttegunda skv. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB og þær eru einungis framseljanlegar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. þeirrar ákvörðunar.

76. gr.

Millifærsla á árlegum losunarúthlutunareiningum yfir á hvern ÁSB-samræmisreikning

Í upphafi reglufylgnitímabilsins skal miðlægi stjórnandinn millifæra það magn árlegra losunarúthlutunareininga sem samsvarar árlegri losunarúthlutun hvers aðildarríkis á hverju ári, eins og fastsett er í ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda fyrir árlegar losunarúthlutunareiningar yfir á viðeigandi ÁSB-samræmisreikning.

77. gr.

Innfærsla á viðeigandi gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda

1. Þegar viðeigandi gögn um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu eru tiltækileg fyrir meirihluta aðildarríkanna skal miðlægi stjórnandinn færa tímanlega inn heildarmagn viðkomandi losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp sem tonn af koltvísýringisígildi, fyrir hvert aðildarríki, inn í ÁSB-samræmisreikning þess fyrir það tiltekna reglufylgnisár.

2. Miðlægi stjórnandinn skal einnig færa summu viðeigandi gagna um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir öll aðildarríkin fyrir tiltekið ár inn í reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda fyrir árlegar losunarúthlutunareiningar.

78. gr.

Útreikningur á jöfnuði á ÁSB-samræmisreikningnum

1. Þegar viðeigandi gögn um losun gróðurhúsalofttegunda eru færð inn skv. 77. gr. skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins reikni út jöfnuðinn á viðkomandi ÁSB-samræmisreikningi með því að draga heildarmagn losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp sem tonn af koltvísýringisígildi í viðkomandi ÁSB-samræmisreikningi, frá summu allra árlegra losunarúthlutunareininga í sama ÁSB-samræmisreikningi.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins sýni jöfnuðinn í hverjum ÁSB-samræmisreikningi.

79. gr.

Ákvörðun á tölum um stöðu reglufylgni

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að eftir að viðeigandi gögn um losun gróðurhúsalofttegunda hafa verið færð inn skv. 77. gr. og eftir tímabil, eins og sett er fram í löggjöf Sambandsins, til að nýta sveigjanleika skv. 3. og 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, ákvarði skrá Sambandsins tölu um stöðu reglufylgni fyrir hvern ÁSB-samræmisreikning með því að reikna út summu allra árlegra losunarúthlutunareininga, alþjóðlegra inneigna, bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar að frádregnu heildarmagni losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp sem tonn af koltvísyringsígildi, á sama ÁSB-samræmisreikningi.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins skrái tölu um stöðu reglufylgni fyrir hvern ÁSB-samræmisreikning.

80. gr.

Beiting a- og c-liðar 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB

1. Þegar tala um stöðu reglufylgni, sem er ákvörðuð skv. 79. gr., er neikvæð skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins millifæri umframmagn losunar gróðurhúsalofttegunda, gefið upp sem tonn af koltvísyringsígildi, margfaldað með lækkunarstuðlinum (e. *abatement factor*) sem er tilgreindur í a-lið 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, af ÁSB-samræmisreikningi aðildarríkis á tilteknu ári yfir á ÁSB-samræmisreikning þess fyrir næsta ár.

2. Um leið skal miðlægi stjórnandinn frysta ÁSB-samræmisreikninga viðkomandi aðildarríkis fyrir þau ár sem eftir eru af reglufylgnitímabilinu.

3. Miðlægi stjórnandinn skal breyta stöðu ÁSB-samræmisreikningsins úr frystur í opinn fyrir þau ár sem eftir eru af reglufylgnitímabilinu, frá og með því ári þegar tala um stöðu reglufylgni, sem er ákvörðuð skv. 79. gr., sýnir reglufylgni.

81. gr.

Notkun á alþjóðlegum inneignum, bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á alþjóðlegum inneignum, bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar

eða langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar yfir á ÁSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef:

- beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á ÁSB-samræmisreikningnum er reiknaður út eða eftir að talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir viðkomandi ár eða
- ef skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB er ekki fullnægt.

82. gr.

Yfirfærsla árlegra losunarúthlutunareininga

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum yfir á ÁSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis, fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu, af ÁSB-samræmisreikningi þess fyrir næsta ár á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef:

- beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á ÁSB-samræmisreikningnum er reiknaður út eða eftir að talan um stöðu reglufylgni er ákvörðuð fyrir viðkomandi ár eða
- fjöldinn sem er millifærður fer yfir 5% af árlegri losunarúthlutun næsta árs, eins og hún er ákvörðuð skv. 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, eða hærra hlutfall ef framkvæmdastjórnin hefur heimilað aukna yfirfærslu samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.

83. gr.

Yfirfærsla árlegra losunarúthlutunareininga

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af ÁSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis, fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu, yfir á ÁSB-samræmisreikning þess fyrir hvaða næsta ár sem er á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef:

- beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á ÁSB-samræmisreikningnum er reiknaður út fyrir viðkomandi ár,
- fjöldinn sem er millifærður fer yfir jákvæða jöfnuðinn á reikningnum, eins og reiknað er út skv. 78. gr., eða
- staða ÁSB-samræmisreikningsins, sem hefur millifærsluna, heimilar ekki millifærsluna.

84. gr.

Yfirfærsla á ónotuðum réttindum til inneignar

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á öllum ónotuðum réttindum til inneignar, eða hlutum þeirra, af ÁSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár á reglufylgnitímabilinu yfir á ÁSB-samræmisreikning þess fyrir hvaða næsta ár sem er á reglufylgnitímabilinu. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef millifærslan er hafin áður en talan um stöðu reglufylgni hefur verið ákvörðuð fyrir umrætt ár.

85. gr.

Millifærsla á allt að 5% af árlegri losunarúthlutun aðildarríkis

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af ÁSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár yfir á ÁSB-samræmisreikning annars aðildarríkis. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef:

- fjöldinn sem er millifærður fer yfir 5% af losunarúthlutun aðildarríkisins, sem hefur færsluna, fyrir umrætt ár, eins og hún er ákvörðuð skv. 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB eða eftirstandandi fjölda sem er til ráðstöfunar,
- aðildarríkið hefur farið fram á millifærslu inn á ÁSB-samræmisreikning fyrir ár sem kemur á undan árinu sem um ræðir eða
- staða ÁSB-samræmisreikningsins, sem hefur millifærsluna, heimilar ekki millifærsluna.

86. gr.

Millifærsla eftir útreikning á jöfnuði á ÁSB-samræmisreikningnum

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á árlegum losunarúthlutunareiningum af ÁSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár yfir á ÁSB-samræmisreikning annars aðildarríkis. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef:

- beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en jöfnuðurinn á reikningnum er reiknaður út skv. 78. gr.,
- fjöldinn sem er millifærður fer yfir jákvæða jöfnuðinn á reikningnum, eins og reiknað er út skv. 78. gr., eða
- staða ÁSB-samræmisreikningsins, sem hefur millifærsluna, heimilar ekki millifærsluna.

87. gr.

Millifærsla á allt að 3% af réttindum til inneignar

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja, ef aðildarríki óskar eftir því, að skrá Sambandsins annist millifærslu á öllum ónotuðum réttindum til inneignar, eða hlutum þeirra, af ÁSB-samræmisreikningi viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekið ár yfir á ÁSB-samræmisreikning annars aðildarríkis. Slík millifærsla skal ekki framkvæmd ef:

- beiðni aðildarríkisins er lögð fram áður en talan um stöðu reglufylgni hefur verið reiknuð út fyrir umrætt ár,
- millifærður fjöldi fer yfir leyfilegan fjölda aðildarríkis, sem svarar til 3% eins og tilgreint er skv. 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB að frádraginni summu alþjóðlegra inneigna, bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar eða langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar sem eru varðveittar í ÁSB-samræmisreikningnum á þeim tímamarki þegar tölur um stöðu reglufylgni eru ákvarðaðar skv. 79. gr. þessarar reglugerðar, eða
- staða ÁSB-samræmisreikningsins, sem hefur millifærsluna, heimilar ekki millifærsluna.

88. gr.

Breytingar

1. Ef um er að ræða breytingar skv. 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB eða einhverjar aðrar breytingar á summunni sem er tilgreind í 74. gr. þessarar reglugerðar, sem myndu leiða til aukningar á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis á reglufylgnitímabilinu, skal miðlægi stjórnandinn stofna samsvarandi fjölda af árlegum losunarúthlutunareiningum á reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda fyrir árlegar losunarúthlutunareiningar og millifæra yfir á viðeigandi ÁSB-samræmisreikning viðkomandi aðildarríkis.

2. Ef um er að ræða breytingar skv. 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB eða einhverjar aðrar breytingar á summunni sem er tilgreind í 74. gr. þessarar reglugerðar, sem myndu leiða til minnkunar á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis á reglufylgnitímabilinu, skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda af árlegum losunarúthlutunareiningum af viðeigandi ÁSB-samræmisreikningi aðildarríkisins yfir á ÁSB-reikning þess fyrir niðurfelldar losunarheimildir.

89. gr.

Útskipti á bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar

1. Ef skipta þarf út bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar eða langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar, þegar þær eru í skrá Sambandsins, skal viðkomandi aðildarríki, skv. d-lið 1. mgr. 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, óska eftir millifærslu Kýótóeininga af Kýótóbókunarskrá sinni yfir á viðeigandi vörslureikning aðila í skrá Sambandsins.

2. Við ákvörðun á tölu reglufylgni skv. 79. gr skal ekki telja með útrunnar langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar.

90. gr.

Framkvæmd og bakfærsla millifærslna

1. Að því er varðar allar millifærslur, sem eru tilgreindar í þessum bálki, gilda 38., 39., 65. og 66. gr.

2. Millifærslur á ÁSB-samræmisreikninga, sem hefjast fyrir mistök, má bakfæra að beiðni landsstjórnandans. Í slíkum tilvikum gilda 4., 6. og 7. mgr. 70. gr.

V. BÁLKUR

SAMEIGINLEG TÆKNILEG ÁKVÆÐI

1. KAFLI

Tæknilegar kröfur vegna skráningarkerfisins

1. þáttur

Tiltækileiki

91. gr.

Tiltækileiki og áreiðanleiki skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB

1. Miðlægi stjórnandinn skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- a) skrá Sambandsins sé aðgengileg reikningsfulltrúum og landsstjórnendum allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,
- b) samskiptatenglarnir, sem um getur í 7. gr., milli skrár Sambandsins, viðskiptadagbókar ESB og alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar séu virkir allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,
- c) nauðsynlegur hugbúnaður sé öryggisafritaður og að til sé vélbúnaður til vara ef til þess kæmi að upphaflegi vélbúnaðurinn eða hugbúnaðurinn brygðist,
- d) skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB bregðist umsvifalaust við beiðnum frá reikningshöfum.

2. Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB taki upp traust kerfi og verklagsreglur til að vernda öll viðeigandi gögn og auðvelda skjóta endurheimt á gögnum og koma starfsemi á að nýju ef til bilana kemur eða kerfishrun verður.

3. Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að truflanir á starfsemi skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB verði í lágmarki.

92. gr.

Þjónustuver

1. Landsstjórnendur skulu veita þeim reikningshöfum og reikningsfulltrúum í skrá Sambandsins, sem þeir stjórna, aðstoð og stuðning í gegnum landsþjónustuver.

2. Miðlægi stjórnandinn skal veita landsstjórnendum stuðning í gegnum miðlægt þjónustuver til að hjálpa þeim að veita aðstoð í samræmi við 1. mgr.

2. þáttur

Öryggi og sannvottun

93. gr.

Sannvottun skrár Sambandsins og landsbundinna Kýótóbókunarskráa

1. Viðskiptadagbók ESB skal sannvotta auðkenni skrár Sambandsins með hliðsjón af upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

2. Aðildarríkin og Sambandið skulu nota stafrænu vottorðin sem skrifstofa rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, eða aðili, sem hún tilnefnir, gefur út til að sannvotta Kýótóbókunarskrár sínar gagnvart alþjóðlegu viðskiptadagbókinni í því skyni að koma á samskiptatenglinum sem um getur í 7. gr.

94. gr.

Aðgangur að reikningum í skrá Sambandsins

1. Reikningshafar skulu geta haft aðgang að reikningum sínum í skrá Sambandsins gegnum örugga svæðið í skrá Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að aðgangur sé að örugga svæðinu á vefsetri skrár Sambandsins gegnum Netid. Vefsetur skrár Sambandsins skal vera aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

2. Eftir stofnun reikninga fyrir vettvanga skv. 1. mgr. 14. gr. eða 1. mgr. 20. gr. skal miðlægi stjórnandinn koma á tengjanleika milli vettvangsins og skrár Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að reikningar í skrá Sambandsins, þar sem aðgangur er um ytri viðskiptavettvanga í samræmi við 4. mgr. 21. gr. og þar sem einn viðurkenndur fulltrúi er einnig viðurkenndur fulltrúi reiknings fyrir ytri viðskiptavettvang, séu aðgengilegir fyrir ytri viðskiptavettvanginn sem reikningshafi þess reiknings fyrir ytri viðskiptavettvang starfrækir.

3. Samskipti milli viðurkenndra fulltrúa eða vettvanga og örugga svæðisins í skrá Sambandsins skulu vera dulkóðuð með hliðsjón af öryggiskröfunum sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

4. Miðlægi stjórnandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgangur að örugga svæðinu í skrá Sambandsins sé háður leyfi.

5. Ef öryggi skilríkja viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa hefur verið stefnt í hættu skal viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn þegar í stað loka fyrir aðgang að viðkomandi reikningi, tilkynna það stjórnanda reikningsins og óska eftir nýjum skilríkjum.

95. gr.

Sannvottun og leyfi viðurkenndra fulltrúa í skrá Sambandsins

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins gefi út notendanafn og lykilorð handa hverjum viðurkenndum fulltrúa og viðurkenndum viðbótarfulltrúa til að sannvotta þá þannig að þeir hafi aðgang að skránni.

2. Viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi skal einungis hafa aðgang að þeim reikningum í skrá Sambandsins sem leyfi hans nær til og hann skal einungis geta beðið um að þau ferli hefjist sem leyfi hans nær til skv. 23. gr. Sá aðgangur eða sú beiðni skal fara um örugga svæðið á vefsetri skrár Sambandsins.

3. Til viðbótar við notendanafnið og lykilorðið, sem um getur í 1. mgr., skal viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi nota aukasannvottun til að fá aðgang að skrá Sambandsins, með hliðsjón af aðferðum við aukasannvottun sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

4. Stjórnandi reiknings getur gengið út frá því að notandi, sem skrá Sambandsins sannvottaði, sé viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn sem sannvottunarskilríkin eru skráð á, nema viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn upplýsi stjórnanda reikningsins um að öryggi skilríkja hans sé stefnt í hættu og hann óski eftir nýjum skilríkjum.

5. Viðurkenndur fulltrúi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að skilríki hans glatast, þeim sé stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu. Viðurkenndur fulltrúi skal þegar í stað tilkynna það til landsstjórnandans ef skilríki hans glatast, þeim er stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu.

96. gr.

Lokað fyrir allan aðgang vegna öryggisbrots eða öryggisáhættu

1. Framkvæmdastjórnin getur gefið miðlægum stjórnanda fyrirmæli um að loka tímabundið fyrir aðgang að skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB eða hluta þeirra ef framkvæmdastjórnin hefur rökstuddan grun um öryggisbrot í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB eða að fyrir hendi sé alvarleg öryggisáhætta í tengslum við skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB sem stefnir heildstæði kerfisins í hættu, þ.m.t. öryggisafritunar- og varabúnaðurinn sem um getur í 91. gr.

2. Ef öryggisbrot á sér stað eða ef öryggisáhætta er fyrir hendi, sem getur leitt til tímabundinnar lokunar aðgangs, skal landsstjórnandinn, sem uppgötvar brotið eða áhættuna, þegar í stað tilkynna miðlæga stjórnandanum um hvers kyns áhættu sem er fyrir hendi gagnvart öðrum hlutum af skrá Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal upplýsa alla landsstjórnendur um það.

3. Ef landsstjórnanda verður ljóst að ástandið er þannig að það krefst tímabundinnar lokunar aðgangs að reikningum sem hann stjórnar í samræmi við þessa reglugerð skal hann tilkynna miðlæga stjórnandanum og reikningshöfum um lokunina með svo löngum fyrirvara sem aðstæður leyfa. Miðlægi stjórnandinn skal tilkynna þetta öllum landsstjórnendum svo fljótt sem auðið er.

4. Í tilkynningunni, sem um getur í 3. mgr., skulu koma fram líkleg tímamörk á lokuninni og skal hún sjást greinilega á almenna svæðinu á vefsetri viðskiptadagbókar ESB.

97. gr.

Tímabundin lokun aðgangs að losunarheimildum eða Kýótóeiningum ef um er að ræða grun um sviksamleg viðskipti

1. Landsstjórnandi eða landsstjórnandi sem kemur fram að beiðni lögbærs yfirvalds getur lokað fyrir aðgang að losunarheimildum eða Kýótóeiningum í þeim hluta af skrá Sambandsins sem hann stjórnar:

a) í að hámarki fjórar vikur ef hann grunar að losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu eða önnur alvarleg afbrot eða

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

2. Framkvæmdastjórnin getur gefið miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um að loka fyrir aðgang að losunarheimildum eða Kýótóeiningum í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB í að hámarki fjórar vikur ef framkvæmdastjórnina grunar að losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu eða önnur alvarleg afbrot.

3. Landsstjórnandinn eða framkvæmdastjórnin skal þegar í stað upplýsa lögbært löggæsluyfirvald um lokunina.

4. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki landsstjórnandans getur einnig gefið stjórnandanum fyrirsmáli um að láta lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.

98. gr.

Samstarf við lögbær yfirvöld og tilkynning um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða afbrot

1. Landsstjórnandi, stjórnendur hans og starfsmenn skulu eiga náð samstarf við viðkomandi lögbær yfirvöld til að koma á fullnægjandi og víðeigandi verklagsreglum til að fyrirbyggja og koma í veg fyrir starfsemi í tengslum við peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

2. Landsstjórnandi, stjórnendur hans og starfsmenn skulu eiga náð samstarf við peningaþvættisskrifstofuna (FIU), sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2005/60/EB, með því að gera eftirfarandi tafarlaust:

a) tilkynna peningaþvættisskrifstofunni, að eigin frumkvæði, þegar vitneskja er um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða að glæpastarfsemi sé stunduð eða hafi verið framin eða gerð tilraun til að fremja hana eða ef grunur leikur á slíku eða gildar ástæður eru fyrir slíku grun,

b) með því að láta peningaþvættisskrifstofunni þegar í té, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina í gildandi löggjöf.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., skulu sendar peningaþvættisskrifstofunni (FIU) í aðildarríki landsstjórnandans. Í landsráðstöfunum til að lögleiða stefnu um stjórnun í tengslum við að uppfylla kröfur og um samskipti, sem um getur í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2005/60/EB, skal tilnefna aðilann eða aðilana sem ber eða bera ábyrgð á að framsenda upplýsingar samkvæmt þessari grein.

4. Aðildarríki landsstjórnandans skal tryggja að landsráðstafanir til að lögleiða 26.–29. gr., 32. og 35. gr. tilskipunar 2005/60/EB gildi um landsstjórnandann.

99. gr.

Stöðvun ferla

1. Framkvæmdastjórnin getur gefið miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um að stöðva tímabundið staðfestingu viðskiptadagbókar ESB á sumum eða öllum ferlum sem upprunnin eru í skrá Sambandsins, ef hún er ekki starfrækt eða henni er ekki haldið við í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hún skal þegar í stað tilkynna viðkomandi landsstjórnendum um það.

2. Miðlægi stjórnandinn getur stöðvað tímabundið upphaf eða samþykki sumra eða allra ferla í skrá Sambandsins vegna reglubundins viðhalds eða viðhalds vegna neyðarástands á skrá Sambandsins.

3. Landsstjórnandi getur óskað eftir því við framkvæmdastjórnina að hún hefji á ný ferli sem hafa verið stöðvuð í samræmi við 1. mgr. ef hann telur að úrlausnarefnin sem ollu stöðvuninni hafi verið útkljáð. Ef svo er skal framkvæmdastjórnin gefa miðlæga stjórnandanum fyrirsmáli um að hefja þessi ferli á ný. Að öðrum kosti skal hún hafna beiðninni innan hæfilegs frests og upplýsa landsstjórnandann um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

3. þáttur

Sjálfvirkt eftirlit, skráning og lok ferla

100. gr.

Sjálfvirkt eftirlit með ferlum

1. Öll ferli verða að vera í samræmi við almennu kröfurnar á sviði upplýsingatækni um rafræn boð sem tryggja árangursríkan lestur, eftirlit og skráningu ferlis í skrá Sambandsins. Öll ferli verða að vera í samræmi við sértæku kröfurnar sem varða ferli og settar eru fram í þessari reglugerð.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB láti fara fram sjálfvirkt eftirlit með öllum ferlum, með hliðsjón af upplýsinga- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr., til að greina frávik og mismæmi sem verða til þess að tillagða ferlið er ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 2003/87/EB, ákvörðunar nr. 406/2009/EB og þessarar reglugerðar.

*101. gr.***Greining á misræmi**

1. Ef um er að ræða ferli, sem lokið hefur verið gegnum beina samskiptatengilinn milli skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB, sem um getur í 3. mgr. 7. gr., skal miðlægi stjórnandinn tryggja að viðskiptadagbók ESB hætti öllum ferlum þar sem hún greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið, sem um getur í 2. mgr. 102. gr., og tilkynna það skrá Sambandsins og stjórnanda reikninganna sem tengjast viðskiptunum sem hefur verið hætt við með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins tilkynni viðkomandi reikningshöfum þegar í stað að ferlið hafi verið stöðvað.

2. Ef um er að ræða viðskipti, sem hefur verið lokið í gegnum alþjóðlegu viðskiptadagbókina sem um getur í 1. mgr. 7. gr., skal alþjóðlega viðskiptadagbókin hætta öllum ferlum þar sem alþjóðlega viðskiptadagbókin eða viðskiptadagbók ESB greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið sem um getur í 2. mgr. 102. gr. Ef alþjóðlega viðskiptadagbókin hefur hætt ferli skal miðlægi stjórnandinn tryggja að viðskiptadagbók ESB hætti einnig við viðskiptin. Alþjóðlega viðskiptadagbókin upplýsir stjórnendur viðkomandi skráa um stöðvun viðskiptanna með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða. Ef skrá Sambandsins er ein þeirra skráa sem tengist þessu skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins tilkynni það einnig þeim stjórnanda reikninga í skrá Sambandsins, sem tengist viðskiptunum sem hætt var við, með því að senda honum sjálfvirkan svarkóða. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins tilkynni viðkomandi reikningshöfum þegar í stað að ferlið hafi verið stöðvað.

*102. gr.***Greining á misræmi innan skrár Sambandsins og landsbundinna Kýótóbókunarskráa**

1. Miðlægi stjórnandinn og aðildarríkin skulu tryggja að skrá Sambandsins og aðrar Kýótóbókunarskrár innihaldi eftirlitskóða fyrir færslur og eftirlitskóða fyrir svör til að tryggja rétta túlkun upplýsinga sem fara á milli í hverju ferli. Í eftirlitskóðunum skal tekið tillit til þeirra sem er að finna í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að áður en öll ferli hefjast og meðan á þeim stendur skuli skrá Sambandsins láta fara fram viðeigandi, sjálfvirkt eftirlit til að tryggja að misræmi sé greint og röng ferli stöðvuð áður en sjálfvirkt eftirlit fer fram á vegum viðskiptadagbókar ESB.

*103. gr.***Afstemming — greining viðskiptadagbókar ESB á ósamræmi**

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB hefji reglubundið afstemmingu gagna til að tryggja að skrár hennar um reikninga, handhöfn Kýótóeininga og losunarheimilda séu í samræmi við skrár um slíka handhöfn í skrá Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB skrái öll ferli.

2. Ef viðskiptadagbók ESB greinir ósamræmi meðan á afstemmingu gagna stendur, sem um getur í 1. mgr., þar sem upplýsingar varðandi reikninga, handhöfn Kýótóeininga og losunarheimilda sem skrá Sambandsins veitir og eru hluti af reglubundinni afstemmingu eru frábrugðnar upplýsingunum í viðskiptadagbók ESB skal miðlægi stjórnandinn tryggja að viðskiptadagbókin komi í veg fyrir að lokið sé við fleiri ferli í tengslum við reikningana, losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar sem ósamræmið snýst um. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB upplýsi miðlæga stjórnandann og stjórnendur viðkomandi reikninga þegar í stað um hvers kyns ósamræmi.

*104. gr.***Lok ferla**

1. Öllum viðskiptum, sem tilkynnt er um til alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar í samræmi við 1. mgr. 7. gr., telst vera lokið þegar alþjóðlega viðskiptadagbókin tilkynnir viðskiptadagbók ESB að hún hafi lokið við ferlið.

2. Öllum viðskiptum og öðrum ferlum, sem tilkynnt er um til viðskiptadagbókar ESB í samræmi við 3. mgr. 7. gr., telst vera lokið þegar viðskiptadagbókin tilkynnir skrá Sambandsins að hún hafi lokið við ferlið. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB hætti sjálfkrafa við að ljúka viðskiptum eða ferli ef ekki reynist unnt að ljúka því innan sólarhrings frá því að tilkynnt var um það.

3. Afstemmingarferli gagna, sem um getur í 1. mgr. 103. gr., telst lokið þegar öllu ósamræmi milli upplýsinganna í skrá Sambandsins og upplýsinganna í viðskiptadagbók ESB á tilteknum tíma og degi hefur verið eytt og afstemmingarferli gagna hefur hafist að nýju og því verið lokið á árangursríkan hátt.

4. þáttur

Forskriftir og stjórnun breytinga*105. gr.***Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir**

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa tiltækar fyrir landsyfirvöld þær upplýsingaskipta- og tækniforskriftir sem eru nauðsynlegar vegna upplýsingaskipta milli skráa og viðskiptadagbóka, þ.m.t. auðkenniskóða, sjálfvirkt eftirlit, svarkóða og gagnaskráningarkröfur auk prófunaraðferða og öryggiskrafna sem eru nauðsynlegar til að hefja upplýsingaskipti.

2. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftirnar skulu teknar saman í samráði við vinnuhóp stjórnenda í nefndinni um loftslagsbreytingar og skulu vera í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem útfærðar voru samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1

106. gr.

Stjórnun breytinga og útgáfu

Sé þörf á nýrri útgáfu af hugbúnaði fyrir skrá Sambandsins skal miðlægi stjórnandinn tryggja að lokið sé við prófunarferlin, sem sett eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105. gr., áður en samskiptatenglinum er komið á og hann er gerður virkur milli nýju hugbúnaðarútgáfunnar og viðskiptadagbókar ESB eða alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar.

2. KAFLI

Skráningarupplýsingar, skýrslur, trúnaðarkvöð og gjöld

107. gr.

Vinnsla upplýsinga og persónuupplýsinga

1. Miðlægi stjórnandinn og aðildarríkin skulu tryggja að skrá Sambandsins, viðskiptadagbók ESB og aðrar Kýótóbókunarskrár geymi einungis og vinni upplýsingar sem varða reikningana, reikningshafana og reikningsfulltrúana eins og sett er fram í töflu III-I í III. viðauka, töflum VI-I og VI-II í VI. viðauka, töflu VII-I í VII. viðauka og töflu VIII-I í VIII. viðauka.

2. Ekki skal skrá sérstaka gagnaflokka, eins og skilgreint er í 8. gr. tilskipunar 95/46/EB og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001, í skrá Sambandsins, viðskiptadagbók ESB eða aðrar Kýótóbókunarskrár.

3. Miðlægi stjórnandinn og aðildarríkin skulu tryggja að einungis persónuupplýsingar, sem tengjast millifærslum sem millifæra Kýótóeiningar, séu millifærðar í alþjóðlegu viðskiptadagbókina.

108. gr.

Skráningarupplýsingar

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins geymi skráningarupplýsingar um öll ferli, ferliskrá og reikningshafa í fimm ár eftir að reikningi er lokað.

Miðlægi stjórnandinn og aðildarríkin skulu tryggja að skrá Sambandsins og aðrar Kýótóbókunarskrár geymi skráningarupplýsingar um öll viðeigandi ferli, ferliskrá og reikningshafa Kýótóbókunarskráa í 15 ár eftir að reikningi er lokað eða þar til öll atriði er varða framkvæmdina, sem koma fram í tengslum við aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, hafa verið útkljáð, hvort sem síðar verður.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að landsstjórnendur geti haft aðgang að öllum skráningarupplýsingum í skrá

Sambandsins í tengslum við reikninga sem þeir stjórna eða hafa stjórnað, geti leitað í þeim og flutt þær út.

109. gr.

Skýrslugjöf

1. Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í XIV. viðauka, séu aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt fyrir viðtakendur, sem eru tilgreindir í XIV. viðauka, í gegnum vefsetur viðskiptadagbókar ESB. Miðlægi stjórnandinn skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að upplýsingarnar, sem um getur í XIV. viðauka, séu aðgengilegar eins oft og sett er fram í XIV. viðauka. Miðlægi stjórnandinn skal ekki birta viðbótarupplýsingar úr viðskiptadagbók ESB eða skrá Sambandsins nema það sé leyfilegt skv. 110. gr.

2. Landsstjórnendur geta einnig gert þær upplýsingar, sem um getur í XIV. viðauka og sem þeir hafa aðgang að í samræmi við 110. gr., svo oft, sem kveðið er á um í XIV. viðauka og fyrir þá viðtakendur sem þar eru tilgreindir, aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt á vefsetri sem er opið almenningi á Netinu. Landsstjórnendur skulu ekki birta viðbótarupplýsingar úr skrá Sambandsins nema það sé leyfilegt skv. 110. gr.

110. gr.

Trúnaðarkvöðir

1. Upplýsingar, þ.m.t. um handhöfn allra reikninga, öll viðskipti sem fara fram, sérstakan einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstakan einingarauðkenniskóða fyrir einingarráðnúmer Kýótóeininganna, sem eru geymdar eða sem viðskipti eru höfð með, sem varðveittar eru í viðskiptadagbók ESB, skrá Sambandsins og öllum öðrum Kýótóbókunarskrám, skulu teljast trúnaðarupplýsingar nema gerð sé krafa um annað samkvæmt lögum Sambandsins eða með ákvæðum landslaga um lögmat markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

2. Eftirtaldir aðilar geta fengið gögn, sem eru varðveitt í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB, frá miðlægum stjórnanda eða landsstjórnanda:

- löggæslu- og skattyfirvöld í tilteknu aðildarríki,
- Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum,
- Endurskoðunarrétturinn,
- Evrópska réttaraðstoðin,

- e) lögbær yfirvöld sem um getur í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB⁽²⁰⁾ og í 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB,
- f) landsbundin, lögbær eftirlitsyfirvöld,
- g) landsstjórnendur aðildarríkja og lögbær yfirvöld sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

3. Þeir aðilar, sem um getur í 2. mgr., geta fengið gögn ef þeir fara fram á það við miðlæga stjórnandann eða landsstjórnandann ef slíkar beiðnir eru rökstuddar og nauðsynlegar vegna rannsóknar, greiningar, saksóknar, skattaframkvæmdar eða vegna aðfarar, endurskoðunar og fjármálaeftirlits vegna svika í tengslum við losunarheimildir eða Kýótóeiningar eða vegna peningþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, annarra alvarlegra afbrota, markaðsmisnotkunar þar sem unnt er að nota reikninga í skrá Sambandsins eða Kýótóbókunarskránum eða vegna brota á lögum Sambandsins eða landslögum sem tryggja starfsemi viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir.

4. Aðili, sem fær upplýsingar í samræmi við 3. mgr., skal tryggja að þær séu aðeins notaðar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í beiðninni í samræmi við 3. mgr. og ekki gerðar aðgengilegar, annaðhvort vísvitandi eða fyrir slysi, aðilum sem ekki tengjast fyrirhugaðri notkun upplýsinganna. Þetta ákvæði skal ekki koma í veg fyrir að þessir aðilar geri upplýsingarnar aðgengilegar öðrum aðilum, sem eru tilgreindir í 2. mgr., ef það er nauðsynlegt af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í beiðninni sem lögð er fram skv. 3. mgr.

5. Ef aðilarnir, sem um getur í 2. mgr., óska eftir því getur miðlægi stjórnandinn veitt þeim aðgang að upplýsingum um viðskipti, sem heimila ekki beina auðkenningu á tilteknum aðilum, til að leita að grunsamlegum viðskiptamynstrum. Aðilar, sem hafa slíkan aðgang, geta tilkynnt öðrum aðilum, sem tilgreindir eru í 2. mgr., um grunsamleg viðskiptamynstur.

6. Evrópulögreglan skal fá varanlegan lesaðgang að gögnum sem eru geymd í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB til þess að sinna störfum sínum í samræmi við ákvörðun ráðsins 2009/371/DIM⁽²¹⁾. Evrópulögreglan skal upplýsa framkvæmdastjórnina um notkun sína á gögnum.

7. Landsstjórnendur skulu, á öruggan hátt, gera öllum öðrum landsstjórnendum og miðlæga stjórnandanum aðgengileg nöfn og auðkenni aðila, sem þeir hafa synjað um stofnun reiknings í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 22. gr., eða aðila sem þeir höfnuðu að tilnefna sem viðurkennda fulltrúa eða viðurkennda

viðbótarfulltrúa í samræmi við a- og b-lið 5. mgr. 24. gr. og nöfn og auðkenni reikningshafa, viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa reikninga sem aðgangi að hefur verið lokað tímabundið í samræmi við 34. gr. eða reikninga sem hefur verið lokað í samræmi við 33. gr. Landsstjórnendur skulu upplýsa viðkomandi aðila um þetta.

8. Landsstjórnendur geta ákveðið að tilkynna löggæslu- og skattýfirvöldum í landinu um öll viðskipti þar sem um er að ræða fjölda eininga sem er meiri en sá sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað og tilkynna um alla reikninga sem tengjast fjölda viðskipta á tímabili sem er meiri en sá fjöldi sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað.

9. Hvorki viðskiptadagbók ESB, skrá Sambandsins né aðrar Kýótóbókunarskrár skulu krefjast þess af reikningshöfum að þeir leggi fram upplýsingar um verð í tengslum við losunarheimildir eða Kýótóeiningar.

10. Uppboðsvaktarinn, sem er tilnefndur skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, skal hafa aðgang að öllum upplýsingum varðandi afhendingarreikninginn fyrir uppboðnar losunarheimildir sem er í skrá Sambandsins.

III. gr.

Gjöld

1. Miðlægi stjórnandinn skal ekki innheimta nein gjöld af reikningshöfum í skrá Sambandsins.

2. Landsstjórnendur geta innheimt sanngjörn gjöld af reikningshöfum sem eru undir þeirra stjórn.

3. Landsstjórnendur skulu tilkynna miðlæga stjórnandanum um innheimtu gjöldin og um allar breytingar á gjöldunum innan tíu virkra daga. Miðlægi stjórnandinn skal láta öll gjöld koma fram á opinberu vefsetri.

II. gr.

Truflun á starfsemi

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að truflun á starfsemi skrár Sambandsins verði í lágmarki með því að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að tryggja tiltækileika skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB og öryggi þeirra og með því að tryggja traust kerfi og ferli til að vernda allar upplýsingar.

⁽²⁰⁾ Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

⁽²¹⁾ Stjtið. ESB L 121, 15.5.2009, bls. 37.

IV. BÁLKUR

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

113. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að reglugerð þessari, einkum að landsstjórnendur uppfylli skyldur sínar um að sannreyna og endurskoða upplýsingar sem lagðar eru fram skv. 22. gr. (1. mgr.), 24. gr. (4. mgr.) og 25. gr. (4. mgr.).

114. gr.

Frekari notkun á reikningum

Reikningar, eins og tilgreint er í 3. kafla I. bóls í þessari reglugerð, sem eru opnaðir eða notaðir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 920/2010, skulu notaðir áfram í tengslum við þessa reglugerð.

Reikningar fyrir viðskiptavettvanga, sem eru opnaðir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 920/2010, skulu notaðir áfram sem reikningar fyrir ytri viðskiptavettvanga í tengslum við þessa reglugerð.

115. gr.

Gildistaka takmarkana á notkun

Miðlægi stjórnandinn skal láta landsstjórnendum í té skrá yfir reikninga vegna viðskipta með losunarheimildir sem hafa að geyma alþjóðlegar inneignir sem ekki er hægt að nota vegna ráðstafana sem eru samþykktar skv. 9. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, eftir þær dagsetningar sem eru fastsettar með þessum ráðstöfunum. Á grundvelli þessarar skrár skal landsstjórnandinn fara fram á það við reikningshafann að hann tilgreini Kýótóbókunarreikning til að millifæra slíkar alþjóðlegar inneignir á.

Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga skal stjórnandinn færa alþjóðlegu inneignirnar á landsbundinn Kýótóbókunarreikning.

116. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 920/2010

Reglugerð (ESB) nr. 920/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 3.–28. gr. falli brott.
- 2) Í stað 32. gr. komi eftirfarandi:

„32. gr.

Undanskildir vörslureikningar fyrir umráðendur loftfara

1. Ef sannprófað losunargildi er 0 og fært þannig í skrá Sambandsins eigi síðar en lokadaginn, sem settur er fram

í 2. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB og gildir um innskil losunarheimilda, fyrir umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár í samræmi við 29. gr. skal skrá Sambandsins setja stöðuna undanskilinn á viðkomandi vörslureikning fyrir umráðanda loftfara.

2. Skrá Sambandsins skal gera stöðu reikningsins virka ef sannprófað losunargildi fyrir árið á undan yfirstandandi ári er ekki 0.“

- 3) Í stað 4. mgr. 41. gr. komi eftirfarandi:

„4. Ef undanskilinn vörslureikningur fyrir umráðanda loftfara fær ekki losunarheimildir skv. 1. mgr. skal ekki stofna þær losunarheimildir á reikningnum þótt honum verði síðar breytt í opinn reikning.“

- 4) Í stað 57. gr. komi eftirfarandi:

„57. gr.

Innlögn milli tímabila

Innan 10 virkra daga frá lokum jöfnunarviðskiptanna sem fram koma í 56. gr. skal skrá Sambandsins fella niður losunarheimildir skv. II. kafla sem gilda fyrir tímabilið 2008–2012 og eru geymdar á notendareikningum í skrá Sambandsins og gefa út jafnmargar losunarheimildir skv. II. kafla sem gilda fyrir tímabilið 2013–2020 fyrir sömu reikninga og fella niður losunarheimildir skv. III. kafla sem gilda fyrir tímabilið 2008–2012 og eru geymdar á notendareikningum í skrá Sambandsins og gefa út jafnmargar losunarheimildir skv. III. kafla sem gilda fyrir tímabilið 2013–2020 fyrir sömu reikninga.“

- 5) Í stað 4. mgr. 52. gr. komi eftirfarandi:

„4. Miðlægi stjórnandinn skal draga tiltekinn fjölda frá lágmarksinnstæðunni sem skráð er í viðskiptadagbók ESB þegar jöfnunarviðskiptin hafa farið fram í samræmi við 56. gr. Það sem er dregið frá skal vera jafnt heildarfjöldi losunarheimilda skv. III. kafla sem skilað er inn af vörslureikningum rekstraraðila sem landsstjórnandi aðildarríkisins fyrir tímabilið 2008–2012 stjórnar, auk jöfnunargildisins eins og það er reiknað í samræmi við 3. mgr. 56. gr.“

- 6) Ákvæði 59.–79. gr. falli brott.

117. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 1193/2011 er felld úr gildi.

Reglugerð (ESB) nr. 920/2010 er felld úr gildi frá og með 1. október 2013.

118. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

Heiti reiknings- tegundar	Reikningshafi	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Einingar sem ekki eru Kýóóeiningar			Kýóóeiningar					
				Losunarheimildir		Losunar- úthlutunar- einingar (AEAs)	Eining úthlutaðs magns (AAU)	Eining vottaðrar losunarskerðingar (CER)	Losunar- skerðingareining (ERU)	Langtímaeiningar vottaðrar losunar- skerðingar (ICER/ bráða- birgðaeiningar vottaðrar losunar- skerðingar (ICER)	Bindingareining (RMU)/losunar- skerðingareining (ERU) úr bindingareiningu	
				Almennar losunarheimildir	Losunarheimildir vegna flugs							
Reikningur fyrir ytri viðskiptavettvang	Ytri viðskipta- vettvangur	Landssjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Einn fyrir hvert aðildarríki fyrir hvern ytri viðskiptavettvang	Þessi tegund reiknings hefur ekki að geyma neina einingu.								
Sannprófaða- reikningur	Sannprófaði	Landssjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Einn fyrir hvert aðildarríki fyrir hvern sannprófaða	Þessi tegund reiknings hefur ekki að geyma neina einingu.								
Reikningur fyrir landsbundinn eftirlitsvettvang	Aðildarríki	Miðlægur stjórnandi	Hámarksfjöldi einn fyrir hvert aðildarríki	Þessi tegund reiknings hefur ekki að geyma neina einingu.								
V. Kýóóabókunarreikningar í samsettuferfi evrópskra skráa												
Vorslureikningur aðila	Aðili að Kýóóabókuninni	Stjórnandi Kýóóabókunarskrár (í skrá Sambandsins; miðlægi stjórnandinn)	a.m.k. 1	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Ógildingarreikningur			1	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Innlausnarreikningur			1	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Innlánsreikningur fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir			1	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Nei	Nei
Útskiptareikningur bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Útskiptareikningur langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Einkavörslu- reikningur(***)	Einstaklingur	Landssjórnandi eða miðlægur stjórnandi sem hefur opnað reikninginn	1	Nei	Nei	Nei	Fer eftir aðildarríki(*)	Fer eftir aðildarríki(*)	Fer eftir aðildarríki(*)	Fer eftir aðildarríki(*)	Fer eftir aðildarríki(*)	Fer eftir aðildarríki(*)

VI. Reikningar fyrir bókhald um viðskipti skv. 4. bálki.

Heiti reiknings- tegundar	Reikningshafi	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Einingar sem ekki eru Kýóteiningar		Kýóteiningar			
				Losunarheimildir		Eining vottaðrar losunarskerðingar (CER)	Losunar- skerðingareining (ERU)	Langtímaeiningar vottaðrar losunar- skerðingar (ICER/ bráða- bitgðaeiningar vottaðrar losunar- skerðingar (ICER)	Bindingareining (RMU)/losunar- skerðingareining (ERU) úr bindingareiningu
				Almennar losunarheimildir	Losunarheimildir vegna flugs				
Reikningur ESB vegna aðildarfjölda losunarheimilda fyrir árlegar losunar- úthlutunareiningar	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
ÁSB-reikningur fyrir niðurfelldar losunarheimildir	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
ÁSB- samreemisreikningur	Aðildarríki	Miðlægur stjórnandi	1 fyrir hvert og eitt reglugjafiáráanna 8 fyrir hvert aðildarríki	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei

(*) Landsstjórnandi aðildarríkis getur ákveðið hvort tegund reiknings getur geymt þessa tegund eininga.

(**) Að undanskildum einingum sem ekki uppfylla kröfur vegna notkunar skv. 11. gr. a og 11. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, 58. gr. þessarar reglugerðar og ráðstöfunum sem eru samþykktar skv. 11. gr. a (9. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB.

(***) Kýóteibókunarvörslureikningar rekstraráðila (e. *KP operator holding accounts*), sem eru fyrir hendi í landsbundnum Kýóteibókunarskrám fyrir samstarðuna, sem um getur í 4. mgr. 8. gr. geta haft að geyma sömu tegundir eininga.

*II. VIÐAUKI***Skilmálar og skilyrði (11. gr.)***Greiðsla þóknana*

1. Skilmálarnir og skilyrðin varðandi hvers kyns gjöld skráa fyrir stofnun og viðhald reikninga.

Breytingar á grundvallarskilmálum og -skilyrðum

2. Breyting á grundvallarskilmálum sem endurspeglar breytingar á þessari reglugerð eða breytingar á landslöggjöf.

Lausn deilumála

3. Ákvæði sem varða deilumál milli reikningshafa og val landsstjórnenda um dómstól.

Ábyrgð og bótaábyrgð

4. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir landsstjórnandann.
 5. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir reikningshafann.
-

III. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram með beiðnum um stofnun reiknings (13., 14. og 19. gr.)

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I.

Tafla III-I

Reikningsupplýsingar fyrir alla reikninga

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Gerð	Unnt að uppfæra?	þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Auðkenni reiknings (sem skrá Sambandsins gefur út)	S	Fyrirfram-ákveðin	Nei	Á ekki við	Nei
2	Tegund reiknings	S	Val	Nei	Á ekki við	Já
3	Skuldbindingartímabil	S	Val	Nei	Á ekki við	Já
4	Auðkenni reikningshafa (sem skrá Sambandsins gefur út)	S	Frjáls	Já	Já	Nei
5	Nafn reikningshafa	S	Frjáls	Já	Já	Já
6	Kennimerki reikningsins (sem reikningshafi gefur út)	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
7	Heimilisfang reikningshafa – land	S	Val	Já	Já	Já
8	Heimilisfang reikningshafa – svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Já
9	Heimilisfang reikningshafa – borg	S	Frjáls	Já	Já	Já
10	Heimilisfang reikningshafa – póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Já
11	Heimilisfang reikningshafa – lína 1	S	Frjáls	Já	Já	Já
12	Heimilisfang reikningshafa – lína 2	V	Frjáls	Já	Já	Já
13	Skráningarnúmer fyrirtækis reikningshafa	S	Frjáls	Já	Já	Já
14	Sími 1 hjá reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
15	Sími 2 hjá reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
16	Tölvupóstfang reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
17	Fæðingardagur og -ár (einstaklingar)	S fyrir einstaklinga	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
18	Fæðingarstaður – borg (einstaklingar)	S fyrir einstaklinga	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
19	Fæðingarstaður – land	V	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
20	Tegund skjals til stuðnings auðkenni (fyrir einstaklinga)	S	Val	Já	Já	Nei

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Gerð	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
21	Númer persónuskilríkja (fyrir einstaklinga)	S	Frjáls	Já	Já	Nei
22	Persónuskilríki renna út	V	Frjáls	Já	Já	Nei
23	Virðisaukaskattsnúmer ásamt landskóða	S ef úthlutað	Frjáls	Já	Já	Nei
24	Stofndagur reiknings	S	Fyrirfram-ákveðin	Nei	Á ekki við	Já
25	Lokunardagur reiknings	V	Fyrirfram-ákveðin	Já	Já	Já

2. Kennimerki reikningsins skal vera ótvírætt innan skráningarkerfisins.

*IV. VIÐAUKI***Upplýsingar sem leggja skal fram vegna stofnunar afhendingarreiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir, einkavörslureiknings, viðskiptareiknings eða reiknings fyrir ytri viðskiptavettvang (15., 18. og 20. gr.)**

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I í III. viðauka. (Auðkenni reiknings og alstafakennimerkið eru ótvíræð innan skráningarkerfisins.)
2. Sönnun þess að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Gögn sem staðfesta auðkenni einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:
 - a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,
 - b) vegabréfi.
4. Gögn sem staðfesta heimilisfang handhafa einkareiknings er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:
 - a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,
 - b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,
 - c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,
 - d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.
5. Eftirfarandi skjöl ef um er að ræða lögaðila sem óskar eftir stofnun reiknings:
 - a) afrit af gerningunum sem viðurkenna lögaðilann og afrit af skjali sem sannar skráningu lögaðilans,
 - b) upplýsingar um bankareikning,
 - c) staðfesting á virðisaukaskattsnúmeri,
 - d) upplýsingar um raunverulegan eiganda lögaðilans, eins og skilgreint er í tilskipun 2005/60/EB, þ.m.t. tegund eignarhalds eða stjórnunar sem þeir fara með,
 - e) skrá yfir stjórnendur,
 - f) afrit af ársskýrslu eða af síðustu endurskoðuðu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil liggja ekki fyrir, afrit af reikningsskilum sem skattyfirvöld eða fjármálastjórn hafa stimplað.
6. Gögn sem staðfesta skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings ef það er ekki skýrt samkvæmt skjalinu sem lagt var fram í samræmi við 5. lið.

7. Sakaskrá einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins eða, ef það er lögaðili, sakaskrá stjórnenda lögaðilans.
8. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.
9. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir.
10. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.

V. VIÐAUKI

Viðbótarupplýsingar sem leggja skal fram vegna stofnunar sannprófandareiknings (21. gr.)

1. Skjal, sem staðfestir að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, sé viðurkenndur sem sannprófandi í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram vegna stofnunar vörslureiknings rekstraraðila (16. gr.)

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I í III. viðauka.
2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I í III. viðauka, skal rekstraraðili stöðvarinnar tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans skal vera hið sama og nafn einstaklingsins eða lögaðilans sem er handhafi viðkomandi leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.
3. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VI-I og VI-II í þessum viðauka.

Tafla VI-I

Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga rekstraraðila

Númer	A	B	C	D	E	F
	Reikningsupplýsingar	Skuldubundið eða valkvætt?	Gerð	Unnt að uppfæra?	þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Auðkenni stöðvar	S	Fyrirfram-ákveðin	Nei	—	Já
2	Auðkenni leyfis	S	Frjáls	Já	Já	Já
3	Dagsetning gildistöku leyfisins	S	Frjáls	Nei	—	Já
4	Lokadagsetning gildistíma leyfisins	V	Frjáls	Já	Já	Já
5	Heiti stöðvar	S	Frjáls	Já	Já	Já
6	Tegund starfsemi í stöðinni	S	Val	Já	Já	Já
7	Heimilisfang stöðvar – land	S	Fyrirfram-ákveðin	Já	Já	Já
8	Heimilisfang stöðvar – svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Já
9	Heimilisfang stöðvar – borg	S	Frjáls	Já	Já	Já
10	Heimilisfang stöðvar – póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Já
11	Heimilisfang stöðvar – lína 1	S	Frjáls	Já	Já	Já
12	Heimilisfang stöðvar – lína 2	V	Frjáls	Já	Já	Já
13	Sími 1 hjá stöð	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
14	Sími 2 hjá stöð	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
15	Tölvupóstfang stöðvar	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
16	Móðurfélag	V	Frjáls	Já	Nei	Já
17	Dótturfélag	V	Frjáls	Já	Nei	Já
18	EPTR-kenninúmer	S ef úthlutað	Frjáls	Já	Nei	Já
19	Breiddargráða	V	Frjáls	Já	Nei	Já
20	Lengdargráða	V	Frjáls	Já	Nei	Já

Tafla VI-II

Upplýsingar um tengilið stöðvarinnar

Númer	A Reikningsupplýsingar	B Skyldubundið eða valkvætt?	C Gerð	D Unnt að uppfæra?	E Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	F Birt á opinberu vefsetri viðskipta- dagbókar ESB?
1	Sannprófandi	V	Val	Já	Nei	Nei
	Heiti fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
	Deild fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
2	Eiginnafrn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
3	Eftirnafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
4	Heimilisfang tengiliðar – land	V	Fyrirfram- ákveðin	Já	Nei	Nei
5	Heimilisfang tengiliðar – svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
6	Heimilisfang tengiliðar – borg	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
7	Heimilisfang tengiliðar – póstnúmer	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
8	Heimilisfang tengiliðar – lína 1	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
9	Heimilisfang tengiliðar – lína 2	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
10	Sími 1 hjá tengilið	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
11	Sími 2 hjá tengilið	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
12	Tölvupóstfang tengiliðar	V	Frjáls	Já	Nei	Nei

VII. VIÐAUKI

Viðbótarupplýsingar sem leggja skal fram vegna stofnunar vörslureiknings umráðanda loftfara (17. gr.)

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I í III. viðauka og VII-I í VII. viðauka.
2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I, skal umráðandi loftfars tilgreindur sem reikningshafí. Nafn reikningshafans, sem skráð er, skal vera hið sama og nafnið í vöktunaráætluninni. Ef nafnið í vöktunaráætluninni er úrelt skal nota nafnið í viðskiptaskránni eða nafnið sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu notar.

Tafla VII-I

Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara

Númer	A	B	C	D	E	F
	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Gerð	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Auðkenni umráðanda loftfars (sem skrá Sambandsins úthlutar)	S	Frjáls	Nei	—	Já
2	Sérstakur kóði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009	S	Frjáls	Já	Já	Já
3	Kallmerki (kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar)	V	Frjáls	Já	Já	Já
4	Auðkenni vöktunaráætlunar	S	Frjáls	Já	Já	Já
5	Vöktunaráætlun – fyrsta gildisár	S	Frjáls	Nei	—	Já
6	Vöktunaráætlun – síðasta gildisár	V	Frjáls	Já	Já	Já

3. Kallmerkið er kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í reit 7 á flugáætluninni eða, liggi það ekki fyrir, skrásetningamerki loftfarsins.

VIII. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fyrir stjórnanda reikningsins varðandi viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa (24. gr.)

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VIII-I í VIII. viðauka.

Tafla VIII-I

Upplýsingar um viðurkenndan fulltrúa

Númer	A	B	C	D	E	F
	Reikningsupplýsingar	Skyldu- bundið eða valkvætt?	Gerð	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta- dagbókar ESB?
1	Persónuskilríki	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
2	Tegund reikningsfulltrúa	S	Val	Já	Nei	Nei
3	Eiginnafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei
4	Eftirnafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei
5	Titill	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
6	Starfsheiti	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
	Heiti fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
	Deild fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
7	Land	S	Fyrirfram- ákveðin	Nei	Á ekki við	Nei
8	Svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Nei
9	Borg	S	Frjáls	Já	Já	Nei
10	Póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Nei
11	Heimilisfang – lína 1	S	Frjáls	Já	Já	Nei
12	Heimilisfang – lína 2	V	Frjáls	Já	Já	Nei
13	Sími 1	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
14	Farsími	S	Frjáls	Já	Já	Nei
15	Tölvupóstfang	S	Frjáls	Já	Já	Nei
16	Fæðingardagur	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
17	Fæðingarstaður – borg	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
18	Fæðingarstaður – land	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
19	Tegund skjals til stuðnings auðkenni	S	Val	Já	Já	Nei
20	Númer persónuskilríkja	S	Frjáls	Já	Já	Nei
21	Persónuskilríki renna út	V	Frjáls	Já	Já	Nei
22	Tungumál sem valið er	V	Val	Já	Nei	Nei
23	Stig trúnaðarkvaðar	V	Val	Já	Nei	Nei
24	Réttindi sem viðbótarfulltrúi reiknings	S	Margþætt val	Já	Já	Nei

2. Undirrituð yfirlýsing frá reikningshafanum þar sem fram kemur að hann óski eftir að tilnefna tiltekinn aðila sem viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa og þar sem staðfest er að viðurkenndi fulltrúinn hafi rétt til að hefja viðskipti fyrir hönd reikningshafans eða að viðurkenndi viðbótarfulltrúinn hafi rétt til að samþykkja viðskipti fyrir hönd reikningshafans og þar sem tilgreindar eru hvers kyns takmarkanir á þeim rétti.
 3. Gögn sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:
 - a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,
 - b) vegabréfi.
 4. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:
 - a) persónuskilríkjum sem lögð voru fram skv. 3. lið ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,
 - b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,
 - c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,
 - d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.
 5. Sakaskrá tilnefnda aðilans.
 6. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.
 7. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem landsstjórnandinn tilgreinir.
 8. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.
-

IX. VIÐAUKI

Snið sem nota skal þegar upplýsingar um árlega losun eru lagðar fram (35. gr.)

1. Gögn um losun fyrir rekstraraðila skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IX-I, með hliðsjón af rafræna sniðinu fyrir framlagningu upplýsinga um losun sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 105.gr.

Tafla IX-I

Gögn um losun fyrir rekstraraðila

1	Auðkenni stöðvar eða auðkenni umráðanda loftfars:		
2	Skýrslugjafarar		
Losun gróðurhúsalofttegunda			
		í tonnum	í jafngildiseiningum koltvísýrings (CO ₂ eq)
3	losun koltvísýrings		
4	losun nituroxíðs		
5	losun perflúorkolefnis		
6	Heildarlosun	—	Σ (C2 + C3 + C4)

X. VIÐAUKI

Tafla yfir landsbundna úthlutun fyrir tímabilið 2013–2020 (51. gr.)

Lína nr.		Fjöldi almennra losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds				
		Samkvæmt 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB (millifæranlegar)	Samkvæmt öðru ákvæði í tilskipun 2003/87/EB	Samtals	
1	Landskóði aðildarríkis					Handvirk innfærsla
2	Auðkenni stöðvar					Handvirk innfærsla
3	Fjöldi sem úthluta skal:					
4	árið 2013					Handvirk innfærsla
5	árið 2014					Handvirk innfærsla
6	árið 2015					Handvirk innfærsla
7	árið 2016					Handvirk innfærsla
8	árið 2017					Handvirk innfærsla
9	árið 2018					Handvirk innfærsla
10	árið 2019					Handvirk innfærsla
11	árið 2020					Handvirk innfærsla

Línur nr. 2–11 skulu endurteknar fyrir hverja stöð.

XI. VIÐAUKI

Tafla yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir tímabilið 2013–2020 (54. gr.)

Lína nr.		Fjöldi losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds			
		Samkvæmt 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB	Samtals	
1	Landskóði aðildarríkis				Handvirk innfærsla
2	Auðkenni umráðanda loftfars				Handvirk innfærsla
3	Fjöldi sem úthluta skal				
4		árið 2013			Handvirk innfærsla
5		árið 2014			Handvirk innfærsla
6		árið 2015			Handvirk innfærsla
7		árið 2016			Handvirk innfærsla
8		árið 2017			Handvirk innfærsla
9		árið 2018			Handvirk innfærsla
10		árið 2019			Handvirk innfærsla
11		árið 2020			Handvirk innfærsla

Línur nr. 2–11 skulu endurtekna fyrir hvern umráðanda loftfars.

XII. VIÐAUKI

Landsbundin tafla yfir alþjóðleg réttindi til inneignar fyrir tímabilið 2008–2020 (59. gr.)

Lína nr.		Alþjóðleg réttindi til inneignar			
		Samkvæmt þriðju undirgrein 8. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt öðru ákvæði í 8. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB	Samtals	
1	Landskóði aðildarríkis				Handvirk innfærsla
2	Auðkenni stöðvar				Handvirk innfærsla
3	Upphafleg alþjóðleg réttindi til inneignar				Handvirk innfærsla
4	Auðkenni umráðanda loftfars				Handvirk innfærsla
5	Upphafleg alþjóðleg réttindi til inneignar				Handvirk innfærsla

Línur 2–3 skulu endurteknar fyrir hverja stöð.

Línur 4–5 skulu endurteknar fyrir hvern umráðanda loftfars.

XIII. VIÐAUKI

Uppboðstafla (63. gr.)

Lína nr.	Upplýsingar um uppboðsvettvanginn			
1	Auðkenniskóði uppboðsvettvangsins			
2	Auðkenni uppboðsvaktarans			
3	Númer afhendingarreiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir			
4	Upplýsingar um einstök uppboð (almennar losunarheimildir, losunarheimildir vegna flugs)			
5	Fjöldi uppboða í hverju tilviki	Dagsetning og tími afhendingar á afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir	Auðkenni uppboðshaldara sem tengist hverju uppboði	Handvirk innfærsla
6				Handvirk innfærsla
7				Handvirk innfærsla
8				Handvirk innfærsla
9				Handvirk innfærsla
10				Handvirk innfærsla
11				Handvirk innfærsla
12				Handvirk innfærsla
13				Handvirk innfærsla
14				Handvirk innfærsla
15				Handvirk innfærsla
16				Handvirk innfærsla
17				Handvirk innfærsla
18				Handvirk innfærsla
19				Handvirk innfærsla

XIV. VIÐAUKI

Upplýsingaskýlda miðlæga stjórnandans (109. gr.)

I. UPPLÝSINGAR Í SKRÁ SAMBANDSINS Í TENGLUM VIÐ KERFI SAMBANDSINS FYRIR VIÐSKIPTI
MEÐ HEIMILDIR TIL LOSUNAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Upplýsingar aðgengilegar almenningi

1. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern reikning:
 - a) allar upplýsingar sem eru tilgreindar þannig að þær skuli „birtar á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB“ í töflu III-I í III. viðauka, töflu VI-I í VI. viðauka og töflu VII-I í VII. viðauka. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,
 - b) losunarheimildir sem úthlutaðar eru einstökum reikningshöfum skv. 43. og 44. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,
 - c) stöðuna á reikningnum í samræmi við 1. mgr. 10. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,
 - d) fjöldi losunarheimilda sem skilað er inn í samræmi við 67. gr.,
 - e) tölu yfir sannprófaða losun ásamt leiðréttingum fyrir stöðina, sem tengist vörslureikningi rekstraraðila fyrir árið X, sem skal leggja frammi frá og með 1. apríl ársins (X + 1),
 - f) tákni og yfirlýsingu þar sem tilgreint er hvort stöðin eða umráðandi loftfars, sem tengist viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila, hafi skilað inn fjölda losunarheimilda eigi síðar en 30. apríl sem er a.m.k. jafn allri losun stöðvarinnar eða umráðandans á öllum undanförunum árum. Táknin og yfirlýsingarnar, sem leggja skal fram, eru sett fram í töflu XIV-I. Uppfæra skal táknin 1. maí og því skal ekki breytt fyrr en 1. maí á næsta ári, að frátalinni viðbót á * í tilvikum sem tilgreind eru í 5. línu í töflu XIV-I.

Tafla XIV-I

Yfirlýsingar varðandi reglufylgni

Lína nr.	Tala um stöðu reglufylgni skv. 34. gr.	Hefur sannprófuð losun verið skráð fyrir síðasta heila ár?	Tákn	Yfirlýsing
sem birta skal á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB				
1	0 eða jákvæð tala	Já	A	„Fjöldi losunarheimilda, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er jafn eða meiri en sannprófuð losun“
2	neikvæð tala	Já	B	„Fjöldi losunarheimilda, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er minni en sannprófuð losun“
3	tala	Nei	C	„Sannprófuð losun fyrir næstliðið ár var ekki skráð fyrr en 30. apríl“
4	tala	Nei (þar eð ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins)	X	„Ekki var unnt að skrá og/eða skila inn sannprófaðri losun fyrir 30. apríl þar sem ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins“
5	tala	Já eða nei (en síðar uppfært af lögbæru yfirvaldi)	* [bætt við upphaflegt tákni]	„Lögbært yfirvald mat eða leiðrétti sannprófaða losun.“

2. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar og uppfæra þær á sólarhrings fresti:
 - a) töflu yfir landsbundna úthlutun hvers aðildarríkis um sig, þ.m.t. viðbendingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 52. gr.,

- b) töflu yfir landsbundna úthlutun hvers aðildarríkis um sig vegna flugs, þ.m.t. vísbendingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 55. gr.,
 - c) töflu hvers aðildarríkis um sig yfir alþjóðleg réttindi til inneignar,
 - d) heildarfjölda losunarheimilda, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem voru í skrá Sambandsins á öllum notendareikningum daginn áður,
 - e) skrá yfir tegundir Kýótóeininga, aðrar en einingar vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningar, sem geyma má á notendareikningum í Kýótóbókunarskrám sem tiltekinn landsstjórnandi stjórnar í samræmi við I. viðauka,
 - f) uppfærðar upplýsingar sem varða það hvort alþjóðlegar inneignir uppfylli kröfur skv. 11. gr. a og 11. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, 58. gr. þessarar reglugerðar og hvers kyns ráðstöfunum sem eru samþykktar skv. 11. gr. a (9. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB,
 - g) gjöldin sem landsstjórnendur innheimta í samræmi við 111. gr.
3. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar hinn 30. apríl ár hvert:
- a) summu sannprófaðrar losunar í hverju aðildarríki sem skráð er fyrir næstliðið almanaksár sem hundraðshluti af summu sannprófaðrar losunar ársins þar á undan,
 - b) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári,
 - c) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári milli reikninga sem mismunandi aðildarríki stjórna.
4. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti, sem lokið er og skráð hafa verið í viðskiptadagbók ESB eigi síðar en 30. apríl á tilteknu ári, 1. maí þremur árum síðar.
- a) nafn reikningshafa og kennimerki færslureikningsins,
 - b) nafn reikningshafa og kennimerki viðtökureikningsins,
 - c) magn losunarheimilda eða Kýótóeininga, sem tengdust viðskiptunum, án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,
 - d) viðskiptaaúðkenniskóða,
 - e) dagsetningu og tíma þegar viðskiptunum lauk (Mið-Evróputími),
 - f) tegund viðskiptanna.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar reikningshöfum

5. Skrá Sambandsins skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem reikningshafinn hefur einn aðgang að og uppfæra þær á rauntíma:
- a) núverandi handhöfn losunarheimilda og Kýótóeininga án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,
 - b) skrá yfir tillögð viðskipti sem viðkomandi reikningshafi hefur hafið, með eftirfarandi upplýsingum um hver tillögð viðskipti:
 - i. þættina í 4. lið þessa viðauka,
 - ii. dagsetningu og tíma þegar viðskiptin voru lögð til (Mið-Evróputími),
 - iii. núverandi stöðu tillögðu viðskiptanna,
 - iv. alla svarkóða, sem skilað er inn í kjölfar athugunar á vegum skrárinnar og viðskiptadagbókar ESB,

- c) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar sem bæst hafa á reikninginn í kjölfar viðskipta sem lokið er og skulu atriðin í 4. lið tilgreind fyrir hver viðskipti,
- d) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar, sem færðar hafa verið af reikningnum í kjölfar viðskipta sem lokið er, og skulu atriðin í 4. lið þessa viðauka tilgreind fyrir hver viðskipti.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar landsstjórnendum

- 6. Skrá Sambandsins skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem landsstjórnendur hafa einir aðgang að: reikningshafa og viðurkennda fulltrúa sem hafa sætt því að tiltekinn landsstjórnandi hefur lokað fyrir aðgang þeirra að öllum reikningum í skrá Sambandsins í samræmi við 34. gr.

II. UPPLÝSINGAR Í TENGLUM VIÐ BÓKHALD YFIR VIÐSKIPTI SAMKVÆMT ÁKVÖRÐUN

NR. 406/2009/EB

Upplýsingar aðgengilegar almenningi

- 7. Miðlægi stjórnandinn skal gera eftirfarandi upplýsingar um hvern reikning aðgengilegar öllum og uppfæra þær innan sólarhrings, ef við á:
 - a) allar upplýsingar sem eru tilgreindar þannig að þær skuli „birtar á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB“ í töflu III-I í III. viðauka,
 - b) árlegar losunarúthlutanir eins og ákvarðað er skv. 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB og allar frekari breytingar skv. 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
 - c) stöðuna á hverjum ÁSB-samræmisreikningi fyrir sig í samræmi við 10. gr.,
 - d) heildarfjöldi losunarskerðingareininga, eininga vottaðrar losunarskerðingar, bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar sem eru notaðar skv. 81. gr.,
 - e) viðeigandi gögn um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 77. gr.,
 - f) töluna um stöðu reglufylgni skv. 79. gr. fyrir hvern ÁSB-samræmisreikning sem hér segir:
 - i. A ef um reglufylgni er að ræða,
 - ii. I ef ekki er um reglufylgni að ræða,
 - g) magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem er fært inn skv. 80. gr.,
 - h) eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti, sem lokið er og skráð hafa verið í viðskiptadagbók ESB:
 - i. nafn reikningshafa og auðkenni handhafa færslureikningsins,
 - ii. nafn reikningshafa og auðkenni handhafa viðtökureikningsins,
 - iii. fjöldi árlegra losunarúthlutunareininga eða réttindi til inneignar sem um er að ræða í viðskiptunum, án sérstaka einingarauðkenniskóða árlegru losunarúthlutunareininganna,
 - iv. viðskiptaaðkenniskóða,
 - v. dagsetningu og tíma þegar viðskiptunum lauk (Mið-Evróputími),
 - vi. tegund viðskiptanna.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar reikningshöfum

- 8. Skrá Sambandsins skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem reikningshafinn hefur einn aðgang að og uppfæra þær á rauntíma:
 - a) núverandi handhöfn árlegra losunarúthlutunareininga, réttinda til inneignar og Kýótóeininga án sérstaka einingarauðkenniskóða árlegru losunarúthlutunareininganna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarráðnúmer Kýótóeininganna,

- b) skrá yfir tillögð viðskipti sem viðkomandi reikningshafni hefur hafið, með eftirfarandi upplýsingum um hver tillögð viðskipti:
- i. þættina í i. lið f-liðar í 7. lið þessa viðauka,
 - ii. dagsetningu og tíma þegar viðskiptin voru lögð til (Mið-Evróputími),
 - iii. núverandi stöðu tillögðu viðskiptanna,
 - iv. alla svarkóða, sem skilað er inn í kjölfar athugunar á vegum skrárinnar og viðskiptadagbókar ESB,
- c) skrá yfir árlegar losunarúthlutunareiningar, Kýótóeiningar og réttindi til inneignar, sem bæst hafa á reikninginn í kjölfar viðskipta sem lokið er, og skulu atriðin í i. lið f-liðar í 7. lið þessa viðauka tilgreind fyrir hver viðskipti,
- d) skrá yfir árlegar losunarúthlutunareiningar og réttindi til inneignar, sem færð hafa verið af reikningnum í kjölfar viðskipta sem lokið er, og skulu atriðin í i. lið f-liðar í 7. lið þessa viðauka tilgreind fyrir hver viðskipti.
-

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1123/2013

2014/EES/23/56

frá 8. nóvember 2013

um að ákvarða alþjóðleg réttindi til inneignar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 11. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með bókuninni við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Kýótóbókuninni) var komið á fót tveimur kerfum til að stofna til alþjóðlegra inneigna sem aðilarnir mega nota til að jafna saman losun. Sameiginleg framkvæmd (JI) gerir kleift að stofna til losunarskerðingareininga (ERU) en kerfi hreinleikaþróunar (CDM) gerir kleift að stofna til eininga vottaðrar losunarskerðingar (CER).
- 2) Í landsúthlutunaráætlunum þeim sem aðildarríkin samþykktu skv. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB er kveðið á um notkun rekstraraðila á tilteknum fjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga til að uppfylla skuldbindingar sínar um að skila inn losunarheimildum eins og um getur í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB að því er varðar tímabilið frá 2008 til 2012.
- 3) Í 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um áframhaldandi notkun eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem eru gefnar út samkvæmt Kýótóbókuninni, innan losunarviðskiptakerfisins sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, á tímabilinu frá 2013 til 2020, og þar eru ákvæði sem tengjast þeim fjölda sem er leyfður eftir flokki rekstraraðila og umráðenda loftfara til að þeir geti uppfyllt skuldbindingar sínar um að skila inn losunarheimildum skv. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Í 8. mgr. 11. gr. a eru sett fram tiltekin lágmarksréttindi, gefin upp sem hundradshluti, fyrir rekstraraðila og umráðendur loftfara til að nota alþjóðlega inneign á tímabilinu frá 2008 til 2020 og þar er gert ráð fyrir ráðstöfunum til að ákvarða nákvæm hundradshlutamörk.
- 4) Í tilskipun 2003/87/EB var kveðið á um að tengja skyldi verkefnismiðuð kerfi Kýótóbókunarinnar við kerfi viðskipta með losunarheimildir til að auka kostnaðarhagkvæmni þess að draga úr losun gróðurhúsa-

lofttegunda í heiminum. Í ljósi þess fjölda losunarheimilda sem eru í gildi fyrir tímabilið frá 2013 til 2020 og eru gefnar út samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal festa réttindi til notkunar á alþjóðlegum inneignum við þau lágmarksmörk sem tilgreind eru í fyrstu og þriðju undirgrein 8. mgr. 11. gr. a. Af þessum sökum verða heildarmörkin fyrir notkun á alþjóðlegum inneignum, sem kveðið er á um í fimmtu undirgrein 8. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, virt og ákvæði annarrar undirgreinar og annarrar setningar fjórðu undirgreinar 8. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB munu ekki gilda að því er þetta varðar. Ef einhver afgangur verður af réttindum frá umráðendum loftfara frá árinu 2012 er þeim viðhaldið í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

- 5) Rekstraraðilar staðbundinna stöðva með verulega aukna afkastagetu skv. 20. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾ skulu eiga rétt á að vera meðhöndlaðir annað hvort sem núverandi rekstraraðilar eða sem nýir aðilar.
- 6) Í 58. til 61. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 ⁽³⁾ er að finna nánari upplýsingar um framkvæmd í reynd á þeim mörkum varðandi réttindi sem hér er kveðið á um.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

1. Hver rekstraraðili staðbundinnar stöðvar, sem fékk úthlutun án endurgjalds eða réttindi til að nota alþjóðlegar inneignir á tímabilinu frá 2008 til 2012, skal eiga rétt á að nota alþjóðlegar inneignir á tímabilinu frá 2008 til 2020, allt að þeim fjölda sem leyfður var á tímabilinu frá 2008 til 2012 eða allt að þeim fjölda sem samsvarar að hámarki 11% af því sem henni var úthlutað á tímabilinu frá 2008 til 2012, eftir því hvor talan er hærri.

2. Hver rekstraraðili staðbundinnar stöðvar sem hvorki fékk úthlutun án endurgjalds né réttindi til að nota alþjóðlegar

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2014 frá 10. apríl 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Stjtið. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1–45.

(3) Stjtið. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1.

inneignir á tímabilinu frá 2008 til 2012 og þrátt fyrir frá 1. mgr., hver rekstraraðili staðbundinnar stöðvar í skilningi fyrstu tveggja undirliða h-liðar 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal eiga rétt á að nota alþjóðlegar inneignir á tímabilinu frá 2008 til 2020, að hámarki 4,5% af sannprófaðri losun hennar á tímabilinu frá 2013 til 2020.

3. Hver rekstraraðili staðbundinnar stöðvar með verulega aukna afkastagetu skv. 20. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB skal eiga rétt á að nota alþjóðlegar inneignir á tímabilinu frá 2008 til 2020, allt að þeim fjölda sem henni var veittur á tímabilinu frá 2008 til 2012 eða þeim fjölda sem samsvarar að hámarki 11% af því sem henni var úthlutað á tímabilinu frá 2008 til 2012, eða að hámarki 4,5% af sannprófaðri losun hennar á tímabilinu frá 2013 til 2020, eftir því hvor talan er hærri.

4. Hver rekstraraðili staðbundinnar stöðvar sem fékk úthlutun án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2008 til 2012 og stundaði starfsemi sem ekki er skráð í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 219/2009 ⁽⁴⁾, en sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB ⁽⁵⁾, skal eiga rétt á að nota alþjóðlegar inneignir á tímabilinu frá 2008 til 2020, allt að þeim fjölda sem henni var veittur á tímabilinu frá 2008 til 2012 eða þeim fjölda sem samsvarar að hámarki 11% af því sem henni var úthlutað á tímabilinu frá 2008 til 2012, eða að hámarki 4,5% af sannprófaðri losun hennar á tímabilinu frá 2013 til 2020, eftir því hvor talan er hærri.

5. Hver umráðandi loftfars skal eiga rétt á að nota alþjóðlegar inneignir, allt að þeim fjölda sem samsvarar að hámarki 1,5% af sannprófaðri losun hans á tímabilinu frá 2013 til 2020, með fyrirvara um eftirstöðvar réttinda frá 2012.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu reikna út og birta alþjóðleg réttindi til inneignar fyrir hvern rekstraraðila sinn, í samræmi við 1. mgr. 1. gr., og tilkynna framkvæmdastjórninni um það í samræmi við 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 389/2013, einum mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

2. Alþjóðleg réttindi til inneignar eru reiknuð fyrir hvern og einn rekstraraðila, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., og umráðanda loftfars, sem um getur í 5. mgr. 1. gr., á grundvelli sannprófaðrar losunar og uppfærð árlega. Að því er varðar rekstraraðilana, sem um getur í 3. og 4. mgr. 1. gr., verða uppfærð alþjóðleg réttindi til inneignar reiknuð á grundvelli þeirra réttinda sem reiknuð eru hærri skv. 1. mgr. 1. gr. eða 4,5% af sannprófaðri losun á tímabilinu frá 2013 til 2020. Þegar búið er að samþykkja sannprófaða losun skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar á alþjóðlegu réttindunum til inneignar í samræmi við 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 389/2013.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 109.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 206/2014

2014/EES/23/57

frá 4. mars 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar hnatthlúnunarmátt annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísyrings (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ⁽²⁾ er hnatthlúnunarmáttur annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísyrings ákvarðaður.
- 2) Með ákvörðun 15/CP.17 ⁽³⁾ sem var tekin á ráðstefnu aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), í því skyni að hrinda í framkvæmd notkun á leiðbeiningum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006, er ákvarðað að frá og með árinu 2015, þar til frekari ákvörðun ráðstefnu aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar liggur fyrir, ætti hnatthlúnunarmáttur, sem aðilarnir nota til að reikna út koltvísyringsgildi losunar af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á öllum gróðurhúsalofttegundum, að vera eins og tilgreint er í III. viðauka við ákvörðun 15/CP.17.
- 3) Til þess að tryggja að viðeigandi löggjöf Sambandsins sé í samræmi við þá aðferðafræði sem notuð er í tengslum við ferli rammamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 601/2012 til samræmis við það.

- 4) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB ættu losunarheimildir, sem eru útgefnar frá og með 1. janúar 2013, að gilda fyrir losun á átta ára viðskiptatímabili sem hefst þann dag. Leiðrétting á fjölda losunarheimilda, sem á að gefa út frá og með 1. janúar 2013 skv. 1. mgr. 9. gr. a í þeirri tilskipun, er ákvörðuð með tilliti til hnatthlúnunarmáttar sem er tilgreindur í III. viðauka við ákvörðun 15/CP.17 sem var tekin á ráðstefnu aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Þar eð reglugerð (ESB) nr. 601/2012 gildir frá 1. janúar 2013 ætti þessi reglugerð einnig að gilda frá þeim degi til að tryggja samræmi milli allra gagna um losun gróðurhúsalofttegunda sem skýrsla er gefin um á öllu átta ára viðskiptatímabilinu.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 27. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2014 frá 10. apríl 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

⁽³⁾ FCCC/CP/2011/9/Viðb.2, bls. 23.

VIÐAUKI

Í stað töflu 6 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 komi eftirfarandi:

„Tafla 6: Hnatthlúnunarmáttur

Loftegund	Hnatthlúnunarmáttur
N ₂ O	298 t CO _{2(e)} /t N ₂ O
CF ₄	7 390 t CO _{2(e)} /t CF ₄
C ₂ F ₆	12 200 t CO _{2(e)} /t C ₂ F ₆ “

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 885/2013**

2014/EES/23/58

frá 15. maí 2013

**um viðbót við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB um skynvædd
flutningakerfi að því er varðar veitingu upplýsingaþjónustu um örugg og áreiðanleg
bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta ⁽¹⁾, einkum e-lið 3. gr. og 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt e-lið 3. gr. tilskipunar 2010/40/ESB er veiting upplýsingaþjónustu um örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki forgangsáðgerð.
- 2) Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2010/40/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki forskriftir sem nauðsynlegar eru til að tryggja samrýmanleika, rekstrarsamhæfi og samfelldni í því skyni að útbreiða og nýta á hentugan hátt skynvæddu flutningakerfin í tengslum við upplýsingaþjónustu um örugg og áreiðanleg bílastæði. Markmiðið með þessari reglugerð er að nýta upplýsingaþjónustu til að hámarka notkun bílastæða og að auðvelda bílstjórum eða flutningafyrirtækjum að taka ákvarðanir um hvenær og hvar eigi að leggja
- 3) Í ályktun ráðsins ⁽²⁾ um að berjast gegn og koma í veg fyrir glæpi í tengslum við vöruflytninga á vegum og að tryggja vörubifreiðum örugg og áreiðanleg bílastæði er lögð áhersla á að bæta öryggi vörubílstjóra og sjá þeim fyrir öruggum bílastæðum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 247, 18.9.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 50/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1.

⁽²⁾ SN 27.10.2010 15504/10.

- 4) Lögboðnir hvildartímar og vinnuhlé geta haft áhrif á hegðun ökumanna í tengslum við val þeirra á bílastæðum. Markmiðið með þessari reglugerð er að útbreiða upplýsingaþjónustu til að hámarka notkun bílastæða og auðvelda bílstjórum eða flutningafyrirtækjum að taka ákvarðanir um hvenær og hvar eigi að leggja.
- 5) Til að tryggja rekstrarsamhæfi og samfelldni í þjónustunni í gervöllu Sambandinu sem og til að taka fullt tillit til krafna um gagnavernd er mikilvægt að öll aðildarríki þróa samhæfða og heildstæða nálgun sem miðar að því að veita upplýsingaþjónustu í tengslum við örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki innan Sambandsins. Aðildarríkin geta, í þessu skyni, reitt sig á tæknilegar lausnir og tæknistaðla, sem skulu aðallega koma frá evrópskum og/eða alþjóðlegum staðlastofnunum og/eða -samtökum, til að tryggja rekstrarsamhæfi og samfelldni í þjónustu í öllu Sambandinu ásamt því að taka fullt tillit til krafna um gagnavernd.
- 6) Veiting upplýsinga um öryggi og þægindi hefur áhrif á ákvörðun ökumanna við val þeirra á bílastæðasvæði. Veita má leiðbeiningar með því að sýna hvaða aðstaða er í boði á bílastæðinu að því er varðar áreiðanleika, öryggi og þjónustu.
- 7) Ef mikil eftirspurn eftir öruggu og áreiðanlegu bílastæði er viðvarandi á ákveðnum svæðum ætti að vísa ökumönnum vörubifreiða frá bílastæðasvæði, þar sem öll bílastæði eru frátekin, á annan stað innan forgangssvæðisins, þar sem örugg og áreiðanleg stæði standa til boða án endurgjalds, til að komast megi hjá því að lagt verði með óviðeigandi hætti. Aðildarríki ættu því að ákvarða „forgangssvæðin“.
- 8) Ef skilti með föstum upplýsingum eru notuð til að gefa til kynna örugg og áreiðanleg bílastæðasvæði ættu þau að vera í samræmi við Vínarsamninginn frá 8. nóvember 1968, ef aðildarríkin eru aðilar að honum.

- 9) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ⁽³⁾ eru settar lágmarksreglur um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera í gervöllu Evrópusambandinu. Tilskipunin byggist á tveimur meginstöðum innri markaðarins, þ.e. gagnsæi og sanngjarnri samkeppni, og í henni eru aðildarríkin hvött til að ganga lengra en þessar lágmarksreglur segja til um varðandi endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera og til að samþykka stefnumál, sem heimila víðtæka notkun skjala eða gagna í tengslum við þessa reglugerð, sem eru í vörslu opinberra aðila. Í sumum tilvikum eru gögn endurnotuð án þess að leyfi hafi fengist. Í öðrum tilvikum er leyfi veitt með skilyrðum um endurnotkun sem leyfishafa eru sett og taka til atriða eins og skaðabótaábyrgðar, réttar notkunar gagnanna sem tryggir að farið sé að kröfum um gagnavernd, að gögnum sé ekki breytt og að uppruna þeirra sé getið. Þetta skal ekki hafa áhrif á hugverkarétt þriðju aðila.
- 10) Endurgjöf frá notendum eru upplýsingar sem notendur bílastæða gefa til að veita síðari notendum og rekstraraðilum bílastæðasvæða fyrir vörubifreiðar persónulega og nafnlausu ráðgjöf. Hægt er að nota þessar upplýsingar til að hafa eftirlit með gæðastjórnun upplýsingaþjónustunnar sem og til að meta hana. Tryggja ætti nafnleynd við endurgjöf.
- 11) Útbreiðsla og notkun verkbúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi gætu falið í sér vinnslu persónuupplýsinga, sem ætti að fara fram í samræmi við lög Sambandsins, einkum eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁴⁾ og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ⁽⁵⁾. Þar af leiðandi ættu meginreglur um takmörkun vegna tilgangs og lágmarkun gagna að gilda um verkbúnað fyrir skynvædd flutningakerfi.
- 12) Útbreiðsla og nýting verkbúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi, eins og sett er fram í forskriftum sem samþykktar eru í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2010/40/ESB, fara fram í samræmi við lög Sambandsins, þ.m.t. einkum tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum ⁽⁶⁾ auk viðkomandi landslögjafar.
- 13) Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 210, 7.8.1985, bls. 29.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð eru settar fram forskriftir, sem nauðsynlegar eru til að tryggja samrýmanleika, rekstrarsamhæfi og samfelldni við að útbreiða og nýta á hentugan hátt upplýsingaþjónustu um örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki innan Sambandsins, í samræmi við tilskipun 2010/40/ESB.

Reglugerðin gildir um veitingu upplýsingaþjónustu í samevrópska vegakerfinu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „öruggt og áreiðanlegt bílastæði“: bílastæði fyrir notendur í atvinnuskyni, sem gerir þeim kleift að komast hjá því að leggja með óviðeigandi hætti og sem stuðlar að öryggi ökumanna og farms,
- 2) „notandi“: ökumenn vörubifreiða eða atvinnuökutækja, afgreiðslustjóri eða farmflytjandi, aðili í umferðarstjórnun eða aðrir aðilar, s.s. eigendur farms, váttryggingafélög, vegamálayfirvöld og lögregla; notendur ættu að fá upplýsingar frá þjónustuveitendum,
- 3) „þjónustuveitandi“: opinber aðili eða einkaaðili sem veitir notendum upplýsingaþjónustu,
- 4) „gögn“: upplýsingar sem rekstraraðili bílastæðasvæðis fyrir vörubifreiðar veitir og þar sem bílastæðasvæðinu er lýst,
- 5) „upplýsingar“: gögn sem eru tekin saman, unnin eða dregin út og sem þjónustuveitandi veitir notendum með því að nota mismunandi dreifingarleiðir,
- 6) „upplýsingaþjónusta“: hvers konar þjónusta, sem veitir notendum leiðsögn og gerir þeim kleift að virða lögboðinn hvíldartíma og vinnuhlé, til að draga úr því að lagt sé með óviðeigandi hætti sem og til að hámarka notkun bílastæða,
- 7) „endurgjöf frá notendum“: upplýsingar frá notendum bílastæða, sem veita síðari notendum og rekstraraðilum bílastæðasvæða fyrir vörubifreiðar persónulega og nafnlausu ráðgjöf,
- 8) „lifandi upplýsingar“ (e. *dynamic information*): upplýsingar sem segja til um hve mörg stæði eru laus innan bílastæðasvæðis á hverjum tíma eða um núverandi stöðu bílastæðasvæðis (laus stæði/öll stæði frátekin/lokað),
- 9) „fastar upplýsingar“ (e. *static information*): upplýsingar, sem rekstraraðili bílastæðasvæðis veitir, í tengslum við lýsingu á bílastæðasvæðinu,

- 10) „áreiðanleiki upplýsinga“: nákvæmni upplýsingaþjónustunnar, sem er veitt, í samanburði við raunverulega stöðu,
- 11) „að leggja með óviðeigandi hætti“: að stöðva eða leggja þungaflutningabifreið utan öruggra og áreiðanlegra bílastæða á hraðbrautum eða stofnleiðum, vegöxlum eða á bílastæðum þar sem öll stæði eru frátekin,
- 12) „aðgangspunktur“: stafrænn aðgangspunktur þar sem upplýsingum um bílastæði er safnað, þær unnar og gerðar aðgengilegar til miðlunar; þessir aðgangspunktar munu gera kleift að miðla upplýsingaþjónustunni yfir landamæri,
- 13) „förgangssvæði“: svæði, sem landsyfirvöld skilgreina og þar sem hægt er að draga úr skorti á bílastæðum með því að veita upplýsingar um önnur stæði, sem ekki eru í notkun innan sama svæðis, þegar skortur er á stæðum á einu eða fleiri öruggum og áreiðanlegum bílastæðasvæðum.

3. gr.

Kröfur um veitingu upplýsingaþjónustu

1. Aðildarríki skulu tilnefna þau svæði þar sem umferðar- og öryggisskilyrði krefjast þess að innleidd sé upplýsingaþjónusta um örugg og áreiðanleg bílastæði.

Þau skulu einnig skilgreina förgangssvæði þar sem veittar verða lifandi upplýsingar.

2. Þegar upplýsingaþjónusta er veitt skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4.–7. gr.

4. gr.

Gagnasöfnun

Opinberir aðilar og einkaaðilar í rekstri bílastæða og þjónustuveitendur skulu safna og koma á framfæri gögnum um örugg og áreiðanleg almenn eða einkarekin bílastæði þar sem aðstöðu á bílastæðasvæðinu, sem ætlað er notendum, er lýst. Auðvelt skal vera að veita þessi gögn, sem á að safna, þ.m.t. úr fjarlægð, með því að nota hvers konar viðeigandi leiðir, í því skyni að greiða fyrir því að allir rekstraraðilar bílastæða geti safnað gögnum úr fjarlægð. Opinberir aðilar eða einkaaðilar í rekstri bílastæða og þjónustuveitendur skulu notast við DATEX II-sniðmát⁽⁷⁾ eða önnur snið sem eru sambærileg á alþjóðamælikvarða til að tryggja rekstrarsamhæfi upplýsingaþjónustunnar innan Sambandsins.

Safna skal eftirfarandi gögnum:

1. föstum gögnum um bílastæðasvæðin, þ.m.t. (eftir atvikum):
- auðkennisupplýsingum um bílastæðasvæði (nafn og heimilisfang bílastæðasvæðis fyrir vörubifreiðar (að hámarki 200 stafir)),

- upplýsingum um inngönguleið á bílastæðasvæðið (breiddargráða/lengdargráða) (20 + 20 stafir),
 - auðkenni aðalvegur nr. 1/leiðbeiningar (20 stafir/20 stafir) og auðkenni aðalvegur nr. 2/leiðbeiningar (20 stafir/20 stafir), ef sama bílastæðasvæði er aðgengilegt frá tveimur mismunandi vegum,
 - ef þörf er á, upplýsingum um útgönguleiðina sem notast skal við (að hámarki 100 stafir)/fjarlægð frá aðalvegi (þriggja stafa heil tala) í kílómetrum eða mílum,
 - heildarfjölda ókeypis bílastæða fyrir vörubifreiðar (þriggja stafa heil tala)
 - verð fyrir bílastæði og tegund gjaldmiðils (300 stafir),
2. upplýsingum um öryggi og búnað á bílastæðasvæðinu,

- lýsingu á öryggis- og þjónustubúnaði bílastæðasvæðisins, þ.m.t. innanlandsflokkun, ef slík flokkun er notuð (500 stafir),

- fjölda bílastæða fyrir ökutæki með kælivöru (fjögurra stafa númer),

- upplýsingum um tiltekinn búnað eða þjónustu fyrir ökutæki með sérstakar vörur og annað (300 stafir),

samskiptaupplýsingum um rekstraraðila bílastæðasvæðisins:

- nafn og kenninamn (allt að 100 stafir),
- símanúmer (allt að 20 stafir),
- tölvupóstfang (allt að 50 stafir),
- samþykki rekstraraðila fyrir því að samskiptaupplýsingar hans verði gerðar aðgengilegar almenningi (Já/Nei),

3. lifandi upplýsingum um tiltækileika bílastæða, þ.m.t. hvort öll stæði á bílastæðasvæði séu frátekin, hvort bílastæðasvæði sé lokað eða hversu mörg stæði eru laus.

5. gr.

Samnýting gagna og gagnaskipti

1. Opinberir aðilar eða einkaaðilar í rekstri bílastæða og þjónustuveitendur skulu samnýta og skiptast á þeim gögnum sem um getur í 1. mgr. 4. gr. Í þeim tilgangi skulu þeir notast við DATEX II-snið (CEN/TS 16157) eða annað DATEX II-snið sem samrýmist alþjóðlegu tölvulesanlegu sniði. Gögn skulu gerð aðgengileg fyrir alla veitendur upplýsingaþjónustu og/eða rekstraraðila bílastæða, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila, þannig að þeir geti skipst á þeim og endurnotað þau, án mismununar og í samræmi við aðgangsrétt og málsmeðferðarreglur sem skilgreind eru í tilskipun 2003/98/EB.

⁽⁷⁾ CEN/TS 16157.

2. Föst gögn skulu gerð aðgengileg fyrir tilstuðlan landsbundins eða alþjóðlegs aðgangspunkts.

3. Að því er varðar lifandi gögn skulu aðildarríki (eða önnur landsyfirvöld) vera ábyrg fyrir því að koma á fót og stýra miðlægri aðgangsstöð, innanlands eða alþjóðlegri, sem vísar til allra aðgangspunkta fyrir hvern rekstraraðila bílastæða fyrir vörubifreiðar og/eða þjónustuveitanda á yfirráðasvæði sínu, til hagsbóta fyrir notendur.

4. Aðildarríki geta lagt sitt af mörkum til alþjóðlegs aðgangspunkts með því að veita gögn og tryggja að gæði þeirra samrýmist kröfunum í 7. gr.

5. Gjald fyrir aðgang að, skipti á og endurnotkun lifandi gagna, hvort sem þau eru frá opinberum aðila eða einkaaðila, skal vera sanngjarnt, eins og um getur í tilskipuninni um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

6. Opinberir aðilar og einkaaðilar í rekstri bílastæða og/eða þjónustuveitendur skulu reglulega senda föstu gögnin, sem þeir hafa safnað, til landsbundins eða alþjóðlegs aðgangspunkts, með viðeigandi rafrænum hætti og a.m.k. einu sinni á ári, að því er varðar föstu gögnin sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

Að því er varðar lifandi gögn skulu opinberir aðilar eða einkaaðilar í rekstri og/eða þjónustuveitendur uppfæra upplýsingarnar sínar, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., á a.m.k. 15 mínútna fresti.

6. gr.

Miðlun upplýsinga

Þjónustuveitendur, sem safna upplýsingum á tiltekinn stað, skulu gefa upp:

- a.m.k. næstu tvö bílastæði á stofnleið sem eru örugg og áreiðanleg og innan u.þ.b. 100 kílómetra,
- tiltæk bílastæði á forgangssvæði á a.m.k. næstu tveimur bílastæðasvæðum sem eru innan u.þ.b. 100 kílómetra.

Ef aðildarríki er aðili að Vínarsamningnum skal það miðla upplýsingum í samræmi við hann. Til að koma í veg fyrir að ökumaður verði fyrir truflun eða þreytist ætti innbyggður búnaður í ökutæki að hafa traust notendaskil.

Þegar ný upplýsingaþjónusta fyrir örugg og áreiðanleg bílastæði er tekin í notkun skulu rekstraraðilar bílastæða og/eða þjónustuveitendur upplýsa notendur um það með því að nota úrræði sem þeir telja viðeigandi.

7. gr.

Gæðastjórnun

Opinberir aðilar og einkaaðilar í rekstri bílastæða skulu tafarlaust senda tilkynningu á aðgangspunkt innanlands eða alþjóðlegan aðgangspunkt sem og til landsyfirvalda um allar breytingar á aðstæðum sem verða á bílastæðasvæðinu, þ.m.t. ef því hefur verið lokað.

Að því er varðar öll ný forgangssvæði skulu allir opinberir aðilar og einkaaðilar í rekstri bílastæða tryggja áreiðanleika upplýsinga. Í þessum tilgangi skulu þeir hafa reglulegt eftirlit með greiningarbúnaði, þ.m.t. mismun á mælingu milli gagna sem eru sýnd og á fjölda stæða sem eru í raun laus. Upplýsingarnar skulu metnar í samræmi við 8. gr.

8. gr.

Mat á því hvort farið sé að kröfum

1. Aðildarríki skulu tilnefna aðila sem er hæfur til að meta hvort þjónustuveitendur, rekstraraðilar bílastæða og rekstraraðilar vega uppfylli kröfunar sem settar eru fram í 4.–7. gr. Þessi aðili skal vera óhlutdrægur og óháður þeim síðarnefndu.

Tvö eða fleiri aðildarríki geta tilnefnt sameiginlegan svæðisbundinn aðila sem er hæfur til að meta hvort farið sé að þessum kröfum á yfirráðasvæðum þeirra.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefndan aðila.

2. Allir þjónustuveitendur skulu leggja fram yfirlýsingu til tilnefndra aðila um að þeir fari að kröfunum sem settar eru fram í 4.–7. gr.

Yfirlýsingin skal fela í sér eftirfarandi atriði:

- a) gögnin, sem safnað er skv. 4. gr., um örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki, þ.m.t. það hlutfall bílastæða sem skráð er hjá upplýsingaþjónustunni,
- b) aðferðir, sem eru notaðar, til að miðla upplýsingum til notenda,
- c) umfang upplýsingaþjónustu með lifandi upplýsingar um örugg og áreiðanleg bílastæði,
- d) gæði og aðgengileika þeirra upplýsinga sem eru veittar, aðgangspunkt fyrir upplýsingar og með hvaða sniði upplýsingarnar eru veittar.

3. Tilnefndir aðilar skulu skoða af handahófi hvort yfirlýsingar séu réttar hjá ýmsum þjónustuveitendum og rekstraraðilum bílastæða, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila, og krefjast þess að sýnt sé fram á að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 4.–7. gr.

Einnig má meta gæði þjónustunnar með því að skoða athugasemdir frá notendum.

Á hverju ári skulu tilnefndir aðilar greina viðeigandi landsyfirvöldum frá yfirlýsingunum, sem lagðar voru fram, sem og frá niðurstöðum úr slembiskoðunum sínum.

9. gr.

Eftirfylgni

1. Eigi síðar en 12 mánuðum frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríki veita framkvæmdastjórninni upplýsingar:

- a) um lögbæra aðila, sem eru tilnefndir til að meta hvort farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 4.–7. gr.,
- b) um lýsingu á innlendri aðgangsstöð, ef við á.

2. Eigi síðar en 12 mánuðum frá gildistöku þessarar reglugerðar og á hverju almanaksári eftir það skulu aðildarríki veita upplýsingar:

- a) um fjölda mismunandi bílastæðasvæða á yfirráðasvæði þeirra og fjölda bílastæða innan þeirra,
- b) um hlutfall bílastæða sem skráð eru hjá upplýsingaþjónustunni,

- c) um hlutfall bílastæða sem veita framkvæmdastjórninni lifandi upplýsingar um tiltækileika bílastæða og um forgangssvæði.

10. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt:

- frá og með 1. október 2015 að því er varðar veitingu þjónustu sem þegar var útbreidd á gildistökudegi þessarar reglugerðar,
- frá og með 1. október 2013 að því er varðar þjónustu sem á að vera útbreidd eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO